

Mars 2022



Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál 2021

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið



Alþjóðasamvinna þegar á reynir

Skuggi stríðsátaka grúfir yfir Evrópu. Innrás Rússlands í Úkraínu hefur kallað hörmungar yfir úkraínska þjóð og vakið fordæmingu um allan heim. Þegar ég settist í stól utanríkisráðherra voru óveðursskýin tekin að hrannast upp. Mitt fyrsta embættisverk var að sækja utanríkisráðherra-fund Atlantshafsbandalagsins í Ríga þar sem liðssöfnuður Rússa var helsta umfjöllunarefnið. Þótt viðvörunarljósin hafi blikkað vonuðum við öll að leyst yrði úr ágreiningi við samningaborðið, ekki með vopnavaldi. Þótt þær vonir hafi brostið er ljósið í myrkrinu hin ríkjandi samstaða um að verja mikilvægustu grundvallargildi alþjóðakerfisins: frið, frelsi, lýðræði, jafnrétti og virðingu fyrir alþjóðalögum.

Þessi yfirlitsskýrsla um utanríkis- og alþjóðamál á árinu 2021 sýnir glöggst hvernig þessi gildi móta alla utanríkisstefnu Íslands og verkefni á hennar vettvangi, hvort heldur í þróunarsamvinnu, innan alþjóðastofnana eða í tvíhliða samskiptum. Þessi samantekt er lögð fram samhliða, og sem hluti af, minni fyrstu skýrslu til Alþingis um utanríkis- og alþjóðamál og markast af almanaksárinu 2021. Er það nýbreytni að birta yfirlitsskýrslu sem er afmörkuð við almanaksárið.

Meðal þess sem hæst bar í utanríkis- og alþjóðamálum á Íslandi árið 2021 var ráðherra-fundur Norðurskautsráðsins í Reykjavík. Þar sáum við alþjóðasamvinnu eins og hún gerist best þar sem utanríkisráðherrar allra aðildarríkjanna komu sér saman um yfirlýsingu um að viðhalda friði, stöðugleika og uppbyggilegri samvinnu á norðurslóðum. Þar áttu líka utanríkisráðherrar Bandaríkjanna og Rússlands sinn fyrsta tvíhliða fund eftir að sá fyrrnefndi tók við embætti. Þótt fundurinn hafi lukkast vel er það dapurleg staðreynd að starfsemi ráðsins er nú í uppnámi vegna árásarstríðs Rússa.

Fríverslunarviðræður við Breta voru til lykta leiddar með tímamótasamningi sem undirritaður var í fyrrasumar. Hann sýnir hvernig sjálfstæðar þjóðir gera sín á milli á jafningja-grundvelli samninga með viðskiptafrelsi og aukna hagsæld að leiðarljósi. Samningurinn er jafnframt sá fyrsti sinnar tegundar sem inniheldur ákvæði um kynjajafnrétti.




Þá setti svip sinn á starfsemi ráðuneytisins útgáfa á yfirgripsmiklum skýrslum, meðal annars um samskipti Íslands við Grænland, Færeyjar og Pólland. Allar undirstrika þær tækifærin sem felast í aukinni samvinnu vana- og grannþjóða.

Í allri alþjóðasamvinnu eru gildin sem Sameinuðu þjóðirnar og alþjóðakerfið byggjast á samofin starfi Íslands. Þannig verða framkvæmd heimsmarkmiðanna, jafnrétti og mannréttindamiðuð nálgun rauður þráður í áherslum okkar í framkvæmdastjórn UNESCO þar sem Ísland hlaut yfirburðakosningu í fyrra. Þá tókum við alvarlega þá ábyrgð sem felst í formennsku Íslands sem framundan er í Evrópuráðinu. Ráðið er mikilvægur vettvangur þjóða sem vilja standa saman um lýðræði, mannréttindi og réttarríkið.

Við erum ekki fjölmenn þjóð. Tilvera okkar og sess sem þjóð meðal þjóða er grundvölluð á því að virðing sé borin fyrir alþjóðalögum, ekki síst að landamæri og lögsaga ríkja njóti algjörar og óskoraðrar helgi. Það er á tímum sem þessum sem mest reynir á hið alþjóðlega kerfi sem reynst hefur heiminum sannkölluð blessun á síðustu áratugum, þar sem friður og farsæld hafa ríkt umfram nokkurn annan tíma í veraldarsögunni.

*Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
utanríkisráðherra*

Samstarf ríkja á vettvangi efnahagsmála, viðskipta, varna og stjórnmála



- EES** Evrópska efnahagssvæðið
- EFTA** Fríverslunarsamtök Evrópu
- ESB** Evrópusambandið
- EVRUSVÆÐIÐ** Evrópsk lönd sem eru í efnahags- og gjaldmiðilssambandi
- NATO** Atlantshafsbandalagið
- OECD** Efnahags- og framfarastofnunin
- SCHENGEN** Schengen-svæðið
- ÖSE** Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu

Efnisyfirlit

Aðfaraorð utanríkisráðherra	3	2.5 Annað svæðisbundið samstarf	30
Verkefni utanríkisþjónustunnar árið 2021 í sjö myndum	8	Eystrasaltsráðið	30
		Barentsráðið	30
		Norðlæga víddin	30
1 Norrænt samstarf og norðurslóðir	11	2.6 Þjóðréttarmál	31
1.1 Almennt	11	Samningar Íslands við erlend ríki	31
1.2 Norrænt samstarf	13	Hafréttarmál	32
Norðurlöndin (N5) og samstarfið við Eystrasaltsríkin (NB8)	13	Landgrunnsmaal	32
Færeyjaskýrslan	13	Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn	33
1.3 Norðurslóðir	14	Útflutningseftirlit	33
Stefna Íslands í málefnum norðurslóða ..	14	Þvingunaraðgerðir	33
Skýrslu Grænlandsnefndar fylgt eftir	14	Hergagnaflutningar	34
Norðurljós	15	Þátttaka í dómsmálum fyrir alþjóðlegum dómstólum	34
Norðurskautsráðið	15	Iceland-málið á vettvangi EUIPO	35
Innlent samráð	17	Starfið framundan	36
Vísindasamstarf	17	2.7 Loftslags-, auðlinda- og umhverfismál ..	36
		Loftslagsmál	37
2 Alþjóðasamstarf	19	Málefni hafsins og fiskveiðisamningar ..	38
2.1 Almennt	19	Samningaviðræður um BBNJ	39
2.2 Tvíhliða pólitísk samskipti	19	Endurnýjanlegir orkugjafar	40
Bandaríkin	19	Umhverfismál	41
Bretland	20	2.8 Skýrsla um samskipti Póllands og Íslands	41
Rússland	20		
Kína	20	3 Þróunarsamvinna	43
Japan	21	3.1 Almennt	43
2.3 Efst á baugi í alþjóðastjórnmalum	21	3.2 Fjölþjóðleg þróunarsamvinna	43
Úkraína	21	Alþjóðabankinn	43
Afganistan	21	UNICEF	44
Belarús	22	UN Women	45
2.4 Starfið í alþjóðastofnunum	23	UNFPA	45
Sameinuðu þjóðirnar í New York	23	Ungliðaverkefni Sameinuðu þjóðanna ..	45
Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna ..	25	Loftslagstengd þróunarsamvinna	46
Undirbúningur formennsku Íslands í Evrópuráðinu	26	Þróunarsamvinnunefnd OECD-DAC	47
Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE)	27	Störf þróunarsamvinnunefndar 2021	48
Mennta-, vísinda- og menningarmála- stofnun Evrópu (UNESCO)	27	Úttektir	48
Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO)	28	GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu	49
ACT-Accelerator (COVAX)	29	3.3 Neyðar- og mannúðaraðstoð	51
Alþjóðleg samvinna um jafnrétti, mannréttindi og lýðræðisleg gildi	29	3.4 Tvíhliða þróunarsamvinna	52
		Malaví	52
		Úganda	54
		Síerra Leóne	56
		Líbería	58

3.5 Samstarf við félagasamtök í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð ...	58
Þróunarsamvinnuverkefni félagasamtaka	58
Mannúðaraðstoð félagasamtaka	59
Kynningar- og fræðslustyrkir	59
3.6 Samstarf við atvinnulífið	60
Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífs um þróunarsamvinnu	60
Þróunarfræ	61
Ráðgjafalistar	61
4 Utanríkisviðskipti	63
4.1 Almenn	63
4.2 Staða utanríkisviðskipta	63
Bandaríkin	63
Kína	64
Japan	65
Rússland	65
Færeyjar	65
Grænland	66
Vöru- og þjónustuviðskipti	66
4.3 Úrsögn Bretlands úr ESB og framtíðarviðræður	70
Hagsmunir af fríverslunarsamningi við Bretland	71
4.4 EFTA - Fríverslunarsamtök Evrópu	72
4.5 Aðrir viðskiptasamningar	74
Löftferðasamningar	74
Fjárfestingasamningar	75
Tvísköttunarsamningar	76
Schengen-tengdir samningar	76
Samningar um vinnuorlof	77
4.6 Viðskiptaþjónusta	77
Viðskiptavakt og heimsfaraldur	77
Nýjar leiðir nýttar til sóknar	78
Tækifæri fyrir útflutning íslenskar þekkingar á grænum lausnum	78
Hlutverk sendiráða í viðskiptaþjónustu	79
Viðskipti við grannríki	80
4.7 Íslandsstofa	80
Business Sweden	80
4.8 Menningarmál	81
4.9 Fjölbjóðlegt viðskiptasamstarf (fjölbjóðastofnanir)	82
Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO)	82
Efnahags- og framfarastofnunin	83
4.10 Evrópska efnahagssvæðið	83

5 Öryggis- og varnarmál	85
5.1 Almenn	85
5.2 Alþjóðlegt umhverfi öryggis- og varnarmála	86
5.3 Framkvæmd varnartengdra verkefna á Íslandi	87
5.4 Fjölbjóðasamstarf	90
Atlantshafsbandalagið	90
Grannríkjasamráð	92
Áherslur Íslands	93
5.5 Afvopnunarmál	93
5.6 Fjölpáttaógnir	95
Netöryggismál	96
Upplýsingaóreiða	96
Stefnumiðaðar efnahagsaðgerðir	97
Aukin þekking á grunni alþjóðlegs og þverfaglegs samstarfs	97
6 Borgarþjónusta, prótocolmál og ýmis stoðþjónusta	99
6.1 Borgarþjónusta og áritanamál	99
Almenn	99
Ferðaráð	100
Afganistan	100
Viðbragðsáætlun fyrir neyðartilvik vegna Íslendinga erlendis æfð með sendiráðum	101
Alþingiskosningar 2021	101
Schengen – áritunarmál	102
6.2 Upplýsinga- og greiningarmál	103
6.3 Málefni prótocolskrifstofu	105
Almenn	105
Erlendar sendiskrifstofur á Íslandi	105
Sendiskrifstofur gagnvart Íslandi erlendis	105
Alþjóðastofnanir	106
Ræðisskrifstofur á Íslandi	106
Sendiskrifstofur Íslands erlendis	106
Ræðisskrifstofur Íslands erlendis	106
6.4 Skjalasafn	107
6.5 Rekstur utanríkisþjónustunnar	108

7 Sendiskrifstofur Íslands	112
Sendiráð í Berlín	114
Sendiráð í Brussel	115
Sendiráð í Helsinki	116
Sendiráð í Kampala	117
Sendiráð í Kaupmannahöfn	118
Sendiráð í Lilongwe	119
Sendiráð í London	120
Sendiráð í Moskvu	121
Sendiráð í Nýju-Delí	122
Sendiráð í Osló	123
Sendiráð í Ottawa	124
Sendiráð í París	125
Sendiráð í Peking	126
Sendiráð í Stokkhólmi	127
Sendiráð í Tókýó	128
Sendiráð í Washington	129
Fastanefnd hjá Atlantshafsbandalaginu	130
Fastanefnd/sendiráð í Genf	131
Fastanefnd í Strassborg	132
Fastanefnd í Róm	133
Fastanefnd í New York	134
Fastanefnd í Vín	135
Aðalræðisskrifstofa í New York	136
Aðalræðisskrifstofa í Nuuk	137
Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg	138
Aðalræðisskrifstofa í Þórshöfn	139
Heimasendiherrar	140
Fyrirsvar	141
Skammstafanir	142
Atriðisorðaskrá	143

Verkefni utanríkisþjónustunnar árið 2021 í sjö myndum

Samráð við Alþingi

31



Fulltrúar utanríkisráðuneytisins komu fyrir utanríkismálanefnd vegna **31** dagskrárliða á nitján fundum.

10



Utanríkisráðherra kom fyrir utanríkismálanefnd vegna **tíu** dagskrárliða á sjö fundum.

21



Nítján minnisblöðum var skilað til utanríkismálanefndar og **tveimur** samantektum.

15



Fimmtán skriflegar þingfyrirspurnir til utanríkisráðherra.

Norrænt samstarf

6



Fundir norrænna utanríkisráðherra voru sex talsins á árinu, þar af fjórir fjarfundir.

5



Fundir utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja voru fimm, þar af fjórir fjarfundir.

10



Tvíhliða fundir voru tíu talsins, tveir fjarfundir og átta staðfundir.



Styrking vestnorræns samstarfs með þremur tvíhliða fundum, sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra Íslands og Grænlands og útgáfu *Færeyjarskýrslu*.

Fjölþjóðleg þróunarsamvinna

12



Íslensk stjórnvöld veittu **kjarnaframlög** til tólf stofnana Sameinuðu þjóðanna.

5



Ísland leiðir alþjóðlegt **aðgerðabandalag gegn kynbundnu ofbeldi** í verkefninu *Kynslóð jafnréttis* til fimm ára.

1.053 m.kr.



1.053 m.kr. veitt til **mannúðar- aðstoðar**, m.a. til Afganistan, Jemen, Eþíópíu, Mið-Sahel og vegna Sýrlands.

1.000+ m.kr.



Rúmum milljarði króna veitt til **COVAX bóluefnasamstarfsins** og um 300.000 bóluefna-skömmtum ánafnað.

Tvíhliða þróunarsamvinna

8



Áttunda fæðingaræildin opnuð í Mangochi-héraði í Malaví. Deildirnar sinna um 45 þúsund konum.

570+4



570 hjólum og fjórum mótörhjólum dreift til heilbrigðisfulltrúa sem sinna þjónustu í dreifbýli og fjarri heilbrigðisstofnunum í Mangochi.

16.200



Framkvæmdir hófust við fimmtíu vatnsborholur og sex vatnsbrunna sem munu veita 16.200 manns aðgang að neyslufæfu vatni í Namayingo.

297



297 konur undirgengust skurðaðgerð til að lækna fæðingarfstil þökk sé samstarfsverkefni Íslands og UNFPA 2020-2021.

Viðskiptasamningar

74



Fríverslunarsamningar við 74 ríki og landsvæði þar sem samanlagt 2/3 mannkyns búa.



Fríverslunarsamningur undirritaður við Bretland í kjölfar útgöngu landsins úr ESB. Samningurinn býður fullgildingar.

120+



Loftferðasamningar og viljayfirlýsingar sem heimila flug til rúmlega 120 landa.

45



Tvísköttunarsamningar við 45 lönd. Samningur við Ástralíu býður undirritunar og viðræður í gangi við fimm ríki til viðbótar.

Framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins

8



Ísland sá NATO fyrir átta borgaralegum sérfræðingum árið 2021 sem störfuðu víða um heim við fjölbreytt verkefni.



Rekstur íslenska loftvarnakerfisins, sem er hluti af samþættu loftvarnakerfi NATO. Ratsjárnar spanna stórt svæði á Norður-Atlantshafi.

140



Rekstur og umsjón með 140 **varnarmannvirkjum NATO á Íslandi**.

92.000+



Gistiríkjastuðningur fyrir liðsafla bandalagsríkjanna. Rúmlega 92 þúsund gistinætur erlends liðsafla árið 2021.

Borgarþjónusta

11.000



Um **ellefu þúsund** fyrirspurnir og erindi bærust sendiráðum og ráðuneyti. Þar af 6.483 tengd ferðaráðum og COVID-19.

102



Borgarþjónustan aðstoðaði **102** einstaklinga við að komast frá Afganistan til Íslands.

1.877



Vegabréfaumsóknir voru **1.877** talsins árið 2021 og 532 neyðarvegabréf voru gefin út.

199.000



Tæplega **tvö hundruð þúsund** heimsóknir á ferðaráðsvef ráðuneytisins vegna COVID-19.




1 Norrænt samstarf og norðurslóðir

1.1 Almennt

Færa má rök fyrir því að samstarf Norðurlanda hafi aldrei staðið sterkara en á þessum yfirstandandi óvissutímum þar sem samhugur og samstaða landanna hefur verið greinileg.

Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú gagnvart því að Ísland taki virkan þátt í norrænu samstarfi?



Heildarfjöldi svarenda: 956, 53 svöruðu ekki.
 Heimild: Maskína (maí, 2021).

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að „öflugt norrænt samstarf verður áfram grundvallarþáttur í alþjóðlegu samstarfi Íslands“. Þetta undirstrikaði utanríkisráðherra á síðasta fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í formennskutíð Finnlands 20. desember 2021, og sagði mikilvægt að halda áfram góðu samstarfi með þeim þjóðum sem deila með okkur Íslendingum bæði miklum hagsmunum og mikilvægum hugsjónum.

Norrænt samstarf er einn af hornsteinum íslenskrar utanríkisstefnu. Sem ríkjahópur eiga Norðurlöndin sterka rödd á alþjóðavettvangi sem gerir þeim kleift að hafa umtalsverð áhrif. Loftslagsbreytingar og fjölþáttaógnir á borð við netárásir og upplýsingaóreiðu grafa undan þeim stöðugleika sem við höfum búið við og ekkert ríki getur eitt og sér tekist á við þær áskoranir. Árangur næst einungis með öflugri samvinnu, eins og við þekkjum meðal Norðurlandanna, þar sem byggt er á sterkum stöðum norrænnar samvinnu.

Norræna ráðherranefndin, sem stofnuð var 1971, er vettvangur ríkisstjórnarsamstarfs norrænu ríkjanna fimm, auk Álands-eyja, Færeyja og Grænlands. Finnar voru þar í formennsku á árinu 2021, síðan Noregur 2022 og Ísland tekur svo við keflinu 2023. Starf Norrænu ráðherranefndarinnar tekur mið af nokkrum stefnumótandi skjölum og samþykktum, þar með talinni framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf sem samþykkt var í formennskutíð Íslands árið 2019. Hún hefur það að leiðarljósi að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþætta svæði heims á árunum fram til 2030. Þar voru settar fram stefnumarkandi áherslur og markmið um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Norðurlanda-deild sinnir þverfaglegum málefnum Norrænu ráðherranefndarinnar og veitir jafnframt faglega aðstoð samstarfsráðherra Norðurlandanna sem gefur Alþingi árlega skýrslu um störf sín á þessum vettvangi. Skýrslan er tekin saman af Norðurlandadeild á grundvelli upplýsinga frá fagráðuneytum.

Málefni norðurslóða voru í brennidepli á árinu 2021. Tveggja ára formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu lauk með yfirgripsmiklum ráðherrafundi í Hörpu, 20. maí 2021, sem allir utanríkisráðherrar aðildarríkjanna sóttu. Á sama tímabili stóð yfir endurskoðun á stefnu Íslands í málefnum norðurslóða frá 2011 (337. mál, þskj. 1148). Þingmannanefnd skipuð fulltrúum allra þingflokka undir formennsku Bryndísar Haraldsdóttur var falin endurskoðun stefnunnar. Skilaði nefndin utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra tillögum í mars 2021. Alþingi samþykkti tillögur nefndarinnar einróma og óbreyttar 19. maí 2021. Þingsályktunin felur utanríkisráðherra að gera innleiðingarætlun í samráði við aðra hlutaðeigandi ráðherra. Gert er ráð fyrir að það starf hefjist snemma árs 2022 og verður Alþingi upplýst um framgang þess með reglulegu millibili. Eftirfylgni með skýrslu Grænlandsnefndar, sem kom út í janúar 2021, er enn fremur í undirbúningi á árinu 2022. Aukið samstarf við Grænland er meðal áhersluatriða í nýrri stefnu um málefni norðurslóða.

Norrænt samstarf 2021

6



Fundir norrænna utanríkisráðherra voru sex talsins á árinu, þar af fjórir fjarfundir.

5



Fundir utanríkisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja voru fimm, þar af fjórir fjarfundir.

10




Tvíhliða fundir voru tíu talsins, tveir fjarfundir og átta staðfundir.



Styrking vestnorræns samstarfs með þremur tvíhliða fundum, sameiginlegri yfirlýsingu utanríkisráðherra Íslands og Grænlands og útgáfu *Færeyjarskýrslu*.

Skilgreiningar á norðurslóðum



- Heimskautabaugur
- 10°C meðalhiti í júlí
- Norðan trjálínu
- Skilgreining AMAP
- Skilgreining AHDR

1.2 Norrænt samstarf

Norðurlöndin (N5) og samstarfið við Eystrasaltsríkin (NB8)

Á árinu höfðu Finnar á hendi samræmingarhlutverk bæði á vettvangi samstarfs utanríkisráðherra Norðurlandanna (N5) og sameiginlega við Eystrasaltsríkin (NB8). Samstarf Norðurlandanna er mikilvægur vettvangur, ríkin deila sömu gildum og eiga óformlegar og hrein-skiptnar viðræður þar sem skipst er á upplýsingum um svæðisbundin og alþjóðleg málefni. Meginmarkmið samstarfs Norðurlandanna við Eystrasaltsríkin eru nánar viðræður um málefni sem eru öllum ríkjunum mikilvæg og aukin samvinna og tengsl. Alls voru haldnir sex ráðherrafundir í N5-samstarfinu á árinu, þar af einn staðfundur sem fram fór í Kaupmannahöfn, samhliða þingi Norðurlandaráðs. Einn fjarfundanna var með utanríkisráðherra Bretlands, nánú samstarfsríki Norðurlandanna. Fjórir ráðherrafundir voru haldnir í NB8-samstarfinu, þrír fjarfundir en einn staðfundur í Finnlandi. Norrænu þróunarsamvinnuráðherrarnir áttu fjóra fjarfundi síðari hluta árs um helstu áskoranir á sviði mannúðarmála í heiminum. Þá eru ótaldir reglulegir fundir í norræna varnarsamstarfinu (NORDEF) og Norðurhópnum (Northern Group) sem fjallað er um í kafla um Fjölpjóðasamstarf á bls. 90.

Þann 26. ágúst voru liðin þrjátíu ár frá því Ísland varð fyrst ríkja til að viðurkenna endurreisn sjálfstæðis Eystrasaltsríkjanna og taka upp stjórnmalasamband við ríkin þrjú. Ísland og Eystrasaltsríkin eiga ekki einungis í nánú samstarfi á vettvangi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja (NB8), heldur líka innan vébanda Atlantshafsbandalagsins, Sameinuðu þjóðanna, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE), Evrópuráðsins og Alþjóðabankans.

Endurreisn hagkerfanna til að draga úr neikvæðum áhrifum heimsfaraldursins var gegnumgangandi áhersluatriði í formennskuáætlun Finnlands á vettvangi NB8-samstarfsins á árinu 2021. Áhersla var lögð á nýsköpun,

stafræna þróun og loftslagsmál og þannig var mynduð samfella við formennskuáætlun Eistlands í NB8-samstarfi og Íslands í norrænu samstarfi á árunum 2020 og 2019. Að auki voru ofarlega á dagskrá ýmis málefni alþjóðastjórn mála, en samstarf ríkjanna á vettvangi alþjóðastofnana hefur sjaldan verið öflugra.

Framkvæmd tillagna Björns Bjarnasonar, fyrrverandi ráðherra um eflingu norræns samstarfs í utanríkis- og öryggismálum var líka meðal þeirra mála sem fjallað var um á vettvangi utanríkisráðherra Norðurlanda á árinu. Í skýrslu Björns, sem kom út haustið 2020, eru einnig undirstrikuð þau tækifæri sem Íslendingar hafa til þess að ná sameiginlegum markmiðum, þar á meðal að treysta tengsl yfir Atlantshafið.

Einn ráðherrafundur NB8-ríkjanna með Visegrad-ríkjunum, Tékklandi, Ungverjalandi, Póllandi og Slóvakíu var haldinn og var samstaða þar rauður þráður og farið var yfir þau pólitísku mál sem þá voru í brennidepli, svo sem ástandið á landamærunum við Belarús og erfið samskipti Litáen við Kína. Einnig var lögð áhersla á nána samvinnu ríkjanna í aðdraganda COP26 sem fram fór í Glasgow í nóvember.

Færeyjaskýrslan

Í september kom út skýrslan *Samskipti Íslands og Færeyja – Tillögur til framtíðar*. Margvíslegt samstarf er á milli Íslands og Færeyja, bæði formlegt og óformlegt, tvíhliða og á norrænum og vestnorrænum vettvangi. Fjölmörg sóknarfæri eru til að efla enn frekar tvíhliða tengsl og samstarf milli þessara grannþjóða, ekki síst á vettvangi efnahags-, menningar- og stjórn mála. Í skýrslunni er lögð áhersla á þau svið þar sem tvíhliða samstarf er takmarkað og þar sem aðgerða er þörf til að efla samvinnu. Skýrslan var kynnt fyrir stjórnvöldum í Færeyjum og hafin er vinna innan utanríkisráðuneytisins um hvernig koma megi tillögum hennar í framkvæmd.



Össur Skarphéðinsson, formaður Grænlandsnefndar, kynnti skýrsluna *Grænland og Ísland á nýjum Norðurslóðum* á Hringborði norðurslóða - Arctic Circle.

1.3 Norðurslóðir

Stefna Íslands í málefnum norðurslóða

Þingsályktun um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða (750. mál, þskj. 1478) var samþykkt einróma á Alþingi 19. maí 2021 og tekur við af fyrri stefnu frá 2011. Nýja norðurslóðastefnan er í títján liðum sem taka meðal annars til stöðu Íslands sem norðurslóðaríkis, mikilvægis Norðurskautsráðsins og sjálfbærrar þróunar, víðtækra áhrifa loftslagsbreytinga, nauðsynjar þess að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, breytt landslags öryggismála, velferðar þeirra fjögurra milljóna manna sem búa á svæðinu og mikilvægis uppbyggingar þekkingar og rannsóknastarfs, ekki síst innanlands, svo nokkuð sé nefnt. Einnig er hvatt til aukins samstarfs við Grænland og Færeyjar. Þingsályktunin felur enn fremur utanríkisráðherra að móta áætlun um framkvæmd norðurslóðastefnunnar í samráði við aðra hlutaðeigandi ráðherra og upplýsa Alþingi um framkvæmd hennar að fimm árum liðnum. Ensk þýðing þingsályktunarinnar var gefin út í bæklingi ásamt greinargerð þingmannanefndarinnar í október 2021.

Í september 2021 endurnýjaði utanríkisráðherra samstarf við Norðurslóðanet Íslands á Akureyri og tekur nýr samningur mið af áætluðu starfi Norðurslóðanetsins að gerð innleiðingaráætlunar fyrir stefnu Íslands í málefnum norðurslóða. Þar eru markmið sett fram um að efla enn frekar þá þekkingarmiðstöð og sérhæfingu um norðurslóðir sem byggst hefur upp á Akureyri og styrkja samráð og samstarf um málefni norðurslóða.

Skýrslu Grænlandsnefndar fylgt eftir

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra skipaði í apríl 2019 nefnd sem gera skyldi tillögur um aukið samstarf Grænlands og Íslands. Formaður Grænlandsnefndarinnar var Össur Skarphéðinsson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, en aðrir fulltrúar voru þau Unnur Brá Konráðsdóttir og Óttarr Guðlaugsson. Í ítarlegri skýrslu sem ber heitið *Samstarf Grænlands og Íslands á nýjum Norðurslóðum* og kom út 21. janúar 2021 gerir nefndin alls 99 tillögur að mögulegum samstarfsflötum. Í kjölfar útgáfu skýrslunnar hafði utanríkisráðuneytið samband við marga þeirra íslensku samstarfsaðila sem tilteknir eru

í skýrslunni. Þá stendur fyrir dyrum markviss eftirfylgni með skýrslunni í því skyni að efla samstarf milli Íslands og Grænlands, meðal annars með áherslu á aukin viðskipti milli landanna, heilbrigðismál, menntamál og menningarmál. Löndin tvö eiga mikilla sameiginlegra hagsmuna að gæta, svo sem á sviði sjávarútvegs, flugþjónustu, ferðaþjónustu, umhverfismála og málefna norðurslóða. Aukin samvinna við Grænland er beggja hagar til framtíðar og fellur vel að áherslum í stefnu Íslands í málefnum norðurslóða.

Norðurljós


Starfshópur um efnahagstækifæri á norðurslóðum afhenti utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra skýrsluna *Norðurljós* í maí. Starfshópnum var falið að greina heildstætt þann efnahagsuppgang sem spáð er á norðurslóðum á næstu árum og meta á þeim grundvelli hvernig best verði staðið að gæslu og eflingu íslenskra hagsmuna á svæðinu. Skýrslan hefur að geyma 57 tillögur sem miða að þessu marki. Skýrslan er höfð til hliðsjónar við vinnu að framkvæmdaáætlun um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða sem samþykkt var sem þingsályktun á Alþingi 19. maí 2021.

Norðurskautsráðið

Norðurskautsráðið hefur fest sig í sessi sem mikilvægasti samráðsvettvangurinn um málefni norðurslóða. Formennska í ráðinu er umfangsmikið verkefni og hefur alþjóðapólitískt vægi hennar jafnframt aukist til muna á undanförunum árum.

Tveggja ára formennskutímabili Íslands í Norðurskautsráðinu lauk með ráðherrafundi sem haldinn var í Hörpu í Reykjavík 19.-20. maí 2021. Undir yfirskriftinni *Saman til sjálfbærni á norðurslóðum* var í formennskutíð Íslands lögð sérstök áhersla á málefni hafsins, loftslagsmál og endurnýjanlega orku, og fólk og samfélög á norðurslóðum. Ísland leitaðist einnig við að styrkja starfsemi Norðurskautsráðsins enn frekar, jafnt inn á við sem út á við. Í ljósi aðstæðna reyndist það töluverð áskorun. Venjan er að formennskuríki Norðurskautsráðsins bjóði til funda á vegum ráðsins. Fundina sækja 75-250 þátttakendur, flestir erlendis frá. Áður en heimsfaraldurinn batt enda á ferðalög tókst að halda fundi í Reykjanesbæ, á Ísafirði, í Reykjavík og Hveragerði. Fundir sem fyrirhugaðir voru á árinu 2020 og í ársbyrjun 2021, og halda átti á Akureyri og Egilsstöðum, voru hins vegar ýmist felldir niður eða fluttir í netheima. Embættismannanefnd Norðurskautsráðsins hafði uns faraldurinn

Aðildarríki Norðurskautsráðsins





Antony Blinken utanríkisráðherra Bandaríkjanna sótti fund Norðurskautsráðsins og ræðir hér við Guðlaug Þór Þórðarson, þáverandi utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra.

skall á sinnt nánast allri vinnu sinni í tveimur til þremur snörpum fundalotum á hverju ári en færði starf sitt smám saman yfir í styttri fjarfundi, sem voru að lokum orðnir nokkrir í viku hverri. Með þessum hætti tókst að fara farsælega í gegnum erfiðar samningaviðræður um ráðherrarýrlýsingu og nýja framtíðarstefnu fyrir ráðið.

Hringborð norðurslóða – Arctic Circle

Utanríkisráðuneytið tók að vanda virkan þátt í þingi Hringborðs norðurslóða – Arctic Circle sem haldið var í Hörpu 14.-17. október. Utanríkisráðherra tók þátt í pallborði um niðurstöður formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu. Einnig stóð ráðuneytið ásamt samstarfsaðilum að tveimur hliðarviðburðum á ráðstefnunni. Sá fyrri var tileinkaður starfi vinnuhópa Norðurskautsráðsins, en í hinum síðari var fjallað um tíu ára afmæli tvíhliða samstarfs Íslands og Noregs á sviði norðurslóðafræða. Margir fulltrúar ráðuneytisins voru enn fremur frummælendur í fjölmörgum öðrum málstofum á þinginu.

Þrátt fyrir erfiðar aðstæður gekk formennska Íslands í Norðurskautsráðinu framur vonum og flestum verkefnum tókst að ljúka. Efnismikil skýrsla um stöðu jafnréttismála á norðurslóðum og önnur um bláa lífhagkerfið voru báðar lagðar fyrir ráðherrafundinn. Ísland

lagði á formennskutímanum enn fremur mikla áherslu á vitundarvakningu og aðgerðir gegn plastmengun í norðurhöfum. Til stóð að halda alþjóðlega vísindaráðstefnu um plastmengun í hafi í Reykjavík vorið 2020 en vegna heimsfaraldursins var henni frestað og að endingu efnt til einfaldari ráðstefnu (International Symposium on Plastics in the Arctic and Sub-Arctic Region) með fjarfundarsniði 2.-4. og 8.-9. mars 2021. Ríkisstjórn Íslands og Norræna ráðherranefndin stóðu að verkefninu í samstarfi við ellefu aðra innlenda og alþjóðlega aðila.

Stærsta verkefni Íslands á formennskutímanum var þó án nokkurs vafa ráðherrafundurinn í Hörpu í maí. Fundurinn var sá tólfti í sögu ráðsins og markaði lok formennsku Íslands og upphaf formennsku Rússlands í ráðinu. Þá var 25 ára afmæli Norðurskautsráðsins fagnað á fundinum.

Allir utanríkisráðherrar aðildarríkjanna sóttu fundinn en það er einungis í annað sinn í sögu ráðsins sem það gerist. Vegna heimsfaraldurs COVID-19 var fundurinn haldinn í vinnusóttkví og aðeins utanríkisráðherrum og frumbyggjaleiðtogum, ásamt lágmarks fylgdarliði, boðið að sækja fundinn í Hörpu 19.-20. maí. Öðrum skráðum þátttakendum var boðið að fylgjast með fundinum rafrænt á vefsvæði sem var sérhannað fyrir tilefnið. Fundinum var einnig streymt í beinni útsendingu á opnum rásum. Metþátttaka var á ráðherrafundinum í Hörpu

en rúmlega sex hundruð manns tóku þátt eða fylgdust með honum á vefsvæði fundarins eða um opið streymi.

Á fundinum bar einna hæst að undirrituð var metnaðarfull ráðherryfirlýsing með skýrum skilaboðum um mikilvægi umhverfisverndar og að spornað verði gegn loftslagsbreytingum og afleiðingum þeirra. Jafnframt er sjálfbærni, samfélags- og efnahagsþróun gerð góð skil. Eining um öfluga yfirlýsingu var sérstaklega mikilvæg að þessu sinni, þar sem ekki tókst að ná samstöðu um ráðherryfirlýsingu á ráðherrafundinum í Rovaniemi 2019.

Þá náðu ráðherrarnir samkomulagi um framtíðarstefnu fyrir norðurslóðir og Norðurskautsráðið til næstu tíu ára (Strategic Plan). Þar eru skilgreind sjö markmið og aðgerðir tilgreindar undir hverju markmiðanna. Þetta var í fyrsta skipti sem slík framtíðarstefna er samþykkt en að því hefur verið stefnt síðan ráðherrarnir kölluðu eftir því á fundi sínum í Fairbanks árið 2017. Þess er vænst að framtíðarstefnan auki stefnufestu í störfum ráðsins umfram þá leiðsögn til tveggja ára sem hver formennsku-áætlun hefur veitt hingað til. Ennfremur voru samþykktar niðurstöður verkefna sem unnin voru í formennskutíð Íslands og starfsáætlun ráðsins til næstu tveggja ára.

Vel heppnaður ráðherrafundur Norðurskautsráðsins þykir mikilvægur fyrir stöðu alþjóðamála enda skapar hann tækifæri til fjölda tvíhliða funda milli ráðherranna. Á því var engin undantekning að þessu sinni þrátt fyrir krefjandi aðstæður.

Innlent samráð

Utanríkisráðuneytið á í góðu samstarfi við marga innlenda aðila um norðurslóðamál og skipti það sköpum fyrir íslenska formennsku í Norðurskautsráðinu. Þar má helst nefna Norðurslóðanet Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskóla Íslands og Alþjóðamálastofnun HÍ, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, háskóla- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið, Rannís, Veðurstofu Íslands, Landmælingar Íslands, Hafró, Matís, Jarðhitaskóla GRÓ, Jafnréttisskóla GRÓ, dómsmálaráðuneytið og Landhelgisgæsluna. Þá leiða fulltrúar frá umhverfis-

orku- og loftslagsráðuneytinu, Náttúrufræðistofnun, Samgöngustofu og Umhverfisstofnun starf Íslands innan vinnuhópa Norðurskautsráðsins. Starf ráðsins fer að mestu fram innan vinnuhópanna, sem eru sex talsins, og sérfræðingahópi þess um minnkun útblásturs á sóti og metani. Starfsáætlanir hópanna telja um hundrað verkefni á hverjum tíma. Framlag þeirra til aukinnar þekkingar á umhverfi, lífríki og samfélögum á norðurslóðum leggur mikilvægan grundvöll að stefnumótun og verður að teljast afar mikilvægt. Skrifstofur vinnuhóps um verndun lífríkis (Conservation of Arctic Flora and Fauna, CAFF) og vinnuhóps um málefni hafsins (Protection of Arctic Marine Environment, PAME) eru á Akureyri og er það í samræmi við 19. lið norðurslóðastefnu Íslands þar sem lögð er áhersla á „[a]ð efla Akureyri enn frekar sem miðstöð norðurslóðamála á Íslandi“.

Vísindasamstarf

Haldið var upp á tíu ára afmæli undirritunar viljayfirlýsingar um tvíhliða samstarf Íslands og Noregs á sviði norðurslóðafræða með málstofu á Hringborði norðurslóða 14. október. Samstarf þjóðanna er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða sameiginlegan sjóð í umsjá Rannís sem styrkir samstarfsverkefni íslenskra og norskra aðila, flest tengd loftslagsbreytingum, veðurfari og umhverfisþáttum. Hins vegar sameiginlega fjármögnun á stöðu gestaprófessors í norðurslóðafræðum við Háskólann á Akureyri, kennda við Friðþjóf Nansen.

Utanríkisráðuneytið hefur frá árinu 2014 styrkt komu bandarískra fræðimanna til kennslu og rannsókna á sviði norðurslóðafræða með samningi við Fulbright-stofnunina á Íslandi. Það samstarf heldur áfram en hefur eins og annað alþjóðastarf orðið fyrir áhrifum af heimsfaraldurinum.

Í tengslum við formennsku Íslands í Norðurskautsráðinu var efnt til samstarfs við Jafnréttisskóla GRÓ um þátttöku tveggja nema af norðurslóðum. Ísland hefur enda leitt samstarf norðurskautsríkjanna um jafnréttismál allt frá árinu 2013. Utanríkisráðuneytið hefur ákveðið að styrkja tvo nema til viðbótar til þátttöku í námskeiðinu.



2 Alþjóðasamstarf

2.1 Almennt

Í viðsjárverðum heimi er alþjóðasamstarf mikilvægara en nokkru sinni. Ísland hefur löngum talað fyrir því að standa vörð um fjölþjóðasamstarf og alþjóðalög, enda skiptir alþjóðakerfi sem er byggt á traustum reglum sem breið sátt ríkir um sköpum fyrir herlaus smáriki. Ræktun góðra tvíhliða pólitískra samskipta er afar mikilvæg, sem og þátttaka í starfi helstu alþjóðastofnana sem Ísland er aðili að.

Mikilvægi þjóðaréttar, lýðræðis, friðar, mannréttinda og kynjajafnréttis eru meginstef í alþjóðasamstarfi Íslands sem kristallaðist í málflutningi í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna frá júlí 2018 til loka árs 2020. Þannig hefur Ísland, í góðri samvinnu við önnur ríki Norðurlanda og önnur líkt þenkjandi ríki, barist ötullega gegn sívaxandi ágjöf á gildi vestræns lýðræðis.

Í alþjóðasamstarfi hafa loftslags-, auðlinda- og umhverfismál jafnframt verið sett á oddinn og talar Ísland fyrir mikilvægi sjálfbærrar nýtingar auðlinda og ábyrgri stefnu í loftslags- og umhverfismálum. Miðlun íslenskrar þekkingar og reynslu í þessum málaflokki hefur aukist til muna, ekki síst þegar kemur að endurnýjanlegri orku.

2.2 Tvíhliða pólitísk samskipti

Á heildina litið voru tvíhliða pólitísk samskipti umfangsmikil og tíð árið 2021 þrátt fyrir heimsfaraldur og aðrar alþjóðlegar áskoranir, sem er til vitnis um sívaxandi mikilvægi alþjóðasamskipta í tengdum heimi. Tvíhliða samskipti fóru að miklu leyti fram á fjarfundum sökum ráðstafana vegna COVID-19 en þó alls ekki alfarið. Nokkrir mikilvægir fundir fóru fram með helstu vinabjóðum Íslands þar sem fólk hittist í eigin persónu. Þegar litið er fram á veginn er ólíklegt að fjarfundir leysi hefðbundna tvíhliða

fundir ráðamanna af hólmi, enda er nauðsynlegt að rækta samskipti augliti til auglitis. Reynslan hefur sýnt að oft er það greiðasta leiðin til að leiða flókin mál til lykta. Þó er ljóst að nýr samskiptamáti er kominn til að vera í bland við hefðbundna fundi.

Nánum samskiptum við Norðurlöndin eru gerð skil í kafla um norrænt samstarf og norðurslóðir á bls. 11. Þau spanna öll svið utanríkismála og fara fram á öllum stigum utanríkisþjónustunnar.

Bandaríkin

Bandaríkin eru stærsta viðskiptaland Íslands og um leið rötgróin vinabjóð. Samskiptin spanna fjölmörg svið, allt frá tvíhliða varnarsamningi ríkjanna og samstarfi í Atlantshafsbandalaginu og öðrum fjölþjóðastofnunum til vísinda, menntunar og menningar. Til tíðinda bar þegar Antony Blinken utanríkisráðherra Bandaríkjanna heimsótti Ísland í maí 2021. Blinken sat ráðherrafund Norðurskautsráðsins og átti tvíhliða fund með Guðlaugi Þór Þórðarsyni þáverandi utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og hitti jafnframt forsætisráðherra og forseta Íslands. Þá heimsótti hann Helligsheiðarvirkjun og öryggissvæðið í Keflavík. Öryggis- og varnarmál voru til umræðu á fundi utanríkisráðherranna en árið 2021 voru sjötíu ár voru liðin frá undirritun varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna. Samstarf á sviði mannréttinda og jafnréttismála var í brennidepli, svo sem þátttaka forsætisráðherra í sérstökum leiðtogafundi um lýðræði sem Joe Biden Bandaríkjaforseti boðaði til í árslok. Þá voru samskipti á sviði viðskipta og efnahagsmála á dagskrá, meðal annars í árlegu tvíhliða viðskiptasamráði ríkjanna sem nú hefur verið fest í sessi. Er það til marks um gagnkvæman vilja til að dýpka viðskipta- og efnahagssamband ríkjanna enn frekar.

Bretland

Samskipti Íslands og Bretlands eru sem fyrr víðfeðm og góð. Sögulegt skref var stigið með undirritun á fríverslunarsamningi EFTA-ríkjanna í Evrópska efnahagssvæðinu (EES) og Bretlands í júlí, sem mun styrkja efnahags- og vinatengsl Íslands og Bretlands um ókomna tíð. Samstarf í öryggis- og varnarmálum hefur einnig vaxið og gerðist Ísland aðili að samstarfsvettvangi líkt þenkjandi þjóða í Norður-Evrópu um öryggis- og varnarmál sem Bretar leiða undir merkjum sameiginlegrar viðbragðssveitar (Joint Expeditionary Force, JEF). Gerðir voru tvíhliða samningar um vinnudvöl ungs fólks og rannsóknir, nýsköpun og geimvísindi sem meðal annars gefur Íslendingum tækifæri til að starfa í Bretlandi og stunda þar nám auk frekari möguleika á tæknilegu samstarfi. Í júlí fundaði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra með utanríkisráðherra Bretlands, Dominic Raab, og voru vaxandi tvíhliða samskipti, alþjóðamál og mannréttindi helstu umræðuefnin.

Rússland

Leiðir Íslands og Rússlands liggja víða saman og eru tvíhliða samskipti ríkjanna umtalsverð, einkum á sviði viðskipta. Þó verður að segjast að samband Íslands og Rússlands hafi litast af framferði Rússlands þegar kemur að mannréttindum og á sviði öryggismála, ekki síst hernaðarumsvifa í og kringum Úkraínu. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fundaði með Sergei Lavrov utanríkisráðherra Rússlands í tengslum við ráðherrafund Norðurskautsráðsins í maí. Fjöldmörg mál sem snúa að samskiptum ríkjanna voru til umræðu, þar með talið aukið frelsi í loftferðum og efling samstarfs á milli íslenskra og rússneskra flugrekenda. Ráðherrarnir ræddu einnig mál sem óeining er um, svo sem átökin í Úkraínu og virðingu fyrir mannréttindum. Þáverandi ráðherra ítrekaði mótmæli Íslands gegn innflutningsbanni Rússlands á ýmsar íslenskar afurðir, hann vakti máls á þýðingarmiklu og reglubundnu samráði um nýtingu fiskistofna og lýsti vilja til að rússnesk-íslenska fiskveiðinefndin tæki upp reglubundið samráð á ný eftir nokkurt hlé.

Kína

Ísland og Kína fögnuðu fimmtíu ára stjórn-málasambandi árið 2021 og var tímamótanna minnst á ýmsa vegu, bæði hérlendis og í Kína. Í tilefni afmælisins áttu Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og Wang Yi utanríkisráðherra Kína símafund í desember. Ræddu þau góð og vaxandi tengsl ríkjanna, einkum í viðskiptum á grundvelli fríverslunarsamningsins sem tók gildi 2014. Þau fjölluðu um tækifæri til áframhaldandi samstarfs, ekki síst á sviði loftlagsaðgerða, endurnýjanlegrar orku og ferðamennsku. Sérstakur erindreki Kína í málefnum Evrópu, Wu Hongbo, heimsótti Ísland í lok nóvember og átti fund með ráðuneytisstjóra. Langt er síðan jafn háttsettur kínverskur stjórnarerindreki sótti Ísland heim. Þótt lögð sé áhersla á jákvæð samskipti Íslands og Kína þegar á heildina er litið hefur Ísland ekki skorast undan því að standa með þjóðum sem við skipum okkur á bekk með á alþjóðavettvangi í að lýsa yfir áhyggjum af stöðu mannréttinda í Kína. Ísland tók þátt í þvingunaraðgerðum Evrópusambandsins vegna mannréttindabrota í Xinjiang-héraði og voru viðbrögð kínverskra stjórnvalda að beita íslenskan ríkisborgara gagnaðgerðum. Var því mótmælt af íslenskum stjórnvöldum.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, utanríkisráðherra, átti fjarfund með Deng Li, varautanríkisráðherra Alþýðulýðveldisins Kína, í tilefni 50 ára afmælis stjórn-málasambands ríkjanna.

Japan

Japan er þriðja stærsta efnahagskerfi heims og leikur lykilhlutverk í breyttri heimsmynd og auknu vægi Indlands- og Kyrrahafssvæðisins. Samskipti Íslands við Japan eru góð og fara vaxandi á ýmsum sviðum, ekki síst í viðskiptum en Japan er næststærsti útflutningsmarkaður Íslands í Asíu. Þá er menningarsamstarf blómlegt. Mikið svigrúm er þó til að styrkja samskipti ríkjanna enn frekar, til að mynda þegar kemur að grænum lausnum, nýtingu jarðhita og á sviði menntamála. Ekki var unnt að skipuleggja fundi ráðherra ríkjanna á árinu en vonast er til að af því verði á komandi misserum.

2.3 Efst á baugi í alþjóðastjórnmalum

Úkraína

Umfangsmikil hernaðaruppbygging Rússlands í og við Úkraínu og margvíslegar aðgerðir rússneskra stjórnvalda gegn Úkraínu ollu þungum áhyggjum á árinu. Staðan var mjög eldfim í lok árs og ekki var fyrirséð hversu alvarleg staðan ætti eftir að verða á nýju ári. Atlantshafsbandalagið styður Úkraínu og rétt þjóðarinnar til að ákvarða fyrirkomulag eigin öryggismála.

Ísland lét til sín taka í samráði um málefni Úkraínu í Atlantshafsbandalaginu, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) og samráði ríkja sem við teljum okkur eiga samleið með í öryggis- og varnarmálum, í norrænu varnarsamstarfi, Norðurhópnum, NB8 og í sameiginlegu viðbragðssveitinni (JEF). Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir sat utanríkisráðherrafund Atlantshafsbandalagsins í Ríga í desember síðastliðnum þar sem málefni Úkraínu voru á dagskrá og utanríkisráðherrafund ÖSE í Stokkhólmi í sama mánuði. Í máli sínu ítrekaði ráðherra gildi þess að virða alþjóðalög, landamæri og lögsögu ríkja. Í Stokkhólmi áttu þau Dmytro Kuleba utanríkisráðherra Úkraínu fund þar sem staða mála á landamærum Úkraínu og Rússlands og á Krímskaga voru efst á baugi.

Íslensk stjórnvöld taka þátt í alþjóðlegum þvingunaraðgerðum gegn Rússlandi vegna ólögleggrar innlimunar Rússlands á Krímskaga,

aðildar Rússlands að átökunum í austurhluta Úkraínu og stuðningi þeirra við vopnaðar sveitir. Jafnframt eru í gildi þvingunaraðgerðir gegn nokkrum rússneskum ríkisborgurum og lögaðilum vegna netárása, alvarlegra mannréttindabrota og notkunar efnavopna. Samstaða er í hópi Atlantshafsbandalagsríkja og annarra ríkja sem fylgja sömu stefnu um frekari þvingunaraðgerðir gegn Rússlandi vegna Úkraínu ef þörf krefur.

Eftirlitsverkefni ÖSE í Úkraínu (Special Monitoring Mission to Ukraine, SSM) var ýtt úr vör með sameiginlegri ákvörðun allra 57 aðildarríkja ÖSE 21. mars 2014. Eftirlitsverkefnið er framlengt til eins árs í senn, er borgaralegt og rekið á grundvelli gagnsæis og hlutleysis. Eftirlitsmennirnir safna upplýsingum og gefa skýrslur um öryggisástandið, safna staðreyndum um atvik, mynda sambönd við staðarfólk og leitast við að koma á eðlilegum samræðum og samskiptum deiluaðila til að freista þess að lægja öldurnar. Eftirlitsveitin gerir daglega grein fyrir vopnahlésbrottum, hergagnaflutningum og liðsöfnun. Ísland lagði til 13,5 m.kr. framlag til sveitanna árið 2021.

Afganistan

Heimsbyggðin fylgdist agndofa með framvindu mála í Afganistan síðastliðið sumar þegar talibanar hrifsuðu til sín völdin í kjölfar brottflutnings erlends herliðs. Staða mannúðarmála fór hratt versnandi og í lok árs þurfti rúmlega helmingur þjóðarinnar á alþjóðlegri mannúðaraðstoð að halda. Viðsjárverð staða varð fljótt augljós, sérstaklega kerfisbundin mismunun og brot á réttindum kvenna og stúlkna. Vegna ástandsins hófust strax umfangsmiklir fólksflutningar frá Afganistan. Sjönnum var beint að afgönskum borgurum í sérstakri hættu vegna starfa sinna fyrir erlendan liðsafla, sendiráð vestrænna ríkja og alþjóðastofnanir. Atlantshafsbandalagið lagði kapp á að flytja fólk sem starfað hafði fyrir bandalagið af landi brott og veita því skjól í bandalagsríkjum.

Ísland lá ekki á liði sínu í viðbrögðum alþjóðasamfélagsins við atburðarásinni í Afganistan. Ákveðið var að taka við allt að 120 flóttamönnum frá Afganistan og veita alls 235 m.kr. í mannúðaraðstoð í gegnum alþjóðastofnanir.

Náið samráð var haft við hóp bandalagsríkja og annarra líkt þenkjandi ríkja um viðbrögðin. Í lok ágúst sótti utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra aukafund utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins um Afganistan þar sem fjallað var um þá alvarlegu stöðu sem upp var komin vegna valdatöku talibana. Varnarmálaráðherrar í norræna varnarsamstarfinu (NORDEFCO) og norrænir þróunarsamvinnuráðherrar funduðu um málið þar sem mannúðar- og þróunaraðstoð var efst á baugi. Ísland kallaði einnig eftir og tók síðan þátt í sérstökum fundi mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi í Afganistan og studdi ályktun um að komið verði á fót embætti sérstaks skýrslugjafa um ástand mannréttinda í landinu.

Nánar er fjallað er um atbeina borgarabjónustu utanríkisráðuneytisins við að aðstoða fólk við að komast frá Afganistan til Íslands í kaflanum á bls. 100.

Belarús

Ísland er meðal ríkja sem hafa beitt sér fyrir stuðningi við lýðræðis- og mannréttindasinna í Belarús frá því að þarlend stjórnvöld tóku að ofsækja þá af enn meiri krafti í kjölfar meingallaðra forsetakosninga í ágúst 2020. Allt frá aðdraganda kosninganna fram á þennan dag hafa stjórnvöld í Belarús fangelsað stjórnarandstæðinga en í lok árs 2021 voru hátt í þúsund pólitískir fangar í haldi stjórnvalda.

Þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins (ESB) gegn Belarús hafa verið í gildi á Íslandi frá 2009 en síðan í október 2020 hafa aðgerðir verið hertar reglulega, til að mynda í kjölfar þess að flugvél Ryanair var þvinguð til landingar og stjórnarandstæðingar um borð handteknir. Ísland var samstíga ESB í að banna yfirflug og landingar loftfara frá Belarús á íslensku yfirráðasvæði. Aðgerðir voru enn hertar vegna ástandsins á landamærum Belarús eftir að þarlend yfirvöld höfðu lokkað þangað þúsundir hælisleitenda, einkum frá Mið-Austurlöndum, í því skyni að hrinda af stað flóttamannastraumi yfir til Póllands, Lettlands og Litáen. Ísland hefur verið samstíga ESB í öllum þvingunaraðgerðum gegn Belarús.

Ísland var meðal þeirra sautján ríkja sem ýttu úr vör óháðri rannsókn sem unnin var af lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu ÖSE (ODIHR) á framferði stjórnvalda í Belarús í kjölfar kosninganna 2020. Rúmu ári eftir að niðurstöður þeirrar vinnu lágu fyrir var Ísland í hópi 35 ríkja sem hratt af stað svokölluðu Vínarferli. Í því felst að óskað er svara frá yfirvöldum í Belarús um eftirfylgni og aðgerðir á grundvelli samþykpta og tilmæla ÖSE um úrbætur í mannréttindamálum.

Auk þess styðja íslensk stjórnvöld lýðræðis- og mannréttindasinna og frjálsa fjölmiðlun í Belarús í gegnum European Endowment for Democracy (EED). Ísland styður alþjóðlegan samstarfsvettvang félagasamtaka (International Accountability Platform for Belarus – IAPB) til að afla og varðveita sönnunargögn sem nýst geta til að draga þau sem fremja slík mannréttindabrot til ábyrgðar.



Stuðningur íslenskra stjórnvalda við málstað umbóta-hreyfinga í Belarús var ræddur á fundi Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þáverandi utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, og Sviatlönu Tsikhanouskayu, leiðtoga stjórnarandstæðunnar í Belarús.

Þáverandi og núverandi utanríkisráðherrar hafa sent frá sér yfirlýsingar til stuðnings mannréttindum og lýðræði í Belarús og Ísland hefur staðið að sameiginlegum yfirlýsingum með öðrum ríkjum Norðurlanda og í NB8-samstarfinu, meðal annars á opnum fundi öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og í mannréttindaráðinu. Ísland hefur jafnframt gerst aðili að sameiginlegum yfirlýsingum samstarfsríkja í ÖSE og tekið undir yfirlýsingar frá framkvæmdastjórn ESB og sameiginlega yfirlýsingu Fjölmiðlafrelsisbandalagsins (Media Freedom Coalition).

Sviatlana Tsikhanouskaya, sem var meðal frambjóðenda í forsetakosningunum í Belarús í ágúst 2020, heimsótti Ísland í byrjun júlí og átti fund með þáverandi utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, forsætisráðherra og öðrum, ásamt því að hitta forseta Íslands. Á fundinum ítrekaði hún þýðingu áframhaldandi stuðnings Íslands við Belarús, þar með talið við málefni kvenna þar í landi. Hún lagði áherslu á málefnalegan stuðning, beinan tæknilegan stuðning og þrýsting á stjórnvöld, meðal annars í gegnum þvingunaraðgerðir, og ekki síður samhljóma stuðnings NB8-ríkjanna. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og Sviatlana Tsikhanouskaya hittust síðan í Stokkhólmi í desember þar sem stuðningur Íslands við lýðræðis- og mannréttindaúrbætur í Belarús var ítrekaður.

2.4 Starfið í alþjóðastofnunum

Sameinuðu þjóðirnar í New York

Heimsfaraldurinn hélt áfram að setja mark sitt á starfsemi Sameinuðu þjóðanna í New York og á vettvangi árið 2021. Þunginn í umræðunni hefur í auknum mæli færst yfir í það að tryggja jafnari dreifingu bóluafna, sjálfbæra uppbyggingu og bætt viðnámsþol samfélaga. Aðgerðir í loftslagsmálum, ekki síst í aðdraganda 26. loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Glasgow síðastliðið haust, hafa verið annað kjarnamál ásamt markvissri innleiðingu heimsmarkmiðanna um sjálfbæra þróun.

Í aðdraganda allsherjarþingsins í september lagði António Guterres, aðalframkvæmdastjóri fram skýrsluna *Our Common Agenda* sem byggist á tillögum úr 75 ára afmælisýfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Skýrslan inniheldur fjölmargar tillögur um það hvernig Sameinuðu þjóðirnar og alþjóðasamfélagið geti mætt þessum áskorunum og viðfangsefnum framtíðarinnar og hafa allsherjarþingið og stofnanir Sameinuðu þjóðanna þær til umfjöllunar.

Að þessu sinni var ráðherravika allsherjarþingsins blanda af fjarfundum og fundum í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Þáverandi utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra flutti

venju samkvæmt ræðu Íslands í allsherjarþinginu þar sem hann í myndbandsávarpi talaði fyrir aðgerðum í loftslagsmálum, jafnari dreifingu bóluafna og mikilvægi mannréttinda, jafnréttis og alþjóðalaga fyrir hagsæld og framþróun ríkja. Samhliða ráðherravikunni ávarpaði ráðherrann fund um réttindi hinsegin fólks og ráðherra fund um orkumál í ljósi þess að Ísland er einn heimserindreka í orkumálum hjá Sameinuðu þjóðunum. Forsætisráðherra ávarpaði leiðtogafund um sjálfbærni matvællakerfa og þýðingu þeirra fyrir framgang heimsmarkmiðanna, með sérstakri áherslu á fæðu úr hafi.

Fastanefnd Íslands tekur virkan þátt í störfum allsherjarþingsins og undirnefndum þess. Meðal forgangsmála eru mannréttinda- og jafnréttismál, þróunarsamvinna og neyðaraðstoð, málefni hafsins, sjálfbær orkunýting, aðgerðir gegn loftslagsbreytingum, alþjóðalög sem og afvopnun og friðsamleg lausn deilumála. Ísland fór ásamt Alsír fyrir ályktun um eyðimerkurmyndun og landgræðslu sem var samþykkt samhljóma. Ísland lauk setu í fulltrúabréfanefnd allsherjarþingsins þar sem fjallað er um umboð fulltrúa ríkja til setu á þinginu. Kom meðal annars í hlut nefndarinnar að fjalla um lögmæti herstjórnarinnar í Myanmar.

Fastanefnd á reglulegt samráð við helstu undirstofnanir og sjóði Sameinuðu þjóðanna í samræmi við aukna áherslu á fjölþjóðlega þróunarsamvinnu og innleiðingu heimsmarkmiðanna með sérstakri áherslu á Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA). Á síðasta ári undirritaði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fyrsta rammisamning Íslands við UNFPA sem áréttar stuðning Íslands og festir samstarfið í sessi. Fyrir lá að í byrjun árs 2022 tæki Ísland sæti varaforseta í stýriningfnd UN Women. Búið er að samþykkja nýja stefnu fyrir UN Women, UNFPA og UNICEF fyrir árin 2022-2025 og lagði Ísland sérstaka áherslu á árangursmiðaða stefnu grundvallaða á mannréttindum og stuðningi við hópa sem höllum fæti standa.



| Höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna í New York.

Á árinu var fastafulltrúum Íslands og Grenada falið að leiða samningaviðræður um yfirlýsingu ráðherrafundar um fjármögnun þróunar sem haldinn verður vorið 2022. Ísland tekur virkan þátt í umræðu um málefni hafsins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Undirbúningur hófst strax haustið 2021 fyrir árið 2022 þegar mikið verður um að vera í málefnum hafsins. Nær það hámarki á stórri hafráðstefnu sem haldin verður í Portúgal í sumar.

Málefni Afganistans, Eþíópíu, Jemens og Sírlands voru fyrirferðarmikil á dagskrá öryggisráðsins auk þess sem reglulega var fjallað um málefni Afríkurríkja og stöðu mála í Mið-Austurlöndum. Spennan á landamærum Úkraínu var undirliggjandi í ráðinu og endaði á dagskrá þess í janúar 2022.


Neitunarvaldi var beitt einu sinni á árinu af Rússlandi í tengslum við ályktun um samspil loftslagsbreytinga og öryggismála. Ráðið samþykkti fyrstu formlegu ályktunina um netöryggismál að frumkvæði Eistlands. Netöryggismálin hafa fengið meira vægi með reglulegu ríkjasamráði í vinnuhópum og fyrirhuguðum samningaviðræðum um aðgerðir gegn netglæpum. Nú um áramótin tóku Albanía, Brasilía, Gabon, Gana og Sameinuðu arabísku furstadæmin sæti í öryggisráðinu.

Þema 65. þings kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (CSW) var full þátttaka kvenna á opinberum vettvangi og ákvarðanatöku, valdefling kvenna og stúlkna um heim allan og útrýming á kynbundnu ofbeldi. Fundurinn og rafrænir hliðarviðburðir honum tengdir fóru fram dagana 15. til 26. mars. Forsætisráðherra flutti ávarp og tók þátt í hliðarviðburðum og fundum. Íslensk stjórnvöld skipulögðu tvo hliðarviðburði. Annar beindi sjónum að áhrifum COVID-19 á kynjajafnrétti og áherslur stjórnvalda í því samhengi og hinn fjallaði um mikilvægi kvennanefndarfundarins og Kvenna-sáttmála Sameinuðu þjóðanna fyrir Ísland.

Höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna eru vettvangur kosninga og kynninga á framboðum ríkja og einstaklinga í helstu ráð og stjórnir. Á árinu bar hæst kjör Íslands til framkvæmdastjórnar UNESCO fyrir tímabilið 2021-2025 og áfram var unnið að framboðum Íslands til setu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna 2025-2027 og endurkjöri í barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna og alþjóðahafréttardómstólinn. Kjörtímabili António Guterres, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, lauk 2021 og var hann endurkjörinn einróma til næstu fimm ára.

Ísland á náið samráð við svæðisbundna ríkja- og málefnaþópa sem sameinast um tiltekin áherslumál. Þá er samstarf Norðurlandanna á þessum vettvangi afar náið og heldur áfram að styrkjast, þar með talið um framboðsmál, málefnaþópa og sameiginlegar ræður í öryggisráðinu og allsherjarþinginu. Samstarf NB8-ríkjanna hefur einnig styrkst. Ísland tekur þátt í samráði Vesturlanda utan ESB, svokölluðum JUSCANZ-hópi. Ísland leiðir ásamt Namibíu starf vinnuhóps um eyðimerkurmyndun og landgræðslu og flutti forsætisráðherra ræðu á ráðherrafundi um málaflokkinn, auk þess sem þáverandi utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ávarpaði ráðherrafundi Sameinuðu þjóðanna um vatn fyrir hönd vinnuhópsins.

Hversu jákvæð(ur) eða neikvæð(ur) ert þú gagnvart aðild Íslands að Sameinuðu þjóðunum?



Heildarfjöldi svarenda: 956, 65 svöruðu ekki.
Heimild: Maskína (maí, 2021).

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna

Ísland lauk setu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í árslok 2019 en var áfram virkt áheyrnarríki í ráðinu á árinu. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra greindi frá því á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september 2020 að Ísland sæktist á ný eftir sæti í ráðinu, með stuðningi annarra Norðurlanda, fyrir tímabilið 2025-2027. Kosið verður á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í New York haustið 2024 og er vinna við framboðið þegar hafin.

Heimsfaraldurinn setti starfsemi mannréttindaráðsins þröngar skorður á liðnu ári. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ávarpaði ráðið á fjarfundi í 46. lotu ráðsins í febrúar. Lagði ráðherra meðal annars áherslu á að mannréttindi væru algild og að beina yrði kastljósinu að þeim ríkjum sem ekki stæðu undir þeirri ábyrgð að framfylgja skuldbindingum sem þau hafa undirgengist. Þar hefði Ísland lagt sitt af mörkum, meðal annars með því að hafa forystu um gagnrýni á stjórnvöld í Sádi-Arabíu og á Filippseyjum. Þá varaði hann við því að heimsfaraldurinn gæti verið átylla til að skerða frelsi og borgaraleg réttindi.

Í haustlotu ráðsins fór fram gagnvirk umræða með mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna um stöðu samstarfs Filippseyja við skrifstofu mannréttindafulltrúa sem komið var á eftir ályktun Íslands um mannréttindamál þar í landi. Byggt var á ályktun sem Ísland og Filippseyjar lögðu saman fram í ráðinu í september 2020 og var samþykkt samhljóða. Þarna var brotið blað í sögu ráðsins þar sem Íslandi tókst að fá Filippseyjar til samstarfs um eftirfylgni við ályktun Íslands um mannréttindaástand þar í landi árið 2019.

Ísland tók þátt í fimm sérstökum fundum mannréttindaráðsins sem eru haldnir ef viss fjöldi ríkja kallar eftir umræðu um aðkallandi mál. Þannig var til dæmis efnt til funda um ástandið í Myanmar og Afganistan eftir að lýðræðislega kjörin stjórnvöld í þessum ríkjum voru hrakin frá völdum.

Ástand mannréttinda í Kína var til umfjöllunar í mannréttindaráðinu í júnílotu ráðsins 2021 og var Ísland meðal 44 ríkja sem gagnrýndu framgöngu stjórnvalda gegn Úígúrum og lýstu um leið yfir áhyggjum af þróun mála í Hong Kong og Tíbet. Ísland átti þar að auki hlut að yfirlýsingu hóps ríkja í þriðju nefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna um sömu mál, þriðja árið í röð. Fjölgaði þjóðum sem stóðu að yfirlýsingunni úr 39 haustið 2020 í 43 árið 2021. Fjölgunin er til marks um vaxandi áhyggjur af þróun mála í Kína, sem birtist í versnandi stöðu minnihlutahópa í Xinjiang, Innri-Mongólíu og Tíbet, og fyrrnefndum aðgerðum í Hong Kong.

Staða Íslands á völdum mannréttindavísium

Global Gender Gap 2021 - World Economic Forum	1.
Global Peace Index 2021 - IEP	1.
Freedom House - Freedom on the net 2021	1.
KidsRights Index 2021	1.
Women, Business and the Law 2021 Index	1.-10.
The Economist - Glass-ceiling Index 2021	2.
World Happiness Report 2021	2.
Human Development Index	4.
The Economist - Democracy Index 2021	5.
Gender Inequality Index	9.
Social Progress Index	9.
ILGA-Europe - Rainbow Europe	14.
World Press Freedom Index	16.
Freedom House - Freedom in the World 2021	18. - 22.

Ísland tók þátt í reglubundinni jafningjaryrni mannréttindaráðsins (Universal Periodic Review) sem fór fram að venju þrisvar á árinu. Jafningjaryrni felst í því að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna fara yfir stöðu mannréttindamála í hverju aðildarríki og koma með ábendingar um það sem betur mætti fara. Markmiðið er meðal annars að bæta stöðu mannréttindamála í heiminum og hvetja ríki til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar sínar. Ísland lagði áfram áherslu á að hvetja ríki til að virða réttindi hinsegin fólks.

Mikil áhersla var lögð á undirbúning fyrir þriðju allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála á Íslandi sem fyrir lá að fram færi á vegum mannréttindaráðsins í upphafi árs 2022. Stýrihópur Stjórnarráðsins leiddi undirbúninginn undir forystu dómsmálaráðuneytisins. Venju samkvæmt átti utanríkisráðuneytið þar fulltrúa og fastanefnd Íslands í Genf var í lykilhlutverki í undirbúningi úttektarinnar. Fyrsta úttektin á stöðu mála á Íslandi fór fram árið 2011 og önnur fimm árum síðar, 2016.

Fyrirtakan á stöðu mannréttindamála á Íslandi byggist á skýrslu þar sem farið er yfir hvernig íslensk stjórnvöld hafa fylgt eftir tilmælum sem þau fengu í síðustu allsherjarúttekt ásamt skrá yfir tilmælin og stöðu innleiðingar þeirra.

Undirbúningur formennsku Íslands í Evrópuráðinu

Formennska Íslands í Evrópuráðinu hefst í nóvember 2022 og lýkur í maí 2023. Þetta er í annað sinn sem Ísland fer með formennsku í Evrópuráðinu frá inngöngu árið 1950 en síðast féll þetta hlutverk Íslandi í skaut árið 1999. Evrópuráðsríkin eru 47 með um 840 milljónir íbúa. Markviss undirbúningur þessa umfangsmikla verkefnis fór fram á árinu og sem verðandi formennskuríki tók Ísland í vaxandi mæli við ábyrgðarverkefnum innan ráðsins.

Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti eru hornsteinar utanríkisstefnu Íslands. Gera má ráð fyrir að styrkur Íslands, ekki síst á sviði jafnréttismála, réttinda hinsegin fólks og réttinda barna, endurspeglit í formennskuáætluninni sem er komin vel á veg og hefur verður unnin í víðtæku samráði. Gert er ráð fyrir að umhverfismál og mannréttindi verði á dagskrá formenskunnar ásamt fleiri málum.

Fyrstu skref í formlegum undirbúningi voru stigin með opnun fastanefndar Íslands í Strassborg þann 1. september 2020. Fastafulltrúi Íslands hóf þá störf og staðgengill fastafulltrúa bættist við í byrjun árs 2021. Opnun fastanefndarinnar hefur vakið jákvæð viðbrögð, ekki síst meðal fulltrúa Norðurlandanna þar sem Ísland hafði frá árinu 2009 verið eina aðildarríkið sem ekki starfrækti fastanefnd í Strassborg.

Fastafulltrúi Íslands tók sæti í stjórnarnefnd ráðsins vorið 2021 og sest í formannsstól á mannréttindafundum ráðsins í maí 2022, hálfu ári áður en formennskutímabilið hefist. Í þessu verkefni nýtist reynslan af aðild og varaformennsku Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna.

Meðan á formennsku stendur stýrir Ísland öllum fundum ráðherranefndar Evrópuráðsins, leiðir samskipti stofnana innan Evrópuráðsins og er málsvari þess út á við að því er varðar alþjóðapólitíska sviðið og samskipti við aðrar alþjóðastofnanir. Lausn pólitískra ágreiningsmála er á hendi utanríkisráðherra formennskuríkis í samvinnu við aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins og forseta Evrópuráðsþingsins.

Í lok formennskutímabilsins, í maí 2023, verður haldinn fjölmennasti ráðherrafundur sem haldinn hefur verið á Íslandi, með fulltrúum aðildarríkjanna 47. Utanríkisráðherra Íslands stýrir fundinum.

Formennskutímabili í Evrópuráðinu fylgir ætíð umfangsmikil kynningar- og menningardag-skrá. Tækifæri gefst til kynningar á Íslandi sem sjálfbæru landi, hugviti, nýsköpun, sjávarútvegi, matvælum og náttúruafurðum, svo dæmi séu nefnd. Settur var á fót starfshópur sem hefur það hlutverk að móta og útfæra menningardag-skrá formennskutímabilsins og er sú vinna á lokastigi. Í hópnunum eru fulltrúar fastanefndarinnar í Strassborg, sendiráðs Íslands í París, menningarfulltrúi utanríkisráðuneytisins ásamt fulltrúum menningar- og viðskiptaráðuneytisins og Íslandsstofu.

Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE)

Mikilvægi lýðræðis, mannréttinda og jafnréttis er meginstef í þátttöku Íslands í ÖSE. Svíþjóð fór þar með formennsku árið 2021 og studdu Norðurlöndin sameiginlega við starf og áherslur formennskunnar.

ÖSE er stærsta svæðisbundna stofnun heims sem vinnur að öryggi þátttökuríkja í víðu samhengi. Starfsemi hvílir á þremur jafngildum stöðum hernaðarlegs og pólitísku öryggis, efnahags- og umhverfislegs öryggis og vernd lýðræðis og mannréttinda. Þátttökuríkin eru 57 og ná yfir svæði frá Vancouver til Vladivostok. Í ÖSE fer fram reglubundið samráð aðildarríkjanna auk þess sem þýðingarmikið starf á sér stað við lausn ágreiningsmála, friðaruppbyggingu og stuðning við aðildarríki sem miðar að því að tryggja stöðugleika og festa lýðræði í sessi. Harðnandi afstaða einstakra ríkja torveldar samstöðu um starfið, ekki síst þar sem allar ákvarðanir eru teknar samhljóða.

Samskiptin við Rússland um málefni Úkraínu á vettvangi ÖSE versnuðu á árinu. Starfsemi eftirlitssveita ÖSE í Úkraínu, sem vakta ástandið í landinu og á landamærunum, er meðal veigamestu verkefna ÖSE. Blikur eru á lofti um að Rússland vilji stöðva starfsemi eftirlitssveitanna

eins og var raunin með landamæraeftirlit á vegum ÖSE sem vegna andstöðu Rússa lagðist af í október. Vopnahlésbrot urðu tíðari og herflutningar jukust jafnt og þétt yfir árið.

Kosningaefirlit var ekki heimilað í tengslum við þingkosningar í Rússlandi í september og var það harðlega gagnrýnt í ÖSE. Einnig stóðu rússnesk stjórnvöld í vegi fyrir því að hingað til árlegt, lögbundið mannréttinda- og lýðræðisþing lýðræðis- og mannréttindaskrifstofu ÖSE (ODIHR) færi fram. ÖSE vinnur að sáttumleitunum í viðvarandi ágreiningi og átökum í Georgíu, Moldóvu og á milli Armeníu og Azerbaijan um Nagorno-Karabakh.

Málefni Belarús bar hátt á árinu og var Ísland meðal þeirra sautján ríkja sem ýttu úr vör óháðri rannsókn sem unnin var af ODIHR á framferði stjórnvalda í Belarús í tengslum við forsetakosningarnar 9. ágúst 2020. Rúmu ári eftir að niðurstöður rannsóknar ODIHR lágu fyrir var Ísland í hópi 35 ríkja sem hratt af stað svokölluðu Vínarferli (Vienna Mechanism) sem gerir aðildarríkjum kleift að krefja yfirvöld í Belarús svara um úrbætur í mannréttindamálum á grundvelli samþykktu og tilmæla ÖSE.

Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnun Evrópu (UNESCO)

Ísland var kosið í framkvæmdastjórn Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) með yfirgnæfandi stuðningi á aðalráðstefnu stofnunarinnar sem haldin var í París í nóvember. Ísland hlaut flest atkvæði allra ríkja í kosningunni, en innan Vesturlandahópsins voru Austurríki og Tyrkland einnig í framboði. Ríkisstjórn Íslands samþykkti í febrúar 2018 að Ísland byði sig fram til setu í framkvæmdastjórninni fyrir tímabilið 2021-2025. Innan Sameinuðu þjóðanna ber UNESCO meðal annars ábyrgð á innleiðingu heimsmarkmiðs fjögur um menntun og hefur sérstakt umboð til að efla tjáningar- og fjölmiðlafrelsi.

Ísland tók einnig sæti í stjórnarnefnd UNESCO um mannréttindamál (CR), en þar er unnið að mannréttindamálum á málefnasviðum

stofnunarinnar, meðal annars í tengslum við fjölmiðlafrelsi, stöðu kennara, rétt til menntunar og menningarleg réttindi.

Framboðið var samstarfsverkefni utanríkisþjónustunnar, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og íslensku UNESCO-landsnefndarinnar. Fastanefnd Íslands í París hélt merki Íslands og þátttöku Íslands í stofnuninni markvisst á lofti í samræmi við framboðsáætlun. Forseti Íslands lagði framboðinu lið og ávarpaði 75 ára afmælisviðburð stofnunarinnar sem fór fram samhliða aðalráðstefnu.

Norðurlöndin skiptast á að bjóða sig fram til setu í framkvæmdastjórn UNESCO og sinna virkri upplýsingamiðlun sín á milli. Hér var því um norrænt framboð að ræða og mun Ísland á stjórnartímabilinu leiða samhæfingu á meðal Norðurlandanna innan stofnunarinnar. Ísland hefur áður í tvígang átt sæti í framkvæmdastjórn UNESCO: 1983-1987 og 2001-2005.

Fastanefnd sinnir daglegu starfi innan UNESCO í samstarfi við fagráðuneyti. Ísland veitir framlög til þróunarverkefna í samræmi við rammisamning frá 2019 og er meðal annars aðili að alþjóðaverkefni UNESCO um frjálsa fjölmiðlun í þróunarlöndum (IPDC) og styður starf UNESCO um menntun og fjölmiðlafrelsi. Á árinu var veitt fjárframlag til LiBeirut-verkefnis UNESCO um stuðning við skapandi greinar og

menningarstarf í Beirút, höfuðborg Líbanons. Fastafulltrúi Íslands er annar formanna vinnuhóps UNESCO um jafnréttismál.

Um íslensku GRÓ-skólana, sem starfa undir merkjum UNESCO, er fjallað í kafla um fjölþjóðleg þróunarsamvinna á bls. 43.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin (WHO)

Heilbrigðisráðuneytið annast alla jafna málefna starf fyrir hönd Íslands í Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni (WHO). Fulltrúi ráðuneytisins var í fastanefndinni í Genf þar til um mitt ár en málefni stofnunarinnar hafa vegið þungt í störfum utanríkisþjónustunnar að undanförunum vegna hlutverks hennar í alþjóðapólitískri umræðu um heimsfaraldurinn.

Sérstakur fundur heimsheilbrigðisþingsins var haldinn dagana 29. nóvember til 1. desember til að ræða hugmyndir um þróun nýs sáttmála eða samnings í WHO um viðbrögð við heimsfaraldri. Á fundinum var samstaða meðal allra 194 aðildarríkjana um að hefja vinnu við gerð slíks sáttmála og stofna samninganefnd þar að lútandi. Af 194 aðildarríkjum gerðust 114 ríki, meðal annars Ísland, meðflutningsaðilar tillögunnar, sem endurspeglar breiðan stuðning við að þessi leið verði farin.



Íslenska sendinefndin á aðalráðstefnu UNESCO er Ísland hlaut yfirgnæfandi stuðning í kjör í framkvæmdastjórn stofnunarinnar.

ACT-Accelerator (COVAX)

ACT-Accelerator (ACT-A) er regnhlífarheiti yfir alþjóðlegt samstarf til þess að flýta þróun, framleiðslu og jöfnum aðgangi að skimunarbúnaði, meðferðum og bóluefni gegn COVID-19. Að ACT-A standa alþjóðastofnanir, ríkisstjórnir, einkageirinn og frjáls félagasamtök. COVAX, bóluefnastoð samstarfsins, er leidd af bólu-setningarbandalaginu Gavi og CEPI, ásamt Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni. Samstarfið hófst árið 2020.

Íslensk stjórnvöld hafa frá upphafi heimsfaraldurs COVID-19 talað fyrir mikilvægi alþjóðlegrar samvinnu um þróun og framleiðslu bóluefnis og jafns aðgangs ríkja að þeim óháð greiðslugetu þeirra. Íslensk stjórnvöld hafa því lagt áherslu á að styðja myndarlega við COVAX-samstarfið. Í júní 2021 lagði Ísland öðru sinni fram 500 m.kr. framlag, sem rann í þetta skiptið óskipt til COVAX-AMC og snýr að kaupum og dreifingu COVID-19 bóluefnaskammta til þróunarlanda.

Til viðbótar var 250 m.kr. veitt til mannúðarákalls UNICEF vegna COVID-19 faraldursins. UNICEF er einn af framkvæmdaraðilum ACT-A og gegnir lykilhlutverki í því að tryggja að bóluefni sem fjármögnuð eru í gegnum samstarfið komist á leiðarenda. Þannig sér stofnunin meðal annars um flutning á bóluefnum innan þróunarríkja, tæknilega aðstoð við bólu-setningar, stuðning við heilbrigðisstarfsfólk og stofnanir, og almenningsfræðslu.

Heilbrigðisráðuneytið og utanríkisráðuneytið hafa unnið saman að því að gefa umframskammta af COVID-19-bóluefnum til efnaminni ríkja í gegnum COVAX. Ísland gaf alla umframskammta sína af AstraZeneca, 125.726 skammta, og Janssen-bóluefni, 171.000 skammta, til COVAX. Í lok árs höfðu ríflega 106.000 skammtar af AstraZeneca bóluefninu lent í viðtökuríkjum og fóru þeir til Filabeinsstrandarinnar, Gana, Síerra Leóne, Egyptalands, Sambíu, Indónesíu, Pakistan og Sýrlands. Bóluefnaskammta sem þegar hafa borist til landsins er ekki hægt að gefa í gegnum COVAX og því gáfu íslensk stjórnvöld rúmlega hundrað þúsund umframskammta af Pfizer-bóluefninu til Taílands. Var bóluefnið afhent 5. desember 2021.

Alþjóðleg samvinna um jafnrétti, mannréttindi og lýðræðisleg gildi

Auk virkrar þátttöku á vettvangi alþjóðastofnana leggur Ísland áherslu á annað samstarf ríkja um vernd mannréttinda og fjölþjóðakerfisins.

Ísland tekur þátt í bandalagi ríkja um fjölþjóðasamvinnu (Alliance for Multilateralism) sem var sett á fót á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í september 2019 að frumkvæði utanríkisráðherra Frakklands og Þýskalands. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra sótti fund bandalagsins í febrúar 2021.

Ísland var eitt stofnríkja bandalags um fjölmiðlafrelsi og réttindi fjölmiðlafólks (Media Freedom Coalition) sem Bretland og Kanada höfðu frumkvæði að árið 2019. 49 ríki eiga aðild að bandalaginu en markmið þess er að sporna við auknum árásum á fjölmiðlafólk um allan heim, varpa ljósi á mál sem bregðast verður við og styðja ríki sem vilja aukið fjölmiðlafrelsi. Ísland tók undir yfirlýsingar bandalagsins á árinu til stuðnings fjölmiðlafrelsi sem á undir högg að sækja víða um heim.

Ísland er meðal 42 ríkja sem eiga aðild að bandalagi um mannréttindi hinsegin fólks (Equal Rights Coalition). Meginmarkmið bandalagsins er að ríkin beiti sér sameiginlega þegar þörf krefur með jákvæðum áhrifum á ríki þar sem kveðið hefur að brotum gegn hinsegin fólki. Mikið er lagt upp úr því að eiga gott samráð við frjáls félagasamtök sem vinna að bættum réttindum hinsegin fólks og viðeigandi stofnanir Sameinuðu þjóðanna. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra tók þátt í ráðherrafundi bandalagsins í júlí 2021.

Ísland er þar að auki meðlimur lýðræðisáttaks Bandaríkjanna, Summit for Democracy, sem Bandaríkjaforseti hleypti af stokkunum í lok desember. Átakið er til eins árs og hefur það að markmiði að vinna að framgangi lýðræðis um heim allan og sýna fram á að það sé besta leiðin til að bæta lífskjör fólks og takast á við helstu vandamál heims.

Íslensk stjórnvöld eru í forystu alþjóðlegs aðgerðabandalags um kynbundið ofbeldi í verkefninu Kynslóð jafnréttis (Generation

Equality Forum). Á árinu 2021 var unnið að megináherslum bandalagsins og skilgreiningu skuldbindinga að aðgerðum og verkefnum til næstu fimm ára. Forsætisráðherra kynnti skuldbindingarnar í júlí en þær snúast um aðgerðir til að uppræta kynbundið ofbeldi og kynferðislega áreitni.

Í þingsályktun um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum fyrir árin 2020-2023 er utanríkisráðuneytinu falið að leggja áherslu á hlut karla í jafnréttismálum á alþjóðavettvangi, sem felst meðal annars í að halda rakarastofuráðstefnur (Barbershop) hjá alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að. Tvær slíkar voru haldnar í Malaví á árinu en fresta þurfti öðrum sem fyrirhugaðar voru vegna COVID-19.

Ísland tekur þátt í norrænu verkefni um tengslanet kvenna í friðarumleitunum og sáttamiðlun (Nordic Women Mediators Network, NWM). Verkefnið snýr að því að efla þátt kvenna í friðar- og sáttumleitunum með samstarfi og uppbyggingu á norrænu tengslaneti kvenna sem geta sinnt slíku starfi. Ársfundur NWM var haldinn á Íslandi í nóvember í samvinnu við jafnréttisskóla GRÓ og leiddi saman fulltrúa Norðurlandanna á málefna sviðinu.

Jafnréttis- og mannréttindamál eru höfð að leiðarljósi í allri þróunarsamvinnu Íslands og verkefni tengd henni eru mótuð, framkvæmd og metin, og jafnframt er aukin áhersla lögð á málsvarastarf í samstarfsríkjum.

2.5 Annað svæðisbundið samstarf

Eystrasaltsráðið

Eystrasaltsráðið (Council of the Baltic Sea States, CBSS) hefur víðtækt verkefnasvið og innan þess fer fram margþætt efnislegt og faglegt samstarf aðildarríkjanna um málefni á borð við barnavernd, málefni ungmenna, aðgerðir gegn mansali, nýsköpun, sjálfbæra þróun og stjórnmalalegt samstarf. Noregur tók við formennsku í Eystrasaltsráðinu í júlí til eins árs. Í formennskuáætlun Noregs er lögð sérstök áhersla á málefni ungmenna, innleiðingu

samþykkrar aðgerðaáætlunar ráðsins og að stuðla að auknum sveigjanleika í starfsemi þess. Ísland hefur innan Eystrasaltsráðsins lagt sérstaka áherslu á málefni barna, lýðræði og jafnréttismál og að auka samvinnu ráðsins við aðrar svæðisbundnar stofnanir með áherslu á hagnýta samvinnu.


Barentsráðið

Barentsráðið (Barents Euro-Arctic Council, BEAC) er samstarfsvettvangur Norðurlandanna, Rússlands og Evrópusambandsins. Finnland tók við formennsku í Barentsráðinu í október til tveggja ára og leggur sérstaka áherslu á sjálfbæra þróun, umhverfismál og stöðu ungmenna á svæðinu. Á vettvangi ráðsins er hugað að margvíslegu hagnýtu samstarfi um sameiginleg hagsmunamál á svæðinu, svo sem umhverfismál og ábyrga nýtingu auðlinda, ekki síst með hag frumbyggja að leiðarljósi. Ísland og Danmörk gegna ekki formennsku í ráðinu.

Norðlæga víddin

Norðlæga víddin (Northern Dimension) er samráðsvettvangur Evrópusambandsins, Íslands, Noregs og Rússlands um málefni Norðvestur-Evrópu. Innan Norðlægu víddarinnar eru fjögur meginmálefna svið: lýðheilsa og félagsleg velferð, samgöngur og flutningar, menning og loks umhverfismál, sem telja má þungamiðju samstarfsins. Flest umhverfisverkefni eru unnin í norðvestanverðu Rússlandi og lúta að frárennismálum, meðferð spilliefna og hættulegs úrgangs. Einnig er rekið viðskiptaráð og upplýsingagátt um málefni víddarinnar. Stýrihópur Norðlægu víddarinnar hélt fund í desember undir stjórn fulltrúa Íslands. Þar var lögð sérstök áhersla á náð samráð við aðrar svæðisbundnar stofnanir eins og Norðurskautsráðið, Barentsráðið og Eystrasaltsráðið. Spenna í samskiptum Rússlands og vestrænna ríkja hefur sett mark sitt á samstarfið undanfarin ár. Þannig hefur ekki náðst samstaða um að halda ráðherrafund Norðlægu víddarinnar en síðasti ráðherrafundur hennar var haldinn í Brussel 2013. Slíkur fundur er fyrirhugaður hér á landi þegar aðstæður leyfa.

Svæðasamstarf



2.6 Þjóðréttarmál

Utanríkisráðuneytið fer með samninga við önnur ríki, gerð þeirra og framkvæmd tiltekinna samninga. Einnig fer ráðuneytið með umsjón staðfestingar eða fullgildingu milliríkjasamninga, og samhæfir frágang þeirra til birtingar. Fjölbreytt málefni sem varða þjóðréttarleg efni koma til kasta utanríkisráðuneytisins, bæði í samstarfi við önnur ríki og á vettvangi alþjóðastofnana. Utanríkisráðuneytið hefur fyrirvar hafréttarmála og gætir hagsmuna Íslands að því leyti, meðal annars varðandi alþjóðlegar samningaviðræður og landgrunns málefni. Áhersla er lögð á sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins og staðbundið eða svæðisbundið samráð og ákvarðanatöku.

Samningar Íslands við erlend ríki


Árið 2021 fullgilti Ísland, staðfesti, samþykkti eða gerðist aðili að eftirfarandi þjóðréttarsamningum:

- Samningur Evrópuráðsins um aðgang að opinberum skjólum.
- Bókun um breytingu á a-lið 50. gr. samþykktar um alþjóðaflugmál.
- Bókun um breytingu á 56. gr. samþykktar um alþjóðaflugmál.
- Samningur UNESCO gegn misrétti í menntakerfinu frá 15. desember 1960.
- Ákvörðun nr. 2/2019 um breytingu á 5. og 53. gr. og viðauka A við samninginn um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu.
- Ákvörðun nr. 6/2020 um breytingu á viðauka A við samninginn um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu.
- Ákvörðun nr. 1/2021 um breytingu á viðauka B um upprunareglur við fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Albaníu.
- Ákvörðun nr. 1/2021 um breytingu á viðauka B um upprunareglur við fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Norður-Makedóníu.
- Ákvörðun nr. 1/2021 um breytingu á viðauka B um upprunareglur við fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Serbíu.
- Ákvörðun nr. 1/2021 um breytingu á viðauka B um upprunareglur við fríverslunarsamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Svartfjallalands.

- Ákvörðun nr. 1/2021 um breytingu á bókun 3 (um skilgreiningu á hugtakinu „upprunavörur“ og fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda) við fríverslunarsamning milli Íslands og Evrópusambandsins.
- Samningur um flugþjónustu milli Íslands og Konungsríkisins Sáði-Arabíu.
- Marakess-sáttmálinn um að greiða fyrir aðgengi þeirra sem eru blindir, sjónskertir eða glíma við aðra prentleturshömlun að útgefnum verkum.
- Samningur milli Íslands og Færeyja um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu árið 2022.

Unnið var að átaksverkefni utanríkisráðuneytisins um birtingu áður óbirtra samninga í C-deild Stjórnartíðinda á árinu. Í byrjun árs biðu birtingar á þriðja hundrað samningar frá síðustu fimmtán árum, um það bil sautján þúsund blaðsíður.

Staða birtingar vegna árána 2007-2020 í C-deild Stjórnartíðinda



Verkefninu hefur miðað vel og fjöldi samninga hefur verið birtur frá árunum 2013, 2014, 2017 og 2018. Í lok árs 2021 höfðu jafnframt verið sendir inn til birtingar samningar frá árunum 2012, 2015, 2016, 2019 og 2020. Vinna við uppsetningu, frágang og lögfræðilega yfirferð samninga frá árunum 2007-2011 er langt komin og verða þeir sendir til birtingar á vormánuðum 2022. Í forgangi hefur verið að birta samninga sem ekki eru aðgengilegir annars staðar, til dæmis á vef Alþingis.

Til að auka sýnileika átaksverkefnisins og auðvelda leit að samningum frá tímabili átaksins birti utanríkisráðuneytið sérstakt yfirlit yfir samningana á heimasíðu ráðuneytisins

á utn.is/c-deildar-atak. Þar koma fram upplýsingar um samningana eftir árum, hvort þeir hafa tekið gildi, eru birtir eða í vinnslu og undirbúningi. Við birta samninga er tengill í auglýsingu og texta samningsins í Stjórnartíðindum. Upplýsingasíðan gerir þessar upplýsingar aðgengilegar og veitir yfirsýn yfir stöðu mála. Hér eftir er miðað við að þjóðréttarsamningarverði birtir jafnóðum í Stjórnartíðindum sama ár og þeir eru fullgiltir. Ekki hefur fengist framlag á fjárlögum ársins til að mæta kostnaði við birtingu og mönnun þessa átaksverkefnis.


Hafréttarmál

Hafréttarmál hafa ávallt verið í forgangi í hagsmunagæslu utanríkisþjónustunnar. Heimsfaraldurinn hafði hins vegar þau áhrif að langflest hafréttarmál frestuðust eða voru smærri í sniðum en venja er. Árlegar samningaviðræður um hafréttar- og fiskveiðiályktanir Sameinuðu þjóðanna snerust einungis um tæknileg uppfærsluatriði en engin efnisatriði og fóru einungis fram á fjarfundum þetta árið, líkt og 2020.

Landgrunnsmál

Samkvæmt hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna eiga strandríki sjálfkrafa landgrunn að tvö hundruð sjómílum, sem eru jafnframt ytri mörk efnahagslögsögunnar. Mörg ríki, eins og Ísland, eiga hins vegar sökum náttúrulegra aðstæðna víðáttumeiri hafsbotnsréttindi samkvæmt ákvæðum samningsins. Viðkomandi ríki eiga að senda landgrunnarnefnd Sameinuðu þjóðanna ítarlega greinargerð um ytri mörk landgrunnins utan tvö hundruð sjómílna og nefndin fer yfir greinargerðina, leggur tæknilegt mat á hana og gerir tillögur um landgrunnsmörkin.

Náttúruauðlindir sem tilheyra landgrunninu eru jarðefnaauðlindir á borð við olíu, gas og málma, aðrar ólífrænar auðlindir hafsbotnsins og botnlaganna, til dæmis jarðhiti, og lífverur í flokki botnsetutegunda og erfðaefni þeirra. Réttindi strandríkis yfir landgrunninu utan efnahagslögsögunnar hafa ekki áhrif á réttarstöðu hafsins þar fyrir ofan, sem telst úthaf, og ná hvorki til fiskistofna né annarra auðlinda þess.



Landgrunnskrafa Íslands á suður- og vesturhluta Reykjaneshryggjar samkvæmt endurskoðaðri greinargerð.

Ísland hefur lýst slíkum kröfum og landgrunnsnefndin úrskurðaði á árinu 2016 um rétt Íslands til landgrunns á Ægisdjúpi sem og um ytri mörk landgrunnsins á vestur- og suðurhluta Reykjaneshryggjar. Ísland unir úrskurði nefndarinnar varðandi Ægisdjúp en telur að færa megi rök fyrir frekari réttindum til landgrunns á vestur- og suðurhluta Reykjaneshryggs. Starfshópur á vegum utanríkisráðuneytisins vann að uppfærðri greinargerð af Íslands hálfu fyrir þetta svæði og var hún lögð fram og afhent landgrunnsnefndinni í mars. Vinna er hafin við greinargerð sem lögð verður fram með landgrunnskröfum af Íslands hálfu hjá landgrunnsnefndinni varðandi norðausturhluta Reykjaneshryggjar og hið umdeilda Hatton-Rockall-svæði, sem er hluti af íslenska landgrunninu og Bretland, Írland og Danmörk/Færeyjar gera einnig tilkall til. Búast má við að sú vinna taki nokkur ár.

Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn

Eftirfylgni með úttekt á því hvernig auka mætti árangur Alþjóðlega sakamáladómstólsins hélt áfram á liðnu ári. Í lok árs greiddi Ísland í fyrsta sinn í Styrktarsjóð þolenda alþjóðaglæpa sem falla undir lögsögu dómstólsins (The Trust Fund for Victims). Sjóðurinn styrkir einstaklinga og fjölskyldur þeirra sem hafa til dæmis orðið fyrir glæpum gegn mannúð og stríðsglæpum. Þá hefur sjóðurinn lagt sérstaka áherslu á stuðning við þolendur kynferðisofbeldis og kynbundins ofbeldis.

Útflutningseftirlit

Útflutningseftirlit varðar bæði vöru og þjónustu sem getur haft hernaðarlegt eða tvíþætt notagildi. Íslandi er skylt að hafa eftirlit með ákveðnum útflutningi á grundvelli alþjóðaskuldbindinga sem grundvallast meðal annars á stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna, efnavopnasamningnum, vopnaviðskiptasamningnum, EES-samningnum og aðild Íslands að ákveðnum eftirlitskerfum. Í flestum tilvikum er getið um leyfisskyldan útflutning á listum sem birtir eru á grundvelli laga um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu. Utanríkisráðherra veitir þrenns konar útflutningsleyfi: einstök leyfi, almenn leyfi og heildarleyfi. Á árinu voru veitt tíu einstök útflutningsleyfi, auk þess sem vara og þjónusta sem getur haft hernaðarlegt eða tvíþætt notagildi var flutt út í 25 skipti á grundvelli almenns leyfis.

Þvingunaraðgerðir

Ísland framfylgir þvingunaraðgerðum gagnvart 28 ríkjum, auk hryðjuverkasamtaka, vegna netárása, efnavopna og alvarlegra mannréttindabrota. Þvingunaraðgerðirnar eru ákveðnar í samvinnu við alþjóðastofnanir, ríkjahópa eða samstarfsríki samkvæmt lögum nr. 93/2008 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða, í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis. Ísland hefur þannig heimildir til þess að bregðast við og samhæfa aðgerðir þegar ákveðið er að grípa til þvingunaraðgerða af líkt þenkjandi samstarfsríkjum í því skyni að bregðast við brotum og standa vörð um sameiginleg gildi á

alþjóðavettvangi. Á árinu var sett ný stofnreglugerð um þvingunaraðgerðir vegna alvarlegra mannréttindabrota. Á grundvelli hennar sæta einstaklingar þvingunaraðgerðum vegna slíkra brota meðal annars í Rússlandi, Kína, Norður-Kóreu og Suður-Súdan. Þá má nefna að þvingunaraðgerðir varðandi Belarús tóku breytingum og kveða nú meðal annars á um yfirflugs- og landingarbann flugfélaga frá Belarús auk þess sem þvingunaraðgerðum vegna Úkraínu hefur verið breytt.

Hergagnaflutningar

Árið 2021 barst 91 umsókn um leyfi til flutninga hergagna um íslenska lofthelgi og í íslensku loftförum. Samgöngustofa sér um umsýslu og samskipti við umsækjendur en meðferð og mat umsókna, umsagnir á grundvelli mannúðar, varnar- og öryggishagsmuna, alþjóðamála, afvopnunarmála, gildandi þvingunaraðgerða og slíkra skuldbindinga fer fram í utanríkisráðuneytinu. Þremur umsóknum var vísað frá þar sem ekki var um að ræða hergögn í skilningi reglugerðar nr. 464/2019 um flutning hergagna með loftförum og í þremur tilvikum var umsóknum vísað í annan farveg þar sem um var að ræða ríkisflug sem tengdust loftrýmisgæslu.

Alls voru veitt 85 leyfi til hergagnaflutninga, þar af voru 73 leyfi vegna hergagnaflutninga til ríkja sem Ísland á í öryggis- og varnarsamstarfi við. Einni umsókn var hafnað á grundvelli mannúðarsjónarmiða, sbr. a. lið 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 464/2019 um flutning hergagna með loftförum.

Þátttaka í dómsmálum fyrir alþjóðlegum dómstólum

Íslensk stjórnvöld tóku þátt í nokkrum dómsmálum fyrir alþjóðlegum dómstólum á árinu 2021. Á vettvangi EFTA-dómstólsins voru kveðnir upp dómur í þremur dómsmálum sem íslensk stjórnvöld tóku þátt í. Það voru dómsmálin: E-11/20 *Eyjólfur Orri Sverrisson* gegn íslenska ríkinu (beiðni um ráðgefandi álit frá Héraðsdómi Reykjavíkur um túlkun á tilskipun 2003/88/EB um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma), E-9/20 *Eftirlitsstofnun*

EFTA gegn *Noregi* (samningsbrotamál ESA gegn Noregi, hvort skilyrði um búsetu og ríkisfang stjórnenda félaga í norskum lögum samræmdust EES-samningnum) og E-17/20 *Zvonimir Cogelja* gegn *Embætti landlæknis* (beiðni um ráðgefandi álit frá Héraðsdómi Reykjavíkur um túlkun á tilskipun 2005/36/EB um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi). Þá tóku Íslensk stjórnvöld þátt í tveimur dómsmálum til viðbótar fyrir EFTA-dómstólum sem ekki hefur enn verið kveðinn upp dómur í. Það eru dómsmálin E-12/20 *Telenor ASA* og *Telenor Norge AS* gegn *Eftirlitsstofnun EFTA* og E-4/21 *Sýn hf.* gegn *Eftirlitsstofnun EFTA*. Vísað er til skýrslu utanríkisráðherra til Alþingis um framkvæmd EES-samningsins fyrir nánari umfjöllun um þessi mál.

Ísland tók einnig þátt í dómsmáli fyrir dómstóli Evrópusambandsins á árinu 2021, en Ísland, sem og önnur EFTA-ríki í EES-samstarfinu og innan Eftirlitsstofnun EFTA (ESA), getur skilað inn skriflegum athugasemdum til dómstóls Evrópusambandsins í málum sem eru þar til meðferðar og varða efnissvið sem EES-samningurinn fjallar um. Í október 2021 skiluðu íslensk stjórnvöld inn skriflegum athugasemdum í máli C-333/21 fyrir dómstóli Evrópusambandsins, *European Super League Company*, sem er beiðni verslunardóms í Madrid um forúrskurð dómstóls Evrópusambandsins í máli *European Super League Company S.L.* gegn evrópska knattspyrnu-sambandinu (UEFA) og alþjóðaknattspyrnu-sambandinu (FIFA). Í málinu óskar stefnandi málsins, *European Super League Company*, eftir staðfestingu á að með því að koma í veg fyrir skipulagningu ofurdeildar evrópska karlafótboltans (*European Super League*), hafi stefndu tekið þátt í samstilltum aðgerðum og misnotað markaðsráðandi stöðu sína á markaðnum fyrir skipulagningu alþjóðlegra keppna í knattspyrnu í Evrópu og markaðnum fyrir markaðssetningu á réttindum tengdum slíkum keppnum. Þá óskar stefnandi eftir bráðabirgðaaðgerðum sem hafa það að markmiði að greiða fyrir skipulagningu og þróun ofurdeildarinnar. Ábending um mikilvægi málsins kom frá Knattspyrnusambandi Íslands, KSÍ, sem greindi frá hagsmunum þess að málinu yrði lagt lið fyrir dómstóli ESB til stuðnings málstað UEFA og FIFA. Ástæða

Þess er að um 80 til 90 prósent tekna KSÍ koma frá UEFA og FIFA. Ef miklar breytingar yrðu á skipulagi knattspyrnumála og þessar tekjur KSÍ myndu hverfa eða minnka, yrði það mikið tekjutap fyrir KSÍ með miklum afleiðingum fyrir starfsemi KSÍ og knattspyrnufélaganna á Íslandi. Þessir fjármunir renna einnig til kvenna- og barna- og unglíngastarfs, sem rekið er með tapi annars.

Tilgangur skriflegra athugasemda er að setja fram í stuttu máli þær röksemdir sem dómur ætti að byggjast á. Ákvörðun um það hvort Ísland sendi inn athugasemdir byggist einkum á því hvort ríkisstjórn Íslands hafi sérstakra hagsmuna að gæta vegna niðurstöðu máls. Ber þar einkum að líta til þess hvort tilefni sé til að koma á framfæri atriðum sem lúta að framkvæmd eða lagaumhverfi og hvort Íslandi telji sér stætt að styðja málatilbúnað annars aðilans með hliðsjón af því hvernig málum er háttað hér á landi. Síðan verður á ákveðnum sviðum að taka mið af hagsmunum hagsmunaaðila þegar við á. Vinna við gerð skriflegra athugasemda fer fram í nánú samráði milli ráðuneyta sem að málinu koma. Þess má geta að önnur EFTA-ríki innan EES og Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) taka reglulega þátt í dómsmálum fyrir dómstóli ESB, til að hafa áhrif á þróun ESB- og EES-réttarins, þar sem dómsúrlausnir frá dómstóli ESB geta haft mikil áhrif á túlkun og þróun löggjafarinnar.

Iceland-málið á vettvangi EUIPO

Iceland-málið er enn til meðferðar hjá áfrýjunarnefnd Hugverkastofu Evrópusambandsins (EUIPO) en íslensk stjórnvöld, Íslandsstofa og Samtök atvinnulífsins standa að málinu gegn bresku smásölukeðjunni Iceland Foods Limited (IFL). Í byrjun árs 2021 upplýsti EUIPO að málinu hefði verið vísað til fjölskipaðrar áfrýjunarnefndar (Grand Board) sem skipuð er níu aðilum í stað þriggja aðila í hefðbundnum áfrýjunarnefndum. Vísan málsins til fjölskipaðrar áfrýjunarnefndar er sterk vísbending um hversu mikilvægt málið er talið vera en af um það bil 2.500 árlegum áfrýjunum er einungis þremur til fimm vísað til fjölskipaðrar áfrýjunarnefndar. Við framsendingu málsins til fjölskipaðrar áfrýjunarnefndar voru ákveðnar

grundvallarspurningar teknar til umfjöllunar, meðal annars hvað varðar lykilorði og grundvallarréttindi ríkja til heitis síns þjóðríkis og skráningarhæfi þess heitis sem orðmerkis og vörumerkis. Óvíst er hvenær niðurstaða áfrýjunarnefndarinnar mun liggja fyrir.

Af hálfu stjórnvalda er talið mikilvægt að fá efnislega niðurstöðu áfrýjunarnefndar EUIPO í málinu. Ástæða þess er að þetta mál er fordæmislaust fyrir íslensk stjórnvöld og íslensk fyrirtæki og hagsmunagæslu þeirra erlendis, þar sem ekki er vitað um dæmi um samsvarandi notkun á landsaheiti í vörumerkjaretti. Það er talið afar mikilvægt að leiða þetta mál til lykta þannig að það haldi til framtíðar í viðskiptaumhverfi sem er síbreytilegt og ófyrirsjáanlegt. Um mikið hagsmunamál er að ræða um grundvallarhagsmunum sem styrk hefur staðið um lengi. Þá hafa viðræður farið fram milli aðilanna í nokkur skipti í gegnum árin, sem mjög litlu hafa skilað.

Varðandi forsöguna má rifja upp að ógildingarmál Íslands gegn IFL var sett í formlegt ferli hjá Hugverkastofu ESB í nóvember 2016, að undangengnum áralöngum deilum og mótmælum. Rót þeirra má rekja til þess að árið 2002 skræði IFL orðið „Iceland“ sem vörumerki í Evrópusambandinu (ESB) fyrir ýmsa vöruflokka og fékkst sú skráning samþykkt fyrir alla umbeðna vöruflokka nema fisk og tengdar afurðir. Í apríl 2019 vann Ísland málið á fyrsta stigi hjá Hugverkastofu Evrópusambandsins. Var niðurstaðan alfarið Íslandi í hag og var skráning IFL á orðmerkinu ICELAND ógilt í heild sinni. Skráningaryfirvöld féllust á flest rök Íslands í málinu og töldu Ísland hafa sýnt fram á með fullnægjandi hætti að neytendur í Evrópusambandinu tengi merkið ICELAND við landið Ísland fyrir allar vörur og þjónustu skráningarinnar, eða séu líklegir til að gera það í framtíðinni. Var merkið því einungis talið lýsandi um landfræðilegan uppruna og uppfyllti ekki kröfur um sérkenni. Úrskurður Hugverkastofu Evrópusambandsins vorið 2019 þótti tímamótaákvörðun, verulegur áfangasigur og fordæmisgefandi. Rétt er þó að taka fram að Iceland Foods Ltd. á eftir sem áður orð- og myndmerki sitt, svokallað „lógó“, skráð í Evrópu og víðar og getur haldið áfram að stunda viðskipti undir nafninu.

Samhliða þessari hagsmunagæslu sinnir utanríkisráðuneytið einnig vöktun á skráningum annarra á vörumerkinu Iceland víða um heim. Þá halda stjórnvöld áfram að vinna að málinu á almennum grunni um vernd landaheita á vettvangi Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO). Á þessum vettvangi hefur Ísland haft forgöngu um að landaheiti njóti verndar í DNS-kerfinu og sem vörumerki.

Starfið framundan

Samningaumleitarnir og alþjóðlegar ráðstefnur á sviði hafréttar hafa í fæstum tilvikum farið fram undanfarin tvö ár sökum heimsfaraldursins. Ef aðstæður leyfa er stefnt að samningalotum frá mars á þessu ári, en unnið hefur verið með rafrænum hætti í smærri hópum að nálgun ýmissa úrlausnarmála. Eins og áður leggur Ísland áherslu á rétt strandríkja til sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins og að fiskveiðistjórnun sé ýmist staðbundin eða svæðisbundin en ekki hnattræn. Ábyrg fiskveiðistjórn Íslands og afrakstur hennar skapar Íslandi sterka stöðu til virkrar þátttöku í slíkum samningaviðræðum á alþjóðavettvangi.

Framtíðartækni og nýtilkomin tækni er í sífellndri og hraðri þróun. Ljóst er að skil á milli borgaralegra hluta eða tækni sem er hugsuð í borgaralegum tilgangi annars vegar og hernaðarlegum hluta eða tækni sem er hugsuð í hernaðarlegum tilgangi hins vegar eru að verða óljósari. Þar með fjölgar hlutum og þjónustu sem teljast hafa tvíþætt notagildi og falla undir lög um eftirlit með þjónustu og hlutum sem hafa hernaðarlega þýðingu. Til að tryggja að Ísland standi við alþjóðlegar skuldbindingar, fylgi alþjóðlegum áherslum og tryggi framþróun samhliða öryggi er þörf á endurskoðun tiltekinnna hluta framangreindra laga, og er áætlað að frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með þjónustu og hlutum sem geta haft hernaðarlega þýðingu, nr. 58/2010, verði lagt fram á vorþingi. Við endurskoðunina verður höfð hliðsjón af breytingum sem nýverið hafa verið gerðar á evrópskri og norrænni löggjöf á þessu sviði.

Ísland leggur sitt lóð á vogarskálarnar með eflingu mannréttinda, virðingu fyrir mannúðarlögum og innleiðingu og stuðningi við

alþjóðlegar þvingunaraðgerðir. Undirbúningur er hafinn á endurskoðun á lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og lögum um frystingu fjármuna í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingavopna. Frumvarp verður unnið í samráði við eftirlitsaðila, það er Seðlabanka Íslands og Skattinn, og stýrihóp um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Áætlað er að leggja slíkt frumvarp fram á næsta löggjafarþingi.

2.7 Loftslags-, auðlinda- og umhverfismál

Loftslags-, auðlinda- og umhverfismál eru grundvallarhagsmunamál fyrir Ísland. Virk þátttaka í alþjóðasamstarfi um þessa málaflokka er eitt af meginverkefnum utanríkisþjónustunnar og getur skipt sköpum í hagsmunagæslu fyrir Ísland á alþjóðavettvangi til að tryggja eftirföngum að nýjar lausnir og viðbrögð í loftslags-, auðlinda- og umhverfismálum falli að hagsmunum Íslands. Með virkri þátttöku getur Ísland einnig lagt sitt af mörkum til að þróa og byggja upp grænt hagkerfi til framtíðar, bæði heima og erlendis, til hagsbóta fyrir bæði sig og aðra. Sjálfbær þróun með áherslu á loftslags-, auðlinda- og umhverfismál voru enda meginstef í formennskuáætlunum Íslands í Norðurlandasamstarfi og Norðurskautsráðinu og verða það áfram í því samstarfi. Loftslags-, auðlinda- og umhverfismál eru einnig leiðarstef í stefnu Íslands á vettvangi alþjóðastofnana og í þróunarsamvinnu með meginmarkmið um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og hagvöxt í sátt við loftslag og náttúru. Áhersla er nú sem fyrr lögð á hreina, sjálfbæra orku, ekki síst fjölþætta nýtingu jarðhita, hreina orkubera eins og grænt vetni og vetnisafurðir, verndun og sjálfbæra nýtingu hafs og vatna, endurheimt vistkerfa, sjálfbæra landnýtingu, aukna mótvægis- og aðlögunarhæfni samfélaga vegna áhrifa loftslagsbreytinga og föngun, förgun og nýtingu koltvíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda. Samstarf á vettvangi alþjóðastofnana hefur haldið áfram að raskast verulega vegna COVID-19. Eigi að síður reynir utanríkisþjónustan eftir föngum að taka þátt og vera virk í viðburðum og fundum á vettvangi alþjóðastofnana hvort

sem um er að ræða staðfundi eða fjarfundi þótt ekki sé alltaf hægt að taka ákvarðanir eða ná niðurstöðum í flóknum málum á fjarfundum. Mikilvæg undantekning á þessu var þó vel heppnaður ráðherrafundur Norðurskautsráðsins á Íslandi í maí síðastliðnum.

Aukin vinna var lögð í samráð og upplýsingagjöf til sendiskrifstofa svo að þær væru betur í stakk búnar til að finna tækifæri fyrir íslenskt atvinnulíf næstu árin á sviði grænnar nýsköpunar og tækni tengdri baráttunni við loftslags- og umhverfisbreytingar. Þar má nefna kolefnisföngun og förgun, endurnýtingu kolefna, umbreytingu hreinnar orku í eldsneyti, samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, vetnistækni, þróun og framleiðslu rafgeymslna, ammoníaksframleiðslu, auk áherslu á hringrásarhagkerfið og fjölþætta nýtingu jarðvarma.

Loftslagsmál

Loftslagsváin er ein stærsta ef ekki stærsta áskorun samtímans. Eins og kunnugt er sömdu Ísland og Noregur á árinu 2019 um að taka þátt í sameiginlegu markmiði Evrópusambandsins um 40 prósent samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030. Undir lok ársins 2020 lýsti svo forsætisráðherra yfir að Ísland hygðist bæta verulega í skuldbindingar sínar og stefna að 55 prósent samdrætti fyrir 2030 miðað við 1990 í samstarfi við Noreg og Evrópusambandið og stefna að kolefnishlutleysi fyrir 2040 með sérstökum áfanga um kolefnishlutleysi losunar á ábyrgð stjórnvalda í kringum

árið 2030. Umhverfisráðuneytið tilkynnti svo um þessi nýju og uppfærðu markmið formlega til skrifstofu Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna á fyrrihluta síðasta árs. Ný ríkisstjórn sem mynduð var í kjölfar kosninga síðastliðið haust hefur síðan uppfært markmið Íslands í loftslagsmálum enn frekar og lýst því yfir að stefnt sé að samdrætti losunar um að minnsta kosti 55 prósent óháð hlutdeild Íslands í sameiginlegu markmiði ESB og Noregs. Þá er einnig stefnt að því að gera Ísland óháð jarðefnaeldsneyti fyrir 2040.

Aðildarríkjafundur Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna var haldinn í Glasgow í Skotlandi dagana 1.-12. nóvember 2021. Aðstæður voru nokkuð sérstakar þar sem aðildarríkjafundur samningsins hafði ekki verið haldinn með formlegum hætti frá því 25. aðildarríkjaráðstefnan (COP25) var haldin í Madrid í desember 2019. Í íslensku sendinefndinni voru tveir fulltrúar frá utanríkisráðuneytinu en í henni voru níttján fulltrúar frá ráðuneytum, stofnunum og sendiráðinu í London. Einnig sótti fundinn stór sendinefnd frá orkufyrirtækjum undir hatti Grænvangs. Utanríkisráðuneytið styrkti þátttöku tveggja ungliða á ráðstefnunni í samvinnu við forsætisráðuneytið og umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Forsætisráðherra sótti leiðtogahluta ráðstefnunnar og tók þátt í sameiginlegum viðburði norrænu forsætisráðherranna með fulltrúum norrænna og breskra lífeyrissjóða þar sem tilkynnt var um 130 milljarða Bandaríkjadala



Íslensk stjórnvöld leggja mikla áherslu á öflugt samstarf á alþjóðavettvangi á sviði endurnýjanlegra og umhverfisvænna orkugjafa, ekki síst nýtingu jarðvarma.

fyrirhugaða fjárfestingu lífeyrissjóðanna til loftslagsmála. Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra tók þátt í viðburði í norræna skálanum um það hvernig vatnsaflsvirkjanir geti stutt frekar við loftslagsmarkmiðin.

Skrifað var undir fimm yfirlýsingar af hálfu Íslands á ráðstefnunni. Yfirlýsingu um samdrátt metans á heimsvísu um 30 prósent fyrir 2030, stöðvun eyðingu skóga og bættu landnotkun, hrein orkuskipti á heimsvísu, hraðari innleiðingu vistvænna ökutækja og að lokum um minnkun losunar frá siglingum.

Málefni hafsins og fiskveiðisamningar

Á árinu fór fram innanhússgreining á stöðu loftslags-, auðlinda- og umhverfismála með tilliti til hagsmuna Íslands á alþjóðavettvangi. Sérstök áhersla var lögð á greiningu á stöðu hafmála, enda endurspeglar málefni hafsins gríðarlega mikilvæga og fjölpætta hagsmuni Íslands. Greiningin var gerð í samráði við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Niðurstöður þessarar greiningar munu verða hafðar að leiðarljósi við forgangsroðun verkefna á sviði fyrrisvars og hagsmunagæslu í málefnum hafsins í samstarfi utanríkisráðuneytisins við hlutaðeigandi ráðuneyti.

Ein af meginniðurstöðum greiningarinnar er að umræðan um málefni hafsins á alþjóðavettvangi hefur breyst mjög mikið á undanföllum tveimur áratugum. Hún er bæði mun meiri og spannar núna talsvert fleiri málefnavið. Alþjóðastofnanir og félagasamtök sem láta sig umhverfismál varða beina nú vinnu sinni og áhrifum að málefnum hafsins. Í ljósi þessa er mikilvægt að ríki sem Ísland, sem á ríkra hagsmuna að gæta, efli þátttöku sína á alþjóðavettvangi þar sem málefni hafsins eru til umræðu.

Sem dæmi um slíkt verkefni má nefna að á síðasta ári hafði Ísland frumkvæði að því, í samstarfi við líkt þenkjandi ríki á vettvangi FAO, að mikilvægi fæðu úr höfunum yrði viðurkennt á leiðtogafundi um fæðukerfi sem haldinn var í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York í september síðastliðnum. Þessari vinnu var síðan haldið áfram í utanríkisráðuneytinu eftir að Ísland tók að sér að leiða hóp þrjátíu ríkja og alþjóðasamtaka til að koma á fót formlegu

bandalagi um fæðu úr vötnum og höfum. Markmið þessa hóps er að halda á lofti mikilvægi þessa máls og aðstoða þróunarríki við að efla sig á þessu sviði.

Málefni hafsins og hagsmunir Íslands mörkuðu mjög störf fastafulltrúa Íslands hjá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO). Ísland tók virkan þátt í gerð yfirlýsingar sem samþykkt var á sérstökum fundi fiskimálanefndar FAO (COFI) í febrúar af því tilefni að liðin voru 25 ár frá samþykkt á siðareglum um ábyrgar fiskveiðar (Code of Conduct for Responsible Fisheries). Yfirlýsingin var í samræmi við stefnumið Íslands í málefnum hafsins með áherslu á verndun og sjálfbæra nýtingu.

Ísland tók einnig virkan þátt í undirbúningi leiðtogafundar um fæðukerfi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna í New York í september (Food Systems Summit). Undirbúningur fór fram á vettvangi FAO í Róm og Ísland hafði forystu fyrir vinnuhópi sem hélt á lofti hagsmunum sem tengjast fæðu úr vötnum og höfum (Aquatic/Blue food).

Á árinu lauk FAO við fyrsta hluta rannsóknar sem Ísland óskaði eftir á samningum þróunarríkja við erlend ríki og fyrirtæki um nýtingu sjávarauðlinda. Niðurstöðum var fagnað sem mikilvægu innleggi í alþjóðlega umræðu og óskaði FAO eftir að Ísland styddi áframhaldandi rannsóknir á þessu sviði. Þess er að vænta að því starfi verði haldið áfram á þessu ári með styrk frá Íslandi. Annað verkefni sem Ísland studdi með fjárframlögum hjá FAO hefur skilað árangri, þ.e. gerð upplýsingakerfis (Global Information Exchange System, GIES) sem er undistaða þess að ríki geti framfylgt samningi um löglega löndun á veiddum fiski (Port State Measures Agreement). Þetta er stjórnþæki sem auðveldar baráttu gegn ólöglegum, óskráðum og stjórnlásum veiðum (IUU). Undirbúningur er hafinn vegna þátttöku Íslands í hafráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í júní 2022.

Ísland á því láni að fagna að margir helstu nytjastofnar halda sig innan íslenskrar lögsögu og hefur verið lítið gert af því að semja við aðrar þjóðir um aðgang. Um allmarga stofna gildir hins vegar að þeir flakka á milli lögsögu fleiri ríkja. Sé dvöl stofnsins umtalsverð



| Málefni hafsins endurspeglar mikilvæga og fjölbætta hagsmuni Íslands.

innan lögsögu ríkis telst ríkið strandríki hvað stofninn varðar. Önnur ríki geta þó átt hagsmuna að gæta vegna veiða á alþjóðlegum hafsvæðum. Hvað Ísland varðar eru það einkum loðna, norsk-íslensk síld, makrill og kolmurni sem skipta hér máli auk úthafskarfa. Um nýtingu þessara stofna er samið við önnur strandríki og ríki sem hagsmuna eiga að gæta. Utanríkisráðuneytið á aðild að þessum samningum með einum fulltrúa í samninganefnd Íslands en fyrirvar hennar er matvælaráðherra.

Allar þær þjóðir sem hér eiga hlut að máli eru í orði kveðnu þeirrar skoðunar að vernda beri fiskistofna og forðast ofveiði. Þannig vísa þær allar til ráðgjafar Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um takmarkanir og hámark heildarveiða. Þegar hins vegar kemur að skiptingu heildar-aflla milli ríkja þá tókst ekki að ná samkomulagi síðastliðið ár frekar en á undangengnum árum. Hvert ríki hefur þá gefið út einhliða kvóta fyrir það magn sem það telur sig eiga tilkall til með þeim afleiðingum að samanlagðir kvótar eru fyrir ofan ráðlagða heildarveiði. Mikilvægt er að efla samráð og samstarf þeirra ríkja sem hlut eiga að máli og ná samkomulagi um skiptingu stofna þeirra á milli sem fyrst.

Loðnuveiðar eru dæmi um ólíkt ábyrgari stjórnun. Þar hefur um áratuga skeið verið til staðar samkomulag um skiptingu veiða milli Íslands, Grænlands og Noregs. Einnig hefur tekist samkomulag hvað varðar karfa því Ísland, Bretar, Noregur, Færeyjar, Grænland og ESB eru sammála um að hlíta ráðgjöf ICES um að stöðva

veiðar á úthafskarfa í Grænlandshafi næstu árin. Því miður hafa Rússar þó eingöngu viljað treysta eigin rannsóknum og á þeim grundvelli halda veiðum áfram. Rússar hafa notið undanþágu frá löndunarbanni hérlendis sem hægt er að beita þegar ekki liggur fyrir samkomulag um stjórn veiða.

Samningaviðræður um BBNJ

Samningaviðræður um gerð nýs framkvæmda-samnings undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni í hafinu utan lögsögu ríkja (Conservation and Sustainable Use of Marine Biological Diversity of Areas Beyond National Jurisdiction, BBNJ) hafa staðið yfir frá árinu 2018 (sjá kafla 2.2 í skýrslu ráðherra til Alþingis 2021). Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna ákvað með ályktun á árinu 2017 að halda skyldi ríkjaráðstefnu um gerð samningsins sem fara skyldi fram í fjórum lotum. Þremur er lokið en þær fóru fram í september 2018, mars-apríl 2019 og ágúst 2019. Fjórða lotan, sem fara átti fram vorið 2020, frestaðist vegna COVID-19 faraldursins og er nú á dagskrá í mars 2022. Meðan beðið er næstu samningalotu fara fram umræður á sérstökum BBNJ-vettvangi á netinu þar sem fjallað er um einstaka þætti hins fyrirhugaða samnings án þess að nokkrar formlegar ákvarðanir séu teknar. Líklegt er að ákveðið verði að halda fleiri fundalotum en þær fjórar sem þegar hafa verið ákveðnar enda eru mörg álitæfni enn óleyt.

Endurnýjanlegir orkugjafar

Íslensk stjórnvöld leggja sem fyrr mikla áherslu á öflugt samstarf á alþjóðavettvangi á sviði endurnýjanlegra og umhverfisvænna orkugjafa, ekki síst nýtingu jarðvarma en einnig annarrar sjálfbærrar orku. Utanríkisráðuneytið, matvælaráðuneytið, Grænvangur og Íslenski orkuklasinn eiga með sér samráð og samstarf um málefni endurnýjanlegrar orku og nýtingu hennar innanlands og utan til að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda og auka um leið verðmætasköpun þar sem það á við. Utanríkisráðuneytið hefur beint sjónum sínum æ meir að tvíhliða samstarfi í orku- og loftslagsmálum við erlend ríki til þess meðal annars að skjóta stöðum undir frekari nýtingu sjálfbærrar orku heima og erlendis til hagsbóta fyrir íslensk fyrirtæki og frumkvöðla á þessu sviði. Þá er unnið að því að skoða vel þau tækifæri og áskoranir sem Græni sáttmáli Evrópusambandsins felur í sér. Markmiðið með þessu öllu er að reyna að tryggja að þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir í loftslags- og orkumálum feli fremur í sér tækifæri en erfiðleika, jafnframt því að styrkja getu Íslands til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar samkvæmt Parísarsamningnum og heimsmarkmiðunum á vettvangi loftslags- og umhverfismála, og stuðla að því að byggja upp sterkt og grænt hagkerfi til framtíðar, heima og erlendis.

Íslensk stjórnvöld styðja áfram við alþjóðastofnun um sjálfbæra orku fyrir alla (Sustainable Energy for All, SEforAll) og eiga aðild að alþjóðastofnuninni um endurnýjanlega orku (International Renewable Energy Agency, IRENA). Einnig á utanríkisþjónustan öflugt samstarf við orkugeirann á Íslandi með það að markmiði að koma íslenskri þekkingu á endurnýjanlegri orku betur á framfæri í þróunarríkjunum. Alþjóðlega jarðvarmabandalagið (Global Geothermal Alliance, GGA), með vel á fimmta tug aðildarríkja og um fjöru tíu samstarfsaðila, alþjóðastofnanir, félagasamtök og einkafyrirtæki, er rekið á vettvangi IRENA. IRENA hefur eflt starf sitt á vettvangi jarðhitanýtingar sem hluta lausnar á orku- og loftslagsvanda heimsins, ekki síst í þróunarríkjunum.

Heimsráðstefna Alþjóðajarðhitasambandsins (World Geothermal Congress, WGC) var haldin hér á landi síðastliðið haust. Ráðstefnunni hafði ítrekað verið frestað vegna COVID-19 faraldursins. Þrátt fyrir erfiðar aðstæður á alþjóðavettvangi af þeim sökum tóku um átta hundruð manns þátt í ráðstefnunni í Reykjavík og fjöldi manns á netinu.

Í mars 2021 tók Ísland að sér hlutverk heimserindreka orkumála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og talar fyrir jöfnu aðgengi að endurnýjanlegri orku sem leið til að ná öllum heimsmarkmiðunum og orkuskiptum með jafnræði og réttlæti að leiðarljósi. Utanríkisráðuneytið og matvælaráðuneytið hafa haft samráð og samstarf um hlutverk Íslands sem heimserindreka orkumála og tóku utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra og ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra þátt í fundum þessu tengdu á árinu.

Meginafurð þessa ferlis eru svokallaðir orkusáttmálar (energy compacts) en markmið þeirra er að flýta framgöngu heimsmarkmiðs sjö um sjálfbæra orku og stuðla að kolefnishlutleysi fyrir árið 2050 í samræmi við Parísarsamninginn. Meginmarkmið orkusáttmála Íslands er að landið verði óháð jarðefnaeldsneyti fyrir 2050 og auk þess að vinna að því að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar tengdar Parísarsamningnum. Í skuldbindingunum eru annars vegar tiltekna innlendar áherslur og hins vegar alþjóðlegar áherslur. Ekki er um nýjar skuldbindingar að ræða, heldur byggt á framlagi Íslands vegna Parísarsamningsins og orkustefnu Íslands til 2050. Hins vegar hefur því ekki áður verið lýst yfir á vettvangi alþjóðastofnana að Ísland stefni á að verða óháð jarðefnaeldsneyti 2050, og það er metnaðarfullt markmið sem sett var fram í orkustefnu Íslands fram til 2050. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er lýst yfir því markmiði að Ísland verði óháð jarðefnaeldsneyti þegar árið 2040. Ísland styður einnig alþjóðlegan orkusáttmála um jafnrétti kynjanna í tengslum við réttlát orkuskipti fyrir alla, 24/7 kolefnislausu orku og aukna fjárfestingu í jarðvarma til hitunar og kælingar.

Umhverfismál

Fimmta umhverfisþing Sameinuðu þjóðanna átti að halda í febrúar 2021 í Næróbí í Kenía, en vegna COVID-19 faraldursins var ákveðið að skipta þinginu í tvennt. Fyrri hlutinn var haldinn rafrænt á réttum tíma og fjallaði hann eingöngu um rekstrar- og verkáætlun Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Í ávarpi lagði Ísland áherslu á að ná þyrfti fram alþjóðlegum samningi um plast í hafi, að bæta þyrfti samhæfingu samninga og aðgerða í umhverfismálum, meðal annars með náttúrumiðuðum lausnum í loftslagsmálum, sem einnig gagnast lífríkisvernd og baráttu gegn eyðimerkurmyndum og að virkja samfélagsöfl til góðra verka í umhverfisvernd. Síðari hluti þingsins var haldinn í febrúar 2022 og þá voru tekin fyrir ýmis mikilvæg umhverfismálefni sem ekki þótti hægt að semja um á fjarfundi.

Baráttan gegn plastmengun, ekki síst í hafi, er knýjandi málefni sem Ísland leggur áherslu á, ekki síst á vettvangi Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna og í norðurslóðastarfi. Á næstu árum stefnir í alþjóðaviðræður um bindandi alþjóðasamning um plast og plastmengun, en líklegt er að þær hefjist strax á haustmánuðum 2022. Ísland tekur virkan þátt í þeim viðræðum og undirbúningur þeirrar vinnu er hafinn.

Endurheimt vistkerfa og barátta gegn landeyðingu er annað málefni sem Ísland beitti sér fyrir á alþjóðavettvangi á árinu. Sér í lagi hefur Ísland lagt áherslu á náttúrumiðaðar lausnir og talað fyrir að þeim sé beitt á skynsaman og ábyrgan hátt.

Á árinu jókst til muna samstarf utanríkisráðuneytisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, til að mynda við undirbúning fyrir fimmtánda fund aðildarríkja samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, sem halda átti 2021 en frestaðist til 2022. Þar á m.a. að samþykkja ítarlega aðgerðaáætlun til næstu 10 ára til að berjast gegn tapi líffræðilegrar fjölbreytni og fyrir vernd náttúrunnar. Ýmsar aðgerðir þar krefjast viðbragða af Íslands hálfu, t.d. er horft til þess að vernda 30% jarðar, bæði á landi og í hafi, eigi síðar en 2030. Einnig þarf samkvæmt áætluninni að taka fullt tillit til verðmætis náttúrunnar við framkvæmdir af ýmsu tagi og draga verulega úr umframneyslu og sóun. Í umhverfismálum verða margar áskoranir á næstu árum og mikilvægt að tryggja hagsmuni og gott orðspor Íslands til framtíðar.

2.8 Skýrsla um samskipti Póllands og Íslands

Deild tvíhliða málefna leiðir vinnu við að rýna og leggja mat á tillögur sem starfshópur um eflingu samskipta Íslands og Póllands skilaði í september sl. Meðal þess sem lagt er til í skýrslunni, *Vinátta og vaxtarbroddar, samskipti Póllands og Íslands*, er að opna sendiráð í Varsjá eða styrkja sendiráð Íslands í Berlín sem hefur fyrirvar gagnvart Póllandi, efla viðskiptatengsl milli Íslands og Póllands, samstarf á vettvangi Uppbyggingarsjóðs EES, s.s. um jarðvarma, jafnrétti, rannsóknir og vísindi, samstarf á sviði sjávarútvegs- og heilbrigðismála, og nýta tengsl sem hafa skapast milli Pólverja búsettum á Íslandi og Íslendingum af pólskum uppruna. Tillögurnar eru rýndar í samstarfi við sendiráð Póllands á Íslandi, Íslandsstofu, fagráðuneyti og aðra hagsmunaaðila.



3 Þróunarsamvinna

3.1 Almenn

Ísland hefur ekki skorast undan ábyrgð í þróunarsamvinnu, sem hefur vaxið töluvert að umfangi undanfarin ár. Þróunarsamvinna er ein af meginstöðum íslenskrar utanríkisstefnu og liggur þar til grundvallar stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru leiðarljósnið með yfirmarkmiðnið að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð á grundvelli mannréttinda, kynjajafnréttis og sjálfbærrar þróunar.

Stuðningur er við tvíhliða samstarfslönd, svæðaverkefni og fjölþjóðastofnanir á sviði þróunar- og mannúðarsamstarfs. Þá hefur vægi samstarfs við atvinnulífið og frjáls félaga-samtök aukist til muna. Rík áhersla er lögð á skilvirkni, gagnsæi og fagleg vinnubrögð við framkvæmd þróunarsamstarfs í samræmi við alþjóðleg viðmið um faglega starfshætti.

3.2 Fjölþjóðleg þróunarsamvinna

Fjölþjóðleg þróunarsamvinna vegur þungt í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Markmiðið er að uppfylla skyldur í samfélagi þjóða og stuðla að velsæld. Við skipum okkur á bekk með málsvörum lýðræðis, mannréttinda, fjölbreytileika, umburðarlyndis, réttlætis og samstöðu, og stöndum vörð um gagnsæjar og sanngjarnar leikreglur í samstarfi þjóða. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna liggja til grundvallar og ríkt er kveðið á um málefni hafsins, jafnrétti og valdeflingu kvenna, loftslags- og umhverfismál og mannréttindi í okkar málflutningi.

Í samræmi við markaða stefnu Íslands eru Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women), Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) og Alþjóðabankinn áherslustofnanir í fjölþjóðlegri

þróunarsamvinnu. Talsvert samstarf er við þessar stofnanir í samstarfslöndum okkar í Afríku.

Stuðningur við þessar fjórar áherslustofnanir felst einkum í samningsbundnum kjarnafram-lögum í samræmi við viðurkenndar alþjóðlegar starfsvenjur. Fyrirfram ákveðin framlög skapa stofnunum svigrúm til að bregðast hratt og örugglega við aðstæðum sem ekki er hægt að sjá fyrir. Ríkar kröfur eru gerðar til þeirra um skilvirkni og góða starfshætti. Ísland lætur að sér kveða í málefna- og stjórnarstarfi áherslustofnana.

Alþjóðabankinn

Alþjóðabankinn er meðal stærstu og áhrifamestu stofnana á sviði þróunarsamvinnu. Meginmarkmið hans er tvíþætt, að binda endi á sárafátækt í heiminum og stuðla að aukinni hagsæld og velmegun þar sem fátæktin er mest. Starf bankans tengist öllum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Þáttur Íslands í starfi bankans fer einkum fram í kjördæmi Norðurlanda og Eystra-saltsríkja, en ríkin átta deila stjórnarsæti í bankanum. Samkvæmt samkomulagi milli þeirra útnefna Norðurlöndin til skiptis aðalfulltrúa í stjórn bankans og er Ísland fámennasta aðildarríki bankans sem skipar stjórnarsæti reglulega.

Geir H. Haarde gegndi stöðu aðalfulltrúa kjördæmisins frá júlí 2019 til loka júní 2021 og stýrði skrifstofu kjördæmisins í höfuðstöðvum bankans í Washington DC. Á sama tíma leiddi Ísland samræmingu á afstöðu kjördæmislandanna til málefna og verkefna sem komu til kasta stjórnar bankans. Sérstakt teymi innan utanríkisráðuneytisins sinnti samræmingarstarfinu og vann náð með kjördæmisskrifstofunni. Meðal áherslumála kjördæmisins á tímabilinu voru loftslagsmál, endurnýjanleg orka, jafnréttismál, uppbygging mannauðs,

atvinnusköpun og samstarf við einkageirann. Kjördæmið mælti jafnframt fyrir grænum lausnum í endurreisn eftir heimsfaraldurinn.

Takmarkanir vegna COVID-19 höfðu mikil áhrif á starfsemina en starfsfólk í höfuðstöðvunum hefur að miklu leyti sinnt störfum sínum í fjarvinnu síðan faraldurinn braust út og flestir fundir farið fram á netinu, þar með talið vorfundur og ársfundur síðasta árs. Þáverandi utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra sat fjarfundir ráðherra kjördæmisins í tengslum við vorfundinn í apríl og ársfundinn í október 2021.

Viðspyrna og enduruppbygging vegna heimsfaraldursins voru efst á baugi á árinu. Til að bregðast við brýnni viðbótarþörf fátækra ríkja fyrir lánsfé og styrki ákvað bankinn að flýta endurfjármögnun Alþjóðaframtöfnunarinnar (IDA) um eitt ár. IDA er ein af fimm meginstofnunum bankans. Hlutverk hennar er að veita fátækustu ríkjum heims styrki og lán á hagstæðum kjörum.

Samningaviðræðum um tuttugustu fjármögnunarlotu IDA var formlega hleypt af stokkunum á vorfundi bankans í apríl 2021 undir yfirskriftinni *enduruppbygging á sjálfbærum forsendum*. Samningalotunni lauk í desember með áheitu um umfangsmestu framlög í sögu stofnunarinnar, sem nema samtals 23,5 milljörðum Bandaríkjadala. Ísland skuldbatt sig til að leggja tæplega 1,8 milljarða króna til IDA á árunum 2023-2025, en það eru hæstu einstöku framlög Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Í viðræðunum hélt Ísland

meðal annars á lofti áherslum á sviði kynjajafnréttis, mannréttinda, bláa hagkerfisins og umhverfis- og loftslagsmála.

Í tvíhliða samstarfi við Alþjóðabankann hafa orkumál, málefni hafsins, mannréttindi og jafnréttismál vegið þyngst, í samræmi við stefnu Íslands í þróunarsamvinnu. Ísland hefur stutt við sértæka sjóði innan bankans sem sinna verkefnum og ráðgjöf á þessum sviðum, auk þess sem ráðuneytið hefur fjármagnað stöður íslenskra sérfræðinga hjá bankanum. Gengið var frá ráðningu þriggja íslenskra sérfræðinga í stöður hjá bankanum, á sviði jafnréttismála, fiskimála og mannréttinda.


UNICEF

Hlutverk Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) er að bæta hag barna, ungs fólks og kvenna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er grunnurinn að starfi stofnunarinnar. Styrkur UNICEF felst í kraftmiklu starfi á vettvangi í 190 löndum, bæði í þróunarríkjum og með starfsemi landsnefnda. UNICEF vinnur einkum að framgangi fjórða heimsmarkmiðsins sem snýr að því að tryggja menntun fyrir alla, því þriðja um bættu heilsu og vellíðan og heimsmarkmiði númer sex um aðgang að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu.

Starf og hlutverk UNICEF rímar vel við stefnu Íslands á sviði jafnréttis- og mannréttindamála, sér í lagi hvað varðar mæðra- og ungbarna-vernd, framfarir í vatns- og hreinlætismálum og að tryggja öllum börnum aðgang að grunnskólamenntun. Stuðningur Íslands við UNICEF er einnig í samræmi við áherslur þingsályktunar nr. 28/151 um barnvænt Ísland.

Rammasamningur Íslands og UNICEF gildir til loka árs 2023 og skapar trausta, heildræna umgjörð um samstarfið. Ísland leggur áherslu á kjarnaframlag sem skapar stofnuninni sveigjanleika til að bregðast við þar sem þörfin er mest. Auk þess veitir Ísland ýmsum verkefnum UNICEF fjárhagsstuðning og vinnur náið með stofnuninni í tvíhliða samstarfsríkjum. Að auki styrkir Ísland mörg UNICEF-verkefni og vinnur með stofnuninni í samstarfsríkjum Malaví og Úganda.

Árangur IDA 2021



Einnig má nefna stuðning Íslands við UNICEF í starfi með öðrum alþjóðastofnunum við dreifingu á bóluefnum við COVID-19 í þróunarríkjum. Stofnunin gegnir lykilhlutverki í að tryggja að bóluefnin komist á leiðarenda. Hún sér meðal annars um flutning á bóluefnum innan þróunarríkja, aðstoð við bólusetningar, stuðning við heilbrigðisstarfsfólk og stofnanir, og almenningsfræðslu.

UN Women

Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynja-jafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) er í fararbroddi í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. UN Women hefur príþætt hlutverk - hún starfar á vettvangi, sinnir samræmingarhlutverki meðal stofnana Sameinuðu þjóðanna og er leiðandi í stefnumótun Sameinuðu þjóðanna á alþjóðavettvangi um málaflökkinn. Þar sem jafnrétti kynjanna er forsenda árangurs allra heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna má segja að starf UN Women tengist þeim öllum.

Allt frá stofnun UN Women hefur Ísland verið dyggur stuðningsaðili, enda er skýrt kveðið á um jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna og stúlkna í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019–2023. Rammasamningur við UN Women var endurnýjaður árið 2020 og sníður hann umgjörð um samstarfið til ársins 2023 með árlegu kjarnaframlagi. Ísland styður einnig við verkefni UN Women, meðal annars í baráttu gegn kynbundnu ofbeldi og um aukinn hlut karla og drengja í framfaramálum sem snúa að jafnrétti.

Ísland ásamt Bretlandi, Úrúgvæ og Kenía leiðir alþjóðlegt aðgerðabandalag gegn kynbundnu ofbeldi í verkefninu *Kynslóð jafnréttis* (Generation Equality Forum) sem UN Women hefur umsjón með í fimm ár, það er frá árinu 2020 fram til ársins 2025. Aðgerðabandalaginu er ætlað að hafa varanleg áhrif, setja fram metnaðarfullar aðgerðir og ná mælanlegum árangri. Kynbundið ofbeldi hefur orðið sýnilegra undanfarin ár og því miður hefur það aukist í heimsfaraldrinum. Aðgerðirnar mótast af þeim veruleika. Forsætisráðherra Íslands kynnti skuldbindingar Íslands í verkefninu á leiðtoga-fundi sem haldinn var í París í júlí.

UNFPA

Hlutverk Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) er að stuðla að kyn- og frjósemisheilbrigði, aðgangi að mæðravernd og fæðingarþjónustu, og tryggja frjósemisréttindi. Annað hlutverk UNFPA er að breiða út þekkingu á slæmum afleiðingum of mikillar fólksfjölgunar og aðstoða þróunarríki við að afla gagna og vinna úr þeim til að treysta stefnumörkun og áætlanagerð. UNFPA er lykilstofnun í þjónustu við þolendur kynferðisbrota á átakasvæðum.

Stuðningur við UNFPA er í samræmi við yfirmarkmið Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu sem snýr að því að tryggja almenna velferð á grundvelli mannréttinda og jafnréttis kynjanna. UNFPA vinnur einkum að framgangi þriðja heimsmarkmiðsins um bættu heilsu og vellíðan, og heimsmarkmiðs fimm um jafnrétti kynjanna. Undirritaður var ramma-samningur um stuðning Íslands við UNFPA. Með samningnum er stuðningurinn við stofnunina staðfestur og skuldbindingu vegna verkefnisins *Kynslóð jafnréttis* fylgt eftir. Samningurinn gildir til loka árs 2023 og leggur áherslu á kjarnaframlög sem færa stofnuninni yfirsýn og sveigjanleika til að bregðast við þar sem þörfin er mest hverju sinni. Til viðbótar styður Ísland ýmiskonar verkefni á vegum UNFPA.

Í því samhengi má nefna samstarfsverkefni UNFPA og UNICEF sem miðar að því að uppræta limlestingar á kynfærum kvenna og stúlkna í sautján ríkjum. Á árinu lauk úttekkt á þriðju lotu verkefnisins og sat fulltrúi Íslands í samráðshópi framlagsríkja um úttektina, ásamt fulltrúum Noregs og Austurríkis. Niðurstaðan er að verkefnið hefur stuðlað að aukinni þjónustu við þolendur og bætt forvarnir og umönnun þeirra sem þurfa á aðstoð að halda.

Ungliðaverkefni Sameinuðu þjóðanna

Á árunum 2005-2015 tók Ísland þátt í ungliðaverkefni Sameinuðu þjóðanna (Junior Professional Officer Programme) og kostaði meðal annars ungliða til starfa á vegum UNDP, UNICEF og UNIFEM (nú UN Women). Snemma árs 2021 fór fram innri rýni á þessu verkefni og voru niðurstöðurnar afar jákvæðar. Framlagið styrkti

stofnanir Sameinuðu þjóðanna og starf þeirra og íslensk ungmenni öðluðust víðtæka reynslu og þekkingu á fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu. Á heildina litið skilaði fjárfestingin sér margfalt í mannauði og sérfræðiþekkingu. Mörg ungmenni sem tóku þátt í verkefninu hafa fundið kröftum sínum farveg í alþjóðastarfi. Í því ljósi var

þráðurinn tekinn upp að nýju og þrjár stöður auglýstar lausar til umsóknar. Íslenskir ungliðar hófu störf hjá þremur stofnunum Sameinuðu þjóðanna, Flóttamannastofnun (UNHCR) í Suður-Súdan, Mannfjöldasjóði (UNFPA) í Síerra Leóne og Mannréttindastofnun (OHCHR) í Líbanon.



| Öfgar í veðurferi eru ein birtingarmynd loftslagsbreytinga. Ljósmynd frá Malaví.

Loftslagstengd þróunarsamvinna

Stefna Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu skilgreinir sjálfbæra þróun sem leiðarljós í þróunarsamvinnu Íslands. Stjórnvöld styðja þróunarríki jafnt í aðgerðum til að sporna gegn loftslagsbreytingum og til að aðlagast auknum áhrifum þeirra. Rík áhersla er lögð á að svo verði áfram.

Samkvæmt þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) er Ísland í hópi þeirra fimm ríkja sem verja hlutfallslega mestu til loftslags- og umhverfistengdrar þróunarsamvinnu, samkvæmt viðmiðum nefndarinnar. Þar eru ekki talin með kjarnaframlög til fjölþjóðastofnana og -sjóða.

Framlög til loftslagstengdra verkefna námu tæpum 2,4 milljörðum króna árin 2018 og 2019 en lækkuðu árið 2020 meðal annars vegna þess að heimsfaraldurinn tafði framkvæmd

verkefna. Þrátt fyrir að heimsfaraldurinn hafi enn haft áhrif á framkvæmd verkefna á síðasta ári hækkuðu framlögin og námu tæpum 2,7 milljörðum króna.

Ísland tvöfaldaði framlög til Græna loftslagssjóðsins úr tvö hundruð í fjögur hundruð þúsund Bandaríkjadali milli 2019 og 2021 eins og heitið var. Framlög íslenskra stjórnvalda til Græna loftslagssjóðsins eru óeyrnamerkt sem þýðir að þeim má ráðstafa eftir því sem sjóðurinn telur æskilegast. Fulltrúi utanríkisráðuneytisins situr sem ráðgjafi norska stjórnar meðlimsins í Græna loftslagssjóðnum og fylgist þannig með starfsemi sjóðsins, þar með talið hvaða verkefni eru fjármöggnuð.

Ísland styður einnig loftslagsverkefni lykilstofnana Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðabankans, sem er stærsti fjármögnunaraðili

loftslagstengdra verkefna í marghliða þróunar-samvinnu. Ísland veitir 489 milljónum á ári hverju til Alþjóðafamfarastofnunar Alþjóða-bankans (IDA) sem veitir hagstæð lán og styrki til 74 fátækustu ríkja heims. Fyrirsjáanlegt er að framlög Íslands til stofnunarinnar hækki á næsta fjármögnunartímabili hennar. Einnig styður Ísland sérstaklega við loftslagstengda sjóði Alþjóðabankans.

Á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Glasgow tilkynnti Ísland um 150 milljóna króna framlag til verkefnis þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP), sem miðar að því að aðstoða að minnsta kosti eitt hundrað þróunarríki við framkvæmd loftslagsskuldbindinga sinna. UNDP er stærsti framkvæmdaraðili Sameinuðu þjóðanna á sviði umhverfistengdrar þróunarsamvinnu og stofnunin leikur lykilhlutverk í stuðningi Sameinuðu þjóðanna við framkvæmd Parísarsáttmálans í þróunarríkjum. Ísland leggur fram fjármagn til fjölmargra verkefna mannúðar- og þróunarsamvinnu-stofnana Sameinuðu þjóðanna sem lúta að loftslagsáhrifum. Þá leggur Ísland fram fjármagn til alþjóðastofnunar um sjálfbæra orku fyrir alla (Sustainable Energy for All, SEforAll) sem beitir sér fyrir aðgengi að sjálfbærri orku fyrir alla, og gerður hefur verið ramma-samningur um kjarnaframlag til skrifstofu eyðimerkursáttmálans.

Þá tekur Ísland þátt í endurfjármögnun Norræna þróunarsjóðsins (Nordic Development Fund) sem fjármagnar eingöngu loftslagstengd verkefni. NDF hyggst á næstu árum verja að minnsta kosti 60 prósentum af fjármagni sjóðsins til Afríku sunnan Sahara og helmingi fjármögnunar eða meira til aðlögunarverkefna vegna loftslagsbreytinga.

Í umhverfis- og loftslagstengdri þróunarsamvinnu Íslands hefur verið lögð áhersla á að taka höndum saman með atvinnulífinu um að nýta íslenska sérþekkingu og lausnir við úrlausnir verkefna í þróunarríkjum. Þátttaka íslenskra jarðhita- og vatnsaflssérfræðinga í verkefnum Alþjóðabankans hefur verið fjármögnuð gegnum ráðgjafalista utanríkisráðuneytisins og Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífsins hefur nú þegar styrkt á þriðja tug fyrirtækja til þróunarsamvinnu í um tuttugu löndum.

Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífs um þróunarsamvinnu var stofnaður til að auka þátttöku atvinnulífs í uppbyggingu í þróunarríkjum. Sjóðurinn hefur styrkt verkefni sem lúta meðal annars að undirbúningi heildstæðrar löggjafar um orkuskipti á Kómorejum í því skyni að skapa tækifæri til nýtingar endurnýjanlegra orkugjafa í stað dísilólíu, fjölnýtingu jarðvarma í Kenía til að draga úr eyðingu skóga og útblæstri koltvísýrings og nýtingu jarðhita til kælingar fyrir matvælaframleiðslu (eplaframleiðslu) á Indlandi. Mótframlag einkafyrirtækja til verkefna sem styrkt eru af sjóðnum eru dæmi um framlag einkageirans til loftslagsaðgerða í þróunarríkjum.

Þróunarsamvinnunefnd OECD-DAC

Þróunarsamvinnunefnd OECD (DAC) er vettvangur samstarfs þrjátíu OECD-ríkja um að móta viðmið um góða starfshætti í þróunarsamvinnu. Hlutverk DAC er meðal annars að efla samhæfingu og skilvirkni sem miðar að því að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna verði náð í þróunarríkjum. DAC veitir aðgang að margvíslegum gögnum og sérfræðiráðgjöf, auk faglegrar rýni og eftirfylgni.

Ísland gerðist aðili að DAC árið 2013 og tekur þátt í störfum nefndarinnar. Fastanefnd Íslands í París situr nefndarfundum, en einnig taka sérfræðingar utanríkisráðuneytisins þátt í starfi ýmissa undirnefnda DAC. Ráðuneytið mun auka stuðning við starf DAC. Í árslok var gengið frá ráðningu sérfræðings sem mun ganga til liðs við stefnuumbótaskrifstofu DAC. Ráðningin mun um leið afla starfsmönnum ráðuneytisins reynslu og efla þekkingu þeirra á þessu sviði.

Jafningjarýni DAC á tölfraedi þróunarsamvinnu Íslands, sem hófst í lok árs 2020, lauk fyrri hluta árs. Fulltrúar frá Lúxemborg og Slóveníu sátu í rýniteymi, auk áheyrnarfulltrúa frá Póllandi. Svonefndur Tidewater-fundur þróunarmálaráðherra aðildarríkjanna er haldinn árlega og tók utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra þátt í slíkum fjarfundi í júní, þar sem ný viðfangsefni vegna heimsfaraldursins voru efst á baugi.

Störf þróunarsamvinnunefndar 2021

Þróunarsamvinnunefnd starfar samkvæmt lögum um alþjóðlega þróunarsamvinnu og sinnir meðal annars ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands ásamt því að fylgjast með framkvæmd hennar. Utanríkisráðherra skipar fulltrúa og varamenn þeirra til fjögurra ára í senn. Nefndin var endurskipuð um mitt ár 2021 og er samsett af fimm fulltrúum íslenskra félagasamtaka sem starfa á sviði þróunarsamvinnu og mannúðarástoðar, tveimur fulltrúum skipuðum í samráði við samstarfsnefnd háskólastigsins og tveimur fulltrúum skipuðum í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Að auki sitja í nefndinni fulltrúar frá hverjum þingflokki á Alþingi. Formaður nefndarinnar er skipaður án tilnefningar af ráðherra og tók Þórir Guðmundsson við því hlutverki á árinu 2021.

Þróunarsamvinnunefnd fundaði tvisvar á árinu 2021 en heimsfaraldurinn hafði töluverð áhrif á störfin. Einnig urðu tafir á nefndarstarfi vegna Alþingiskosninga en endurskipa þurfti fulltrúa þingflokka í kjölfar þeirra. Á meðal þess sem nefndin ræddi voru viðbrögð Íslands við COVID-19 með áherslu á mannúðarástoð og áhrif faraldursins á þróunarsamvinnu, framlög til þróunarsamvinnu 2022 og samstarf Íslands við Síerra Leóne. Einnig voru starfseglur og starfshættir nefndarinnar endurskoðaðir í kjölfar skipunar nýrra nefndarfulltrúa. Á síðasta fundi ársins 2021 ítrekaði utanríkisráðherra að bakslag á sviði þróunarsamvinnu væri víða og nauðsynlegt væri fyrir Ísland að vera í stöðu til að veita sveigjanleg framlög þar sem þörfin væri mest.

Úttektir

Úttektir eru fastur liður í verklagi þróunarsamvinnu. Í þeim er lagt mat á árangur verkefna og lærdómur dreginn af því sem vel gengur og endurtekningum á því sem betur mætti fara er forðað. Unnið er eftir úttektarstefnu Íslands fyrir 2020-2023 þar sem markmið og framkvæmd úttekta eru skilgreind í samræmi við alþjóðlegt verklag og kröfur þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC).

Aðgerðaáætlun í alþjóðlegri þróunarsamvinnu 2019-2020 var lögð fram til Alþingis sem fylgiskjal við stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu. Við lok tímabilsins, í janúar 2021, var gerð samantekt á stöðu sérstakra aðgerða sem spönnuðu tíu málefnaáherslur og 42 framkvæmdir. Þar kemur fram að heildarniðurstaða er nokkuð góð, en ástæða þykir til frekari eftirfylgni með aðgerðum sem varða mannréttindi og umhverfis- og loftslagsmál.

Í upphafi árs lauk úttekt á stefnumiðum vegna samstarfs við frjáls félagasamtök. Í niðurstöðum var meðal annars lagt til að ráðuneytið myndi í auknum mæli byggja samstarf sitt á rammamningum í samstarfi sínu við frjáls félagasamtök. Gerð var áreiðanleikakönnun á fjárreiðum þeirra samtaka sem lýstu yfir áhuga á að gera rammamninga við ráðuneytið. Niðurstöðurnar voru nýttar við mótun nýrra rammamninga sem gert er ráð fyrir að taki gildi árið 2022.

Innri rýni á þátttöku Íslands í Ungliðaáætlun Sameinuðu þjóðanna 2005-2015, sem greint er frá hér að framan, lauk í maí. Niðurstaðan var mjög jákvæð. Allir hafa notið góðs af samstarfinu, unga fólkið sem starfaði á vettvangi, sem skilaði sér heim með ómetanlega reynslu og þekkingu, og samstarfsstofnanirnar.

Ráðuneytið tók þátt í samráðshópum tveggja úttekta á verkefnum alþjóðastofnana sem Ísland hefur stutt. Annað var miðannarúttekt á verkefni Stofnunar Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) í Mósambík. Frá 2017 hefur Ísland stutt við verkefnið sem ber yfirskriftina *Skilvirk þátttaka af hálfu kvenna og stúlkna á sviði friðar, öryggis og enduruppbyggingar í Mósambík*. Hitt var lokaúttekt þriðja framkvæmdaáfangs samstarfsverkefnis Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) og Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) sem miðar að því að uppræta limlestingar á kynfærum kvenna fyrir 2030. Ísland hefur frá árinu 2011 tekið þátt í verkefninu sem nær til sautján landa þar sem kynfæralimlestingar stúlkna eru útbreitt vandamál.

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra lagði til á fyrri hluta árs að óháð úttekt á þróunarsamvinnukostnaði sem varðar kvótaflóttafólk

og umsækjendur um vernd á Íslandi yrði gerð í samvinnu við þau ráðuneyti og þær stofnanir sem hlut eiga að máli. Óháðir ráðgjafar gerðu úttektina og lokaskýrsla kom út í desember. Ráða má af niðurstöðum hennar að undan- gengin ár hafi tekist að bæta verklag og vinnu- ferla við framtal kostnaðar sem fellur undir þróunarsamvinnu. Enn frekari umbóta sé þörf og til að koma þeim í kring er gert ráð fyrir að byggt verði á tillögum skýrsluhöfunda.

Hleypt var af stökkunum úttektum sem mun ljúka á fyrstu mánuðum ársins 2022. Þeirra á meðal er lokaúttekt á núverandi framkvæmda- áfanga byggðapróunarverkefni Íslands í Buikwe-héraði í Úganda á sviði menntunar og vatns- og hreinlætismála, miðannarúttekt á verkefni SOS Barnaþorpa um forvarnir og aðgerðir gegn kynferðislegri misbeitingu á börnum í Ogou-héraði í Tógó, úttekt á sameiningu þróunarsamvinnustofnunar Íslands og utanríkisráðuneytisins frá 2016 og úttekt á Landsáætlun Íslands um konur, frið og öryggi 2018-2022.

Tölfræði framlaga til þróunarsamvinnu

Gagnsæi og ábyrgð liggur til grundvallar við meðferð allra framlaga Íslands til þróunarsamvinnu. Staðin eru skil á öllum útgjöldum gagnvart þróunarsamvinnu- nefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD DAC). Þannig er leitast við að tryggja ábyrgð gagnvart íslenskum skatt- greiðendum um ráðdeild og skynsemi í nýtingu opinbers fjár.

Síðastliðið sumar var opnuð vefsíða á vef Stjórnarráðsins með tölfræðilegri framsetningu á framlögum Íslands til alþjóð- legrar þróunarsamvinnu. Nýr vefur er með lénið openaid.is.

GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu

Allir skólarnir fjórir sem starfa undir GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu störfuðu með nokkuð eðlilegum hætti árið 2021, en árið áður hafði heimsfaraldurinn haft veruleg áhrif á starfsemi. Á árinu komu alls níutíu sérfræðingar frá þróunarlöndunum hingað

til lands til fimm til sex mánaða þjálfunar í skólunum fjórum, Jafnréttisskólanum, Jarðhita- skólanum, Landgræðsluskólanum og Sjávar- útvegsskólanum. Þá var aftur hægt að halda námskeið á vettvangi í samstarfslöndunum.



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir utanríkisráðherra var viðstödd útskrift tuttugu nemenda úr Jafnréttisskóla GRÓ.

GRÓ er sjálfstæð miðstöð sem starfar undir merkjum UNESCO, Mennta-, vísinda- og menn- ingarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, og tók til starfa sem sérstök eining innan utan- ríkisráðuneytisins árið 2020. GRÓ-skólarnir fjórir hafa starfað um áratugaskeið og frá upphafi verið ein af meginstöðum í alþjóð- legri þróunarsamvinnu Íslands. Allir vinna þeir að því að efla getu stofnana og einstaklinga í þróunarríkjunum á sviðum þar sem Ísland býr yfir sérþekkingu.

Í tengslum við stofnun GRÓ – Þekkingar- miðstöðvar þróunarsamvinnu var ráðist í gerð nýrra samninga við hýsistofnanir skólanna, þar sem skerpt var á markmiðum og umgjörð skólanna, sem og fjárveitingum til þeirra og eftirfylgni með þeim. Þessu umbótaferli lauk í febrúar 2021 þegar GRÓ undirritaði þjónustu- samning við Íslenskar orkurannsóknir (ÍSOR) sem tóku við rekstri Jarðhitaskólans, sem hafði verið hýstur hjá Orkustofnun frá árinu 1979. Jafnréttisskólinn er hýstur hjá Háskóla Íslands,

Landgræðsluskólinn hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og Sjávarútvegsskólinn hjá Hafrannsóknastofnun Íslands.

Heimsfaraldurinn hafði veruleg áhrif á starfsemi GRÓ-skólanna árið 2020, en þá náði einungis Jafnréttisskólinn að taka á móti hópi til námsdvalar, enda kom sá hópur til landsins áður en faraldurinn barst til Íslands. Hinir skólarnir þrír þurftu að fresta komu nemenda um eitt ár og komu þeir til landsins árið 2021. Talsverðan sveigjanleika og útsjónarsemi þurfti til að tryggja að nemendur kæmst til landsins þrátt fyrir heimsfaraldurinn, bæði af hálfu starfsmanna GRÓ-skólanna og hýsistofnana, en einnig nemendanna sjálfra. Ferðatakmarkanir, lítið framboð á flugferðum og erfiðleikar við að útvega vegabréfsáritanir fyrir nemendur þar sem útgáfa áritana lá víða niðri, voru meðal áskorana sem GRÓ-skólarnir stóðu frammi fyrir á árinu í tengslum við heimsfaraldurinn.

Öllum skólunum tókst að halda fimm til sex mánaða námið hér á landi árið 2021, eins og fyrr segir, og tóku samtals á móti níutíu nemendum. Jafnréttisskólinn flutti námið frá vorönn til haustannar og útskrifuðust tuttugu nemendur frá fimmtán löndum um miðjan

desember. Þá var vettvangsnámskeið haldið í Malaví og netnámskeið á Sankti Lúsíu. Jarðhitaskólinn útskrifaði í nóvember sinn 42. hóp frá upphafi, 25 nemendur frá fjórtán löndum. Aldrei áður hefur hlutfall kvenna í útskriftarhópnum verið jafn hátt, eða 48 prósent. Í apríl hélt Jarðhitaskólinn netnámskeið um jarðhita ætlað Afríkulöndum og í nóvember vettvangsnámskeið í Kenía, í samstarfi við jarðhitafyrirtæki í landinu. Landgræðsluskólinn útskrifaði í september sautján nemendur frá átta samstarfslöndum og tók þátt í námskeiðshaldi í Mongólíu. Sjávarútvegsskólinn tók á móti 28 nemendum, sínum stærsta hópi til þessa, í september. Að auki stunda nú samtals fjórtán doktorsnemar og fimmtán meistaranemar nám við íslenska háskóla með skólustyrc frá GRÓ-skólunum fjórum.

Samtals höfðu 1.486 manns lokið 5-6 mánaða þjálfun í skólunum fjórum við árslok 2021. Þá höfðu 94 lokið meistaranámi og átján doktorsnámi við íslenska háskóla með stuðningi GRÓ. Skólarnir hafa einnig haldið fjölmörg styttri námskeið í samstarfslöndum sínum sem rúmlega þrjú þúsund manns hafa sótt.

GRÓ – Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu: lykiltölur



1.513

nemendur hafa lokið 5-6 mánaða diplómanámi.



94

nemendur hafa lokið meistaranámi.



18

nemendur hafa lokið doktorsnámi.



3.268

nemendur hafa lokið styttri námskeiðum.

Sjávarútvegsskólinn	Jafnréttisskólinn	Jarðhitaskólinn	Landgræðsluskólinn
415 5-6 mánaða diplómanám	172 5-6 mánaða diplómanám	743 5-6 mánaða diplómanám	156 5-6 mánaða diplómanám
17 Lokið meistaranámi	0 Lokið meistaranámi	75 Lokið meistaranámi	2 Lokið meistaranámi
14 Lokið doktorsnámi	0 Lokið doktorsnámi	4 Lokið doktorsnámi	0 Lokið doktorsnámi
1263 Lokið styttri námskeiðum	320 Lokið styttri námskeiðum	1536 Lokið styttri námskeiðum	149 Lokið styttri námskeiðum

Fjárveitingar til GRÓ-skólanna árið 2021 voru 668,9 milljónir króna. Áfram hefur verið unnið að því að hámarka samlegð og skilvirkni í starfi skólanna og tryggja þannig bestu nýtingu á íslensku þróunarsamvinnufé, sem og að leita

sóknartækifæra og möguleika á frekari eflingu á starfsemi þeirra sem hlýst með því að reka skólana undir einum hatti á vegum GRÓ – Þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu.

3.3 Neyðar- og mannúðaraðstoð


Tilgangur mannúðaraðstoðar er að bjarga mannlífum, lina þjáningar nauðstaddra og viðhalda mannlegri reisn á neyðarsvæðum. Aðgerðir snúast um vernd borgara, endurreisn grunnþjónustu eins og að tryggja fæðu, vatn, skjól, hreinlætisaðstöðu og heilsugæslu. Að mati Sameinuðu þjóðanna hefur þörf á mannúðaraðstoð aldrei verið meiri og skýrist meðal annars af aukinni fátækt, langvinnum stríðsátökum, áhrifum loftslagsbreytinga og COVID-19. Áætlað er að 274 milljónir manna komi til með að þurfa á mannúðaraðstoð og vernd að halda árið 2022, sem er 39 milljónum fleiri en 2021. Áætlað er að um 84 milljónir manna hafi flosnað upp af heimilum sínum og séu á vergangi eða flótta.

Íslensk stjórnvöld leggja sitt af mörkum til mannúðaraðstoðar, einkum í samstarfi við stofnanir og sjóði Sameinuðu þjóðanna sem bregðast við neyðarástandi, bjarga mannlífum og veita aðstoð og vernd. Gerðir hafa verið rammisamningar við lykilstofnanir á sviði mannúðarmála. Miðast slíkir samningar við

ákvæði í þróunarsamvinnustefnu um að beita sér fyrir auknum og fyrirsjáanlegum framlögum til mannúðarmála í samræmi við kröfur um aukna skilvirkni og árangur.

Árið 2021 veittu íslensk stjórnvöld 1.053 milljónum króna til fjölþjóðlegra mannúðarstofnana, auk framlaga til mannúðarverkefna á vegum félagasamtaka, sem nánar er fjallað um á bls. 58. Framlög til Sírlands, Jemen og Mið-Sahel-svæðisins vógu þingst en neyðarbeiðnum var líka svarað frá Afganistan og Suður-Súdan. Talsverður hluti fjármagnsins fór í samningsbundin framlög til Matvælaáætlunar Sameinuðu þjóðanna (WFP), Samhæfingarskrifstofu aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (OCHA), Neyðarsjóðs Sameinuðu þjóðanna (CERF) og Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNHCR), sem eru áherslustofnanir Íslands. Palestínuflóttamannaástoð Sameinuðu þjóðanna (UNRWA) og Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) fengu einnig mannúðarframlög, ásamt Alþjóðaráði Rauða krossins (ICRC).

Framlög til neyðar- og mannúðaraðstoðar eftir samstarfsstofnunum 2021



Ísland hefur einnig skuldbundið framlög í gegnum svæðasjóði OCHA (Country-Based Pooled Funds, CBPF) til að sameinast öðrum

gjafaríkjum í óeyrnamerkum sjóðum til mannúðarverkefna á ákveðnum svæðum eða löndum. Svæðasjóðir eru mikilvæg tæki fyrir

Ísland þar sem þeir færa aðstoðina nær þeim sem hennar eiga að njóta. Erlend og innlend borgarasamtök geta sótt í sjóðina. Ísland hefur nýtt svæðasjóðina í tengslum við Sýrland (í Sýrlandi og Líbanon), Jemen og Mið-Sahel.

Markmið þróunarsamvinnustefnunnar er jafnframt að styrkja tengslin milli mannúðarstarfs og þróunarsamvinnu. Þannig hélt Ísland áfram að styðja verkefni UNICEF um uppbyggingu á

sviði vatns- og skólpeitu í Norður-Úganda þar sem stórir hópar flóttamanna dvelja, flestir frá Suður-Súdan.

Ísland hefur samið við nokkrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna um að senda sérfræðinga á sviði mannúðar tímabundið til starfa á vettvangi. Árið 2021 starfaði einn slíkur sérfræðingur á sviði jafnréttismála hjá UNFPA í Úganda og annar hjá UNRWA í Jerúsalem.



Á árinu var ákveðið að framlengja samstarfssamning við Mangochi-hérað til ársins 2023.

3.4 Tvíhliða þróunarsamvinna

Í tvíhliða þróunarsamvinnu er lögð áhersla á samstarf við fátæk ríki í Afríku. Samstarfslönd Íslands eru Malaví og Úganda. Þar hafa sendiráð Íslands umsjón með samstarfinu í samvinnu við ráðuneytið, sem sinnir undirbúningi og eftirliti með verkefnum. Unnið er að undirbúningi samstarfs við Síerra Leóne með opnun sendiskrifstofu á sviði þróunarsamvinnu í landinu.

Í tvíhliða þróunarsamvinnu tekur Ísland beinan þátt í þróunarverkefnum í samstarfslöndum, þar sem áhersla er lögð á að bæta lífsskjör og styrkja yfirvöld til að byggja upp grunnþjónustu ásamt valdeflingu kvenna og ungmenna. Vaxandi áhersla er lögð á loftslags- og umhverfismál. Þrátt fyrir COVID-19 hefur framkvæmd verkefna í Úganda og Malaví

gengið að mestu samkvæmt áætlun en faraldurinn hefur sett strik í reikninginn við undirbúningi frekara samstarfs við Síerra Leóne.

Malaví

Önnur bylgja COVID-19 skall á Malaví í byrjun árs sem hafði miklar efnahags-, heilsufars- og samfélagslegar afleiðingar. Forseti landsins lýsti yfir neyðarástandi í janúar en mikið dró úr smitum frá mars til desember. Álag minnkaði á heilbrigðiskerfið en efnahagslegur bati gekk hægt auk þess sem bakslag varð í jafnréttismálum, sérstaklega hvað varðar fjölgun barnahjónabanda og ótímabærum þungunum táningsstúlkna.

Ísland veitti neyðarstyrki til Malaví til að bregðast við afleiðingum COVID-19 sem hafa numið um 125 milljónum króna frá því heimsfaraldurinn skall á. Ísland veitti Mangochi-héraði 45 milljóna króna styrk um mitt ár 2020 en framkvæmd fór að mestu fram á fyrstu mánuðum 2021. Meðal verkefna var að styrkja heilbrigðisstarfsfólk í bólusetningarherferð og tókst að bólusetja rúmlega 6.200 manns í dreifbýli Mangochi á aðeins þremur dögum. Einnig fengu fimm hundruð heilbrigðisstarfsmenn þjálfun og yfir fjórtán þúsund börnum og kennurum var tryggður aðgangur að hreinu vatni og handþvottaaðstöðu í þremur grunnskólum í héraðinu. Frá upphafi faraldursins hafa rúmlega 633 þúsund manns í fjórum sveitarfélögum í héraðinu fengið sóttvarnaskilaboð með aðstoð frá Íslandi.

Ísland lagði Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) til alls 53 milljónir króna til að koma upp COVID-19 skimunar- og greiningaraðstöðu við landamærastöðvar Malaví og reisa sex bráðabirgðaskýli við sjúkrahús sem nýttust sem rannsóknastofur og legudeildir fyrir COVID-19 smitaða. Til viðbótar var sett upp bólusetningarmiðstöð í Dzaleka-flóttamannabúðunum, en þar dvelja um fimmtíu þúsund flóttamenn. Í samstarfi við Ísland færir WFP börnum skólamáltíðir en vegna skólalokana var brugðist við með mánaðarlegu framlagi til foreldra til að tryggja skólabörnum áfram reglulega næringu. Þegar skólar voru opnaðir aftur í september var aðgangur að hreinu rennandi vatni bættur til að sporna við útbreiðslu COVID-19.

Ísland studdi aðgerðir UN Women og frjálsra félagasamtaka með 27 milljóna króna framlagi til að uppræta barnahjónabönd, sporna við ótímabærum þungunum og berjast gegn kynbundnu ofbeldi sem jókst gríðarlega í kjölfar skólalokana. Á árinu voru til dæmis fjórtíu stúlkur leystar úr hjónabandi og fengu þær stuðning til að hefja skólagöngu að nýju.

Veigamesta starf Íslands í Malaví felst í þróunarsamvinnuverkefnum með héraðsstjórn Mangochi. Lykilþáttur er að bæta stjórnvöld og byggja upp getu héraðsstjórnvalda til að veita íbúum grunnþjónustu á sviði heilsu, menntunar, vatns- og hreinlætis, jafnréttis kynjanna,

atvinnutækifæra fyrir ungmenni og á sviði endurnýjanlegrar orku. Í júní var samþykkt að framlengja samstarf Íslands við héraðið til mars 2023.

Á árinu var áttunda fæðingarveildin opnuð sem tryggir konum sem búa í afskekktum sveitum héraðsins mæðravernd og fæðingarþjónustu, en fæðingarveildirnar sinna um 45 þúsund konum. Auk þess voru lýðheilsa og forvarnir styrktar þegar 570 hjólum og fjórum mótorhjólum var dreift til heilbrigðisfulltrúa sem sinna heilbrigðisþjónustu í dreifbýli og á svæðum þar sem engin heilbrigðisstofnun er. Á árunum 2020-2021 hafa 222 ný vatnsból, borholur og brunnar verið tekin í notkun sem tryggja 35 þúsund manns aðgang að hreinu vatni. Einnig var komið af stað nýju verkefni þar sem 580 konum og ungmönnum var veittur fjárhagslegur og tæknilegur stuðningur við atvinnusköpun og efnahagslega valdeflingu.

Sendiráðið í Lilongwe hefur átt samtál við stjórnvöld í Malaví um nokkurt skeið varðandi mögulegt nýtt samstarfshérað í landinu, enda hefur héraðsnálgunin vakið verulega athygli og stjórnvöld haft mikinn áhuga á að stuðningurinn fari víðar. Í lok árs var samþykkt að hefja samstarf við Nkhotakhota-hérað á árinu 2022 og kanna möguleika á að hefja samstarf við héraðsfirvöld Likomaeyja í Malavívatni.

Ísland hefur staðið fyrir rakarastofuvíðburðum víða um heim til að hvetja karla til virkrar þátttöku í samfélagi þar sem jafnrétti kynjanna er virt og skoða kynbundið ofbeldi út frá nýju sjónarhorni. Sendiráðið lét staðfæra og þýða verkfærakistu viðburðanna og stóð fyrir rakarastofum í Mangochi. Þátttökukannanir sýndu meðal annars að við upphaf þjálfunarinnar töldu 84 prósent þátttakenda að karlmenn beittu konur ofbeldi vegna þess að það væri karlmönnum eðlislægt en það hlutfall lækkaði í 24 prósent eftir þjálfunina.

Á árinu gerði Ísland nýjan samning við WFP um heimaræktaðar skólamáltíðir til 2024 þar sem þrettán þúsund börnum eru tryggðar næringarríkar skólamáltíðir sem unnar eru úr árstíðabundinni uppskeru. Skólarnir kaupa uppskeru frá 1500 bændum í nærbyggð sem tryggir ferskleika matarins og tryggir aðgang bænda að markaði. Heimaræktað hræfni í

skólamáltíðir eykur sjálfbærni, hvetur til skóla-göngu og stuðlar að haldgóðri næringu barna. Til viðbótar var stutt við tilraunaverkefni WFP þar sem bændur þróuðu nýjar ræktunar- og geymsluaðferðir.

Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) byggði með stuðningi frá Íslandi nýtt dómshús í afskekktasta dreifbýli héraðsins. Dómshúsið stýttir vegalend fyrir þolendur ofbeldis til að leita réttar síns um allt að hundrað kílómetra. Skurðstofa fyrir aðgerðir vegna fæðingarfistils var opnuð við héraðs-sjúkrahúsið í Mangochi og voru 55 aðgerðir framkvæmdar á árinu. Einnig fengu sextíu konur sem hafa verið læknaðar af fæðingarfistli sálrænan stuðning og tækifæri til atvinnusköpunar. Farið var í umfangsmikla fræðsluherferð um fæðingarfistil og búist er við að enn fleiri

konur muni í kjölfarið leita eftir skurðaðgerðum vegna fæðingarfistils sem hægt verður að framkvæma á skurðstofunni.

Fyrsta landsáætlun Malaví um konur, frið og öryggi í samræmi við ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 var kynnt í nóvember. Landsáætlunin var unnin af malavískum stjórnvöldum og UN Women með fjárhagslegum stuðningi Íslands.

Ísland hélt áfram stuðningi sínum við Energising Development (EnDev) þar sem áhersla er lögð á að fjölga orkukostum og draga úr orkusóun í Mangochi-héraði. Sjö stór orkusparandi eldstæði og sólarknúin lýsing voru sett upp við skóla og við héraðssjúkrahúsið. Atvinnutækifæri voru í boði fyrir ungt fólk sem sá um að selja sólarknúin hleðslutæki, luktir og orkusparandi eldunaraðstöðu.

Malaví

Bætt heilsufar kvenna



Þjónusta á heilbrigðisstofnunum vegna erfðra fæðinga hefur **aukist** úr 26% árið 2017 í **76%** árið 2021.



Átta fæðingadeildir byggðar sem tryggja rúmlega **43 þúsund konum** á barneignaaldri viðeigandi fæðingarþjónustu nálægt heimabyggð.

Vatn og hreinlæti í Mangochi



222 nýjar vatnsborholur og -brunnar á árunum 2020-2021 sem tryggja **35 þúsund manns** aðgang að hreinu vatni.



390 þúsund manns tryggður aðgangur að hreinu vatni með stuðningi Íslands.

Menntun grunnskólabarna



Hlutfall nemenda sem **standast lokapróf** fór úr 75% árið 2017 í **88%** 2021 og hlutfall nemenda sem **halda áfram yfir í næsta bekk** hefur aukist úr 57% í **67%**.



Þrettán þúsund nemendum í tíu skólum tryggð dagleg næringarrík skólamáltíð.

Úganda

Í Úganda hefur heimsfaraldurinn haft mikil áhrif á efnahag og samfélag. Eins og annars staðar hafa stjórnvöld gripið til ýmissa úrræða til að halda honum í skefjum. Öllum skólum var lokað í rúmt eitt og hálf ár, en flestir opnaðir aftur í janúar 2022. Hvergi í heiminum hafa skólar verið lengur lokaðir og óttast er að fjöldi barna muni ekki skila sér aftur á skólabekk. Mjög langt var gengið í samkomutakmörkunum. Útgöngubann var á kvöldin og á tímabili var ferðabann milli héraða og allir markaðir lokaðir, sem bitnaði á afkomu fjölda fólks.

Vegna COVID-19 var samþykkt að ráðstafa 38 milljónum króna til beggja samstarfshéraðanna til að styrkja viðbragðsgetu með þjálfun starfsfólks í heilbrigðisþjónustu, kaupum á sjúkragögnum og búnaði og til fræðslu-starfs. Að auki var reynt að mæta óvæntum þörfum sem faraldurinn kallaði yfir skólastarf og nemendur í báðum héruðum. Samstarf við yfirvöld í Buikwe-héraði hófst 2014. Markmiðið er að bæta lífsskilyrði og afkomu fólks í strandbyggðum með stuðningi við menntun, umbótum á sviði vatnsveitu- og hreinlætismála og uppbyggingu í stjórnsýslu. Öðrum áfanga verkefnisins í Buikwe-héraði lauk á árinu en samþykkt var að hefja undirbúning

áframhaldandi samstarfs til ársins 2025. Gert er ráð fyrir að áherslurnar verði þær sömu, en til viðbótar verði lögð áhersla á að styrkja stöðu kvenna og aðstoð til að bregðast við loftslagsbreytingum.

Tekist hefur að efla vatnsveitu þannig að um 62 þúsund manns hafa nú aðgang að neysluvatni nær heimilum sínum. Fyrstu niðurstöður óháðrar úttektar, sem nú er í vinnslu, benda til að tæplega níutíu prósent þorpsbúa á verkefnissvæðinu hafi aðgang að góðu neysluvatni. Hlutfallið var 58 prósent árið 2015. Sömu sögu er að segja af hreinlætisaðstöðu. Kamrar voru sjaldséðir, en nú nota meira en níutíu prósent fólks kamra og þeir eru við flesta skóla, enda hefur útbreiddri saurmengun verið svo gott sem útrýmt sem skilar sér í betri lýðheilsu. Dregið hefur úr tíðni niðurgangspests meðal barna að fjögurra ára aldri, úr 29 prósent í sautján prósent. Stjórnun og viðhald

vatnsveitna er í höndum héraðsyfirvalda og þau njóta fræðslu sem á að tryggja framtíðarrekstur. Hátt í fjögur hundruð heimili voru tengd við kerfið, þannig að nú fá meira en 1.500 manns rennandi vatn úr krana heima hjá sér. Á árinu lauk byggingu og endurbótum á 21 grunnskóla og fjórum framhaldsskólum. Skólana sækja alls 12.500 nemendur, það er níu þúsund grunnskólanemar og um 3.500 nemar á framhaldsskólastigi. Í stuðningi við skólana fólst þjálfun 23 nýrra kennara ásamt símenntun starfandi kennara, stjórnenda og yfirmanna menntamála og aukið framboð námsefnis. Verkefnið fól í sér fræðslu um barnavernd og þýðingu menntunar, sem er mikilvæg í ljósi langvarandi skólalokana vegna COVID-19. Um 1.200 stúlkur fengu tíðarvörur, fræðslu og hvatningu til að mæta í skóla meðan á blæðingum stendur. Mikil brögð hafa verið að því að stúlkur sitji heima meðan þær hafa blæðingar.

Úganda – Buikwe-hérað



62 þúsund manns **tryggður aðgangur að hreinu vatni** með stuðningi Íslands.



Hlutfall íbúa sem hafa **aðgengi að hreinu vatni** er nú 89% en var 58% árið 2015.



Saurmengun hefur verið **útrýmt í 92% þorpa** á verkefnissvæðinu þökk sé auknu aðgengi að bættri hreinlætisaðstöðu.



Byggingu og endurbótum á 21 grunnskóla og fjórum framhaldsskólum lokið sem alls 12.500 nemendur njóta góðs af.



Menntun stúlkna studd með því að veita **1.200 unglingsstúlkum** fræðslu og aðgengi að tíðarvörum.

Samstarf Íslands við Namayingo-hérað hófst formlega í júní. Samstarfið hvílir á samstarfsamningi til þriggja ára, að upphæð átta milljónir Bandaríkjadala, og byggist á héraðsnálgun Íslands í tvíhliða þróunarsamvinnu. Héraðið er sárafátækt í suðausturhluta Úganda við Viktoríuvatn, íbúar eru um 215 þúsund, þar af um sjötíu prósent í fiskiþorpum. Markmiðið er að draga úr fátækt og bæta lífsskilyrði 150 þúsund íbúa sem búsettir eru í rúmlega tvö hundruð þorpum við strönd Viktoríuvatns þar sem grunnþjónusta er af skornum skammti. Áhersla er lögð á uppbyggingu skólastarfs í grunnskólum, bæði með skólabyggingum og umbótum í kennslu. Annað áherslumál er

að efla vatnsveitu og bæta salernisaðstöðu og hreinlæti til að draga úr sjúkdómum sem berast með vatni. Framkvæmd er í höndum héraðsstjórnvalda í Namayingo með stuðningi og eftirliti af hálfu sendiráðs Íslands í Kampala.

Á árinu hófust framkvæmdir við fimmtíu vatnsborholur og byggingu sex nýrra vatnsbrunnna sem munu veita 16.200 manns aðgang að neysluhæfu vatni í þremur sýslum. Gott neysluvatn mun ekki síst koma konum og stúlkum til góða. Þær hafa jafnan þurft að ganga langan veg eftir vatni. Í menntaþætti verkefnisins var lokið við endurbætur og byggingu þriggja grunnskóla sem 2.500 nemendur sækja. Fram fór þarfagreining fyrir þjálfun

grunnskólakennara og menntamálayfirvöld héraðsins fengu stuðning sem fólst meðal annars í endurbótum á húsnæði og kaupum á búnaði og farartækjum sem gera þeim kleift að sinna starfi sínu betur. Stuðningur vegna COVID-19 var einnig veittur með kaupum og dreifingu 110 hitamæla til meira en nítíu skóla. Námsefni var prentað og dreift heim til grunnskólanema svo þeir gætu haldið áfram að læra þótt skólarnir væru lokaðir. Einnig fór fram fræðsla til að efla samfélagslega þátttöku.

Úganda – Namayingo-hérað

Úganda - Namayingo-hérað



Vinna hafin við endurbætur á **fimmtíu vatnsborholum** og **sex nýir vatnsbrunnar** byggðir sem veita **16.200** manns aðgang að neysluhæfu drykkjarvatni.

Í samstarfi við UNICEF styður Ísland uppbyggingu vatns- og hreinlætismála í skólum og heilsugæslustöðvum í flóttamannabygðum í norðvesturhluta Úganda þar sem yfir sex hundruð þúsund flóttamenn dvelja, einkum frá Suður-Súdan. Verkefnið nær til 27 skóla og sex heilsugæslustöðva í þremur héruðum, Adjumani, Arua og Madi Okollo.

Leitast er við að samþætta mannúðarstarf og þróunarsamvinnu með stuðningi við bæði flóttafólk og heimafólk, en 1,4 milljónir flóttafólks dvelur nú í Úganda. Þessi mikli fjöldi eykur álag á innviði og þjónustu. Samblandi þróunar- og mannúðaraðstoðar er því ætlað að tryggja að nærumhverfi flóttafólks njóti einnig góðs af stuðningnum.

Árið 2021 voru átta skólar og tvær heilsugæslustöðvar teknar fyrir og munu framkvæmdirnar, sem ætlað er að ljúki í byrjun árs 2022, bæta vatns- og hreinlætisaðstöðu fyrir alls 6.600 manns. Samhliða framkvæmdunum voru vatns- og hreinlætisnefndir stofnaðar í skólunum og heilsugæslustöðvunum. Þær fengu fræðslu um almennar hreinlætisvenjur og viðhald og rekstur á aðstöðunni sem komið hefur verið upp. Einnig var leitast við að bæta tíðarheilbrigði stúlkna í skólunum átta og fengu kennarar og stúlkur fræðslu og aðgang að tíðarvörum sem er einkar mikilvægt fyrir skóla-sókn þeirra.

Úganda – samstarfsverkefni með UNICEF



Framkvæmdir hafnar við **átta skóla** og **tvær heilsugæslustöðvar** í flóttamannabygðum sem bæta vatns- og hreinlætisaðstöðu fyrir **6.600** manns.



Stuðningur Íslands mun veita alls **43 þúsund manns** aðgang að öruggu vatni og bættri hreinlætisaðstöðu.

Ísland studdi kosningaefirlit þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP) vegna forseta- og þingkosninga í janúar 2021. Markmiðið var að tryggja að kosningarnar færu fríðsamlega fram og að gera kjósendum kleift að nýta atkvæðisrétt sinn án hindrana.

Sierra Leóne

Í byrjun árs var samstarfssamningur við stjórnvöld í Sierra Leóne framlengdur til loka árs 2022. Fyrir liggur að tvíhliða þróunarsamvinna við landið aukist með opnun sendiskrifstofu og gerð nýs samstarfssamnings. Vegna COVID-19 gekk sú vinna hægar en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Engu að síður héldu viðræður við stjórnvöld og aðra samstarfsaðila áfram og í október komust fulltrúar ráðuneytisins í heimsókn til landsins þar sem farið var yfir framgang yfirstandandi verkefna og rætt um ný samstarfsverkefni. Utanríkisráðuneytið vinnur náið með landsskrifstofu UNFPA í Sierra Leóne að undirbúningi nýs samstarfsverkefnis. Markmiðið er að styðja viðleitni stjórnvalda til að útrýma fæðingarfistli í landinu á næstu árum. Byggist verkefnið á núverandi samstarfi sem hefur gengið vel og skilað góðum árangri. Verkefnið á að taka á heildstæðan hátt á orsökum og afleiðingum fæðingarfistils og jafnframt stuðla að framförum í mæðravernd og fræðslu og þjónustu um kyn- og frjósemisheilbrigði, sem eru mikilvægir fyrirbyggjandi þættir gegn fistli. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra undirritaði samstarfssamning við UNFPA um verkefnið í lok desember og er nú unnið að undirbúningi fyrir framkvæmd þess. Með verkefninu, sem verður eitt það stærsta á þessu sviði fyrir UNFPA í Vestur-Afríku, hefur Ísland tækifæri til að láta að sér kveða í jafnréttismálum á landsvísu í nýju samstarfslandi og stuðla að auknum mannréttindum jaðarsettra kvenna og stúlkna.

Samstarfsverkefni Íslands og UNFPA um farvarnir og lækningu við fæðingarfistli 2020-2021



514 konur fóru í **skimun** vegna fæðingarfistils.



297 konur undirgengust **skurðaðgerð** til að lækna fæðingarfistil.



65 konur fengu **kennslu og þjálfun** sem nýtist til framfærslu í tengslum við endurhæfingu vegna fæðingarfistils.

Ísland hefur stutt vatns- og hreinlætisverkefni í fiskiþorpum, sem snúa að bættum lífsskjörum íbúa og bættri meðferð afla sem er landað. Verkefnið er í samstarfi við UNICEF og sjávarútvegsráðuneytið í Sierra Leóne. Þrátt fyrir vandkvæði tengd COVID-19 við innleiðingu og framkvæmd verkefnanna náðist umtalsverður árangur þótt þeim sé ekki að fullu lokið. Frá upphafi hafa samtals 58.500 manns í þremur fiskiþorpum nú fengið aðgang að neysluvatni í gegnum vatnsveitur sem þjóna meðal annars skólum, heilsugæslustöðvum, almenningsalernum og fiskverkunarstöðvum við helstu löndunarbyggjur þorpsins. Bætt hreinlætisaðstaða og almenningsalarni fyrir karla og konur eru orðin að veruleika, með lýsingu knúinni af sólarrafhlöðum. Aðstaðan er víðs vegar um þorpin, meðal annars við löndunarstöðvar þar sem jafnan er margt um manninn. Samhliða byggingaframkvæmdum hafa vatns- og hreinlætisnefndir verið stofnaðar í öllum þorpunum. Þær sjá um viðhald og rekstur og stuðla að vitundarvakningu íbúa um hreinlætismál og þýðingu þess að útrýma saurmengun í þorpunum. Löndunaraðstaða með aðgangi að vatni hefur verið byggð sem skilar sér í bættri meðferð fisks. Verkefnið fól einnig í sér uppsetningu endurvinnslustöðvar í Tombo og þjálfun 32 ungmenna í hvernig nýta má plastúr- gang og annað sorp til framleiðslu á nyttsamlegum vörum, svo sem orkusparandi hlóðum og múrsteinum úr plasti og sandi, sem hluti af viðleitni til að draga úr plastmengun við löndunarstaði og styðja við atvinnusköpun fyrir ungt fólk.

Í ljósi góðs árangurs samstarfsins við UNICEF og sjávarútvegsráðuneytið á þessu sviði og hversu brýn þörfin er fyrir aðgang að fullnægjandi vatns- og hreinlætisaðstöðu í sjávarbyggðum, eru uppi áætlanir um að innleiða samstarfið í fleiri þorpum og hófst undirbúningur fyrir það í lok ársins.

Síerra Leóne



58.500 manns í þremur fiskiþorpum hafa fengið aðgangi að **öruggu vatni** með stuðningi Íslands frá árinu 2019.



Átján þúsund stúlkur í 194 skólum hafa fengið aðgangi að **tíðarvörum og fræðslu** sem gerði þeim kleift að stunda skóla allt árið um kring í gegnum samstarf Íslands og UNICEF.

Í gegnum samstarf Íslands og UNICEF um tíðarheilbrigði stúlkna hafa alls átján þúsund stúlkur í 194 skólum fengið aðgang að tíðarvörum og fræðslu sem gerir þeim kleift að stunda skóla árið um kring. Áður neyddust stúlkurnar til að vera heima meðan á tíðarblæðingum stóð sem leiddi til þess að þær misstu fjölda daga úr skóla á ári. Á árinu var unnið ötullaga með sjávarútvegsráðuneyti Sierra Leóne að undirbúningi umfangsmikils nýs verkefnis á sviði fiskimála og bláa hagkerfisins. Vegna áhrifa COVID-19 fór sá undirbúningur að mestu leyti fram á fjarfundum. Hafið var samtal við lykilsérfræðistofnanir á Íslandi á þessu sviði, Hafrannsóknastofnun, Fiskistofu, Sjávarútvegsskóla GRÓ og Matís, um aðkomu að undirbúningi og framkvæmd slíks verkefnis. Vonir standa til að á árinu 2022 muni nást að ljúka undirbúningi og hefja verkefnið sem verður lykilþáttur í tvíhliða samvinnu landanna næstu árin.

Frá 2018 hefur Ísland stutt við tilraunaverkefni um endurbætta reykofna fyrir fisk í þorpinu Tombo. Rík hefið er fyrir reykum fiski í Sierra Leóne og reiknað er með að slíkir reykofnar geti orðið þýðingarmikill þáttur í nýju verkefni. Unnið var að endurbótum og prófunum á reykofnunum með tæknilegri aðstoð Matís sem hefur haft faglega og tæknilega umsjón með verkefninu frá upphafi í samstarfi við Sjávarútvegsskóla GRÓ.

Tveir sérfræðingar frá Sierra Leóne luku þjálfun hjá Sjávarútvegsskóla GRÓ á Íslandi á árinu sem er þáttur í að styrkja lykilstofnanir sjávarútvegs í landinu.

Líbería

Samstarfssamningur Íslands við stjórnvöld í Líberíu rann út í árslok og þar með lauk samstarfinu sem hófst árið 2018 sem hluti af svæðasamstarfi í Vestur-Afríku um fiskveiðistjórnun, bættu meðferð afla og aukin lífsgæði í fiskveiðisamfélögum. Í gegnum samvinnu Íslands og UNICEF um endurbætur á vatns- og hreinlætisaðstöðu fátækra fiskisamfélaga hafa nú þegar rúmlega 23 þúsund manns fengið aðgang að hreinu vatni og betri hreinlætisaðstöðu. Á árinu 2021 hófust framkvæmdir í nýju þorpi þar sem 7.500 manns munu bætast við. Áætlað er að UNICEF muni ljúka þessum verkþáttum fyrir mitt ár 2022. Samhliða því að bæta vatns- og hreinlætisaðstöðu í þorpunum var stutt við samfélagsdrifið átak um hreinsun plasts og úrgangs af nærliggjandi strandlengjum. Það fól meðal annars í sér vitundarvakningu og þjálfun hóps sjálfboðaliða. Einn sérfræðingur frá Líberíu lauk þjálfun hjá Sjávarútvegsskóla GRÓ á Íslandi á árinu.

COVID-19 hefur haft mikil áhrif á framgang samstarfsins í Líberíu og ekki náðist að ljúka öllum þeim verkþáttum sem lagt var upp með í verkefninu.

3.5 Samstarf við félagasamtök í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð

Samstarf við félagasamtök á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar á sér langa sögu og hefur fjölbreytni verkefna aukist mjög á undanförunum árum. Félagasamtök gegna

þýðingarmiklu hlutverki við að vinna yfirmarkmiðum þróunarsamvinnustefnu Íslands og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna brautargengi.

Eðli verkefna félagasamtaka eru margvísleg og leggur utanríkisráðuneytið upp með ólíkar leiðir til samstarfs. Úttekt var gerð á málaflökknum undir lok árs 2020 og voru úrbætur í starfi innleiddar á árinu. Þar á meðal var hafin vinna við gerð rammisamninga við stærstu samstarfsaðila um þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð. Reiknað er með að vinnu ljúki snemma árs 2022.

Þróunarsamvinnuverkefni félagasamtaka

Alls voru gefin vilyrði fyrir styrkjum til ellefu nýrra verkefna á árinu 2021, öll í Afríku. Um er að ræða tvö langtímaverkefni; eitt á vegum Rauða krossins á Íslandi í Sierra Leóne, annað á vegum samtakanna Stelpur rokka í Tógó, og sjö styttri verkefni. Barnaheill - Save the Children á Íslandi fékk styrk til verkefna í Sierra Leóne og Líberíu, Aurora velgerðasjóður í Sierra Leóne, CLF á Íslandi í Úganda, Rauði krossinn á Íslandi fyrir svæðaverkefni, Samband íslenskra kristnibóðsfélaga í Kenía og Styrktarfélagið Broskallar í Kenía. Að auki fengu tvö nýliðaverkefni styrki, annað á vegum Styrktarfélags „Haven Rescue Home“ í Kenía og hitt á vegum Landssamtakanna Þroskahjálpar í Malaví.

Auk nýrra verkefna voru uppfylltar skuldbindingar vegna átta langtímaverkefna; verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda og Eþíópíu; verkefni SOS barnaþorpanna á Íslandi í Eþíópíu, Sómalíu og Tógó; og verkefni Rauða krossins á Íslandi í Malaví og Sierra Leóne ásamt einu svæðaverkefni.

Alls var rúmum 269 milljónum veitt til þróunarsamvinnuverkefna félagasamtaka árið 2021.

Mannúðaraðstoð félagasamtaka

Tæpum 248 milljónum var varið til mannúðaraðstoðar á vegum félagasamtaka á árinu. Annars vegar er um að ræða styrki sem úthlutað er allt árið á meðan fjárheimildir leyfa og hins vegar á grundvelli rammasamnings við Rauða krossinn á Íslandi.

Barnaheill – Save the Children fékk stuðning til barnaverndar og verkefna á svokölluðum barnvænum svæðum í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, ásamt styrk sem rann í viðbragðssjóð Save the Children International, sem bregst við neyðinni þar sem hún er mest hverju sinni. Hjálparstarf kirkjunnar hlaut styrki til mannúðaraðstoðar í Norður-Eþíópíu og Sýrlandi.


Á grundvelli rammasamnings við Rauða krossinn á Íslandi, sem framlengdur var út árið 2021, fengu samtökin 148 milljónir til ráðstöfunar. Féð var notað til að mæta afleiðingum COVID-19 í Malaví, Sómalíu og Líbanon, til neyðarviðbragða í Palestínu, heilsugæslu

í Sómalíu í yfirvofandi hungursneyð og í almenna mannúðaraðstoð í Afganistan í skugga valdatöku talibana. Að auki var féð notað til að senda fimm sendifulltrúa á vettvang víðs vegar um heim.


Kynningar- og fræðslustyrkir

Einnig voru veittir styrkir til kynningar- og fræðsluverkefna innanlands. Hlutverk þeirra er meðal annars að vekja athygli á þróunarsamvinnu og hvetja almenning til að taka þátt í þróunarverkefnum. Sækja má um uppbyggingarstyrki til að efla félagasamtök á sviði þróunarsamvinnu. Öll félög sem sinna alþjóðlegu mannúðarstarfi og þróunarsamvinnu geta sótt um styrki af þessu tagi. Að baki býr hugsun um að auka þekkingu meðal almennings og áhuga á að leggja sitt af mörkum til þróunarsamvinnu. Í þeim efnum gegna félagasamtök veigamiklu hlutverki.

Verkefni félagasamtaka 2021



Styrkveitingar til verkefna íslenskra félagasamtaka 2021



3.6 Samstarf við atvinnulífið

Í stefnu Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu er lögð áhersla á samstarf við atvinnulífið. Stjórnvöld vilja hvetja einkageirann til að leggja sitt af mörkum til verðmæta- og atvinnuskapandi verkefna í þróunarlöndum og vinna þannig að framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Lausnir, sérþekking og fjárfestingar íslenskra fyrirtækja geta stuðlað að sjálfbærri þróun, aukinni hagsæld og tækifærum fyrir fólk í þróunarlöndum til að brjótast úr viðjum fátæktar.

Heimsmarkmiðasjóður atvinnulífs um þróunarsamvinnu


Frá stofnun sjóðsins í lok árs 2018 hefur utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra samþykkt um helming þeirra rúmlega fjörutíu umsókna sem borist hafa sjóðnum að tillögu óháðs matshóps sérfræðinga. Á heildina litið er nú unnið að framkvæmd átján verkefna í þróunarlöndum, þar af fimm minni forkönnunarverkefnum. Um helmingur verkefnanna kemur til framkvæmda í fátækustu ríkjum heims samkvæmt skilgreiningu Þróunarsamvinnunefndar OECD (Least Developed Countries, DAC, OECD).

Starfsemi Heimsmarkmiðasjóðs atvinnulífs um þróunarsamvinnu gekk vel á árinu 2021, þótt hægt hafi á framkvæmd verkefna vegna COVID-19. Tvisvar var auglýst, vor og haust, og gengið frá samningum við ellefu fyrirtæki um níu stærri og tvö minni samstarfsverkefni í jafn mörgum löndum. Stærri styrki fengu GEG Power, Hananja, Intellecton, Pólar toghlerar, Áveitan, BBA//Fjeldco, Fisheries Technologies, Kerecis og 66° Norður í samstarfi við UN Women.

Styrkirnir nema allt að þrjátíu milljónum króna á móti sama eða hærra framlagi fyrirtækjanna sjálfra. Verkefnin eru fjölbreytt og snúast um fiskveiðistjórnun, fjármálaþjónustu, heilbrigðisþjónustu, laga- og reglugerðaskrif, matvælaframleiðslu, jarðhitanýtingu og skapandi greinar, svo dæmi séu nefnd.

Alls var 202 milljónum úthlutað til þróunarverkefna atvinnulífsins á árinu, sem koma til greiðslu á næstu þremur árum.

Verkefni styrkt af Heimsmarkmiðasjóði atvinnulífs um þróunarsamvinnu 2021



Þjónustuborð atvinnulífs – Heimstorg Íslandsstofu

Í samstarfi við Íslandsstofu var unnið að hvatningu, kynningu og fræðslu til handa atvinnulífinu um tækifæri í þróunarsamvinnu. Heimasíðan Heimstorg.is hjá Íslandsstofu fór í loftið í mars þar sem leitast er við að miðla upplýsingum um allar opinberar þjónustuleiðir í þróunarsamvinnu, bæði innanlands og alþjóðlega. Íslensk fyrirtæki fá upplýsingar, ráðgjöf og þjónustu hjá Íslandsstofu og geta fylgst með á Heimstorginu, þar sem kynntar eru styrkúthlutanir úr opinberum sjóðum eins og Heimsmarkmiðasjóði atvinnulífs, innkaupum og útboðum alþjóðastofnana, svo sem á vegum Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðabankans.

Fagråd þjónustuborðsins tók til starfa á árinu, skipað fólk úr atvinnulífinu sem styður við kynningarstarf. Framundan er efling kynningar- og fræðslustarfs byggt á verklagi um samstarf og aðgerðaáætlun sem ráðuneytið og Íslandsstofa samþykktu á árlegum samráðsfundi sínum um þjónustuborðið í nóvember.

Þróunarfræ

Komið var á fót styrkjaflokknum Þróunarfræ, í samstarfi utanríkisráðuneytisins og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, til að efla nýsköpun og þátttöku frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja í þróunarsamvinnu. Samstarfsverkefnið felur í sér að ráðuneytin leggi hvort um sig allt að fimmtíu milljónir króna í sjóðinn sem hýstur er hjá Tækniþróunarsjóði. Ekki var úthlutað úr sjóðnum á árinu 2021.

Ráðgjafalistar

Sjálfbær nýting náttúruauðlinda og jafnréttis-, umhverfis- og loftslagsmál eru áherslusvið í íslenskrri þróunarsamvinnu og er þróunarframlag Íslands meðal annars

veitt með tæknilegri aðstoð í samræmi við það. Á grundvelli samstarfsyfirlýsinga við alþjóðastofnanir, svo sem Alþjóðabankann, FAO og IFAD geta þær óskað eftir sérfræðiráðgjöf, einkum við undirbúning og gæðamat verkefna. Umsýsla og eftirlit með ráðgjafalistanum er í samstarfi við Ríkiskaup.

Á árinu 2021 voru íslenskir ráðgjafar við fjögur vatnsafls-, þrjú jarðhita- og eitt fiskimálaverkefni á vegum Alþjóðabankans vegna undirbúnings verkefna í sex löndum, Kosta Ríka, El Salvador, Kasakstan, Líbería, Saó Tóme og Prinsípe og Víetnam. Auk þess unnu þeir við gerð skýrslna fyrir orkusjóð Alþjóðabankans (ESMAP). Engir ráðgjafar fóru í vettvangsferðir á árinu.



4 Utanríkisviðskipti

4.1 Almenn

Ísland er lítið og opið hagkerfi. Viðskiptastefna Íslands hefur að markmiði að þjóna efnahagslegum hagsmunum samfélagsins og tryggja samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á alþjóðamörkuðum.

Lykilatriði er að geta treyst á sterkt og fyrir-sjáanlegt viðskiptakerfi þar sem leikreglur eru skýrar. Slíkt kerfi grundvallast annars vegar á tvíhliða og svæðisbundnum viðskiptasamningum og hins vegar á öflugu samstarfi meðal ríkja innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Hér á eftir verður gerð grein fyrir umfangsmiklu starfi utanríkisráðuneytisins í þágu íslenskra viðskiptahagsmuna á alþjóðavettvangi og birtar tölulegar upplýsingar um vöru- og þjónustuviðskipti Íslands. Tölulegar heimildir eru frá Hagstofu Íslands.

4.2 Staða utanríkisviðskipta

Bandaríkin

Bandaríkin hafa í áratugi verið stærsta einstaka viðskiptaland Íslands bæði hvað varðar vöru- og þjónustuviðskipti og beinar fjárfestingar á Íslandi. Mikil áhersla hefur verið lögð á að treysta viðskiptasambönd og unnið

er að auknu viðskiptafrelsi milli ríkjanna, meðal annars með föstu samráði við bandaríska utanríkisráðuneytið og embætti viðskiptafulltrúa Bandaríkjaforseta (US Trade Representative, USTR).


Þáverandi utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fundaði á árinu 2021 með Antony Blinken utanríkisráðherra Bandaríkjanna í tengslum við ráðherra fund Norðurskautsráðsins þar sem viðskiptamál voru ofarlega á baugi. Ráðherra ræddi einnig viðskiptamál við þingmenn Bandaríkjaþings sem sóttu Ísland heim 2021.

Fulltrúar utanríkisráðuneytisins og EFTA-ríkjanna funduðu í nóvember 2021 með fulltrúum USTR um nýja viðskiptastefnu Bidens forseta og tækifæri til nánara samstarfs á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar. Árlegt tvíhliða efnahagssamráð var haldið í desember 2021 með fulltrúum viðskiptaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins í Washington þar sem efnahags- og viðskiptamál milli ríkjanna voru rædd á breiðum grundvelli.

Viðskiptastefna Bandaríkjanna leggur nú meiri áherslu en áður á hagsmuni almennra launþega (worker centred trade policy), umhverfis- og loftlagsmál, mannréttindi og sanngirnissjónarmið. Að auki er rætt um leiðir til þess að draga úr viðskiptaspennu í samstarfi við lykilbandamenn. Stefnan rímar vel við

Vöru- og þjónustuviðskipti við Bandaríkin

Upphæðir í milljónum króna



* Þjónustuviðskipti 2021 byggja á bráðabirgðatölum.

viðskiptaáherslur Íslands og skapar grundvöll til að styrkja viðskiptasamráð ríkjanna enn frekar og leysa útistandandi viðskiptamál.

Þá funduðu fulltrúar utanríkisráðuneytisins með bandarísku þingkonunni Chellie Pingree þar sem undirstrikað var mikilvægi þess að leggja svonefnt Íslandsfrumvarp fram að nýju og var það nýlega gert. Í frumvarpinu er lagt til að Ísland verði meðal þeirra ríkja sem geta sótt um svonefnda E1/E2-áritun með það að markmiði að liðka fyrir ferðum íslenskra fjárfesta til Bandaríkjanna í viðskiptaerindum.

Kína

Ísland og Kína fögnuðu því á árinu 2021 að fimmtíu ár eru liðin frá því að löndin tóku upp formlegt stjórnámbandsamband. Eins og áður kom fram átti utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra af því tilefni fjárfund með utanríkisráðherra Kína í desember þar sem þau ræddu sívaxandi tengsl ríkjanna á undanförunum árum og tækifæri til frekara samstarfs, sérstaklega á sviði loftslagsaðgerða og endurnýjanlegrar orku. Þá var tvíhliða fríverslunarsamningur ríkjanna ræddur en samningurinn hefur ýtt undir aukin viðskipti á milli Íslands og Kína. Af öðrum viðskiptatengdum málum var einnig rætt um möguleika á beinu flugi milli landanna þegar aðstæður í heiminum leyfa. Myndi það opna fyrir komu enn fleiri ferðamanna frá Kína.


Viðskipti Íslands og Kína drógust saman í kjölfar heimsfaraldursins eftir að hafa verið í stöðugri aukningu undanfarin ár. Vöruviðskipti hafa rúmlega tvöfaldast frá 2014 til 2021 og héldu áfram að vaxa þrátt fyrir faraldurinn. Innflutningur frá Kína vegur þar þyngst en útflutningur Íslands til Kína hefur þó rúmlega þrefaldast á tímabilinu. Þjónustuviðskipti rúmlega tvöfölduðust frá 2014 til 2019 en drógust verulega saman í kjölfar heimsfaraldursins. Þjónustujöfnuður hefur verið Íslandi í hag undanfarin ár vegna fjölda kínverskra ferðamanna og vonast er til að sá markaður opnist á ný þegar aðstæður leyfa.

Vöruútflutningur til Kína árið 2021 nam rétt tæpum 16,5 milljörðum króna. Útflutningur dróst nokkuð saman árið 2020 en náði sér svo aftur á strik og mældist 3,4% hærrí 2021 en fyrir faraldurinn. Vöruinnflutningur frá Kína óx á milli ára í faraldrinum og nam rúmum 88 milljörðum króna árið 2021.

Framtíðarhorfur í viðskiptum Íslands og Kína eru góðar. Fyrirtæki á borð við Eimskip, Össur og Marel hafa styrkt stöðu sína verulega á kínverskum markaði. Fyrir liggur að undirrita bókun milli ríkjanna sem mun tryggja viðurkenningu íslenskra heilbrigðisvottorða fyrir allt íslenskt sjávarfang í Kína. Útflutningur dýrari varnings hefur farið vaxandi svo nemur hundruðum milljónum króna. Þar á meðal eru fryst þorsklök. Fjölbreytni útflutnings hefur aukist og munar þar mestu um snyrtivörur og

Vöru- og þjónustuviðskipti við Kína

Upphæðir í milljónum króna



* Tölur um þjónustuviðskipti við Kína árið 2021 lágu ekki fyrir við útgáfu.

ál. Fæðubótarefni ýmiss konar henta vel fyrir netverslun og hefur verið lögð rækt við að styrkja stöðu íslenskra afurða á þeim vettvangi.

Kínversk stjórnvöld leggja ríka áherslu á samstarf og fjárfestingar sem vinna gegn loftslagsbreytingum og voru nýir samningar undirritaðir um fjármögnun verkefna sem byggja á tækni og þekkingu Carbon Recycling International. Þá heldur umfang og starfsemi Arctic Green Energy við að byggja upp jarðhitaveitu fyrir milljónir íbúa áfram að vaxa í Kína.

Japan

Japan er einn mikilvægasti útflutningsmarkaður Íslands í Asíu og lykilmarkaður fyrir fjölda íslenskra afurða. Útflutningur minnkaði umtalsvert árið 2020 vegna heimsfaraldursins en hefur náð sér aftur á strik þar sem vöruútflutningur rúmlega tvöfaldaðist milli ára. Fyrsta formlega efnahagssamráð ríkjanna fór fram í júní 2019 og til stendur að halda næsta fund á árinu 2022.

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki fögnuðu því að útflutningur á loðnu hófst að nýju til Japans en landið er lykilmarkaður fyrir loðnu og loðnuhrogn. Vonir standa til að útflutningur haldi áfram að vaxa og eru íslensk fyrirtæki nú með markvissa viðskiptaþróun á þessum markaði í Japan.

Norræna nýsköpunarsetrið í Tókýó er vettvangur fyrir markaðssókn norrænna nýsköpunar- og vaxtafyrirtækja á erlendum markaði. Þrátt fyrir áframhaldandi heimsfaraldur voru haldnir fjölmargir viðburðir og viðskiptahraðlar á vegum setursins í Tókýó árið 2021. Þar á meðal voru kynningar á grænum lausnum í orkumálum og heilbrigðis- og líftækni en það er svið þar sem íslenskir útflytjendur hafa haslað sér völl.

Á árinu 2021 tók gildi fjölbjóðlegur viðskipta-samningur helstu hagkerfa í Asíu undir heitinu RCEP, en þegar var í gildi nýlegur samningur helstu hagkerfa á Kyrrahafssvæðinu, CPTPP. Þessir samningar munu leggja grundvöll að breyttu viðskiptaumhverfi í Asíu og er nauðsynlegt fyrir Ísland að fylgjast vel með þeirri þróun.

Rússland

Heimsfaraldurinn og togstreita í samskiptum Rússlands og Vesturlanda síðastliðin ár settu áfram mark sitt á viðskipti síðasta árs. Frá því að lokað var á innflutning á ýmsum vest-rænum matvælum árið 2015, þar með töldum íslenskum sjávarafurðum, hafa rússnesk stjórnvöld haldið áfram að styrkja innviði, nútímavæða skipaflota og aðbúnað til fisk- og matvælavinnslu.

Heimsfaraldurinn hafði áhrif á ferðalög milli ríkjanna sem aftur hafði áhrif á viðskipti. Um mitt ár 2021 voru ferðalög Íslendinga til Rússlands á ný möguleg, sem greiddi fyrir fundum og þátttöku í viðburðum. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra átti fund með starfsbræðrum sínum í St. Pétursborg í tengslum við stóra sjávarútvegssýningu þar sem níu íslensk fyrirtæki tóku þátt ásamt Íslandsstofu og sendiráði Íslands í Moskvu. Forstjóri Matvælastofnunar ásamt sendinefnd fundaði með starfsbróður sínum í Moskvu um útflutning á dýraafurðum til Rússlands og Evrasíska efnahagssambandsins (EAEU). Þá tók sendiherra Íslands í Moskvu þátt í nokkrum viðburðum tengdum íslenskum afurðum, til að mynda lýsi og skyri. Þá hefur sendiráðið átt í góðum samskiptum við umdæmisríki í Mið-Asíu, sérstaklega í tengslum við tækifæri á sviði endurnýjanlegrar orku.

Færeyjar

Fríverslunarsamningur Íslands og Færeyja, kenndur við Hoyvík, er mikilvægasti samningurinn milli Íslands og Færeyja. Frá því að Færeyingar drógu uppsögn sína á samningnum til baka árið 2019 hefur verið unnið að því að styrkja samskiptin og framkvæmd samningsins.

Í september 2021 kom út skýrsla á vegum utanríkisráðuneytisins um samskipti Íslands og Færeyja þar sem útlistað er það samstarf sem nú þegar er til staðar, svo sem í sjávarútvegi, heilbrigðismálum, menntamálum, rannsóknnum og nýsköpun og menningarmálum. Þar er jafnframt að finna þrjátíu tillögur að verkefnum sem lagt er til að komi til framkvæmda á næstu árum.

Tillögnum er ætlað að stuðla að auknum samskiptum þjóðanna með hagsmuni beggja að leiðarljósi, renna styrkari stoðum undir núverandi samvinnu og skapa forsendur fyrir ný tækifæri. Þær spanna vítt svið, allt frá íþróttum til bláa hagkerfisins. Meðal þeirra má nefna að samstarf Færeysk-íslenska verslunarráðsins verði formfest með aðkomu viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, að stefnt verði að gerð rammisamnings Íslands og Færeyja um eflingu bláa hagkerfisins, að tvíhliða markaðs-samstarfs verði eft í því skyni að kynna löndin sem ákjósanlegan áfangastað, að settur verði á fót vísinda- og menntasjóður fyrir námsmenn, rannsakendur og kennara til vistaskipta og samstarfs og að komið verði á fót samstarfi miðstöðva skapandi greina til að efla tengsl íslenskra og færeyskra listamanna.

Grænland

Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að efla samstarf Íslands og Grænlands á ýmsum sviðum. Sem liður í þeirri viðleitni var útkoma skýrslu Grænlandsnefndar á vegum ráðuneytisins í janúar 2021, *Samstarf Grænlands og Íslands á nýjum Norðurslóðum*. Þar eru settar fram fjölmargar tillögur um aukna

samvinnu á ýmsum sviðum, svo sem um gerð tvíhliða viðskiptasamnings og aukin tækifæri tengd viðskiptum.

Vikulegar siglingar hafa verið á milli Reykjavíkur og Nuuk í samstarfi Eimskipafélagsins og Royal Arctic Line sem hafa þjónað hagsmunum bæði Íslands og Grænlands. Með þeim er liðkað fyrir vöruflutningum til Grænlands og greið leið opnuð fyrir Grænland að alþjóðlegu flutningakerfi. Aukin samkeppni hefur til að mynda leitt af sér aukið framboð á ferskvöru.


Grænendingar hafa verið stórhuga í uppbyggingu á nýjum millilandaflugvöllum sem munu fela í sér mikilvæg tækifæri fyrir ferðaþjónustu. Ljóst er að tækifæri gætu jafnframt verið áhugaverð fyrir íslenska aðila, bæði við framkvæmdir og miðlun reynslu.

Vöru- og þjónustuviðskipti

Í eftirfarandi kafla má finna tölulegar upplýsingar um vöru- og þjónustuviðskipti Íslands, umfang útflutningsvara í heild sinni og eftir helstu vöru tegundum, helstu viðskiptalöndum og ríkjaflokkum, umfang þjónustuútflutnings í heild sinni og eftir helstu flokkum auk þróunar útflutningstekna.


Útflutningur vöru og þjónustu 2013-2021

Upphæðir í milljónum króna



Þjónustuútflytningur eftir flokkum 2013-2021

Upphæðir í milljónum króna




Þjónustuflokkur	2020		2021*	
Farþegaflutningar með flugi	26.187,5	6,9%	37.704,0	8,0%
Ferðalög	86.740,9	22,9%	166.177,8	35,5%
Gjöld fyrir notkun hugverka ót.a.	51.700,1	13,6%	39.178,1	8,4%
Fjarskipta-, tölvu- og upplýsingaþjónusta	46.957,6	12,4%	49.503,7	10,6%
Önnur viðskiptaþjónusta	64.596,2	17,0%	59.360,2	12,7%
Önnur þjónusta	102.694,2	27,1%	116.805,8	24,9%
Þjónustuútflytningur alls	378.876,5	100%	468.729,6	100%

* Bráðabirgðatölur

Vörútflytningur eftir vörutegundum 2013-2021

Upphæðir í milljónum króna



Vörutegundir	2020		2021*	
Sjávarafurðir	269.918,0	43,5%	292.505,1	38,6%
Afurðir áls	207.674,4	33,5%	284.434,1	37,5%
Iðnaðarvörur, aðrar	90.847,9	14,6%	112.202,8	14,8%
Landbúnaðarvörur	35.317,2	5,7%	45.143,9	6,0%
Aðrar vörur	16.530,3	2,7%	24.313,5	3,2%
Vörútflytningur alls	620.287,7	100,0%	758.599,4	100,0%


* Bráðabirgðatölur

Vöruútflutningur eftir helstu viðskiptalöndum og ríkjaflokkum

Land/ríkjahópur	2020	2021	Breyting milli ára	Hlutfall af heildar-útfli. 2021
Evrópa	521.940,7	621.920,6	+19,2%	82,0%
ESB (27)	404.958,1	498.336,0	+23,1%	65,7%
EFTA	28.071,4	27.481,5	-2,1%	3,6%
Holland	126.108,2	206.409,4	+63,7%	27,2%
Spánn	107.147,8	89.626,3	-16,4%	11,8%
Bretland	68.768,5	72.669,7	+5,7%	9,6%
Frakkland	50.008,9	60.942,8	+21,9%	8,0%
Þýskaland	34.080,3	45.771,4	+34,3%	6,0%
Noregur	25.968,8	24.638,6	-5,1%	3,2%
Danmörk	17.173,7	18.544,1	+8,0%	2,4%
Pólland	15.754,9	15.635,9	-0,8%	2,1%
Portúgal	13.826,0	14.240,7	+3,0%	1,9%
Belgía	10.369,3	11.509,6	+11,0%	1,5%
Önnur Evrópuríki	52.734,3	61.932,1	+17,4%	8,2%
Norður- og Suður- Ameríka	60.287,3	79.347,8	+31,6%	10,5%
Bandaríkin	47.029,8	58.790,2	+25,0%	7,7%
Kanada	8.946,8	14.147,5	+58,1%	1,9%
Grænland	2.110,7	2.295,5	+8,8%	0,3%
Afríka	10.317,3	11.205,5	+8,6%	1,5%
Nígería	8.898,0	8.403,8	-5,6%	1,1%
Asía	25.553,9	43.186,6	+69,0%	5,7%
Kína	12.284,8	16.451,4	+33,9%	2,2%
Japan	5.375,7	12.947,6	+140,9%	1,7%
Hong Kong	2.638,2	891,5	-66,2%	0,1%
Eyjaálfa	2.188,4	2.938,9	+34,3%	0,4%
Ástralía	1.853,4	2.500,0	+34,9%	0,3%
Alls	620.287,7	758.599,4	+22,3%	100,0%

Eftirfarandi graf og tafla sýna umfang utanríkisviðskipta árið 2020 við helstu viðskiptabjóðir Íslands. Þjónustuviðskiptatölur ársins 2021 liggja ekki fyrir sundurliðaðar eftir öllum löndum fyrr en síðar á árinu 2022 og því er miðað við síðasta heila árið sem tölur eru aðgengilegar. Þá sýnir taflan inn- og útflutning á vörum og þjónustu eftir helstu löndum og ríkjahópum og hlutfall viðskipta við þau miðað við heildarviðskipti í hverjum flokki.

Umfang utanríkisviðskipta 2020



Eftirfarandi ríki eru stærstu viðskiptaþjóðir Íslands, en einnig eru tilgreind viðskipti við helstu nágarrannaríki Íslands og ríkjahópa. Upphæðir eru í milljónum króna.

Inn- og útflutningur eftir helstu viðskiptalöndum og ríkjaflokkum 2020

Land/ríkjahópur	ÚTFLUTNINGUR				INNFLUTNINGUR			
	Vörur		Þjónusta		Vörur		Þjónusta	
1 Holland*	126.108,2	20,3%	14.496,4	3,8%	59.810,1	7,8%	32.465,3	10,5%
2 Bandaríkin	47.029,8	7,6%	76.664,6	20,2%	51.854,5	6,7%	42.789,5	13,8%
3 Bretland	68.768,5	11,1%	48.480,6	12,8%	49.787,8	6,5%	36.564,3	11,8%
4 Þýskaland	34.080,3	5,5%	30.481,0	8,0%	69.302,7	9,0%	14.599,5	4,7%
5 Spánn	107.147,8	17,3%	3.609,9	1,0%	13.885,9	1,8%	10.747,6	3,5%
6 Noregur	25.968,8	4,2%	12.807,6	3,4%	67.789,7	8,8%	15.671,0	5,1%
7 Danmörk	17.173,7	2,8%	18.022,4	4,8%	55.218,7	7,2%	20.499,5	6,6%
8 Frakkland	50.008,9	8,1%	8.054,9	2,1%	21.130,1	2,7%	4.664,8	1,5%
9 Kína	12.284,8	2,0%	3.429,5	0,9%	65.110,2	8,4%	2.174,4	0,7%
10 Svíþjóð	4.258,0	0,7%	10.622,2	2,8%	36.723,8	4,8%	13.643,8	4,4%
11 Pólland	15.754,9	2,5%	2.040,6	0,5%	20.939,6	2,7%	6.576,9	2,1%
12 Malta	131,2	0,0%	40.147,2	10,6%	292,5	0,0%	2.884,9	0,9%
13 Brasilía	668,5	0,1%	620,6	0,2%	35.291,0	4,6%	204,3	0,1%
14 Írland	2.211,2	0,4%	4.891,7	1,3%	8.519,5	1,1%	20.415,7	6,6%
15 Ítalía	4.929,6	0,8%	3.047,0	0,8%	24.730,6	3,2%	3.085,8	1,0%
16 Belgía	10.369,3	1,7%	7.567,3	2,0%	11.559,0	1,5%	4.433,7	1,4%
17 Sviss	2.065,0	0,3%	10.764,3	2,8%	8.649,5	1,1%	9.636,8	3,1%
18 Kanada	8.946,8	1,4%	10.718,5	2,8%	7.089,1	0,9%	3.749,0	1,2%
19 Japan	5.375,7	0,9%	7.377,1	1,9%	13.820,9	1,8%	271,6	0,1%
20 Færeyjar	7.575,1	1,2%	3.206,9	0,8%	3.242,6	0,4%	7.104,9	2,3%
23 Grænland	2.110,7	0,3%	4.238,6	1,1%	4.448,8	0,6%	2.620,1	0,8%
24 Ástralía	1.853,4	0,3%	3.171,2	0,8%	6.321,8	0,8%	1.827,3	0,6%
25 Finnland	840,6	0,1%	1.987,3	0,5%	8.728,6	1,1%	1.548,9	0,5%
29 Rússland	2.851,4	0,5%	3.721,0	1,0%	2.735,4	0,4%	1.127,6	0,4%
34 Nígería	8.898,0	1,4%	22,0	0,0%	1,4	0,0%	26,3	0,0%
EES	430.964,5	69,5%	171.834,8	45,4%	446.287,0	57,9%	178.156,6	57,5%
ESB (27)	404.958,1	65,3%	158.938,9	42,0%	378.449,2	49,1%	162.484,0	52,4%
Norðurlönd**	57.926,9	9,3%	50.885,0	13,4%	176.152,2	22,8%	61.088,2	19,7%
Fríverslunarnet EFTA***	22.970,3	3,7%	29.835,9	7,9%	46.497,1	6,0%	15.202,1	4,9%


* Rotterdam er stærsta uppskipunarhöfn Evrópu og stór hluti alls útflutnings til meginlands Evrópu fer þar um, þar á meðal til Íslands. Erfitt er að meta hversu stórt hlutfall þess útflutnings sem skráður er til Hollands verður eftir í Hollandi og hvað fer áfram til Íslands.

** Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð ásamt Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.

*** Miðast við þau ríki sem EFTA hafði lokið fríverslunarviðræðum við 01.01.21, án tillits til hvenær samningar tóku gildi.

Þróun útflutningstekna

Upphæðir í milljónum króna



* Þjónustuútflutningur 2021 byggir á bráðabirgðatölum.

4.3 Úrsögn Bretlands úr ESB og framtíðarviðræður

Bretland gekk úr Evrópusambandinu (ESB) 31. janúar 2020 en útgangan kom þó fyrst að fullu til framkvæmda 1. janúar 2021 þar sem hið svonefnda aðlögunartímabil stóð yfir frá 31. janúar til 31. desember 2020. Að því loknu tók gildi bráðabirgðafríverslunarsamningur um vöruviðskipti á milli Íslands og Bretlands sem er enn í gildi. Er honum ætlað að brúa bilið þangað til nýr fríverslunarsamningur tekur gildi. Samningurinn tryggir að ekki eru lagðir á hærri tollar á inn- og útflutning til og frá Bretlandi en giltu undir EES-samningnum.

Í desember 2021 var lögð fyrir Alþingi þingsályktunartillaga til fullgildingar á fríverslunarsamningi Íslands, Konungsríkisins Noregs, Furstadæmisins Liechtenstein og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands, en samningurinn var undirritaður 8. júlí 2021 í London. Viðræðurnar fóru fram með hinum EFTA-ríkjunum innan Evrópska efnahags-svæðisins (EES).

Fríverslunarsamningurinn við Bretland er að meginstofni til byggður upp með sama hætti og þeir fríverslunarsamningar sem Ísland hefur gert í samstarfi við hin EFTA-ríkin. Hann er þó yfirgripsmeiri og ítarlegri en aðrir fríverslunarsamningar sem Ísland á aðild að. Endurspeglar það mikilvægi Bretlands sem nágrannaríkis og eins helsta viðskiptalands Íslands.

Samningurinn veitir samskonar tollfríðindi fyrir sjávar- og landbúnaðarafurðir og EES-samningurinn og aðrir tengdir samningar gerðu áður. Þá tryggir samningurinn að útflytjendur íslenskra sjávar- og landbúnaðarafurða fái að minnsta kosti sömu ívilnandi meðferð vegna dýraheilbrigðisreglna við innflutning til Bretlands og önnur samkeppnisríki á EES. Þó svo að fríverslunarsamningurinn fjalli að meginstefnu til um viðskiptakjör og viðskiptareglur er þar jafnframt að finna sérstakan kafla um jafnréttismál og valdeflingu kvenna í viðskiptum. Er það í fyrsta sinn sem fríverslunarsamningur sem Ísland á aðild að inniheldur slík ákvæði. Þá inniheldur samningurinn jafnframt skuldbindingar á sviði umhverfisverndar og baráttu gegn hlýnun jarðar, auk skuldbindinga á sviði vinnuréttar.

Fríverslunarsamningurinn er yfirgripsmikill og ítarlegur og hefur meðal annars að geyma eftirfarandi efnisatriði:

- Kjarnahagsmunir Íslands í vöruviðskiptum eru tryggðir.
- Lagaumgjörð um þjónustuviðskipti á milli ríkjanna með sérstökum köflum um fjármálaþjónustu, fjármagnsflutninga, fjarskiptaþjónustu, sjóflutninga og fjárfestingar.
- Sérstakur kafla um tímabundna dvöl þjónustuveitenda sem auðveldar íslenskum þjónustuveitendum að veita þjónustu sína í Bretlandi og öfugt.
- Aðgangur að opinberum útboðum í Bretlandi umfram þann aðgang sem veittur er í samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um opinber útboð.
- Áframhaldandi góð vernd hugverkaréttinda. Hugverkakaflinn inniheldur jafnframt ákvæði um vernd afurðarheita.
- Upprunareglur sem áfram tryggja möguleika á að nýta ESB-hráefni til vinnslu og útflutnings.
- Metnaðarfullar skuldbindingar á sviði umhverfisverndar og baráttu gegn hlýnun jarðar auk skuldbindinga á sviði vinnuréttar.
- Sérstakur kafla um jafnréttismál þar sem aðilar samningsins undirstrika vilja sinn um að ávinningur samningsins nýtist óháð kyni og alþjóðlegar skuldbindingar á sviði kynjajafnréttis eru ítrekaðar.
- Samstarf á sviði samkeppnismála.
- Samstarfsvettvangur fyrir mögulega samræmingu reikigjalda með það að markmiði að vernda neytendur.
- Samningurinn tryggir að útflytjendur íslenskra sjávar- og landbúnaðarafurða lúta sambærilegum reglum og samkeppnisríkin á EES um innflutning dýraafurða.
- Hugað er að starfsumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja, góðum reglusetningarháttum og ríkisstyrkjum.

Þrátt fyrir umfang samningsins er grundvallarmunur á fráverslunarsamningi og þeim samningi sem áður gildi um viðskiptasamband Íslands og Bretlands, það er EES-samningnum. EES-samningurinn hefur algjöra sérstöðu, meðal annars að því leyti að með honum var komið á fót sameiginlegu efnahagssvæði sem byggðist á samræmdum stöðlum og reglum um vöruviðskipti, frjálsri för launafólks, frjálsri þjónustustarfsemi og staðfesturétti, ásamt frjálsum fjármagnshreyfingum. Þrátt fyrir tilkomu fráverslunarsamnings hafa því orðið talsverðar breytingar á sambandi Íslands og Bretlands í viðskiptalegu tilliti. Þetta leiðir af hinu breytta eðli samningssambandsins en eitt yfirlýstra markmiða Bretlands með útgöngu úr ESB var að hverfa af innri markaðnum og vera ekki þátttakandi í hinu svonefnda fjórfrelsi.

Auk framangreindra samninga hefur verið lokið við gerð fjölmargra annarra samninga og samstarfsyfirlýsinga við Bretland með það fyrir augum að tryggja náið framtíðarsamband Íslands og Bretlands í kjölfar útgöngu þess síðarnefnda úr ESB og EES. Má þar nefna loftferðasamning sem undirritaður var í desember 2020, samning um dvalar- og atvinnuleyfi ungs fólks frá júlí 2021 og samning um menntun, rannsóknir, nýsköpun og geimvísindi. Allir þessir samningar hafa það markmið að renna styrkari stoðum undir framtíðarsamstarf Íslands og Bretlands. Vinna við að tryggja hagsmuni Íslands heldur áfram og eru viðræður yfirstandandi um samhæfingu almannatryggingakerfa hvað varðar lífeyrisréttindi og sjúkratryggingar.



Guðlaugur Þór Þórðarson, þáverandi utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, fundaði með breskum starfsbróður sínum Dominic Raab í tengslum við undirritun fráverslunarsamnings ríkjanna.


Hagsmunir af fráverslunarsamningi við Bretland

Ísland er með útflutningsdrifið og opið hagkerfi og deilir sameiginlegum hagsmunum með Bretlandi á mörgum sviðum. Bretland er meðal mikilvægustu markaða fyrir íslenskar útflutningsvörur og náin tengsl eru á milli ríkjanna. Vel yfir 2.000 Íslendingar búa að jafnaði á Bretlandseyjum, um 1.200 Bretar búa á Íslandi og Bretar eru annar fjölmennasti hópur ferðamanna hér á landi.

Viðskipti á milli Íslands og Bretlands eru margvísleg, bæði hvað varðar vörur og þjónustu. Í viðskiptum ríkjanna hafa orðið til fjölbreyttar virðis- og framleiðslukeðjur, bæði tvíhliða og með öðrum ríkjum innan ESB. Það er því mikilvægt að reglur fráverslunarsamningsins séu þannig úr garði gerðar að virðiskeðjur rofni ekki og viðskipti geti haldið áfram eins hnökra-laust og kostur er.

Heildarvöruútflutningur til Bretlands nam tæpum 73 milljörðum króna á árinu 2021. Þar af nam útflutningsverðmæti sjávarafurða 44,9 milljörðum króna, landbúnaðarvara 4,4 milljörðum króna og iðnaðarvara 22 milljörðum króna. Til samanburðar nam heildarútflutningsverðmæti íslenskra sjávarafurða 292,5 milljörðum króna á árinu 2021. Voru því um 15% sjávarafurða seldar til Bretlands ef litið er til verðmætis eingöngu. Bretland er þannig stærsta einstaka innflutningsland íslenskra sjávarafurða. Þar á eftir koma Frakkland, með innflutning fyrir um 42 milljarða króna, og svo Bandaríkin, sem á árinu 2021 fluttu inn sjávarafurðir frá Íslandi fyrir tæpa 28 milljarða króna. Bretland er einnig mikilvægt viðskiptaland með tilliti til aðfanga og nam innflutningur frá Bretlandi um 56,5 milljörðum króna á árinu 2021. Innflutningurinn er fjölbreyttur en af helstu vöruflokkum má nefna ýmis raftæki og tölvur, ökutæki, fóðurvörur, þotueldsneyti, fjar-skiptabúnað, korn, ýmsar vélar og vélbúnað til atvinnurekstrar og drykkjarvörur.

Vöru- og þjónustuviðskipti við Bretland



* Þjónustuviðskipti 2021 byggja á bráðabirgðatölum.

4.4 EFTA - Fríverslunarsamtök Evrópu

Aðild Íslands að EFTA (Fríverslunarsamtök Evrópu) árið 1970 hefur verið ein af meginstöðum utanríkisviðskiptastefnu Íslands og átt mikilvægan þátt í að tryggja hagsæld hér á landi. Aðildin að EFTA leiddi til þess að gerður var tvíhliða fríverslunarsamningur við Efna-hagsbandalag Evrópu (EEC) árið 1972 jafnframt því sem Ísland gerðist aðili að EES-samningnum árið 1994.

Aðildarríki EFTA, Ísland, Liechtenstein, Noregur og Sviss, eru háð utanríkisviðskiptum og greiðum aðgangi að erlendum mörkuðum. Meginverkefni innan EFTA-samstarfsins er því gerð nýrra fríverslunarsamninga ásamt því að viðhalda og uppfæra þá sem fyrir eru.


Fríverslunarsamningar fela í sér lækun tolla og aukinn fyrirsjáanleika í alþjóðaviðskiptum, til dæmis með ákvæðum um upprunareglur og takmörkunum á beitingu tæknilegra viðskiptahindrana. Auk þess mæla fríverslunarsamningar fyrir um stofnun samráðsvettvangs til lausnar á málum sem kunna að rísa í viðskiptum á milli ríkjanna.

Heimsfaraldurinn hefur haft áhrif á viðræður við samstarfsríkin síðastliðin tvö ár. Þó hefur tekist að halda samskiptum gangandi og þoka viðræðum áfram með fjarfundum.

EFTA-ríkin hafa gert 29 fríverslunarsamninga við fjörutíu ríki og ríkjasambönd utan ESB. Viðræður standa yfir um gerð fríverslunarsamninga við Indland, Malasíu, Víetnam og Moldóvu. Vonir standa til að ljúka samningaviðræðum við Moldóvu á þessu ári. Efnislegum viðræðum EFTA-ríkjanna og MERCOSUR-ríkjanna (Argentína, Brasilía, Paragvæ og Úrúgvæ) lauk í ágúst 2019 en lagatæknilegri vinnu til undirbúnings undirritunar er ólokið. Vonast er til að hægt verði að hefja viðræður við Kósovó og Taíland á næstu misserum. Á síðasta ári tók nýr fríverslunarsamningur gildi milli EFTA og Indónesíu og uppfærður samningur tók gildi milli EFTA og Tyrklands.

Ísland og Noregur eru að kanna útvíkkun EFTA-fríverslunarsamnings við Kanada svo hann taki til fleiri sviða, svo sem þjónustuviðskipta, fjárfestinga og opinberra innkaupa. Sviss og Liechtenstein hafa ákveðið að taka ekki þátt í þessari vinnu.

Fjöldi íbúa í fríverslunarneti Íslands sem hlutfall af íbúafjölda jarðar





Guðlaugur Þór Þórðarson, þáverandi utanríkis- og þróunarsamvinnaráðherra, ásamt þeim Dominique Hasler, utanríkisráðherra Liechtenstein, Iselin Nybø, iðnaðar- og viðskiptaráðherra Noregs og Guy Parmelin, ráðherra efnahagsmála, menntunar og rannsókna í Sviss, sem er jafnframt forseti landsins.

Viðræður EFTA-ríkjanna og Chile um uppfærslu fríverslunarsamnings ganga vel og viðræður EFTA-ríkjanna og Tollabandalags Suður-Afríkuríkja, SACU, (S-Afríka, Botswana, Lesótó, Namibía og Esvatíní) um uppfærslu fríverslunarsamnings ríkjanna eru langt komnar. Þá eru samningaviðræður EFTA-ríkjanna við Rússland, Belarús og Kasakstan í biðstöðu um ótiltekinn tíma.


Á undanförunum árum hafa samningaviðræður EFTA um nýja fríverslunarsamninga og uppfærslu þeirra eldri orðið vandasamari. Ástæðan er einkum sú að EFTA-ríkin og viðsemjendur þeirra hafa í auknum mæli ólíka hagsmuni sem getur verið erfitt að samræma. Á þetta meðal annars við um markaðsaðgang fyrir landbúnaðarvörur, þjónustuviðskipti,

hugverkarétt og ákvæði um sjálfbæra þróun. Viðræður um uppfærslu fríverslunarsamninga við Chile og SACU eru gott dæmi.

Á síðasta ári hafa EFTA-ríkin lagt mikla áherslu á að auka gagnsæi í störfum EFTA. EFTA-ríkin hafa einnig ákveðið að styrkja eftirlit með því að ákvæðum í fríverslunarsamningum EFTA um sjálfbæra þróun séu virt.

Samningstextar EFTA eru í stöðugri þróun og endurspegla áherslur EFTA-ríkjanna, svo sem um umhverfisvernd, vinnurétt og kynjajafnrétti. EFTA hefur nýlega gert sérstakan kafla um rafræn viðskipti (E-commerce) sem ætlunin er að notast við í framtíðarsamningum EFTA um fríverslun. Tekur þetta mið af þeirri öru þróun sem átt hefur sér stað á þessu sviði undanfarin ár og endurspeglar jafnframt viðræður á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO).

Fríverslunarsamningar Íslands



- Aðildarríki EFTA
- EES
- Fríverslunarsamningar EFTA
- Fríverslunarviðræðum EFTA lokið
- Tvihliða samningar
- Yfirstandandi viðræður

4.5 Aðrir viðskiptasamningar

Auk fríverslunarsamninga gerir Ísland aðra viðskiptasamninga sem jafnframt gegna mikilvægu hlutverki við að tryggja hagsmuni Íslands á sviði utanríkisviðskipta. Hér verður gerð grein fyrir helstu milliríkjasamningum á þessu sviði.

Áfram gakk

Um ítarlegt yfirlit yfir viðskiptasamninga Íslands er vísað til skýrslu utanríkisráðuneytisins, *Áfram gakk! Utanríkisviðskiptastefna Íslands*, sem kom út um áramótin 2020-2021, en þar er í fyrsta sinn fjallað á einum stað um alla þá samninga sem tengjast utanríkisviðskiptum Íslendinga. Rakin eru áhrif heimsfaraldursins á íslenskan útflutning, fjallað um stöðu utanríkisviðskipta, gang mála innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, fríverslunarsamskipti Íslands við EFTA-ríkin og ESB og fríverslunarsamninga EFTA og Íslands, sem tryggja íslenskum útflytjendum betri aðgang að fjölda markaða um allan heim.

Ísland hefur gert samninga sem heimila flug til yfir hundrað ríkja. Samningarnir eru gagnkvæmir og heimila öðrum ríkjum einnig áætlunarflug hingað til lands. Þetta hefur skilað sér í tíðari ferðum, aukinni samkeppni og hagstæðari fargjöldum.

Undir lok ársins 2021 var loftferðasamningur milli Íslands og Úkraínu undirritaður en um var að ræða fyrsta milliríkjasamninginn sem nýr utanríkisráðherra skrifaði undir eftir að hafa tekið við embætti. Loftferðasamningurinn á milli Íslands og Bretlands kom til framkvæmda í byrjun árs 2021 og tryggði að flugsamgöngur við þennan mikilvægasta útflutningsmarkað Íslands í Evrópu gætu haldið áfram hnökralaust. Lokið var við uppfærslur á samningum við Chile, St. Martin og Curacao og samþykkt beiðni Argentínu um að hefja viðræður um gerð nýs samnings. Þá var óskað eftir að hefja viðræður um uppfærslur á samningum við Japan, Rússland, Kína og Færeyjar með áherslu á aukið frelsi í fraktflugi í samræmi við áherslur flugfélaganna.

Loftferðasamningar


Flugþjónusta er ein af undirstöðuatvinnugreinum okkar. Öflugt net loftferðasamninga tryggir flutninga til og frá landinu, auk þess að greiða aðgang íslenskra flugrekenda að alþjóðamörkuðum. Samkvæmt þjónustuútflutningstölum Hagstofu Íslands fyrir 2019 var hlutfall flugsamgangna milli EES, Bandaríkjanna og Íslands af heildarþjónustuútflutningi Íslands í kringum 20% (rúmlega 120 ma.kr.). Heildarútflutningur í tengslum við ferðalög á milli þessara svæða var enn meiri eða tæp 40% af heildarþjónustuútflutningi Íslands.

Loftferðasamningar eru milliríkjasamningar og viðskiptasamningar. Utanríkisráðuneytið hefur fyrirvar við gerð þeirra í samráði við innviðaráðuneytið og Samgöngustofu. Samhliða gerð nýrra samninga leggur Ísland áherslu á að uppfæra gildandi samninga eins og þörf krefur. Samráð er haft við flugfélögin og hagsmunir þeirra hafðir að leiðarljósi.



Fyrsti milliríkjasamningurinn sem Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir undirritaði sem utanríkisráðherra var loftferðasamningur milli Íslands og Úkraínu.

Loftferðasamningar og samkomulög Íslands



Flestir loftferðasamningar Íslands eru tvíhliða svo sem framangreindir samningar. Víðtækustu samningarnir eru fjölhliða og ber þar hæst annars vegar samninginn um stofnun sameiginlegs evrópsks flugsvæðis (ECAA). Heimilar hann að flugfélag frá ríki innan ECAA geti flogið á milli flugvalla í hvaða ríki sem er innan svæðisins og flugfélögum sé frjálst að stunda innanlandsflug í öðru ríki ECAA. Hins vegar er Open Skies- samningurinn sem gerður var milli ríkja ESB, Bandaríkjanna, Íslands og Noregs. Þessir samningar eru uppstaðan í leiðakerfi flugfélaganna. Um er að ræða eina víðtækustu samninga sem gerðir hafa verið á sviði loftferða og er EES-samningurinn grundvöllurinn fyrir þátttöku Íslands í þessum samningum.

COVID-19 hefur haft mikil áhrif á umhverfi flugrekstrar í heiminum. Fyrir upphaf faraldursins voru, samkvæmt upplýsingum frá ISAVIA, flugrekendur í áætlunarflugi til Keflavíkurflugvallar að sumri til um 25 og fimmtán að vetri til. Þegar fyrsta bylgja faraldursins stóð sem hæst voru þau aðeins tvö. Nú eru flugfélögin orðin fimmtán og standa vonir til að þau verði 25 sumarið 2022.

Víðræður um nýja samninga hafa einnig orðið meiri áskorun. Hafa fjárfundir komið í stað árlegrar ráðstefnu Alþjóðaflugmála- stofnunarinnar (ICAO) sem hafði verið meginvettvangurinn fram að því.

Undir lok árs 2021 hóf ráðuneytið átak til fullgildingar á loftferðasamningum, en heimilt hefur verið að beita samningunum á grundvelli áritunar. Allir loftferðasamningar voru einnig í fyrsta sinn gerðir aðgengilegir á heimasíðu Stjórnarráðsins á utn.is/loftferdasamningar.

Fjárfestingasamningar

Fjárfestingasamningar stuðla að gagnkvæmum fjárfestingum, auknum viðskiptum og hagvexti. Almennt kveða fjárfestingasamningar á um jafnréttiskjör miðað við innlenda fjárfesta, bestu kjör miðað við erlenda fjárfesta, fjárfestingavernd, yfirfærslu fjármuna og lausn deilumála.

Vissar lágmarksreglur um erlendar fjárfestingar gilda milli flestra ríkja á grundvelli fjárfestingasamnings WTO. Þessar reglur eru oft útfærðar og dýpkaðar í tvíhliða samningum eða fríverslunarsamningum, til dæmis samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, EES og fríverslunarsamningum EFTA. Ef ekki næst samkomulag um fjárfestingarákvæði í slíkum samningum eru oft gerðir tvíhliða fjárfestingasamningar í tengslum við fríverslunarsamninga. Dæmi um slíkt eru síðustu þrjú fjárfestingasamningar Íslands, með Sviss og Liechtenstein, við Egyptaland árið 2008, Mexíkó árið 2006 og Suður-Kóreu sama ár. Í skoðun er að gera næsta samning við Kanada. Ákvæði um fjárfestingar eru í samningum Íslands við 59 ríki og landsvæði, þar á meðal Færeyjar.

Tvísköttunarsamningar

Utanríkisráðuneytið kemur að gerð tvísköttunarsamninga við önnur ríki en fjármálaráðuneytið hefur fyrirvar í þessum málaflokki. Ísland hefur gert tvísköttunarsamninga við 45 ríki og landsvæði. Gerð tvísköttunarsamninga er mikilvægur liður í að efla hagvöxt og erlendar fjárfestingar, draga úr áhættu og kostnaði fyrir tækja með umsvif erlendis og jafna samkeppnisstöðu þeirra.

Áherslur Íslands við gerð tvísköttunarsamninga taka mið af óskum atvinnulífsins, stærð og þróun markaða og samspili við aðra samninga, einkum fríverslunarsamninga og loftferðasamninga. Áhersla er lögð á að gera tvísköttunarsamninga við aðildarríki Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), aðildarríki EES, stærstu hagkerfin (G-20) og ríki sem Ísland er með fríverslunarsamninga við.

Á árinu 2021 var gerður einn tvísköttunarsamningur, við Ástralíu, sem bíður undirritunar. Viðræður eru í undirbúningi við fleiri ríki. Þannig munu hefjast viðræður við Sádi-Arabíu á árinu 2022.

Schengen-tengdir samningar


Schengen-samstarfið heyrir efnislega undir dómsmálaráðuneytið en samningagerð sem því tengist er á borði utanríkisráðuneytis. Helstu samningsgerðirnar eru samningar um áritanafrelsi fyrir ferðamenn, áritanafrelsi fyrir handhafa sérstakra vegabréfa, að auðvelda útgáfu áritana, endurviðtöku, fyrirvar og vinnuorlof.

Endurviðtökusamningar varða einstaklinga sem dvelja ólöglega á Íslandi en fyrirvarssamningar heimila öðrum ríkjum að taka á mótí umsóknum um vegabréfsáritanir til Íslands.

Fyrirvarssamningar lágu niðri framan af vegna COVID-19 og því voru áritanabeirni í fyrirvarsríkjum afgreiddar fyrir hönd Íslands í hverju tilviki fyrir sig. Flestallir samningarnir voru þó virkjaðir á seinni hluta árs 2021, það er við Danmörku, Frakkland, Noreg, Svíþjóð og Þýskaland. Ekki var hægt að virkja fyrirvarssamning við Litáen en unnt er að óska eftir afgreiðslu í einstökum tilvikum.

Ísland gerði ekki Schengen-tengda samninga á árinu.

Tvísköttunarsamningar Íslands



- Tekjur
- Tekjur/eignir
- Yfirstandandi samningaviðræður
- Samningaviðræður í undirbúningi
- Samningur bíður undirritunar



Íslensk fyrirtæki geta leitað til viðskiptavaktar vegna erinda sem þarf að leysa án tafar, svo sem í tengslum við tollafgreiðslu á ferskri vöru.

Samningar um vinnuorlof

Samkvæmt lagabreytingum um útlendinga frá 2008 er heimilt að gera samninga við erlend ríki um vinnuorlof. Lögín takmarka dvöl við eitt ár og 18-26 ára aldur. Þótt gerður hafi verið slíkur samningur við Japan árið 2018 þá hefur lagaramminn reynst of þröngur til að gera samninga við fleiri ríki.

Stjórnarfrumvarp var lagt fram 2021 sem heimilar að framlengja vinnuorlofsdvöl um eitt ár fyrir allt að 31 árs aldur, meðal annars í tengslum við samninga Íslands vegna útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Breytingin náði ekki fram að ganga á árinu en hún myndi opna fyrir gerð slíkra samninga við fleiri ríki eins og Kanada, Ástralíu og Nýja-Sjáland. Helstu rökin fyrir breytingunni, auk útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu, eru að jafna stöðu ungs fólks á Íslandi samanborið við nágrannaríkin, veita þeim aukin tækifæri og verða við óskum annarra hagaðila.

4.6 Viðskiptaþjónusta

Eitt af grundvallarhlutverkum utanríkisþjónustunnar er að stuðla að viðskiptum Íslands við útlönd til hagsbóta fyrir land og þjóð. Viðskiptaþjónusta á vegum ráðuneytisins og sendiskrifstofa Íslands styður atvinnulíf og einstök fyrirtæki með ýmsu móti. Forstöðumaður viðskiptaþjónustunnar er í ráðuneytinu og starfar ásamt menningarfulltrúa með viðskiptafulltrúum sendiskrifstofa og Íslandsstofu að erlendri markaðssókn í samræmi við útflutningsstefnu Íslands. Þá vinnur öflugt net kjöræðismanna víðsvegar um heim að hagsmunum Íslands.

Viðskiptavakt og heimsfaraldur

Viðskiptavakt sem sett var á laggirnar vegna heimsfaraldursins er enn starfrækt. Þangað geta íslensk fyrirtæki leitað vegna erinda sem leysa þarf án tafar, svo sem í tengslum við tollafgreiðslu á ferskri vöru eða til að greiða fyrir ferðum starfsfólks fyrirtækja sem ekki komast leiðar sinnar til að sinna brýnum viðskiptaerindum vegna ferðatakmarkana. Áhersla var lögð á að ferðaráð vegna COVID-19 væru jafnan aðgengileg vef utanríkisráðuneytisins. Einnig

var, í samstarfi við önnur ráðuneyti og stofnanir liðkað fyrir að fólk í brýnum erindagjörðum kæmist til landsins. Slíkar lipranir fólu þó ekki í sér undanþágu frá sóttvarnarkröfum en gerðu t.d. fjölda stórra kvikmyndaverkefna möguleg hér á landi og stórum hópum kleift að koma til landsins vegna viðburða og viðskipta.

Nýjar leiðir nýttar til sóknar

Heimsfaraldurinn mótaði viðskiptadagskrá sendiskrifstofanna og Íslandsstofu. Aflýsa þurfti fjölda viðburða á vettvangi en stafræn tækni var nýtt eftir skapandi leiðum til að vekja athygli á tækifærum erlendis og efla útflutning. Má þar nefna vefráðstefnur um íslensk fyrirtæki í líftækni og fjárfestingar hér á landi. Með rafrænum viðburðum náðist til stærri markhóps en ella þótt erfiðara reyndist að fylgja eftir viðskiptaaðilum sem ekki áttu þess kost að hitta fyrirtæki á vettvangi. Rafrænt viðburða- og ráðstefnuhald jók einnig mjög á úrval viðburða sem haldnir voru erlendis og íslenskt viðskiptalíf gat auðveldlega nýtt sér. Sem dæmi má nefna að sjö íslensk fyrirtæki þátt í rafrænu útboðsþingi Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn, sem fram fór í upphafi árs, þar sem vakinn var athygli á tækifærum í viðskiptum við stofnanir Sameinuðu þjóðanna og í september var haldin ráðstefna Íslands og Singapúr um framtíð matvæla heimsins sem fór fram í báðum ríkjunum samtímis með fjarfundabúnaði.

Fyrir fyrirtæki í stafrænni framleiðsluverkefnum voru fjarfundir og vefráðstefnur daglegt brauð og héldu þau ótrauð áfram sókn sinni á erlenda markaði. Góð þátttaka var af hálfu slíkra fyrirtækja á tveimur mikilvægum nýsköpunarviðburðum á haustmánuðum. TechBBQ í Kaupmannahöfn og Slush í Helsinki. Íslandsstofa skipulagði þátttöku fyrirtækja frá Íslandi en sendiráðin í Kaupmannahöfn og Helsinki skipulögðu mjög vel heppnaða viðburði fyrir fjárfesta og fjölmiðla í samræmi við þarfir fyrirtækjanna.

Tækifæri fyrir útflutning íslenskar þekkingar á grænum lausnum

Þátttaka fyrirtækja á COP26 loftlagsráðstefnunni í Glasgow var áberandi enda verður loftslagsvandinn ekki leystur nema með samstilltu átaki ríkja, stjórnvalda og einkageirans. Fyrirtækin á COP26 kölluðu eftir skýrri stefnu-mörkun stjórnvalda um lausnir sem fyrirtækin gætu fylgt eftir (public private partnerships). Nýsköpun er þar í lykilhlutverki sem þarfnast angítímahugsunar og þolinmóðs fjármagns. Því er nauðsyn að greiða íslenskum nýsköpunarfyrirtækjum leið að samstarfi við erlenda aðila um þróun þeirra.

Íslandsstofa og Grænvangur tóku þátt í loftslagsráðstefnunni ásamt þremur íslenskum ráðherrum, borgarstjóra Reykjavíkur og forsvarsmönnum fyrirtækja í orkumálum og kolefnisförgun. Þá var umtalsverð samnorræn þátttaka með aðkomu Norrænu ráðherra-nefndarinnar undir yfirskriftinni *Creating a Sustainable Future Together* sem var mjög í takt við skilaboð annarra ríkja sem kölluðu eftir víðtæku samstarfi. Daglegt streymi var frá hliðarviðburðum þar sem áhersla var lögð á nýjar lausnir í loftslagsmálum svo sem undir yfirskriftinni *We dont have time*.

Græni sáttmáli ESB er aðgerðastefna ESB í loftslagsmálum um að aðildarríkin í sameiningu nái kolefnishlutleysi árið 2050 þar sem endurnýjanleg orka leikur lykilhlutverk. Hátt hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa hér á landi, um 80 prósent, skapar Íslandi sérstöðu sem leitt hefur af sér eftirspurn eftir samstarfi við Ísland í orkumálum. Í sendiráði Íslands í Brussel vaktar svonefnt Grænt teymi hagsmunu Íslands í Græna sáttmálanum sem gætu fallið undir EES. Teymið skipa fulltrúar fagráðuneytanna en að auki eru málefni tengd Græna sáttmálanum og hagsmunum Íslands rædd reglulega í samstarfsnefnd ráðuneytisstjóra. Í sáttmálanum gætu falist tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki sem byggja á grunni grænna lausna.



Lim Thuan Kuan, sendiherra Singapúr gagnvart Íslandi, og Sigríður Snævarr, sendiherra Íslands gagnvart Singapúr, ávörpuðu ásamt Guðlaugi Þór Þórðarsyni, þáverandi utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, ráðstefnu um nýsköpun í matvælaframleiðslu í september.

Hlutverk sendiráða í viðskiptaþjónustu

Sendiskrifstofur Íslands gegna mikilvægu hlutverki í viðskiptaþjónustunni. Þær miðla viðskiptatækifærum í sínum gisti- og umdæmisríkjum, kynna íslensk fyrirtæki og menningu, ásamt því að svara fjölda fyrirspurna um viðskiptatengsl við Ísland. Eftirspurn um samstarf í orkumálum, grænum lausnum og sjálfbærum fjárfestingum er þar áberandi. Utanríkisþjónustan vaktar einnig upplýsingar um hagsmuni íslenskra útflytjenda í hvert sinn sem viðræður um viðskiptasamninga við önnur ríki eru fyrirhugaðar og stuðlar þannig að því að skapa íslenskum fyrirtækjum sem hagstæðastar aðstæður í alþjóðaviðskiptum.

Mikil áhersla er lögð á gott samstarf milli viðskiptaþjónustu utanríkisráðuneytisins og Íslandsstofu. Þannig eru starfsáætlanir sendiskrifstofa samræmdar útflutningsáherslum Íslandsstofu. Sendiráðin búa yfir mikilli staðarþekkingu og öflugum tengslaneti sem byggt hefur verið upp á löngum tíma. Þau eru í lykilhlutverki þegar stofnað er til tvíhliða samstarfs við önnur ríki og við skipulag á viðburðum Íslandsstofu erlendis.

Árlega bjóða forstöðumenn sendiskrifstofanna og viðskiptafulltrúar fyrirtækjum upp á fundi hjá Íslandsstofu vegna viðskiptatengdra verkefna í umdæmisríkjum sínum. Aðstoðin er m.a. fölginn í að:

- Veita ráðgjöf varðandi staðhætti og viðskiptamenningu
- Leggja mat á viðskiptatækifæri
- Útvega markaðskannanir fyrir vörur og þjónustu
- Vísa á samstarfsaðila
- Koma á tengslum
- Koma á fundum fyrir íslensk fyrirtæki
- Veita starfsaðstöðu í sendiráðinu til vinnu eða fundahalda

Á árinu 2021 var unnið að því að þetta þjónustunet Íslandsstofu og viðskiptafulltrúanna enn frekar. Hefur Íslandsstofa í auknum mæli haft faglega umsjón með starfi viðskiptafulltrúanna í góðu samstarfi við utanríkisráðuneytið. Mun Íslandsstofa fjármagna að fullu stöðu viðskiptafulltrúa við sendiráð Íslands í London.

Þá ber að nefna öflugt net 220 kjöræðismanna sem oft gegna lykilstöðum í sínum heimalöndum og hafa hagsmuni íslensks viðskiptalífs að leiðarljósi.

Viðskipti við grannríki

Ráðuneytið gaf út nokkrar skýrslur á árinu sem mynda mikilvægan grundvöll fyrir kortlagningu á auknum viðskiptatækifærum Íslands. Er nú unnið að því að koma tillögum þeirra í farveg hjá Íslandsstofu og á sendiskrifstofum Íslands.

Skýrslan *Samstarf Grænlands og Íslands á nýjum Norðurslóðum* kom út í janúar þar sem fjallað er um tækifæri sem tengjast viðskiptum. Með skýrslunni er reynt að bregðast við hinum aukna áhuga íslenskra fyrirtækja á norðurslóðum á undanförunum árum í kjölfar betra aðgengis að svæðinu. Sjá nánar í kafla um norðurslóðir á bls. 14.

Starfshópur um efnahagstækifæri á norðurslóðum afhenti í maí skýrsluna *Norðurljóðs*. Sem tekur til Grænlands, nyrstu svæða Norður-Ameríku, Norðurlanda og Rússlands. Þar má finna tillögur um hvernig Ísland geti gert sig gildandi á svæðinu og nýtt efnahagsleg tækifæri.

Í september kom út skýrsla um *Samskipti Íslands og Færeyja – Tillögur til framtíðar* sem inniheldur tillögur um áþreifanlegar aðgerðir til að efla tengsl þjóðanna. Sjá nánar í kafla um norrænt samstarf á bls. 13.

Þá gerði starfshópur um eflingu samskipta Íslands og Póllandstillögur að aðgerðum og verkefnum sem ráðast má í og voru birtar undir heitinu *Vínátta og vaxtarbroddar: Samskipti Íslands og Póllands*. Nánari umfjöllun um skýrsluna má finna á bls. 41.

4.7 Íslandsstofa

Breytingar urðu á starfsemi Íslandsstofu árið 2018 þegar Alþingi samþykkti að efla starf Íslandsstofu enn frekar. Framtíðarsýn er að Ísland verði þekkt sem leiðandi land á sviði sjálfbærni og hefur hlutverk Íslandsstofu verið skilgreint svo: „Íslandsstofa sinnir mörkun og markaðssetningu fyrir Ísland og íslenskar útflutningsgreinar, styður íslensk fyrirtæki í sókn á erlenda markaði og greiðir götu erlendar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi“.

Á grundvelli þessarar framtíðarsýnar voru sex stefnumarkandi áherslur ákveðnar sem nánar má lesa um á vef Íslandsstofu og unnið hefur verið eftir síðastliðin þrjú ár. Innan hvernar áherslu er unnið að markaðsverkefnum sem styðja við innleiðingu útflutningsstefnunnar í starfi Íslandsstofu. Meðal verkefna eru *Inspired by Iceland*, *Seafood from Iceland*, *Horses of Iceland*, *SeaTech by Iceland*, *Green by Iceland*, *Saman* í sókn, *Reykjavik Science City*, *Skapandi Ísland*, *Datacenters by Iceland*, *Meet in Reykjavík*, *Iceland Convention Bureau* og *Film in Iceland*.

Íslandsstofa flutti á seinasta ári starfsemi sína í Grósku, hugmyndahús þar sem fjöldinn allur af nýsköpunarfyrirtækjum hefur starfsstöð. Þar opnaði einnig margmiðlunarsýningin *Græn framtíð*. Sýningin er tileinkuð framlagi Íslands í loftslagsmálum og varpar ljósi á árangur og sögu Íslands við hagnýtingu grænna orkugjafa, segir frá framtíðarmarkmiðum Íslands í loftslagsmálum og dregur fram þær fjölmörgu lausnir sem íslenskir frumkvöðlar hafa fram að færa á erlendum mörkuðum. Sýningin er starfrækt af Grænvangi og Íslandsstofu. Heimsfaraldurinn setti nokkurt mark á starfsemi Íslandsstofu á árinu þar sem mörgum viðburðum var aflýst eða þeim frestað.

Á grundvelli bráðabirgðaákvæðis í lögum um Íslandsstofu er unnið að mati á starfsemi Íslandsstofu og útflutnings- og markaðsráði með tilliti til þess hvort að þau markmið sem stefnt hafi verið að með lagabreytingunni hafi náð fram að ganga.

Business Sweden

Íslandsstofa gerði samkomulag við Business Sweden sem gerir íslenskum fyrirtækjum kleift að nýta sér yfirgripsmikla ráðgjafabjónustu á erlendum mörkuðum. Hjá Business Sweden starfa 450 sérfræðingar og ráðgjafar í 37 löndum. Íslandsstofa er milliliður íslenskra fyrirtækja við Business Sweden. Þjónustan er veitt á markaðsforsendum og verðlagning fer eftir eðli og umfangi verkefna hverju sinni. Fyrirtæki geta sótt um endurgreiðslu hluta kostnaðar til Íslandsstofu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.



Utanríkisþjónustan eflir kynningu á íslenski myndlist erlendis. Guðlaugur Þór Þórðarson, þáverandi utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, og Harpa Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Íslands, undirrituðu samstarfssamning þess efnis í júní.

4.8 Menningarmál

Menningarmál eru mikilvægur hluti af starfsemi utanríkisþjónustunnar og hefur menningarfulltrúi umsjón með menningarstarfsemi hennar og samskipti við aðila í menningarmálum innanlands og utan. Auk þess að hafa gildi í sjálfu sér eru listir og skapandi greinar veigamikill hluti utanríkisviðskipta og eiga stóran þátt í að skapa ímynd og viðhorf til lands og þjóðar. Öflugt samstarf er um menningarmál og kynningar við Íslandsstofu og miðstöðvar lista og skapandi greina.

Þrátt fyrir víðtækar takmarkanir víðast hvar stóðu sendiskrifstofur Íslands fyrir fjölmörgum menningarviðburðum á árinu og nýttu sér tímabil þegar rofaði til í samkomutakmörkunum til að efna til viðburða, ásamt því að nota stafræna tækni og samfélagsmiðla í ríkari mæli til að koma íslenski menningu á framfæri. Sem dæmi má nefna að sendiráð Íslands í höfuðborgum Norðurlandanna og Hönnunarmars stóðu sameiginlega að gerð hlaðvarpa sem leiddu saman hönnuði frá Íslandi og hinum

Norðurlöndunum. Samstarfið heppnaðist vel og ætluin er að endurtaka það og útvíkka í tengslum við Hönnunarmars sem fer fram í maí næstkomandi. Þá unnu aðalræðisskrifstofan í New York og Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar saman að gerð fjögurra vefþátta á ensku um íslenska myndlist, sem fylgt var eftir með rafrænum viðburði fyrir fagfólk í Norður-Ameríku.

Síðastliðið sumar voru undirritaðir tveir nýir samstarfssamningar sem treysta enn frekar stoðir menningarstarfs utanríkisþjónustunnar. Sá fyrri, við Listasafn Íslands, lýtur að kynningu á íslenski myndlist erlendis og felur meðal annars í sér að verk úr safneign Listasafnsins verða til sýnis á völdum sendiskrifstofum eða embættisbústöðum Íslands. Utanríkisráðuneytið og Listasafnið hafa starfað saman um áratugaskeið en með samningnum er lagður grunnur að auknu og markvissara samstarfi. Fyrirhugað er að standa sameiginlega að

fjölbreyttri kynningu á Íslenskri myndlist í sendiskrifstofum, ekki síst með því að nýta staf-ræna tækni og samfélagsmiðla.

Markaðsverkefni stjórnvalda og Íslandsstofu, Skapandi Ísland, var hrundið af stað í ágúst. Verkefnið er mikilvægt skref í að tryggja skýra stefnumótun og markvisst samstarf og auka slagkraft í kynningu á íslenskri menningu erlendis. Markmið verkefnisins er að efla vitund um íslenskar listir og skapandi greinar á erlendum mörkuðum, auka þekkingu alþjóðlegs fagfólks á listum og skapandi greinum hér á landi og styðja við útflutning. Íslandsstofa hefur umsjón með verkefninu og sett hefur verið á fót markaðsráð lista og skapandi greina, með fulltrúum viðkomandi ráðuneyta, miðstöðva lista og skapandi greina og Listaháskóla Íslands. Tvíhliða sendiskrifstofur Íslands gegna lykilhlutverki í verkefninu og nýtist reynsla, sambönd og staðarþekking starfsfólks sendiskrifstofanna við undirbúning og framkvæmd viðburða, auk þess sem utanríkisþjónustan leggur til húsnæði eftir því sem við á. Verkefninu verða lagðar til níutíu milljónir króna árlega til og með árinu 2025 og því er hægt að ráðast í umfangsmeiri menningarkynningar á lykilmörkuðum og gera áætlanir til lengri tíma en eins árs.

4.9 Fjölbjóðlegt viðskiptasamstarf (fjölbjóðastofnanir)

Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO)

Alþjóðaviðskiptastofnunin er helsti vettvangur ríkja heims til að ræða viðskipti, semja um leikreglur, tryggja fyrirsjáanleika og úrlausn deilumála þegar þörf krefst.

Ísland hefur mikla hagsmuni af því að viðhalda því gagnsæja og markaðsmiðaða regluverki alþjóðaviðskipta sem byggst hefur upp á vettvangi stofnunarinnar. Með því er inn- og útflytjendum skapaður fyrirsjáanleiki í viðskiptum og möguleikar stærri aðildarríkja til að nota afl sitt gegn þeim smærri takmarkaðir. Ísland hefur því, ásamt fleiri

ríkjum í sambærilegri stöðu, beitt sér fyrir því að núverandi viðskiptakerfi verði styrkt enn frekar í sessi. Er það sérstaklega mikilvægt nú þegar verndarhyggja og ríkisihlutun hefur færst í aukana og vaxandi spennu gætir innan WTO.

Djúpstæður ágreiningur milli Bandaríkjanna og Kína, og á milli iðnríkja og þróunarlanda almennt, hefur hægt á allri umbótavinnu á vettvangi WTO. Kerfi stofnunarinnar fyrir lausn deilumála, sem er ein af lykilstoðum hennar, hefur verið óstarfhæft í yfir tvö ár sökum andstöðu Bandaríkjanna við skipun nýrra dómara við áfrýjunarnefnd WTO. Bandaríkin saka áfrýjunarnefndina um að hafa ítrekað farið út fyrir valdsvið sitt og túlkað samninga í andstöðu við upphaflegan tilgang þeirra. Heimsfaraldurinn hefur einnig sett strik í reikninginn og var áætluðum ráðherrafundi stofnunarinnar sem fara átti fram í desember 2021 frestað annað árið í röð af þeim sökum.

WTO er meginvettvangur samningaviðræðna innan alþjóðaviðskiptakerfisins og er Ísland í hópi þeirra ríkja sem vinna markvisst að áframhaldandi umbótum stofnunarinnar í frjálsræðisátt og standa vörð um þann árangur sem náðst hefur við afnám viðskiptahindrana frá síðari heimsstyrjöld. Ísland er meðal ríkja sem standa að samningaviðræðum um rafræn viðskipti, fjárfestingalíprun og viðleitni til að auka hlut lítilla og meðalstórra fyrirtækja í alþjóðaviðskiptum. Ísland tekur þátt í nýtilkomnu samkomulagi helstu þjónustuverslunarríkja um frekari einföldun og samræmingu regluverks þjónustuviðskipta. Þá er Ísland meðal ríkja sem hófu viðræður um sjálfbær alþjóðaviðskipti á liðnu ári en mikilvægi umhverfismála fer sívaxandi í starfsemi stofnunarinnar. Ísland tók virkan þátt í samningaviðræðum um afnám skaðlegra ríkisstyrkja í sjávarútvegi en markmið viðræðnanna er að stuðla að sjálfbærni fiskistofna og sporna gegn ríkisstyrkjum sem stuðla að ólöglegum, stjórnláusum og óskráðum veiðum. Vonast er til að unnt verði að ljúka samningi á næsta ráðherrafundi en talsverðir hagsmunir eru í húfi fyrir íslenskan sjávarútveg.

Ísland hefur leikið lykilhlutverk í að setja jafnréttismál á dagskrá stofnunarinnar og stýrir nýjum vinnuhópi um viðskipti og jafnrétti fyrir aðildarríki WTO. Fyrir liggur samþykkt ráðherra-yfirlýsing um viðskipti og valdeflingu kvenna og er ætlunin að samþykkja hana formlega á næsta ráðherrafundi.

Ísland er í hópi ríkja innan WTO sem leggur áherslu á óhindruð viðskipti með bóluefni, nauðsynleg lyf og lækningavörur á tímum heimsfaraldurs. Meðal stærri viðskiptavelda hafa átt sér stað deilur um tillögu að undanþágu frá hugverkaverndarákvæðum TRIPS-samningsins á tímum COVID-19 og er lögð áhersla á að ná heildrænu samkomulagi um viðbrögð WTO við heimsfaraldrinum.

Þá tekur Ísland þátt í yfirstandandi landbúnaðarviðræðum á vettvangi stofnunarinnar og skipar sér þar í hóp ríkja sem undirstrikar mikilvægi þess að tekið verði tillit til sérstakra aðstæðna, svo sem veðurfarslegra og menningarlegra, í tengslum við frekari skuldbindingar um ríkisstyrki og bættan markaðsaðgang.

Efnahags- og framfarastofnunin

Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) réð á árinu nýjan framkvæmdastjóra, Mathias Cormann frá Ástralíu eftir 15 ára stjórnartíð Angel Gurría frá Mexíkó. Kosta Ríka varð 38. aðildarríki stofnunarinnar. Kjarnastarfsemi

hennar hefur getað haldið áfram nokkuð eðlilega þrátt fyrir heimsfaraldurinn, þökk sé notkun fjarfundabúnaðar.

Ísland er mjög virkt í starfi OECD. Bæði utanríkisráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra sóttu ráðherrafund OECD í maí og hefur þátttaka íslenskra ráðherra á viðburðum og ráðherrafundum almennt verið góð. Auk ráðherryfirlýsingar OECD-aðildarríkja, sem samþykkt var á ráðherrafundinum í október, voru nokkur lykilskjöl samþykkt sem móta munu áherslur og starfsemi stofnunarinnar til næstu ára. Þar á meðal er ný framtíðarsýn stofnunarinnar þar sem sameiginleg gildi og áherslur aðildarríkjanna eru sett fram og mörkuð. Efnahagsskýrsla OECD um Ísland, sem kemur út á tveggja ára fresti, kom út í júní og tók sendinefnd Íslands þátt í þeirri útgáfu.

Ísland var eitt stofnríkja OECD árið 1961. Ræturnar liggja í Efnahagsstofnun Evrópu (OEEC), forvera OECD sem varð til eftir stríð og annaðist meðal annars framkvæmd Marshall-aðstoðarinnar. Höfuðstöðvarnar eru í París og fastanefnd Íslands þar gætir hagsmuna ríkisins í stofnuninni.

4.10 Evrópska efnahagssvæðið

Vísað er til skýrslu utanríkisráðherra um EES-samninginn sem lögð verður fyrir Alþingi í apríl 2022.



5 Öryggis- og varnarmál

5.1 Almennt

Í varnarmálalögum og forsetaúrskurði um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta er kveðið á um að utanríkisráðherra fari með yfirstjórn varnarmála og mótun og framkvæmd öryggis- og varnarstefnu Íslands á alþjóðavettvangi.

Hornsteinar öryggis og varna Íslands eru annars vegar aðildin að Atlantshafsbandalaginu, þar sem Ísland var í hópi tólf stofnríkja árið 1949, og hins vegar varnarsamningurinn við Bandaríkin frá árinu 1951.

Þjóðaröryggisstefna fyrir Ísland er það leiðarljós sem starfað er eftir í varnar- og öryggismálum. Með samþykkt þjóðaröryggisstefnu árið 2016 fól Alþingi ríkisstjórninni að fylgja stefnu sem tryggji sjálfstæði, fullveldi og friðhelgi landamæra Íslands, öryggi borgaranna og vernd stjórnkerfis og grunnvirkja samfélagsins.

„Stefna stjórnvalda um þjóðaröryggi byggist á þeim skuldbindingum sem felast í stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og hafi grunnildi þjóðarinnar að leiðarljósi, lýðræði og virðingu fyrir réttarríkinu og alþjóðalögum, mannúð og verndun mannréttinda, jafnrétti allra og sjálfbæra þróun, afvopnun og friðsamlega lausn deilumála. Grundvallarforsenda stefnunnar sé staða Íslands sem fámennrar eyþjóðar sem hvorki hefur burði né vilja til að ráða yfir her og tryggir öryggi sitt og varnir með virkri samvinnu við önnur ríki og innan alþjóðastofnana.“

Úr þingsályktun nr. 26/145 um þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland.

Á grundvelli þjóðaröryggisstefnunnar, aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamnings við Bandaríkin eru meginmarkmið Íslands í öryggis- og varnarmálum eftirfarandi:

- Að tryggja þátttöku og framlag Íslands í alþjóðasamstarfi um öryggis- og varnarmál, á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og á grundvelli varnarsamningsins við Bandaríkin, sem og virkt samstarf við grannríki;
- Að tryggja endurnýjun, rekstur og viðhald varnarinnviða, svo sem loftvarnakerfisins og annarra kerfa og varnarmannvirkja á Íslandi;
- Að tryggja að ávallt sé til staðar fullnægjandi gistiríkisstuðningur, sérfræðipækking og viðbúnaðargeta til þess að taka á móti liðsafla á friðartímum sem og hættu- eða ófriðartímum ef þörf krefur;
- Að tryggja virka þátttöku á sviði afvopnunarmála og vígbúnaðartakmarkana í fjölþjóðlegu samstarfi, á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu;
- Að byggja upp og samhæfa viðbúnað og getu á sviði fjölþáttaógnna, þar með talið netöryggismála, og efla þekkingu og viðbrögð við þeim.

Þann 5. maí 2021 var þess minnst að sjötíu ár voru liðin frá undirritun varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna. Upphafsákvæði varnarsamningsins vísar til þess að Bandaríkin taki að sér fyrir hönd Atlantshafsbandalagsins að verja Ísland komi til ófriðar. Viðbætur hafa verið gerðar við samninginn í gegnum tíðina og samstarfið þróað áfram. Framkvæmd varnarsamningsins á friðartímum felur aðallega í sér vel skilgreind samstarfsverkefni þar sem hlutverk Íslands er einkum að veita gistiríkisstuðning við loftrýmisgæslu, kafbátaeftirlit og æfingar og annast rekstur loftvarnakerfis.

Öryggis- og varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna byggist á varnarsamningnum frá árinu 1951, en tekur nú skýrt mið af mjög breyttum aðstæðum sem endurspeglast í sameiginlegri yfirlýsingu ríkjanna frá árinu 2006, þar sem kveðið er á um fjölþætt samstarf á sviði öryggis- og varnarmála. Samstarfið hefur þróast í takt við breytingar á öryggisumhverfi í okkar

heimshluta og tekur nú til mun fleiri þátta en áður. Má þar nefna málefni norðurslóða, þar með talið umhverfisöryggi, leit og björgun á hafi, auk varna gegn netvá, hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi. Einnig fer fram reglubundið samráð milli utanríkisráðuneytisins og utanríkis- og varnarmálaráðuneyta Bandaríkjanna um öryggis- og varnarmál á breiðum grunni, síðast í mars 2021. Utanríkisráðuneytið sinnir mikilvægri hagsmunagæslu og málsvarastarfi í varnarsamstarfi ríkjanna. Sendiráð Íslands í Washington og fastanefnd Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu hafa einnig mikilvægu hlutverki að gegna í þessu skyni.

5.2 Alþjóðlegt umhverfi öryggis- og varnarmála

Aukin spenna og óstöðugleiki í öryggis- og varnarmálum einkenndi árið 2021. Ísland fer ekki varhluta af þróun öryggisumhverfisins. Fleiri verkefni bandalagsríkja á Norður-Atlantshafi og á norðurslóðum bera þróuninni vitni, þar sem aðstaðan á öryggissvæðunum á Keflavíkurflugvelli þjónar mikilvægu hlutverki. Þróunin endurspeglast meðal annars í stefnumótun nánustu samstarfsríkja Íslands í öryggis- og varnarmálum, á borð við Bandaríkin, Bretland, Danmörku, Noreg, Svíþjóð og Finnland, þar sem dregin eru af öll tvímæli um aukið mikilvægi öryggis og varna á norðurslóðum. Sú áhersla birtist í auknum útgjöldum þessara ríkja til öryggis- og varnartengdra verkefna, í þéttara samstarfi þeirra á milli og í auknum þunga í fjölþjóðasamstarfi um öryggis- og varnarmál sem Ísland á aðild að.

Alþjóðakerfið, lýðræðissamfélög og sameiginleg gildi eiga í auknum mæli undir högg að sækja, og það regluverk sem öryggi Evrópu hefur grundvallast á undanfarna áratugi. Segja má að sex öryggisráðgjafar hafi sett mark sitt á árið 2021. Í fyrsta lagi hernaðaruppbygging Rússlands í og við Úkraínu og óútreiknanleiki á alþjóðasviðinu. Í öðru lagi lok aðgerða alþjóðasamfélagsins í Afganistan og brottflutningsaðgerðir í kjölfar valdatöku talibana. Í þriðja lagi fjölþáttaaðgerðir Belarús á landamærum Litáen, Póllands og Lettlands. Í fjórða lagi áskoranir vegna vaxandi hernaðarmáttar Kína og óbeinnar íhlutunar í vestrænum

lýðræðisríkjum. Í fimmta lagi tengsl loftslagsbreytinga og öryggismála, og í sjötta lagi sú ógn sem samfélögum stafar af auknum netárásum.

Þáttaskil urðu í öryggisráðgjafum umhverfi Evrópu við ólögmetta innlimun Rússlands á Krímskaga árið 2014. Síðan þá hafa áskoranir og ógnir smám saman tekið á sig flóknari mynd þar sem sókn til landfræðipólítískra áhrifa og fjölþáttaaðgerðir eru sífellt meira áberandi. Þróun öryggismála í Evrópu á árinu 2021 var mikið áhyggjuefni vegna víðtækrar hernaðaruppbyggingar Rússlands í og við Úkraínu, samhlíða herskám yfirlýsingum, og áframhaldandi fjölþáttaaðgerðum rússneskra stjórnvalda. Þessi þróun kallaði á endurskoðuð viðmið og viðbúnað í okkar heimshluta.

Leiftursókn talibana í Afganistan í kjölfar brotthvarfs erlends liðsafla frá landinu í ágúst 2021 var mikil áskorun fyrir aðildarríki Atlantshafsbandalagsins og önnur vestræn lýðræðisríki. Í kjölfarið hófst vinna sem miðar að því að finna leiðir til að alþjóðasamfélagið geti stutt við afgönsku þjóðina og unnið gegn því að Afganistan geti orðið griðastaður hryðjuverkasamtaka á ný. Á sama tíma er leitast við að draga lærdóm af stuðningi alþjóðasamfélagsins við Afganistan í tvo áratugi í ljósi þess hvernig fór.

Kína er vaxandi áskorun og hefur aukið hernaðarmátt sinn, þar með talið kjarnavopnagetu, og sækist til aukinna áhrifa á alþjóðavettvangi. Vitundarvakning hefur orðið á Vesturlöndum um þá áhættu sem falist getur í fjölþátta- og varnarpólítískum áhrifum, svo sem fjárfestingum erlendra aðila í þýðingarmiklum innviðum. Mörg vestræn ríki hafa hert á löggjöf um fjárfestingarárni og gripið til fleiri aðgerða til að sporna við óæskilegum áhrifum þriðju aðila á vestræn samfélög.

Loftslagsbreytingar skoðast í síauknum mæli sem öryggisáskorun. Bráðnun heims-skautaíss sem opnar fyrir nýjar siglingaleiðir og aðgengi að ónýttum náttúruauðlindum er dæmi um öryggistengdar afleiðingar loftslagsbreytinga sem snerta Ísland sem norðurslóðaríki með beinum hætti. Hætt er við að ríki horfi í auknum mæli til þessa svæðis með það fyrir augum að auka landfræðipólítísk áhrif sín, sem grafið getur undan stöðugleika

vegna margfeldisáhrifa. Atlantshafsbandalagið markaði loftslagsstefnu sína á árinu og setti sér sína fyrstu aðgerðaáætlun í þessum efnunum. Vinna bandalagsins horfir annars vegar til áhrifa loftslagsbreytinga á öryggi ríkja, hins vegar til þess að draga úr kolefnissporum hernaðarsamstarfs ríkjanna.

Netógnir eru vaxandi öryggisáskorun. Netárásir verða sífellt stærri og markvissari og beinast gegn öllum sviðum samfélagsins. Sú þróun skoðast í breiðara samhengi öryggismála þar sem viðnámsþol ríkja, stofnana, fyrirtækja og annarra aðila gegn slíkum árásum er í forgrunni. Árásir á grunnstoðir samfélaga á borð við orkukerfi og dreifikerfi hafa víðtæk áhrif, sem og árásir á aðila sem framleiða vörur eða veita þjónustu sem er mikilvæg í hverju samfélagi.

Hér á eftir er nánar gerð grein fyrir helstu viðfangsefnum utanríkisráðuneytisins á sviði öryggis- og varnarmála árið 2021, fyrirkomulagi öryggis og varna Íslands, varnartengdum verkefnum á Íslandi, fjölþjóðasamstarfi og -samráði um öryggis- og varnarmál og þróun samstarfs á sviði fjölþáttaóagna.

5.3 Framkvæmd varnartengdra verkefna á Íslandi

Í ljósi þess að Ísland er herlaust ríki er framlag landsins á vettvangi Atlantshafsbandalagsins með öðrum hætti en annarra bandalagsríkja. Hið sama á við í tvíhliða varnarsamstarfi við Bandaríkin. Framlag Íslands felst meðal annars í þátttöku í samþættu loftrýmiseftirliti Atlantshafsbandalagsins, loftrýmisgæslu, æfingum bandalagsins og

bandalagsríkja, gistiríkisstuðningi og í því að tryggja öruggan rekstur varnarmannvirkja, eftirlits- og samskiptakerfa og búnaðar. Dagleg framkvæmd varnartengdra rekstarverkefna á Íslandi er sem fyrr segir í höndum varnarmálasviðs Landhelgisgæslunnar á grundvelli þjónustusamnings við utanríkisráðuneytið, sem endurnýjaður var sumarið 2021. Starfsfólk varnarmálasviðsins starfar náið með öryggis- og varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins við skipulag og framkvæmd þeirra verkefna sem samningurinn tekur til og liggur öll stefnumótun og ákvörðunartökuvald hjá ráðuneytinu.

Heimsfaraldurinn hefur falið í sér talsverðar áskoranir fyrir starfseminu á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, á sama tíma og mikilvægi Norður-Atlantshafsins hefur verið að aukast. Í góðri samvinnu við embætti landlæknis hefur þó tekist að tryggja framkvæmd verkefna.

Ríki sem hafa viðkomu á Íslandi eru hér í nánú samráði við utanríkisráðuneytið. Framlag Íslands gerir þeim kleift að nýta getu, sem Ísland sem herlaus þjóð hefur ekki, til að öðlast skýra mynd af stöðu öryggismála með tilliti til hugsanlegra ógna og athafna ríkja og aðila á þessum slóðum.

Reglubundin loftrýmisgæsla Atlantshafsbandalagsins við Ísland er liður í að gæta að nyrðri mörkum bandalagsins með kerfisbundnu eftirliti, gæslu og auðkenningu óþekktara loftfara. Framkvæmd eftirlitsins er skipulögð í samvinnu íslenskra stjórnvalda og Evrópuherstjórnar bandalagsins. Árið 2021 lögðu Noregur, Pólland og Bandaríkin Atlantshafsbandalaginu til liðsafla og flugsveitir en Bandaríkin taka árlega þátt í verkefninu. Þátttökuríki hverju sinni koma með fjórar til fjórtán orrustuþotur og liðsafla á bilinu sextíu til þrjú hundruð

Framlag Íslands til Atlantshafsbandalagsins (NATO) 2021

8



Ísland sá NATO fyrir **átta borgaralegum sérfræðingum** árið 2021 sem störfuðu víða um heim við fjölbreytt verkefni.



Rekstur íslenska loftvarnakerfisins, sem er hluti af samþættu loftvarnakerfi NATO. Ratsjárnar spanna stórt svæði á Norður-Atlantshafi.

140



Rekstur og umsjón með **140 varnarmannvirkjum NATO á Íslandi**.

92.000+



Gistiríkjastuðningur fyrir liðsafla bandalagsríkjanna. Rúmlega 92 þúsund gistinætur erlends liðsafla árið 2021.

manns. Árið 2022 er fyrirhugað að Portúgal, Ítalía og Danmörk taki þátt í verkefninu, auk Bandaríkjanna.

Auknar varnaræfingar í okkar heimshluta eru ein birtingarmynd þeirra breytinga sem orðið hafa á öryggisumhverfi okkar á síðustu árum. Varnaræfingar hér við land fara fram á grundvelli aðildar Íslands að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningsins við Bandaríkin.

Reglulegar varnaræfingar bandalagsríkja Íslands gegna mikilvægu hlutverki í að efla skilning innan Atlantshafsbandalagsins og hjá liðsafla einstakra aðildarríkja á aðstæðum á Íslandi, sérstöðu landsins og varnarhagsmunum. Þá er þátttaka öryggis- og varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, Landhelgisgæslunnar og ríkislögreglustjóra liður í því að efla þjálfun og þekkingu hér á landi til samræmis við þjóðaröryggisstefnuna.

Helstu æfingar hér við land eru Norður Víkingur (Northern Viking), sem er tvíhliða æfing Íslands og Bandaríkjanna og byggist á tvíhliða varnarsamningi landanna, Dynamic Mongoose, sem er kaþbátæftirlitsæfing á vegum Atlantshafsbandalagsins, og Northern Challenge, sprengjuleitaræfing á vegum bandalagsins sem Landhelgisgæslan hefur haft veg og vanda af að skipuleggja. Norður Víkingur átti að fara fram vorið 2021 en var frestað um ár vegna heimsfaraldursins.

Leyfisveitingar

Umferð ríkisloftfara og ríkisskipa, borgaralegra og hernaðarlegra, er leyfis skyld. Utanríkisráðuneytið veitir slík leyfi fyrir íslenska lofthelgi og til lendingar á íslenskri grundu, sem og siglinga- og hafnarleyfi. Opin ársleyfi eru veitt ríkisloftförum ríkja Atlantshafsbandalagsins og samstarfsríkja þess, auk annarra ríkja sem fljúga reglulega yfir Norður-Atlantshaf. Árið 2021 voru veitt 39 slík leyfi. Ríkin tilkynna jafnframt um hvert flug fyrirfram til ráðuneytisins og annarra þar til bærra stjórnarsýslustofnana. Tímabundin leyfi eru veitt ríkisloftförum annarra ríkja en 29 slík leyfi voru veitt árið 2021. Þá voru gefin út 33 siglinga- og hafnarleyfi auk eins ársleyfis. Ráðuneytið hefur einnig með höndum leyfisveitingar fyrir rannsóknir

erlendra aðila í íslenskri lögsögu. Árið 2021 voru sautján rannsóknarleyfi gefin út fyrir rannsóknir á hafi úti og eitt fyrir rannsóknir á landi.

Auk þess að tryggja viðbúnað og gisti-ríkisstuðning við liðssveitir Bandaríkjanna og annarra ríkja Atlantshafsbandalagsins sem hafa viðkomu á öryggissvæðunum, tekur Ísland þátt í samstöðuverkefnum bandalagsins. Til dæmis með því að taka virkan þátt í þéttara samráði bandalagsríkja og svæðisbundnu samstarfi, efla getu til að bregðast við fjölþáttaógnum, og með því að senda íslenska sérfræðinga til starfa á vettvangi.

Ísland hefur um langt skeið sent borgaralega sérfræðinga til starfa innan Atlantshafsbandalagsins og er það mikilvægur hluti af framlagi Íslands til starfsemi bandalagsins auk þess sem það stuðlar að uppbyggingu þekkingar innanlands á verkefnum þess. Stefnt er að því að um tíu slíkir sérfræðingar séu að störfum á hverjum tíma. Árið 2021 voru íslenskir sérfræðingar við störf í höfuðstöðvum bandalagsins í Brussel, í samstöðuaðgerðum í Eystrasaltsríkjunum, í Evrópuherstjórninni í Mons í Belgíu, hjá flota-herstjórninni í Bretlandi og herstjórninni í Norfolk í Bandaríkjunum. Vert er að geta þess að stjórnvöld í Eistlandi, Lettlandi og Litáen hafa ítrekað lýst ánægju sinni með þátttöku Íslands í samstöðuaðgerðum bandalagsins í Eystrasaltsríkjunum þremur, sem þykir sýna með skýrum hætti þau sterku tengsl sem eru til staðar milli þessara ríkja.

Á árinu heimsóttu þrjár háttsettir fulltrúar Atlantshafsbandalagsins Ísland í því skyni að kynna sér aðstæður hér á landi, á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli og víðar, og funduðu jafnframt með íslenskum ráðamönnum og embættismönnum. Heimsóknir sem þessar eru liður í því að kynna það sem Ísland leggur af mörkum til sameiginlegra varna bandalagsins og tryggja skilning á aðstæðum hér á landi. Rob Bauer, aðmíráll, formaður hermálanefndar bandalagsins, heimsótti Ísland í október. Bauer er hæstsetti embættismaður hermálastarfsliðs bandalagsins og er ráðgjafi framkvæmdastjóra og talsmaður bandalagsins um hernaðartengd málefni. Tim

Radford, hershöfðingi og næstæðsti yfirmaður Evrópuherstjórnar Atlantshafsbandalagsins, heimsótti Ísland í nóvember. Evrópuherstjórn bandalagsins fer með framkvæmd allra hernaðartengdra verkefna á borði bandalagsins, mönnun, áætlanagerð, skipulag og framkvæmd æfinga. Þá kom Andrew Lewis, aðmírall og yfirmaður herstjórnar bandalagsins í Norfolk í Bandaríkjunum, til Íslands í mars 2021. Herstjórnin í Norfolk hefur Norður-Atlantshafið sem ábyrgðarsvæði sem endurspeglar vaxandi mikilvægi öryggis og varna á þessu svæði. Lewis aðmírall er jafnframt yfirmaður 2. flota bandaríska sjóhersins.


Við brotthvarf varnarliðs Bandaríkjanna árið 2006 skuldbatt Ísland sig meðal annars til að tryggja getu til að taka á móti færanlegum liðsafla í hin mismunandi verkefni, svokallaðan gistiríkistuðning. Slíkur stuðningur, sem felst í að veita aðstöðu á borð við fæði og gistingu, er samkvæmt þeim skuldbindingum veittur þátttakendum í verkefnum hér við land vegna loftrýmisgæslu og varnaræfinga. Þá veitir Ísland gistiríkistuðning vegna kafbátaeftirlits bandalagsríkja sem farið hefur fram við Ísland frá árinu 2014 vegna aukinnar umferðar kafbáta í kringum Ísland. Á síðasta ári voru flugvélar við kafbátaeftirlit flesta daga ársins samanborið við 21 dag árið 2014. Þessi fjölgun eftirlitsdaga er skýrt teikn um þær breytingar sem hafa orðið á öryggisumhverfi Íslands.

Ísland hefur skipað sér í hóp líkt þenkjandi ríkja, Atlantshafsbandalagsríkja, norrænna vinabjóða og annarra ríkja sem deila með okkur

gildum og sýn á þær öryggisáskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Þjóðaröryggisstefnan kveður skýrt á um að hér á landi skuli vera fyrir hendi mannvirki, búnaður, geta og sérfræðibekking til að mæta þeim áskorunum sem Ísland stendur frammi fyrir og til að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar okkar. Það er þannig hluti af framlagi Íslands, sem herlausrar þjóðar, til öryggis og varna okkar heimshluta að styðja við öryggis- og varnartengd verkefni nánustu samstarfsríkja okkar á þessu svæði.

Ísland sinnir rekstri og viðhaldi þeirra 140 varnarmannvirkja sem eru á skilgreindum öryggissvæðum. Þar með talin eru flugvallarmannvirkin á Keflavíkurflugvelli. Auk þess er olíubirgðastöð í Helguvík og á Keflavíkurflugvelli, stjórnstöð á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli, ratsjár- og fjarskiptastöðvar og ljósleiðari sem liggur kringum landið. Alls eru 87 þessara mannvirkja á eignaskrá Atlantshafsbandalagsins en 53 í eigu íslenska ríkisins.

Ráðist hefur verið í umtalsverð viðhalds- og endurbótaverkefni að undanförunu og má þar helst nefna breytingar og endurbætur á ratsjár- og fjarskiptastöðinni á Stokksnesi og flugskýli 831 á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Þá fór fram umfangsmikið viðhald og endurbætur á flugbrautum, flughlöðum, akstursbrautum og ljósakerfi innan og utan öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli. Unnið er að byggingu gistirýma fyrir erlendan liðsafla, stækkun og byggingu flughlaðs fyrir flugvélar með hættulegan farm og undirstaðna fyrir tímabundna gámabyggð. Þá mun byggingu þvottastöðvar



| Fánar ríkja Atlantshafsbandalagsins blakta við hún fyrir utan höfuðstöðvar bandalagsins.

fyrir flugvélar ljúka um mitt ár 2022. Verkefni þessi eru að mestu leyti kostuð af Atlantshafsbandalaginu og Bandaríkjunum að gistirýmum undanskildum sem Íslensk stjórnvöld kosta alfarið til að veita gistiríkisstuðning.

Auk varnarmannvirkja rekur Ísland hátækni ratsjár-, fjarskipta- og samskiptakerfi, ásamt stjórnkerfisbúnaði fyrir samþætt loftrýmiseftirlit Atlantshafsbandalagsins. Það er eitt þeirra mikilvægu verkefna sem Ísland tók ábyrgð á við brotthvarf varnarliðsins. Viðhald og rekstur varnarmannvirkja og búnaðar fellur undir 6. tölulið þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Umtalsvert viðhald og endurnýjun hefur farið fram á kerfisbúnaðinum síðastliðin ár, þar á meðal er hluti hugbúnaðarkerfisins, fjarskiptastjórnkerfið og á síðasta ári var lokið við að uppfæra ratsjárkerfin, verkefni sem Atlantshafsbandalagið fjármagnaði að mestu leyti. Framangreint er forsenda þess að Ísland geti fullnægt rekstrar- og gistiríkisskuldbindingum sem byggjast á varnarsamningnum við Bandaríkin og aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Fjölbreytt viðhalds- og endurbótaverkefni eru fyrirhuguð á næstu árum til að tryggja öryggis- og varnarhagsmuni Íslands og Atlantshafsbandalagsins í heild.

5.4 Fjölpjóðasamstarf


Þátttaka Íslands í fjölpjóðasamstarfi um öryggis- og varnarmál stuðlar að því að tryggja viðtæka öryggishagsmuni og er í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar landsins. Utanríkisráðuneytið annast fyrirvar af hálfu íslenska ríkisins í samskiptum og samstarfi við erlend ríki, alþjóðastofnanir á sviði öryggis- og varnarmála, hermálafirvöld og erlendan liðsafla sem hér dvelur. Vægi samstarfs í þessum málaflökki hefur vaxið undanfarin ár vegna breytinga í öryggisumhverfi Evrópu og er Atlantshafsbandalagið burðarás á þessu sviði. Fundir um örugg fjarskiptakerfi, sem nýttust í auknum mæli eftir að heimsfaraldurinn skall á, reyndust mikilvægur vettvangur fyrir þéttara samráð bandalagsríkja og annarra líkt þenkjandi ríkja í þessu samhengi.

Atlantshafsbandalagið

Ísland gerðist aðili að Atlantshafsbandalaginu við stofnun þess árið 1949. Öryggisumhverfi Evrópu er gjörbreytt frá því sem áður var þegar bandalagið var stofnað en markmiðin eru þau sömu, að tryggja öryggi og frið í álfunni. Auk varnar- og öryggisþáttarins gegnir bandalagið lykilhlutverki sem pólitískt bandalag lýðræðisríkja beggja vegna Atlantshafsins. Bandalagið hefur lagað sig að breyttum aðstæðum í Evrópu með inngöngu nýrra aðildarríkja og auknu samráði og samvinnu við önnur ríki. Fasta-nefnd Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu sinnir málsvarastarfi og hagsmunagæslu innan bandalagsins.

Viðfangsefni Atlantshafsbandalagsins endurspeglar megináskoranir í öryggisumhverfi bandalagsríkjanna hverju sinni. Á liðnu ári hverfðist starfið annars vegar um fælingu og varnir og samskiptin við Rússland, í samhengi við hernaðaruppbyggingu Rússlands í og við Úkraínu, en hins vegar um lok aðgerða bandalagsins í Afganistan, brotthvarf liðsafla og brottflutningsaðgerðir. Meðal annarra málefna í deiglu bandalagsins árið 2021 voru viðbrögð við loftslagsvánni, hryðjuverkaógnir, fjölþáttaógnir og byltingarkennd tækniþróun. Þá er áfram unnið að því að meta áskoranir sem bandalagsríkin gætu staðið frammi fyrir vegna aukinna umsvifa og áhrifa Kína.

Leiðtogar Atlantshafsbandalagsins samþykktu á fundi sínum í Brussel 14.-15. júní 2021 að ný grunnstefna (Strategic Concept) verði mótuð fyrir næsta fund þeirra í Madrid sem fram fer 29.-30. júní 2022. Grunnstefnan er mikilvægur vegvísir í öllu starfi bandalagsins. Ný grunnstefna mun endurspeglar þær breytingar sem orðið hafa á öryggisumhverfi bandalagsríkjanna á undanförunum árum. Nýrri grunnstefnu er ætlað að tryggja að bandalagið verði sem best í stakk búið til að bregðast við krefjandi og fjölbreyttum áskorunum. Íslensk stjórnvöld leggja áherslu á öryggismál í Evrópu og á Norður-Atlantshafi og sameiginlegar skuldbindingar bandalagsríkja. Jafnframt að bandalagið þurfi að bregðast við öryggisáskorunum vegna



Ísland gerðist aðili að samstarfsvettvangi líkt þenkjandi ríkja í Norður-Evrópu um öryggis- og varnarmál sem Bretar leiða undir merkjum sameiginlegrar viðbragðsveitar. Ben Wallace, varnarmálaráðherra Bretlands, og Sturla Sigurjónsson, sendiherra Íslands í London undirrituðu samninginn.

loftslagsbreytinga og vera virkur samráðsvettvangur um afvopnunarmál. Þá sé brýnt að jafnréttissjónarmið og málefni kvenna, friðar og öryggis verði í hávegum höfð, ásamt þeim sameiginlegu gildum og samstöðunni sem bandalagið stendur fyrir. Nánar er fjallað um mál á borði Atlantshafsbandalagsins í kafla um fastanefndina á bls. 130.

Kósóvóverkefnið

Íslensk stjórnvöld tóku að sér að beiðni Atlantshafsbandalagsins að aðstoða aðgerðastjórn bandalagsins í Kósóvó (KFOR) við stjórn neðra loftrýmis í landinu. Aðstoð Íslands felst í að leggja mat á að flugmálayfirvöld í Kósóvó fylgi alþjóðlega viðurkenndum stöðlum fyrir flugsamgöngur og er framkvæmd þeirrar aðstoðar í höndum Samgöngustofu, samkvæmt þjónustusamningi við utanríkisráðuneytið.

Svæðisbundið samstarf og samráð líkt þenkjandi ríkja um öryggis- og varnartengd málefni hefur haft aukinn sess í takt við þróunina í öryggisumhverfi ríkjanna.

Samstarf Norðurlandanna í öryggis- og varnarmálum hefur aldrei verið þéttara. Auk reglubundinna funda í norræna varnarsamstarfinu (Nordic Defence Cooperation, NORDEFECO) voru tveir aukafundir varnarmálaráðherra á árinu 2021 þar sem viðbragðsferlar samstarfsins voru nýttir til að ræða annars vegar um Afganistan og hins vegar um stöðu mála í og við Úkraínu. Norrænu varnarmálaráðherrarnir sendu jafnframt frá sér yfirlýsingu í desember þar sem þeir lýsa áhyggjum af stöðu og þróun mála í Úkraínu, áréttu stuðning Norðurlandanna við fullveldi og landamærahelgi landsins og rétt úkraínsku þjóðarinnar til að ákvarða eigin framtíð án utanaðkomandi afskipta. Finnland fór með formennsku í samstarfinu árið 2021. Ísland hefur tekið þátt í borgaralegum hluta samstarfsins allt frá stofnun þess árið 2009. Samstarfið lýtur meðal annars að æfingum og þjálfun, útboðum, samhæfingu, samvinnu innan fjölþjóðlegra verkefna og öryggispolítísku samráði.

Ísland gerðist í apríl 2021 aðili að Sameiginlegu viðbragðssveitinni (Joint Expeditionary Force, JEF) sem Bretland leiðir. Samkomulag um þátttöku Íslands var undirritað í London 20. apríl 2021. Öll Norðurlöndin taka þar þátt, ásamt Eystrasaltsríkjum, Hollandi og Bretlandi. Sameiginlega viðbragðssveitin er samstarfsvettvangur líkt þenkjandi ríkja um öryggis- og varnarmál með áherslu á norðurslóðir, Norður-Atlantshafið og Eystrasaltið, sem er ætlað að geta brugðist skjótt við hvers kyns aðstæðum á friðar-, hættu- og ófriðartímum, og stutt við annað fjölþjóðasamstarf, svo sem á vegum Atlantshafsbandalagsins. Innan sameiginlegu viðbragðssveitarinnar fer einnig fram virkt öryggisþólitískt samráð, þar með talið á ráðherrastigi.




Varnarmálaráðherrar Norðurlandanna funduðu í Majvik í Finnlandi í nóvember og fengu jafnframt kynningu á aðstöðu finnska sjóhersins í Uppinniemi. Bryndís Kjartansdóttir, skrifstofustjóri öryggis- og varnarmálaskrifstofu, tók þátt fyrir Íslands hönd.

Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin áttu þétt samráð á árinu 2021 um sameiginlega öryggishagsmuni og stöðu og þróun í öryggis- og varnarmálum Norður-Evrópu, á vettvangi NB8, í Sameiginlegu viðbragðssveitinni ásamt Bretlandi og Hollandi, og í Norðurhópnum (Northern Group) sem fyrrgreind ríki eiga aðild að auk Þýskalands og Póllands. Eistland fór með formennsku í Norðurhópnum á fyrri hluta árs og Finnland síðari hluta árs, samhliða formennsku í norræna varnarsamstarfinu og NB8. Ísland fer með formennsku í Norðurhópnum á fyrri hluta árs 2022.

Grannríkjasamráð

Þann 15. september 2021 undirrituðu utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra Íslands og varnarmálaráðherra Svíþjóðar sameiginlega yfirlýsingu um samstarf ríkjanna í öryggis- og varnarmálum. Í yfirlýsingunni er lögð áhersla á að efla samráð og samvinnu til að mæta öryggisáskorunum í nærumhverfi ríkjanna, á Norður-Atlantshafssvæðinu og á norðurslóðum, sem og fjölþáttaógnum. Einnig er lögð áhersla á að auka samráð um netöryggismál og markvissa upplýsingamiðlun og samstarf í verkefnum sem stuðla að framkvæmd öryggisráðsályktunar 1325 um konur, frið og öryggi. Ísland á auk þess í formlegu grannríkjasamráði um öryggis- og varnarmál við Bretland, Noreg, Kanada og Danmörku, og óformlegu við fleiri ríki.

Þjóðir sem lagt hafa Atlantshafsbandalaginu til flugsveitir til loftrýmisgæslu við Ísland



Áherslur Íslands

Alþjóðakerfið, sem byggist á alþjóðalögum, trausti á stofnunum og lýðræðislegum ferlum, grundvallast á viðbrögðum alþjóðasamfélagsins við aðsteðjandi ógnum. Ísland leggur sín lóð á vogarskálarnar í þeim efnum. Í málflutningi Íslands er lögð áhersla á öryggi og varnir í okkar heimshluta, afvopnunarmál og vígbúnaðartakmarkanir, málefni öryggisráðsályktunar 1325 um konur, frið og öryggi og valdeflingu kvenna, sem og tengsl loftslagsmála og öryggis, í samræmi við þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland. Utanríkisráðuneytið sinnir hagsmunagæslu og málsvarastarfi allt árið um kring á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu og Sameinuðu þjóðanna um þessi málefni og í öðru tvíhliða- og fjölþjóðasamstarfi sem Ísland er aðili að.

5.5 Afvopnunarmál

Afvopnun er ein af lykilstoðum í þjóðaröryggisstefnunni. Aðild að og stuðningur við alþjóðasamninga um afvopnun og traustvekjandi aðgerðir eru mikilvægt framlag Íslands til að stuðla að öryggi alþjóðasamfélagsins. Forgangsmál fyrir alþjóðaöryggi er að styrkja framkvæmd samningsins um bann við útbreiðslu kjarnavopna og friðsamlega nýtingu kjarnorku (NPT-samningsins) og draga þar með úr vægi geryðingarvopna og að verja efnavopnasamninginn. Þá er áriðandi að koma á nýju regluverki til að mæta áskorunum á sviði afvopnunarmála vegna örrar tækniþróunar.

Ekki hefur tekist að rjúfa þá stöðnun sem einkennt hefur viðræður um afvopnun og framkvæmd gildandi afvopnunarsamninga undanfarin ár. Stærsti áhrifaþátturinn er sú umbylting sem á sér nú stað í hinu alþjóðlega öryggispolítíska umhverfi, sem birtist í brottfalli samninga, samningsbrotum, deilum um framkvæmd og vaxandi erfiðleikum við fjármögnun. Þá hefur heimsfaraldurinn ýtt undir þessa neikvæðu þróun.

Alþjóðlegir afvopnunarsamningar, lykilundirstöður alþjóðaöryggis, eru veikari fyrir vikið og endurspegla þá spennu og óvissu sem einkennir öryggismálin um þessar mundir. Mikilvæg teikn eru þó á lofti um að skilningur sé að aukast á ný á vægi afvopnunarmála fyrir alþjóðaöryggi, samhliða fælingu og vörnum ríkja.

Alþjóðlegir samningar um afvopnun líða jafnan fyrir það að ríki eiga ógjarnan aðild að þeim samningum sem helst skyldi. INF-samningurinn um meðaldræg kjarnorkuvopn heyrir nú sögunni til. Samningurinn um opna lofthelgi (Open Skies) stendur veikt eftir brott-hvarf Bandaríkjanna og síðast Rússlands og alvarlegar deilur eru um aðra samninga á borð við efnavopnasamninginn (CWC).

Til að endurreisa flókið alþjóðlegt regluverk afvopunar og vígbúnaðartakmarkana er mikilvægt að endurskoðun NPT-samningsins, sem frestast hefur í tvígang, takist vel. Brýn nauðsyn er á að þessi sögulegi samningur skili betri árangri í að takast á við aðsteðjandi kjarnorkuvá. Samningurinn um bann við kjarnavopnum (TPNW), sem gekk í gildi á árinu, eykur þrýsting á aðildarríki NPT-samningsins að skila marktækum árangri við endurskoðun hans. Samningurinn um bann við kjarnavopnum hefur afar veikt eftirlitsákvæði og veitir litla leiðsögn um framkvæmd og getur því ekki komið í stað NPT-samningsins. Af þessum ástæðum hefur þorri vestrænna lýðræðisríkja ekki gerst aðilar að bannsamningnum, þar með talin öll ríki Atlantshafsbandalagsins, Finnland, Svíþjóð og Sviss. Til að rjúfa kyrrstöðu varðandi framkvæmd NPT-samningsins er nú meðal annars leitað í smiðju fundar Reagans og Gorbatsjovs í Höfða 1986, um að kjarnavopnum verði aldrei beitt í átökum, en sú vinna er nú komin aftur á teikniborðið.

Tvö viðvarandi viðfangsefni afvopunar undirstrika mikilvægi NPT-samningsins, samningurinn um kjarnorkuáætlun Írans (JCPOA) og kjarnavopnauppbygging Norður-Kóreu. Tímabrekar viðræður hafa farið fram síðustu mánuði um að Bandaríkin komi að samningnum á ný en honum er ætlað að tryggja að



| Frá loftrýmisgæslu Noregs á Íslandi vorið 2021.

kjarnorkuáætlun Írans beinist að friðsamlegri notkun. Engin lausn er í sjónmáli og samningsvilji Írans takmarkaður þar sem stjórnvöld hafa aukið auðgun úrans og hraðað framkvæmd kjarnorkuáætlunarinnar í trássi við ríkjandi samkomulag.

Kjarnavopnauppbygging Norður-Kóreu er viðvarandi áskorun fyrir alþjóðasamfélagið. Sú ógn sem af henni stafar sýnir á afgerandi og raunverulegan hátt mikilvægi afvopnunar á sviði kjarnavopna og mikilvægi þess að forða útbreiðslu geryðingarvopna.

Framlenging samnings Bandaríkjanna og Rússlands um langdræg kjarnavopn (New START) voru einu jákvæðu tíðindin á síðasta ári, þótt gildissvið samningsins sé takmarkað. Vonir voru bundnar við stöðugleikaviðræður Bandaríkjanna og Rússlands (Strategic Stability Dialogue), sem snúa að verulegu leyti að afvopnunarmálum, en við innrás Rússlands í Úkraínu urðu slíkar vonir að engu. Þá hefur athyglin beinst að vaxandi kjarnavopnagetu Kína og mikilvægi þess að fá kínversk stjórnvöld til að taka þátt í viðræðum um kjarnavopnaafvopnun.

Lífefna- og eiturvopnasamningurinn (BWC) hefur fengið aukið vægi nú þegar ljós er sú ógn sem heiminum stafar af lífrænum veirum.

Ísland hefur einnig tekið virkan þátt í samvinnu og framkvæmd samninga er varða vopnaviðskipti og hefur skipað sér í hóp ríkja sem vinna að því að koma í veg fyrir að tækni og hlutir til að búa til kjarnavopn, efnavopn, eldflaugar og hefðbundin vopn rati í hendur óæskilegra aðila.

Tækniframfarir hafa á skömmum tíma skapað nýjar ógnir og svigrúm fyrir nýjar víddir í átökum auk þess að magna upp ógnir sem fyrir eru. Þessi staða endurspeglast í fjölþjóðasamstarfi Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins og Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) en þessar stofnanir hafa allar aukið áherslu á samráð og samstarf um afvopnunarmál. Starf Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA) er æ mikilvægara vegna NPT-samningsins og samningsins um kjarnorkuáætlun Írans, sem og starf Efnavopnastofnunarinnar (OPCW) vegna fjölgunar efnavopnaárása.

Tækniframfarir og þróun nýrrar tækni leiðir af sér nýjan og nákvæmari vígbúnað og nýjar átakavíddir, svo sem netógnir, geimógnir og beitingu gervigreindar í hernaði. Nú þegar liggur fyrir að þetta getur haft í för með sér grundvallarbreytingu á hernaðaráttökum framtíðarinnar. Óvíst er hvort eða hvernig koma megi regliverki, samningum eða framgangsreglum utan um þá þróun hvað afvopnun áhrærir.

Áhersla Íslands á mikilvægi afvopnunar fyrir öryggi þjóðarinnar og alþjóðasamfélagsins er skýr í þjóðaröryggisstefnunni. Ísland mun áfram leggja sitt af mörkum til framgangs raunhæfrar afvopnunar með virkri þátttöku á alþjóðavettvangi þar sem afvopnunarmál eru til umfjöllunar og í samráði við aðrar þjóðir um hvernig beri að takast á við nýjar ógnir sem alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir.

5.6 Fjölþáttaógnir

Alþjóðlegt samráð um fjölþáttaógnir, þar með talið netógnir, jókst árið 2021 og birtist meðal annars í umræðum og starfi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, Atlantshafsbandalagsins, Evrópusambandsins, í norrænu samstarfi og samstarfi við einstök ríki. Umfjöllun um fjölþáttaógnir tekur mið af breyttu öryggisumhverfi og örri tækniþróun síðustu ára og markast af þeirri staðreynd að ríki og aðilar þeim tengdum beita fjölþáttaógnum og aðgerðum í auknum mæli til að ná utanríkis-, öryggis- og varnarpólítískum markmiðum. Sú breyting hefur áhrif á Ísland. Hún krefst aukinnar árvekni á fleiri sviðum en áður, víðtæks samráðs og samhæfingar innan stjórnsýslunnar og í fjölþjóðlegu samstarfi um málefnið. Árið 2021 hélt umræða áfram um frekari þróun norræns samstarfs á þessu sviði, einkum með hliðsjón af tillögum í skýrslu Björns Bjarnasonar þessa efnis frá árinu 2020.

Hugtakið fjölþáttaógnir

Hugtakið fjölþáttaógnir vísar til samhæfðra og samstilltra aðgerða óvinveittra ríkja eða aðila þeim tengdum sem beita fjölbreyttum aðferðum á skipulagðan hátt til að nýta sér kerfislæga veikleika lýðræðisríkja og/eða stofnana þeirra. Til þeirra teljast til dæmis netárásir, efnahagsþvinganir og fjárfestingar í lykilinnviðum og tæknifyrirtækjum, falsfréttir og íhlutun í lýðræðislega ferla og stofnanir. Tilgangurinn er að hafa áhrif á ákvarðanatöku yfirvalda með aðgerðum sem grafa undan eða skaða viðkomandi ríki og/eða stofnanir þess.

Bætt ástandsvitund og viðnámsþol, með markvissri uppbyggingu þekkingar, auknu þverfaglegu samráði, samhæfingu, samstarfi og áætlanagerð, hafa verið í öndvegi á umliðnu ári. Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi og efling samstarfs innanlands eru grundvallaratriði hvað þetta varðar.

Hvað alþjóðlegt samstarf áhrærir nýtur Ísland nú góðs af því að vera orðið aðili að Evrópska öndvegissetrinu um fjölþáttaógnir í Helsinki (The European Centre of Excellence for Countering Hybrid Threats). Ísland undirritaði viljayfirlýsingu um aðild að setrinu í maí og var tilkynning þessa efnis undirrituð 10. desember 2021. Ísland mun, samhliða aukinni þátttöku í fjölþjóðlegu samstarfi á þessu sviði, senda sérfræðinga til starfa við öndvegissetur og stofnanir sem vinna að málefnum fjölþáttaógnar og leggja þar með sitt af mörkum og styðja við uppbyggingu þekkingar hér á landi. Evrópska öndvegissetrið í Helsinki vinnur að útgáfu, rannsóknum og greiningum, auk þess að veita þjálfun og halda námskeið og æfingar sem miða að því að auka þekkingu og samstarf á sviði fjölþáttaógnar. Sjónum er meðal annars beint að viðnámsþoli meginstoða samfélaga, lýðræðisferlum, stofnunum og innviðum. Setrið styður einnig við upplýsta umræðu meðal almennings um málefni fjölþáttaógnar með miðlun og útgáfu.

Samstarf á vettvangi Sameiginlegu viðbragðsveitarinnar, sem Ísland gerðist aðili að í apríl 2021, snýr ekki síst að viðbrögðum við fjölþáttaógnum. Þá er þróun samstarfs á sviði fjölþáttaógnar og netöryggismála meðal áherslumála í sameiginlegri yfirlýsingu Íslands og Svíþjóðar um samstarf í varnarmálum sem undirrituð var í september 2021.

Unnið hefur verið markvisst að því að efla samstarf innanlands á árinu. Samstarfssamningur á sviði fjölþáttaógnar var undirritaður milli embættis ríkislögreglustjóra og utanríkisráðuneytisins í september 2021. Samningurinn hefur að markmiði að efla getu beggja aðila til að takast á við slíkar ógnir og verða betur í stakk búinir að sinna lögbundnum hlutverkum sínum. Með samningnum, sem í felst auknið reglubundið samráð og upplýsingaskipti, er unnið að

Því að standa við alþjóðlegar skuldbindingar og nýta tækifæri sem opnast með þátttöku í alþjóðlegu samstarfi um viðbrögð við ógnum af þessu tagi.

Netöryggismál

Árið 2021 var undirrituð viljayfirlýsing um aðild Íslands að öndvegissetri Atlantshafsbandalagsins um netöryggi í Tallinn (NATO Cooperative Cyber Defence Centre of Excellence). Aðild að öndvegissetrinu er liður í að efla viðnámsþol og stuðla að því að byggja upp þekkingu og efla getu innanlands á sviði netöryggismála. Ísland hefur nú stöðu áheyrnarríkis og er langt komið í umsóknarferlinu.

Ný heildstæð netvarnastefna bandalagsins var samþykkt á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins 14.-15. júní 2021. Atlantshafsbandalagið hefur skilgreint netið sem eitt aðgerðasviða bandalagsins. Bandalagsríkin hafa skuldbundið sig til að efla varnir eigin kerfa og innviða. Geta til að takast á við netárásir er á forræði hvers ríkis. Netárás getur kallað á viðbrögð á grundvelli fimmtu greinar Atlantshafssáttmálans um sameiginlegar varnir.

Hröð tækniþróun síðustu ára hefur leitt til þess að umfang netöryggismála sem hluti af utanríkis-, öryggis- og varnarmálum ríkja hefur aukist. Ísland tekur þátt í samráði um netöryggismál innan þar til bærra alþjóðastofnana. Efling netvarna krefst jafnframt öflugssamstarfs og samráðs innan stjórnsýslunnar, milli ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja.

Árið 2021 var áhersla aukin á trygg og örugg fjarskipti og bætt netöryggi í takt við þróunina í nágrennaríkjunum. Starfshópur utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra um ljósleiðaramálefni, útboð ljósleiðaraþráða Atlantshafsbandalagsins og tengd málefni skilaði skýrslu í febrúar 2021 með heildstæðri úttekt og mati á ljósleiðaramálum á Íslandi með tilliti til þjóðaröryggis og þjóðréttarlegra skuldbindinga. Í skýrslunni er áréttað mikilvægi þess fyrir þjóðaröryggi að efla þekkingu innan stjórnsýslunnar á mikilvægi lykिलinnviða, á borð við fjarskiptainnviði. Fjarskiptainnviðir séu enda meðal meginstoða öryggis og varna hvers ríkis. Þá sé brýnt að hafa í huga að öryggi íslenskra

fjarskiptakerfa hefur áhrif á öryggi bandalags- og samstarfsríkja Íslands. Er því lögð áhersla á öryggisþætti í tengslum við útleigu á þráðunum. Jafnframt er vakin athygli á mikilvægi þess að þróa regluverk á sviði fjárfestingarýni með hliðsjón af alþjóðlegri þróun, samhliða áherslu á að auka samkeppni á fjarskiptamarkaði.

Sem liður í að efla samráð, samhæfingu og samstarf innanlands undirrituðu netöryggisveit Fjarskiptastofu (CERT-IS) og utanríkisráðuneytið í september 2021 samstarfssamning á sviði netöryggismála. Samningurinn byggist á lögmæltum skyldum beggja aðila að bregðast við og efla viðnámsþol vegna netógnna sem steðja að íslensku samfélagi og eiga uppruna sinn erlendis. Markmið samningsins er meðal annars að efla ástandsvitund og samræma viðbragðsgetu íslenskra stjórnvalda, þar með talið getu þeirra til að miðla upplýsingum, þekkingu og reynslu í alþjóðasamstarfi á sviði ytri ógna, ásamt því að geta leitað til bandalags- og samstarfsríkja þegar þörf krefur.

Annar liður í að efla þverfaglegt samstarf birtist í aukinni áherslu á vistaskipti milli lykilstofnana sem starfa á sviði netöryggismála, þar með talin gagnkvæm vistaskipti við embætti ríkislögreglustjóra og vistaskipti netöryggis-sérfræðings samgönguráðuneytis í utanríkisráðuneytinu. Þá var utanríkisráðuneytið virkur þátttakandi á vettvangi netöryggisráðs í mótun nýrrar netöryggisstefnu fyrir Ísland (2021-2036) þar sem aukin áhersla er lögð á varnartengda þætti netöryggismála.

Upplýsingaóreiða

Falsfréttir, misvísandi eða rangar upplýsingar og áróður eru birtingarmyndir breytts öryggis-umhverfis ríkja. Hraðinn er mikill og samfélagsmiðlar og breytingar á fjölmiðlaumhverfinu hafa haft mikið þar um að segja. Ríki eða aðilar þeim tengdir hafa beitt upplýsingaóreiðu gegn andstæðingum sínum. Dæmin sýna að slíkar aðgerðir geta verið liður í að grafa undan trausti á lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum og aðgerðum þeirra, valda klofningi í samfélaginu og hafa áhrif á hegðun og afstöðu borgaranna í lýðræðislegum ferlum.

Reynslan hefur sýnt að viðnámsþol hér á landi gagnvart upplýsingaóreiðu er gott. Í því samhengi má vísa til þess að íslenskur almenn-ingur var lítt móttækilegur fyrir falsfréttum og misvísandi upplýsingum sem fóru í dreifingu þegar COVID-19 faraldurinn stóð sem hæst. Engu að síður er mikilvægt að almenningur sé á varðbergi gagnvart slíkum ógnum. Upplýsinga-óreiða er skilgreind sem ógn sem getur grafið undan alþjóðakerfinu, lýðræði, samfélagslegri samheldni og mannréttindum og er ofarlega á baugi í fjölþjóðasamstarfi sem Ísland er aðili að. Upplýsingaóreiða er jafnframt ofarlega á baugi hjá Evrópska öndvegissetrinu um fjöl-þáttaógnir í Helsinki.

Stefnumiðaðar efnahagsaðgerðir

Mikilvægt er að huga að strategískum þáttum hvað varðar erlendar fjárfestingar í þýðingar-miklum innviðum eða fyrirtækjum út frá sjónarmiðum um þjóðaröryggi og varnir. Áhætta kann að felast í því að erlent ríki komist í þá stöðu, beint eða óbeint, að vera með ráðandi eignarhlut í innviðum eða fyrirtækjum sem samfélagið reidir sig á enda gæti það haft áhrif á svigrúm stjórnvalda til stefnumótunar og ákvarðanatöku. Fjárfestingar erlendra aðila í samfélagslega mikilvægum innviðum eða fyrirtækjum geta þannig ógnað öryggi Íslands ef undirliggjandi áform eru af strategískum eða utanríkispólitískum toga.

Þróun löggjafar um fjárfestingarárni í banda-lags- og samstarfsríkjum Íslands tekur mið af þessari þróun og reynslu ríkja af mikilvægi þess að hafa skýra lagaumgjörð í þessum efnun. Evrópusambandið og Atlantshafs-bandalagið leggja aukna áherslu á að efla viðnámsþol aðildarríkjanna á þessu sviði.

Utanríkisráðuneytið hefur lagt sitt af mörkum til að byggja upp þekkingu á þessu sviði í þverfaglegu samráði og samstarfi innan stjórnvísunnar.

Aukin þekking á grunni alþjóðlegs og þverfaglegs samstarfs

Framþróun, útbreiðsla og aðgengi að nýrri tækni, allt frá gervigreind til geimtækni, mun hafa mikil áhrif á öryggislandslag ríkja á komandi árum. Sú tækni sem nú er í þróun mun að miklu leyti hafa tvíþætt notagildi. Tækni sem er þróuð til almennra nota getur nýst í varnar- og öryggistengdum tilgangi. Ísland mun þurfa að laga sig að nýrri tækni og byggja upp viðnámsþol og varnir gegn nýjum ógnum, meðal annars til að tryggja eigið öryggi, rekstur kerfa, þjónustu og innviða. Samhliða tæknilegri uppbyggingu þarf að eiga sér stað uppbygging þekkingar og getu, sem er forsenda þess að hægt sé að takast á við áskoranir tengdar nýrri tækni með markvissum hætti til lengri tíma litið. Utanríkisráðuneytið mun, í samstarfi við hlutaðeigandi aðila innanlands og utan, stuðla að uppbyggingu slíkrar þekkingar og getu.

Utanríkisráðuneytið annast samkvæmt varnarmálalögum úrvinnslu upplýsinga úr upplýsingakerfum Atlantshafsbandalagsins og erlendra samstarfsaðila sem það hefur aðgang að. Auk þess skal ráðuneytið leitast við að skilgreina hættur sem kunna að steðja að íslensku yfirráðasvæði og íslenskum ríkisborgurum, meðal annars vegna hernaðarumsvifa eða sambærilegs alvarlegs hættuástands. Þá ber utanríkisráðuneytið, samkvæmt varnarmála-lögum, ábyrgð á stefnumótun og hættumati á sviði varnarmála og á að eiga samstarf við önnur stjórnvöld, stofnanir eða opinber hluta-félög sem fara með varnarmálatengd verkefni.

PHOTOGRAPHY
FORBIDDEN AT THIS POINT
MÓLTOUR
MÓLTOUR
MÓLTOUR

D 

D Departures only

CLOSED
LOKAD

CLOSED
LOKAD

CLOSED
LOKAD

LOKAD



Citizens
Ríkisborgarar



6 Borgarþjónusta, prótocolmál og ýmis stoðþjónusta

6.1 Borgarþjónusta og áritanamál

Almennt

Undanfarin tvö ár hefur heimsfaraldurinn sett mark sitt á starfsemi borgarþjónustu og áritunarmála. Borgarþjónustan hefur gegnt mikilvægu hlutverki við að upplýsa Íslendinga og erlenda aðila um ferðatakmarkanir vegna COVID-19 til viðbótar við hefðbundið hlutverk sitt að aðstoða Íslendinga í neyð erlendis. Um mitt ár 2021 var opnað fyrir Schengen-áritanir til Íslands til að styðja við íslenskt atvinnulíf, einkum ferðþjónustuna, án þess að geta reitt sig á liðveislu annarra Schengen-ríkja sem ekki höfðu opnað fyrir áritanþjónustu. Á seinni hluta ársins tókst borgarþjónustan á við það krefjandi verkefni að aðstoða einstaklinga við að komast frá Afganistan til Íslands vegna valdatöku talibana en samhliða þessu veigamikla verkefni veitti borgarþjónustan órofna reglubundna þjónustu.

Undanfarin ár hafa nærri fimmtíu þúsund Íslendingar verið búsettir erlendis, séu námsmenn meðtaldir. Auk íslenskra ferðamanna er hefðbundið hlutverk borgarþjónustunnar að veita þessum hópi aðstoð erlendis. Vegna heimsfaraldursins hefur borgarþjónustuhlutverk ráðuneytisins aukist til muna og hefðbundin verkefni borgarþjónustunnar orðið flóknari í vinnslu. Síðbreytilegar reglur á landamærum hafa torvelað og flækt úrlausn

verkefna, svo sem við að aðstoða Íslendinga erlendis vegna andláta, horfinna einstaklinga, vegabréfavanda, slysa og andlegra veikinda.

Sendiráð Íslands gegna lykilhlutverki í að veita íslenskum ríkisborgurum aðstoð erlendis. Umsóknir um almenn vegabréf á sendiskrifstofum Íslands voru 1.877 talsins árið 2021.

532 neyðarvegabréf voru skráð hjá þjóðskrá árið 2021 en sendiráð og ræðismenn geta gefið út neyðarvegabréf þegar brýna nauðsyn ber til. Mikilvægt er að gera íslensk neyðarvegabréf öruggari í notkun og tryggja að þau séu gild ferðaskilríki. Neyðarvegabréf eru handskrifuð og ekki tekin gild sem ferðaskilríki af sumum löndum, til dæmis Bandaríkjunum.

Árið 2021 bárust um 11 þúsund fyrirspurnir og erindi til borgarþjónustunnar. Hér er meðal annars um að ræða aðstoð vegna veikinda, slysa, sakamála, andláta, heimflutnings látinna, vegabréfserinda til viðbótar við tilfelli tengd heimsfaraldrinum. Mörg þessara mála eru viðkvæm og flókin í vinnslu og þarfnast mikillar og góðar samvinnu allra aðila, bæði þeirra sem aðstoð þurfa, aðstandenda, eða ráðuneytis, sendiskrifstofa og annarra stjórnsýslustofnana.

Borgarþjónusta 2021

11.000



Um **ellefu þúsund** fyrirspurnir og erindi bárust sendiráðum og ráðuneyti. Þar af 6.483 tengd ferðaráðum og COVID-19.

102



Borgarþjónustan aðstoðaði **102** einstaklinga við að komast frá Afganistan til Íslands.

1.877



Vegabréfaumsóknir voru **1.877** talsins árið 2021 og 532 neyðarvegabréf voru gefin út.

199.000



Tæplega **tvö hundruð þúsund** heimsóknir á ferðaráðsvef ráðuneytisins vegna COVID-19.

Í samræmi við stefnu í málefnum borgaraþjónustu sem samþykkt var 2019 eiga borgaraþjónustan og sendiskrifstofur Íslands mánaðarlega fundi til að viðhalda virku og góðu samstarfi. Fundirnir hafa verið mikilvægur liður í að samræma verklag og upplýsingagjöf um helstu verkefni á sviði málefnafloksins. Á þessum fundum voru meðal annars tekin fyrir hefðbundin verkefni borgaraþjónustunnar, alþingiskosningar í september, lögbókanda-gerðir og afgreiðsla vegabréfa. Borgaraþjónustan fundar til viðbótar að jafnaði einu sinni í viku með borgaraþjónustum Norðurlandanna en tíðar þegar þurfa þykir, svo sem vegna stærri borgaraþjónustuverkefna sem krefjast samvinnu fleiri ríkja.


Ferðaráð

Heimsfaraldurinn hefur sett mark sitt á starfsemi borgaraþjónustunnar og mótað hana verulega. Örar breytingar á reglum á landamærum ríkja hafa verið gegnumgangandi allt frá upphafi faraldursins með tilheyrandi fyrirspurnum og auknu álagi á borgaraþjónustu. Árið 2021 voru fyrirspurnir um ferðaráð og vandamál tengd heimsfaraldurinum 6.483 talsins og mynduðu stærsta einstaka flokk erinda og beiðna frá almenningi. Vegna fjölda fyrirspurna var útbúin vefgátt með upplýsingum um þær reglur sem gilda á landamærum Íslands. Vefgáttinni island.is/entry var komið á fót í byrjun sumars 2021.

Í ljósi síbreytilegra reglna á landamærum landa var í lok sumars verklagi borgaraþjónustu vegna ráðgjafar í tengslum við ferðalög á milli landa breytt á þann hátt að nú er fólki bent á gagnlegar heimasíður á borð við covid.is, island.is eða á ferðaráð utanríkisráðuneytisins sem uppfærð eru reglulega af sendiskrifstofum. Þetta verklag hvetur fólk til að fylgjast með uppfærðum ferðareglum og eykur skilvirkni án þess að draga úr fjölda móttekinna símtala. Fyrir ítarlegri ferðaráð bendir borgaraþjónustan á ferðaviðvaranir nágrennaríkja Íslands sem hafa víðtækara net sendiskrifstofa.

Íslendingar búsettir erlendis

Samtals: 47.739



- Lönd þar sem Ísland starfrækir sendiskrifstofu: 42.996
- Lönd þar sem Ísland starfrækir ekki sendiskrifstofu: 4.743

* Samkvæmt tölum Þjóðskrár Íslands um fjölda íslenskra ríkisborgara sem eru búsettir erlendis 1. desember 2021

Afganistan

Ríkisstjórn Íslands samþykkti á fundi sínum 24. ágúst að taka á móti allt að 120 einstaklingum frá Afganistan vegna ástandsins sem skapaðist þar í landi í kjölfar valdatöku talibana. Áhersla var lögð á þá sem unnu með eða fyrir Atlantshafsbandalagið, fyrrverandi nemendur Alþjóðlega jafnréttisskólans á Íslandi (GRÓ-GEST) og einstaklinga sem áttu rétt á fjölskyldusameiningu eða voru þegar komnir með samþykta umsókn um dvalarleyfi.

Verkefnið var flókið og krefjandi og unnið í kappi við tímann sem krafðist mikillar samhæfingar þar sem huga þurfti að öryggi allra. Borgaraþjónustur Norðurlandanna unnu þétt saman frá byrjun með tíðum fundum. Stjórnvöld í Finnlandi og Svíþjóð veittu mikla og góða aðstoð við flutning fólksins frá Afganistan til

Íslands. Þá veittu einnig önnur erlend stjórnvöld, svo sem Bretland, Katar og Georgía, dýrmæta aðstoð.

Borgaraþjónustan vann einnig náið með öðrum ráðuneytum, Útlendingastofnun og öðrum stofnunum innanlands. Alþjóðlega fólksflutningastofnunin (International Organization for Migration) og Rauði krossinn veittu einnig mikilvæga aðstoð við að liðsinna einstaklingum sem höfðu komist til grannríkjanna Írans og Pakistan, sem og til Georgíu.

Með fyrirgreiðslu borgaraþjónustu komu 102 einstaklingar til Íslands á tímabilinu ágúst til desember. Í þeim hópi voru til dæmis einstaklingar sem komu til landsins á grundvelli fjölskyldusameiningar og starfsmenn Atlantshafsbandalagsins, dómarar og fjölskyldur þeirra.



Frá móttökutjaldi á Kastrup-flugvelli fyrir afganska flóttamenn á leið til Íslands.

Viðbragðsáætlun fyrir neyðartilvik vegna Íslendinga erlendis æfð með sendiráðum

Hröð og örugg viðbrögð við umfangsmiklum neyðartilvikum erlendis eru eitt af meginmarkmiðunum í stefnu utanríkisráðuneytisins í málefnum borgaraþjónustu 2019-2024. Til að ná því markmiði er mikilvægt að allt starfsfólk þekki *Viðbragðsáætlun ráðuneytisins fyrir neyðartilvik vegna Íslendinga erlendis* og hlutverk hvers viðbragðsaðila. Ekki er síður mikilvægt að viðbrögð séu samhæfð og æfingar fari reglulega fram.

Í ársbyrjun 2020 var sett upp æfingaáætlun vegna viðbragða borgaraþjónustunnar og sendiráða fyrir neyðartilvik Íslendinga erlendis. Vegna heimsfaraldursins og mikilla anna borgaraþjónustunnar hófust æfingar síðar en áætlað var. Haustið 2021 var æfingaáætlun gerð í samráði við sendiskrifstofur og fór fyrsta æfingin fram í október. Ráðgert er að æfingar fari fram að meðaltali einu sinni í viku og að vorið 2022 hafi öll sendiráð æft viðbrögð við neyðarástandi erlendis með borgaraþjónustunni. Æfingarnar eru virkur liður í samstarfi borgaraþjónustu og sendiskrifstofa Íslands. Atburðir undanfarinna mánuða til viðbótar við heimsfaraldurinn hafa bersýnilega sýnt fram á mikilvægi þess að utanríkisþjónustan geti brugðist hratt við í ólíkum aðstæðum með samhentum viðbrögðum.

Alþingiskosningar 2021

Kosningar til Alþingis voru haldnar 25. september 2021. Utanríkisráðuneytið sá um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu erlendis, bæði í sendiráðum og hjá kjöræðismönnum. Hlutverk borgaraþjónustu var að skipuleggja undirbúning fyrir utankjörfundaratkvæðagreiðsluna með það að markmiði að standa vörð um kosningarétt íslenskra ríkisborgara erlendis. Borgaraþjónustan sá meðal annars um að gera kosningahandbók sem innihélt helstu upplýsingar fyrir sendiráð og kjöræðismenn, að skipaðir yrðu kjörstjórar og annaðist einnig sendingu kjörgagna til sendiráða og kjöræðismanna.

Í fyrri kosningum hefur borið á því að utankjörfundaratkvæði erlendis frá hafi verið ógild. Hefur það meðal annars verið vegna þess að undirskrift kjörstjóra hefur ekki verið til á skrá. Til þess að koma í veg fyrir að atkvæði ógildist af þessari ástæðu safnaði borgaraþjónustan saman undirskriftum kjöræðismanna og kjörstjóra og sendi þær áfram til dómsmálaráðuneytisins fyrir kjördag.

Í kjölfar kosninganna var farið yfir vinnulag við undirbúning utankjörfundaratkvæðagreiðslu erlendis. Markmið þeirrar vinnu var að bæta framkvæmd undirbúnings fyrir utankjörfundarkosningar. Niðurstaðan var nýr vinnuferill sem skýrir betur hlutverkaskipan og verklíði við

undirbúning atkvæðagreiðslu erlendis sem aftur styður við það hlutverk utanríkisþjónustunnar að tryggja rétta og skilvirka framkvæmd utankjörfundargreiðslu erlendis.

Kjörræðismenn Íslands

Kjörræðismenn Íslands eru mikilvægur hlekkur í utanríkisþjónustu Íslands. Þeir eru ólaunaðir nema í örfáum undantekningartilvikum þar sem álagið er hvað mest. Þeir sinna fyrst og fremst íslenskum ferðamönnum og reyndust ómetanleg aðstoð við borgarþjónustu í heimsfaraldrinum, en taka einnig að sér önnur mikilvæg utanríkisþjónustustörf, svo sem á viðskiptasviði, sérstaklega í löndum þar sem Ísland er ekki með sendiskrifstofu. Stöðugt er unnið að því að þetta net kjörræðismanna en þeir voru í lok árs 2021 217 talsins. Nýlega var skipaður ræðismaður í Óman, fyrsti íslenski ræðismaðurinn í ríki við Persaflóa. Nú er beðið eftir samþykki gistiríkja fyrir tólf nýjum kjörræðismönnum og fleiri tilnefningar eru í undirbúningi.

Schengen – áritunarmál

Heimsfaraldurinn hefur haft umtalsverð áhrif á útgáfu vegabréfsáritana. Ísland er aðili að Schengen-samstarfinu, landamærasamstarfi 26 Evrópuríkja. Utanríkisráðuneytið afgreiðir umsóknir um Schengen-áritanir til Íslands. Í apríl 2021 var Ísland fyrst Schengen-ríkja til þess að opna fyrir komur ferðamanna frá Bandaríkjunum og Bretlandi eftir lokanir af völdum heimsfaraldursins og stuttu síðar var opnað fyrir ferðamenn frá Indlandi, Rússlandi og Kína.

Utanríkisráðuneytið styður sömuleiðis við framkvæmd útgáfu Schengen-áritana í sendiráðum Íslands og heldur utan um fyrirvarssamninga við önnur Schengen-ríki og þjónustuaðila. Ísland reidir sig mikið á samstarf við fyrirvarslönd og þegar landamærum Schengen-samstarfsins var lokað vegna heimsfaraldursins hættu fyrirvarsríkin að afgreiða áritanir fyrir önnur Schengen-ríki. Áritana-beiðnir í fyrirvarsríkjum voru því afgreiddar fyrir hönd Íslands á grundvelli einstakra

beiðna. Undir lok árs 2021 höfðu flestir fyrirvarssamningar verið ræstir á ný. Ekki reyndist unnt að endurvekja fyrirvarssamning við Litáen.

Árið 2021 voru gefnar út 2.395 C-áritanir til Íslands. Áætlað hafði verið að gefa út fleiri áritanir en heimsfaraldurinn setti þar strik í reikninginn. Flestar áritanir voru útgefnar í London og voru þær 795 talsins. 237 áritunum var synjað, flestar frá Indlandi, en hátt hlutfall umsókna uppfyllti ekki skilyrði umsókna. Yfirferð umsókna um C-áritanir til Íslands er vandasöm vinna og lögð er áhersla á það í starfi deildarinnar að vanda vel til verka.

Fjöldi útgefna C-áritana 2020 og 2021 eftir sendiráðum

Sendiráð	Fjöldi útgefna áritana		Synjanir 2021
	2020	2021	
Nýja-Delí	726	638	231
Moskva	436	153	1
London	6	795	0
Washington	27	786	5
Peking	1.896	23	0
Samtals	3.091	2395	237

Útgáfa vegabréfsáritana til Íslands krefst ekki aðeins skilvirks og góðs samstarfs við sendiskrifstofur Íslands heldur einnig við önnur Schengen-lönd og stofnanir innanlands líkt og Útlendingastofnun, lögregluna og dómsmálaráðuneytið. Þetta góða samstarf auðveldaði mjög vinnuna við að opna fyrir áritanir á ný en í framhaldinu af því var hafin vinna við vefgáttina [Island.is/entry](https://www.island.is/entry).

Staðfesting áritunar: Apostille

Um mitt ár 2021 færðist Apostille-vottun skjala eða staðfesting áritunar frá skjalasafni yfir í deild borgarþjónustu og áritunarmála. Í heild voru gefnar út 5.756 Apostille-vottanir og keðjustimplanir á árinu 2021. Undir lok árs var sú nýjung tekin upp að hægt er að sækja um og greiða fyrir Apostille vottun í gegnum gáttina [Island.is/apostille](https://www.island.is/apostille). Gáttin er afsprengi samstarfs borgarþjónustunnar og Stafræns Íslands. Þessi leið bæði einfaldar og sparar fyrirhöfn fyrir almenning og eykur vinnuhagræði fyrir starfsfólk

ráðuneytisins. Þá er hún í samræmi við stafræna vegferð hins opinbera og mikilvægur liður í grænum skrefum í ríkisrekstri.

6.2 Upplýsinga- og greiningarmál

Utanríkisráðuneytið, sem ráðstafar fjármunum skattgreiðenda meðal annars á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og mannúðarmála, öryggis- og varnarmála, utanríkisviðskipta og til alþjóðastofnana, hefur ríka upplýsingaskyldu gagnvart almenningi og ber að upplýsa hann og fræða um árangurinn af starfi utanríkisþjónustunnar í heild. Upplýsingastefna utanríkisráðuneytisins ráðuneytisins miðar að því að auka gagnsæi og skilning á verkefnum utanríkisþjónustunnar og tryggja jafnan aðgang að upplýsingum um utanríkismál og utanríkisstefnuna í samræmi við upplýsingalög.

Upplýsingadeild utanríkisráðuneytisins sinnir nær öllum samskiptum ráðuneytisins við innlenda og erlenda fjölmiðla. Upplýsingum um störf utanríkisþjónustunnar er miðlað með fréttum á vefsíðu Stjórnarráðsins, tilkynningum á samfélagsmiðlum, fréttatilkynningum og fjölmiðlaviðtölum, auk greininga og skýrslna um starfsemina hverju sinni. Þá miðlar utanríkisþjónustan upplýsinum um sértæk málefni til fjölda innlendra og erlendra fyrirspyrjenda. Árið 2021 bárust ráðuneytinu rúmlega tvö þúsund fyrirspurnir með tölvupósti, samanborið við 1.300 árið 2020 og sex hundruð árið 2019. Auk þess barst mikill fjöldi spurninga í gegnum samfélagsmiðla og sendiskrifstofum erlendis um málefni af ýmsum toga. Þá eru ótaldar fyrirspurnir til ráðuneytisins frá fjölmiðlum, bæði innlendum og erlendum. Árið 2021 skiptu slíkar fyrirspurnir hundruðum, bæði formlegar fyrirspurnir í tölvupósti og óformlegri í síma.

Jafnframt vaktar utanríkisráðuneytið umræðu um land og þjóð í erlendum fjölmiðlum, bregst við umfjöllun þegar tilefni er til og miðlar upplýsingum með framvirkum hætti í málum sem tengjast stöðu og orðstír Íslands á alþjóðavettvangi og stefnu stjórnvalda eftir því sem þörf krefur. Þá er vert að nefna aðkomu


upplýsingadeildar, í samvinnu við deild fjölþáttaógnna öryggis- og varnarmálaskrifstofu, að alþjóðlegu samstarfi er varðar viðbrögð við upplýsingaóreiðu og dreifingu falsfrétta.

Þá ber utanríkisráðuneytinu rík skylda til að miðla upplýsingum til Alþingis í formi skýrslugjafar, svara fyrirspurnum þingmanna eða miðla upplýsingaefni til þingnefnda. Í því sambandi er vert að nefna að árinu 2021 gaf ráðuneytið út alls tíu skýrslur, en auk árlegrar skýrslu ráðherra um alþjóðamál og ársskýrslu ráðherra eru þetta Áfram gakk! Utanríkisviðskiptastefna Íslands, *Samstarf Grænlands og Íslands á nýjum Norðurlóðum, Ljósleiðaramál og útboð ljósleiðaraþráða, Skýrsla utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra um framkvæmd EES-samningsins 2021, Ungliðaáætlun Sameinuðu þjóðanna (JPO) – Innri rýni á þátttöku Íslands 2005-2015, Norðurljós: Skýrsla starfshóps um efnahagstækifæri á norðurlóðum, Samskipti Íslands og Færeyja – Tillögur til framtíðar og Vinátta og vaxtarbroddar: Samskipti Íslands og Póllands. Nánar er fjallað um efni og tillögur þessara skýrslna í öðrum köflum í þessu riti.*


Utanríkisráðuneytið hefur um árabil rekið sérstaka upplýsingaveitu um þróunarsamvinnu og mannúðarmál undir heitinu Heimsljós. Undanfarin ár hafa fréttir úr Heimsljósi einnig birst á forsiðu Vísis, eins fjölsóttasta fréttamiðilsins á Íslandi. Birtingin er á grunni samstarfssamnings ráðuneytisins við fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtækið Sýn hf. Um 165 þúsund notendur lesa forsiðu Vísis daglega og hver notandi kemur að meðaltali fjórum sinnum inn á forsiðuna dag hvern. Greinar Heimsljóss náðu til um 28 þúsund notenda á dag og voru lesnar 170 þúsund sinnum á árinu. Tæplega þrjú hundruð fréttir birtust á Vísi á árinu 2021 og samkvæmt ársyfirliti frá Vísi var að venju talsverður munur á lestri eftir mánuðum.

Upplýsingar um framlög Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu voru gerðar enn aðgengilegri árið 2021 þegar ný gagnvirk vefsíða, openaid.is, var opnuð á vef Stjórnarráðsins. Á vefnum er hægt að flokka framlög eftir samstarfsaðilum, samstarfsríkjum, málefnaáherslum og fleiri breytum.

Lestur fréttanna úr Heimsljósi á Vísir.is



Fjöldi fréttanna úr Heimsljósi 2021 sem tengist samstarfsaðilum og samstarfsríkjum



Heimsfaraldurinn hafði sem fyrr veruleg áhrif á upplýsingamiðlun utanríkisþjónustunnar á síðasta ári. Utanríkisráðuneytið heldur til að mynda úti ferðaráðum vegna COVID-19 á vef Stjórnarráðsins þar sem er að finna upplýsingar um gildandi takmarkanir á landamærum og sóttvarnarkröfur þeirra ríkja sem Íslendingar ferðast helst til. Ferðaráðin eru uppfærð jafnóðum eftir því sem upplýsingar berast um ferðatakmarkanir og skilyrði fyrir komu breytast. Ferðaráðin voru næstmest lesna einstaka síða Stjórnarráðsvefsins árið 2021, sex prósent heimsóknna á vefinn voru á þá síðu. Af þessu má ráða að um kærkomna þjónustu hefur verið að ræða fyrir almenning en auk

þess má gera því skóna að síðan hefur dregið úr beinum fyrirspurnum frá fólki til ráðuneytisins og sendiskrifstofa og þar með hafa sparast bæði tími og fjármunir. Utanríkisráðuneytið hefur einnig tekið virkan þátt í samstarfi ráðuneyta og stofnana vegna faraldursins, sérstaklega vegna aðgerða á landamærum og hvernig upplýsingagjöf er háttað til ferðamanna og heimkomufarþega á leið til landsins. Jafnframt hefur upplýsinga- og greiningadeild ráðuneytisins, í samvinnu við sendiskrifstofur Íslands, haldið áfram að afla gagna fyrir ríkisstjórnina um stöðu farsóttarinnar og sóttvarnaaðgerðir víða um Evrópu.

Utanríkisráðuneytið er með samstarfssamning við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands sem miðar að því að stuðla að aukinni umræðu um utanríkismál hér á landi. Árið 2021 stóð Alþjóðamálastofnun, í samstarfi við utanríkisráðuneytið og fleiri samstarfsaðila, meðal annars fyrir árlegri ráðstefnu um tækifæri og áskoranir Íslands í utanríkismálum, umræðu um loftslagsbreytingar og mannréttindi í tilefni af alþjóðlega mannréttindadeginum og árlegri friðarráðstefnu.

Undanfarin ár hefur ráðuneytið látið kanna viðhorf Íslendinga til alþjóðasamstarfs og hafa þessar kannanir sýnt fram á að Íslendingar eru mjög jákvæðir í garð alþjóðlegrar samvinnu, ekki síst til norræns samstarfs, mannúðarmála og Sameinuðu þjóðanna. Á síðasta ári leiddu niðurstöðurnar meðal annars í ljós að tvöfalt fleiri Íslendingar segjast nú þekkja vel til borgarþjónustu utanríkisþjónustunnar en á fyrstu stigum heimsfaraldursins árið 2020. Þá segist allur þorri fólks mundu leita til hennar ef það lenti í vandræðum erlendis.

6.3 Málefni prótokolskrifstofu

Almennt

Prótokolskrifstofa utanríkisráðuneytisins annast fyrst og fremst samskipti við erlend sendiráð, ræðisskrifstofur og alþjóðastofnanir á Íslandi varðandi réttindi þeirra og skyldur. Hún heldur einnig utan um skipanir fulltrúa Íslands gagnvart erlendum ríkjum og alþjóðastofnunum, svo og opinberar heimsóknir heima og erlendis í samvinnu við viðkomandi stjórnvöld.

Erlendar sendiskrifstofur á Íslandi

Á Íslandi eru átján erlendar sendiskrifstofur og eru þá skrifstofur Evrópusambandsins, Færeyja og Grænlands meðtaldar. Sex nýir sendiherrar komu til starfa á Íslandi á árinu. Það eru sendiherrar Bretlands, Danmerkur, Frakklands, Indlands, Japan og Kanada. Bandaríkin eiga eftir að skipa nýjan sendiherra hér eftir síðustu stjórnarskipti. Spánn er með skrifstofu á Íslandi en sendiherrann hefur aðsetur

í Osló. Útsendir starfsmenn erlendra sendiráða eru um hundrað og vinnur álíka fjöldi Íslendinga þar sem staðarráðnir starfsmenn. Útsendir starfsmenn og fjölskyldur þeirra njóta svokallaðs úrlendisréttar á Íslandi. Utanríkisráðuneytið veitir þeim meðal annars skilríki sem gilda sem dvalarleyfi og gefur út atvinnuleyfi til fjölskyldumeðlima sem þess þurfa. Sérreglum sem gilda um diplómátíska fulltrúa á Íslandi er lýst í ritinu Diplomatic Handbook sem er á vef ráðuneytisins.

Þau fimmtán ríki sem eru með sendiráð á Íslandi eru Norðurlöndin fjögur, Norður-Ameríkuríkin Kanada og Bandaríkin, Asíuríkin Indland, Japan og Kína og Evrópuríkin Bretland, Frakkland, Þýskaland, Pólland, Rússland og Spánn.

Sendiskrifstofur erlendra ríkja á Íslandi

Sendiráð	Fyrirsvar
Bandaríkin	Evrópusambandið
Kanada	Grænland
Bretland	Færeyjar
Frakkland	
Þýskaland	
Spánn	Alls vinna um hundrað starfsmenn í átján erlendum sendiskrifstofum
Danmörk	
Finnland	
Noregur	í Reykjavík. Til viðbótar vinnur þar
Svíþjóð	álíka fjöldi íslenskra starfsmanna.
Rússland	
Pólland	
Indland	
Japan	
Kína	

Sendiskrifstofur gagnvart Íslandi erlendis

Flest erlend sendiráð gagnvart Íslandi eru í nágrannaríkjunum (sjá töflu), yfir 120 talsins. Hátt í þrjátíu sendiherrar með aðsetur erlendis afhentu forseta Íslands trúnaðarbréf árið 2021 en afhendingar hafa margar dregist vegna heimsfaraldursins. Heildarfjöldi diplómátískra fulltrúa erlendra sendiráða gagnvart Íslandi er um sex hundruð manns. Listi yfir starfsmenn erlendra sendiráða og ræðisskrifstofa er í ritinu Diplomatic and Consular List á vef ráðuneytisins.

Alþjóðastofnanir

Auk átján erlendra sendiskrifstofa í Reykjavík eru hér fulltrúar Atlantshafsbandalagsins (NATO) og Bandaríkjahers (NAVFAC) í Keflavík. Fleiri alþjóðastofnanir eru með starfsemi á Íslandi, svo sem Norðurskautsráðið, Norræna ráðherranefndin og Sameinuðu þjóðirnar en fulltrúar þeirra hafa ekki diplómátíska stöðu. Listi yfir slíkar alþjóðastofnanir er á vef ráðuneytisins.

Ræðisskrifstofur á Íslandi

Auk þeirra fimmtán ríkja sem eru með sendiráð á Íslandi eru önnur 44 með kjör-ræðisskrifstofur hér. Samtals eru því um sextíu ríki með diplómátískar skrifstofur á landinu. Kjör-ræðisskrifstofur eru samtals 56 víðsvegar um landið. Hlutverk þeirra er meðal annars að gæta hagsmuna viðkomandi landa og aðstoða ferðamenn.

Sendiskrifstofur Íslands erlendis

Ísland rekur sextán sendiráð erlendis, þar af gegna fjögur þeirra einnig hlutverki fastanefnda gagnvart alþjóðastofnunum, það er í Brussel, Kampala, London og París. Við bætast sex fastanefndir gagnvart alþjóðastofnunum, en tvær þeirra gegna einnig hlutverki sendiráðs, það er Genf og New York. Ísland er með fjórar aðalræðisskrifstofur með útsendum starfsmönnum, það er í Winnipeg, New York, Nuuk og Þórshöfn. Samtals er Ísland með sendiskrifstofur í 21 landi.

Sendiráð Íslands erlendis eru með umdæmisríki samkvæmt forsetaúrskurði sem er uppfærður reglulega. Sem dæmi gegnir sendiráð Íslands í Berlín hlutverki fimm sendiráða, það er gagnvart Þýskalandi, Króatíu, Svartfjallalandi, Póllandi og Serbíu. Þannig er með langflest sendiráð Íslands, um níutíu þeirra eru í þriðja ríki.

Fjöldi erlendra sendiráða gagnvart Íslandi staðsett erlendis

Sendiráð	Evrópa	Norður- Ameríka	Mið- og Suður- Ameríka	Asía og Eyjaálfa	Afríka	Samtals
Sendiráð, þar af í:	38	1	17	32	31	119
Osló	17	0	5	10	5	37
Stokkhólmi	6	0	4	8	8	26
London	3	0	5	8	5	21
Kaupmannahöfn	7	1	0	4	6	18
Berlín	0	0	0	2	3	5
Brussel	0	0	2	0	1	3
Dublin	0	0	0	0	3	3
Helsinki	1	0	0	0	0	1
Washington	0	0	1	0	0	1
Eigin höfuðborg	4	0	0	0	0	4

Í utanríkisráðuneytinu starfa nokkrir heimasendiherrar, það er sendiherrar sem eru trúnaðarbundnir gagnvart tilteknum ríkjum, svo sem Austurríki, Georgíu, Norður-Makedóníu, Bosnia og Herzegovina og Kósovó. Að forminu til eru því nokkur sendiráð Íslands í ráðuneytinu.

Á árinu 2021 afhentu íslenskir sendiherrar trúnaðarbréf, eða afrit trúnaðarbréfs, í átján ríkjum, og tóku þar með formlega til starfa, meðal annars í Bretlandi, Indlandi, Japan og Kína. Tafir hafa orðið vegna heimsfaraldursins. Fastafulltrúar afhentu skipunarbréf gagnvart fimm alþjóðastofnunum í Róm og Vín.

Samtals starfa hátt í sjötíu útsendir starfsmenn í sendiskrifstofum Íslands erlendis og fylgja þeim um níutíu fjölskyldumeðlimir. Staðarráðnir starfsmenn íslenskra sendiskrifstofa eru um níutíu.

Ræðisskrifstofur Íslands erlendis

Flestar skrifstofur íslensku utanríkisþjónustunnar eru kjör-ræðisskrifstofur. Þær eru 212 talsins í yfir níutíu löndum. Langflestar eru í Bandaríkjunum eða 22, þar næst í Kanada og á Spáni eða þrettán í hvoru ríki, í Bretlandi eru tólf og tíu í Danmörku. Ísland er samtals með diplómátískar skrifstofur í yfir hundrað löndum. Nánar er fjallað um störf kjör-ræðismanna á bls. 102.

6.4 Skjalasafn

Í skjalasafni utanríkisþjónustunnar eru varðveitt skjöl um verkefni og rekstur utanríkisþjónustunnar. Vegna flutningsskyldu starfsmanna er mikilvægt að geta treyst á að fljótlegt sé að leita upplýsinga í því. Flokkun, skráning og aðgengileg varðveisla skjala styður þannig við störf utanríkisþjónustunnar.

Öll erindi sem berast með bréfaþósti, á netfang eða skráð á vef ráðuneytisins, eru flokkuð og skráð í málaskrá af starfsmönnum skjalasafns. Á skjalasafni voru stofnuð 13.000 skjöl í málaskrá á árinu 2021 en það eru um 15% af öllum skjölum sem búin eru til í málaskrá utanríkisþjónustunnar.

Umfangsmikið verkefni skjalasafns er frágangur skjala til varanlegrar varðveislu, hvort sem þau eru á rafrænu formi eða pappír. Á Sauðárkróki var á árinu 2021 haldið áfram frágangi pappírsskjala sendiskrifstofa frá síðustu þrjátíu árum. Skráðar voru á fjórða hundrað skjalaöskjur að lokinni hreinsun, grisjun og pökkun. Á aðalskrifstofu var hafist handa við pökkun og frágang frumrita samninga við erlend ríki og alþjóðastofnanir til varanlegrar varðveislu. Skráðir hafa verið 1.200 samningar og búin um þá til frambúðar varðveislu. Um leið voru búin til 90.000 skjöl í málaskrá sem verður að mestu gengið frá til rafrænnar varðveislu.

Skjalasafn sinnir leiðbeiningum, kennslu og gerð verklagsreglna fyrir starfsmenn um skjala-stjórn og notkun skjalavistunarkerfa. Þá fellur undir skjalasafnið gerð og viðhald gæðahandbókar um öll verkefni utanríkisþjónustunnar. Kennsla, aðstoð og leiðbeiningar við upphaf starfs, flutninga milli starfsstöðva og starfslok er hluti af þessum verkefnum. Vegna flutninga starfsmanna, tímabundinna ráðninga, leyfa og endurkomu úr leyfum voru skráð 75 verkefni í skjalasafni á árinu 2021.

Leit, samantekt og miðlun upplýsinga úr skjalasafni fyrir skrifstofur ráðuneytisins, sendiskrifstofur og nefndir og vegna svara við upplýsingabeiðnum frá almenningi, var umfangsmikið verkefni á árinu. Sem dæmi um verkefni eru leitir að skjölum úr sögu



Frúmrít skjala um utanríkismál eru varðveitt í skjalageymslum ráðuneytisins á um 300 fermetrum.

stjórnmálasambands við Kanada, Indland og Finnland og samantekt á öllum skjölum vegna COVID-tengdra verkefna. Skráð voru 175 leitarverkefni á árinu og má segja að verkefnið sé orðið vísir að sögudeild skjalasafns með eitt stöðugildi. Stærsta verkefnið var átta dagsverk. Einnig voru skráð 28 mál um upplýsingabeiðir með vísun til upplýsingalaga og fimmtán mál um formlegar upplýsingabeiðir frá Alþingi en þeim fyrirspurnum fylgir oft leit og samantekt skjala í málaskrá.

Árið 2021 var hafin mánaðarleg birting lista á vef yfir ný mál sem stofnuð eru í málaskrá ráðuneytisins. Það er samstarfsverkefni skjalasafns, laga- og stjórnsýsluskrifstofu og upplýsinga- og greiningardeildar. Birt var yfirlit yfir tæplega 3.000 mál sem stofnuð voru á árinu. 357 þeirra eða 12% voru vegna upptöku ESB-gerða í EES-samninginn og um tvö hundruð mál vegna borgarþjónustuverkefna. Nánar er hægt að skoða málin á vef forsætisráðuneytisins.

Haldið verður áfram með átak í frágangi skjala í geymslum í tengslum við fyrirhugaðar breytingar í húsnæðismálum. Breytingar verða á starfsliði vegna starfsloka eftir langa þjónustu. Á seinni hluta árs má búast við að undirbúningur fyrir nýtt málaskrárkerfi taki drjúgan tíma hjá starfsmönnum skjalasafns.

Á ráðstefnu Þjóðskjalasafns í lok október 2021 var skorað á skilaskilda aðila að hætta að framleiða skjöl á pappírformi. Til að svara því verður haldið áfram að bæta verkferla við rafræna skráningu og afgreiðslu erinda. Skoða þarf alla málaflökka og verkefni og leita leiða í samvinnu við önnur ráðuneyti og opinberar stofnanir til að fækka afgreiðslum á pappírformi.

Haldið verður áfram að þjálfa alla nýja starfsmenn í skjalastjórn og notkun málaskrár auk þess sem reyndir starfsmenn fá tækifæri til að viðhalda og bæta sína þekkingu á því sviði um leið og þeir flytjast milli starfsstöðva.

6.5 Rekstur utanríkisþjónustunnar


Rekstur utanríkisráðuneytisins tekur til þeirra málefna sviða sem undir ráðuneytið heyrir. Það eru málefna svið 4 Utanríkismál og málefna svið 35 Alþjóðleg þróunarsamvinna. Málefna svið 4 skiptist í fjóra málaflökka, 4.10 Utanríkisþjónusta og stjórnsýsla utanríkismála, 4.20 Utanríkisviðskipti, 4.30 Samstarf um öryggis- og varnarmál og 4.50 Samningsbundin framlög vegna fjölþjóðasamstarfs. Á málefna sviði 35 er eingöngu einn málaflökkur, 35.10 Þróunarsamvinna.

Framlög til málefna sviðanna tveggja árið 2021 námu 21,9 mö.kr. að teknu tilliti til gengisleiðréttinga og verðbóta, 14,5 mö.kr. til málefna sviðs 04 Utanríkismál og 7,4 mö.kr. til málefna sviðs 35, Alþjóðleg þróunarsamvinna. Framlög til reksturs íslenskra sendiskrifstofa námu 4,3 mö.kr., framlög til alþjóðastofnana námu 3,5 mö. kr., framlög til varnarmála námu 2,9 mö.kr., framlög til reksturs aðalskrifstofu ráðuneytisins námu 1,8 mö.kr. og framlög til Íslandsstofu námu 812 m.kr.

Áætlað er að framlag Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu í heild verði 0,32% af vergum þjóðartekjum (VPT) árið 2021 samkvæmt bráðabirgðatölum. Af þeirri upphæð eru 500 m.kr. sértæk fjárveiting vegna framlags til bólu-efnasamstarfs á vegum COVAX auk framlags til UNICEF sem vinnur að því að tryggja jafnt aðgengi að bóluefnum í þróunarríkjum. Framlög til Alþjóðlegrar þróunarsamvinnu á vegum utanríkisráðuneytisins námu, eins og áður sagði, 7,4 mö.kr.


Heildarframlag til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu er áætlað 10,5 ma.kr. árið 2021 og þá er meðtalinn kostnaður annarra ráðuneyta, ásamt stofnfjárframlögum til Alþjóðabankans og fleiri stofnana.

Skipting framlaga Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu 2021



* Bráðabirgðatölur. Uppgjöri vegna ársins 2021 var ekki lokið við útgáfu.

Útgjöld til utanríkismála 2021



Heildarútgjöld málefna sviðanna voru rúmir 20 ma.kr. Hafa ber í huga að um er að ræða bráðabirgðauppgjör þar sem uppgjóri ársins 2021 er ekki lokið. Þessar tölur munu taka breytingum. Samkvæmt stöðu í bráðabirgðauppgjóri er afgangur af rekstri utanríkisráðuneytisins jákvæður sem nemur tæplega 1,5 mö.kr. Af þeirri fjárhæð er ónýttar fjárheimildir að upphæð 783 m.kr. á málaflökknum 4.50 Alþjóðastofnanir sem ekki reynir á og eru felldar niður í árslok í samræmi við reglur um uppgjör fjárlagaliða. Að teknu tilliti til þessa er afgangurinn um það bil 700 m.kr. sem skýrist að stórum hluta vegna frestunar á verkefnum og ferðum vegna heimsfaraldursins sem og leiðréttingar á verðlagi.

Heimsfaraldurinn hefur sett mark sitt á rekstur utanríkisráðuneytisins en með lokun landamæra og öðrum ferðahömlum hefur ferðum vegna fundarsóknar og annarra viðburða fækkað til muna tímabundið.

Framlög til utanríkisráðuneytisins á fjárlögum fyrir árið 2022 nema um 23,7 mö.kr., sem er um 3,3 ma.kr. hækkun frá fjárlögum 2021. Heildarframlag á fjárlögum er um 2,5% af A-hluta fjárlaga. Hækkun á milli ára skýrist af auknum framlögum til þróunarsamvinnu sem hækka

um 3,5 ma.kr. milli ára. Hækkun fylgir stefnu stjórnvalda um að veita framlög upp á 0,35% af VPT til þróunarsamvinnu árið 2022. Auk þess hafa útreikningar framlaga til málefna sviðsins verið aðlagðir að reglum og tilmælum þróunarsamvinnunefndar innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD DAC), sem felur í sér 1,1 ma.kr. hækkun á framlögum sem fara til málefna sviðs 35 og gerir það að verkum að hægt er að ná markmiðum um 0,35% af VPT. Nánari upplýsingar um samþykka aðferðafræði Íslands við útreikninga vegna umsækjenda um vernd og kvótaflóttafólks má finna á vef Stjórnarráðsins á slóðinni utn.is/oda-idrc. Heildarframlög á fjárlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu, að meðtöldum launa- og verðlagsbótum, nema 10,2 mö.kr. Framlög til alþjóðastofnana nema tæpum 3,1 ma.kr. en að viðbættum framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu nema framlög til þessara verkefna um 13,3 mö.kr., eða rúmlega 56% af heildarframlögum til þeirra málefna sviða sem falla undir ráðuneytið. Framlög til utanríkisþjónustunnar, það er aðalskrifstofu ráðuneytisins, þýðingamiðstöðvar og sendiskrifstofa eru um 7,5 ma.kr., eða rúmlega þriðjungur af framlögum málaflökkanna.



Utanríkisráðuneytið var ásamt sendiskrifstofum Íslands lýst upp í roðagylltum lit á alþjóðlegum baráttudegi gegn ofbeldi gagnvart konum. Átakið gegn kynbundnu ofbeldi stóð í sextán daga og lauk á mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna.

Alls störfuðu rúmlega þrjú hundruð starfsmenn í utanríkisráðuneytinu í lok árs 2021 að meðtöldum starfsnemum og tímabundið ráðnum starfsmönnum. Af þessum rúmlega þrjú hundruð starfsmönnum störfuðu 172 hér á landi og 162 erlendis, þar af voru 89 staðar-ráðnir og 65 útsendir starfsmenn auk átta fulltrúa annarra ráðuneyta í sendiráði Íslands í Brussel.

Sendiskrifstofur Íslands eru nú 26 í 21 landi, þar af eru sextán tvíhliða sendiráð, sex fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og fjórar aðalræðisskrifstofur. Fyrirkomulag rekstrar utanríkisráðuneytisins, þar sem sendiskrifstofur Íslands og aðalskrifstofa ráðuneytisins eru

reknar sem ein heild, hefur reynst hagkvæmt og leitt til betri nýtingar fjármuna og skýrari yfirsýnar, meðal annars með sameiginlegri stoðþjónustu. Í utanríkisráðuneytinu er unnið samkvæmt jafnréttisáætlun Stjórnarráðs Íslands og sérstakri framkvæmdaáætlun ráðuneytisins í jafnréttismálum. Kynjahlutfall starfsmanna er nokkuð jafnt í hópi yngri háskólamenntaðra fulltrúa og hafa ráðningar verið eftir því. Skrifstofustjórahóp ráðuneytisins mynda þrír karlar og fimm konur. Í ráðuneytinu starfa 36 sendiherrar, þar af 24 karlar og tólf konur. Fjórir sendiherrar eru í launalaus leyfi. Ráðuneytið er jafnlaunavottað samkvæmt íslenska jafnlaunastaðlinum ÍST 85.

Utanríkisþjónusta Íslands er ein sú minnsta í Evrópu enda þjóðin fámenn. Þó eru ýmis verkefni bæði í starfsemi aðalskrifstofu og í alþjóðasamskiptum sem verður að sinna óháð stærð þjóða og slíkum verkefnum fer fjölgandi. Starfsmenn íslenskra sendiskrifstofa finna fyrir vaxandi áhuga á Íslandi og íslenskum vörum og spurn eftir þjónustu þeirra hefur aukist jafnt og þétt. Starfsfólk utanríkisþjónustunnar þarf því að sinna fjölbreyttum verkefnum og svigrúm til verkaskiptingar er minna en hjá utanríkisþjónustum annarra ríkja. Það er áskorun að tryggja að sendiskrifstofur geti staðið undir auknu álagi og veitt einstaklingum, fyrirtækjum og erlendum stjórnvöldum góða þjónustu og greinargóðar upplýsingar.

Á undanföllum árum hefur verið unnið að framkvæmd tillagna í skýrslu ráðherra *Utanríkisþjónusta til framtíðar: Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi* frá 2017 sem og skýrslu ráðuneytisins *Saman á útivelli: Framkvæmd utanríkisstefnu Íslands í kjölfar COVID-19* frá 2020. Í skýrslunum tveimur eru fjölmargar tillögur sem snúa að rekstri utanríkisþjónustunnar, húsnæðismálum og upplýsingatækni. Flestum þessara tillagna hefur þegar verið hrundið í framkvæmd en nokkrum er þó enn ólokið og þar er einna veigamest framkvæmd tillagna í húsnæðismálum sem og hluti tillögu sem snýr að stafrænni utanríkisþjónustu.

Í skýrslunni *Utanríkisþjónusta til framtíðar* eru tillögur um bættu starfsaðstöðu utanríkisþjónustunnar. Í skýrslunni er greint og farið með

skipulögðum hætti yfir stærð, rekstrarkostnað og nýtingu húsnæðis í eigu eða leigu ríkisins erlendis, í því skyni að stuðla að áframhaldandi hagræðingu og samræmingu eins og við verður komið.

Starfsemi ráðuneytisins hefur á undanföllum árum rúmast í tveimur byggingum við Rauðarárstíg 25 og 27. Stefnt er að því að finna hentugra húsnæði sem rúmar alla starfsemi utanríkisráðuneytisins. Einnig er unnið að því að skoða hvernig utanumhaldi um húsnæðismál sendiráða og húsnæði sendiherra verði háttáð í framtíðinni til að ná fram sem bestri nýtingu og hagkvæmni.

Í skýrslu ráðuneytisins *Saman á útivelli* er tillaga um stafræna utanríkisþjónustu sem hefur verið hrint í framkvæmd í formi frekari nýtingar samfélagsmiðla og heimasíðna sendiskrifstofa til að koma upplýsingum áleiðis sem og að nýta fjarfundabúnað og önnur stafræn verkfæri í starfi til að halda kostnaði niðri. Framundan er innleiðing á nýju upplýsingakerfi fyrir borgarþjónustu sem mun auka sjálfvirkni-væðingu og einfalda starfsmönnum að veita Íslendingum erlendis góða þjónustu.


Áfram verður leitast við að haga rekstri utanríkisþjónustunnar með sem hagkvæmustum hætti án þess að draga úr gæðum hennar. Þetta er meðal annars gert með því að nýta þróun í upplýsingatækni og samvinnu við aðrar Norðurlandþjóðir.

7 Sendiskrifstofur Íslands

Sendiskrifstofur Íslands sinna fjölbreyttum verkefnum og áherslurnar eru ólíkar frá einni skrifstofu til annarrar. Hér má sjá hvernig störf sendiskrifstofa Íslands í heild skiptast eftir helstu verkefnum ásamt upplýsingum um fjölda Íslendinga sem búa í umdæmis- og gistiríkjum skrifstofanna, utanríkisviðskipti, starfsmannafjölda og rekstrarkostnað.

Sömu upplýsingar fyrir hverja og eina skrifstofu er svo að finna hér á eftir ásamt umfjöllun um það sem bar hæst á árinu 2021.


21	26
land	sendiskrifstofur
	16 <small>þar af</small>
	tvíhliða sendiráð
	6
	fastanefndir hjá alþjóðastofnunum
	4
	alræðisskrifstofur



Íslendingar í umdæmislöndum sendiskrifstofa ¹	46.382	97,2%
Þar af í gistiríkjum sendiskrifstofa	42.996	90,1%
Utanríkisviðskipti við gistiríki sendiskrifstofa²		
Vöruútflutningur (2021)	365.418,7	48,2%
Vöruinnflutningur (2021)	661.229,1	66,4%
Þjónustuútflutningur (2020)	263.634,2	69,6%
Þjónustuinnflutningur (2020)	187.626,5	60,6%
Starfsmenn		
Útsendir diplómatar	60	37,0%
Útsendir aðrir	5	3,1%
Útsend, önnur ráðuneyti	8	4,9%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	8	4,9%
Aðrir staðarráðnir	81	50,0%
Rekstrarkostnaður sendiskrifstofa³		
Þar af sameiginlegur kostnaður	496,7	12,7%
Þar af tæki og búnaður	51,2	1,3%
Þar af viðhald fasteigna	47,5	1,2%

- 1 Fjöldi íslenskra ríkisborgara sem var búsettur í viðkomandi löndum 1. desember 2021 samkvæmt tölum Þjóðskrár og hlutfall þeirra af heildarfjölda íslenskra ríkisborgara með búsetu erlendis.
- 2 Utanríkisviðskipti við þau lönd þar sem Ísland er með sendiskrifstofur og hlutfall þeirra viðskipta af heildar utanríkisviðskiptum Íslands í viðkomandi flokki.
- 3 Samtalan felur í sér kostnað vegna þriggja sendiskrifstofa sem falla undir alþjóðlega þróunarsamvinnu (Kampala, Lilongwe og Róm) sem fjármagnaðar eru með framlögum til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu (málefnasvið 35). Aðrar skrifstofur eru fjármagnaðar með framlögum vegna utanríkisþjónustu og stjórn-sýslu utanríkismála (málaflokkur 04:10). Talan felur einnig í sér sameiginlegan kostnað sem til fellur vegna sendiskrifstofa. Hlutfall einstakra skrifstofa í kostnaði tekur mið af þessu í töflunum hér á eftir.

Fjárhæðir í töflum sendiskrifstofa eru í milljónum króna.




212 kjöræðisskrifstofur í yfir 90 ríkjum og sjálfstjórnarsvæðum.

Sendiráð í Berlín

Íslendingar í umdæmisríkjum þar af í Þýskalandi	2.205 1.786	4,6% 3,7%
Viðskipti við Þýskaland		
Vöruútflutningur (2021)	45.771,4	6,0%
Vöruinnflutningur (2021)	85.013,3	8,5%
Þjónustuútflutningur (2020)	30.481,0	8,0%
Þjónustuinnflutningur (2020)	14.599,5	4,7%
Starfsmenn	7	4,3%
Útsendir diplómatar	3	5,0%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	12,5%
Aðrir staðarráðnir	3	3,7%
Rekstrarkostnaður	148,8	3,8%
Umdæmisríki: Þýskaland, Króatía, Svartfjallaland, Pólland og Serbía.		

- Borgarþjónusta
- Viðskiptamál og skapandi greinar
- Áritunarmál
- Menningarmál
- Önnur tvíhliða samskipti
- Öryggis- og varnarmál
- Önnur fjölbjóðleg samvinna
- Rekstur



Rík áhersla á viðskiptaþjónustu, menningu og skapandi greinar

Heimsfaraldurinn setti svip sinn á störf sendiráðsins á árinu 2021. Þrátt fyrir strangar samkomutakmarkanir lagði sendiráðið áfram áherslu á að vera með öflugan kynningu á íslenskri menningu, skapandi greinum og viðskiptaþjónustu. Þá var lögð rík áhersla á virka kynningu á samfélagsmiðlum. Viðburðum var ýmist streynt eða þeir haldnir í samræmi við samkomutakmarkanir. Sendiráðið hélt ásamt Íslandsstofu sex vinnustofur í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir, meðal annars á sviði endurnýjanlegrar orku og jafnréttismála en einnig um þýskan matvælamarkað og gagnabúskap á Íslandi. Þá leitaði fjöldi íslenskra fyrirtækja til sendiráðsins eftir viðskiptaþjónustu.

Sendiráðið vann ásamt Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar (KÍM), Íslandsstofu og Galleríi Guðnýjar Guðmundsdóttur í Berlín að kynningu á íslenskri myndlist í sendiherrabústaðnum þar sem sýning Katrínar Ingu Jónsdóttur Hjördísardóttur var sett upp. Samstarfið heldur áfram árið 2022 og eru fjórar sýningar fyrirhugaðar, einnig 2023. Sendiráðið stóð einnig fyrir listamannaspjalli með myndlistarmönnum Huldu Rós Guðnadóttur, Styrmi Erni Guðmundssyni og Önnu Rún Tryggvadóttur í samvinnu við KÍM, Íslandsstofu og Künstlerhaus Bethanien. Þá skipulagði sendiráðið fjölda annarra viðburða, til dæmis upplestur með Ragnari Jónassyni rithöfundu,

jazztónleika og sýninguna *Hliðstæðar víddir* með listamönnum Ragnari Kjartanssyni, Mariu Dalberg og Hrafnkeli Sigurðssyni. Sýningarstjóri var Ásdís Spanó.

Sendiráðið tók að auki þátt í norrænni samvinnu í Þýskalandi, meðal annars með þátttöku í málstofum á sviði orkumála, líffræðilegs fjölbreytileika og öryggis- og varnarmála.


Til þess að efla pólitísk og viðskiptaleg tengsl Íslands og sambandslanda í Þýskalandi heim sóttu sendiherra og viðskiptafulltrúi eyjuna Usedom og kynntu íslenskar sjávarafurðir, og Bæjaraland þar sem fundað var með embættismönnum og fulltrúum atvinnulífsins.

Á sviði stjórn mála átti utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra fjarfund með utanríkisráðherra Króatíu þar sem rætt var um alþjóða- og tvíhliðamál, þar á meðal jarðhita. Sendiráðið hefur sömuleiðis fundað með fjölda hugveitna í Þýskalandi á sviði stjórn mála og viðskipta. Jafnframt hefur verið lögð rík áhersla á að koma á tengslum við nýskipaða embættismenn í ráðuneytum í Þýskalandi.

Sendiherra afhenti trúnaðarbréf í Króatíu og Serbíu á árinu og fundaði með embættismönnum og samstarfsaðilum í Póllandi. Jafnframt tók sendiráðið þátt í fundum Uppbyggingsráðs EES sem varða Króatíu og Pólland.

Sendiráð í Brussel

Íslendingar í umdæmisríkjum þar af í Belgíu	1.174 165	2,5% 0,3%
Viðskipti við Belgíu		
Vöruútflutningur (2021)	11.509,6	1,5%
Vöruinnflutningur (2021)	18.897,1	1,9%
Þjónustuútflutningur (2020)	7.567,3	2,0%
Þjónustuinnflutningur (2020)	4.433,7	1,4%
Starfsmenn	19	11,7%
Útsendir diplómatar	5	8,3%
Útsendir aðrir	1	20,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	0	0,0%
Aðrir staðarráðnir	5	6,2%
Útsendir, önnur ráðuneyti	8	100,0%
Rekstrarkostnaður	381,8	9,7%
Umdæmisríki: Belgía, Holland, Lúxemborg og San Marínó.		
Fjölpjóðasamstarf: Evrópusambandið.		



Framlag Íslands til nýsköpunar í loftslags- og orkulausnum kynnt

Ísland var í formennsku á EFTA-hlið EES-samstarfsins fyrri hluta árs 2021. Í því felst að leiða samræmingu á afstöðu EES/EFTA-ríkjanna og vera í forsvari fyrir þau í samskiptum við Evrópusambandið (ESB). Í formennskuáætlun Íslands var áhersla lögð á samvinnu við ESB um viðbrögð við heimsfaraldrinum, að standa vörð um framkvæmd og uppfærslu EES-samningsins og virka hagsmunagæslu við mótun gerða sem varða innri markaðinn.

Formennskan var einnig nýtt til að kynna framlag Íslands til nýsköpunar í loftslags- og orkulausnum í samhengi við Græna sáttmála ESB og markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 55 prósent árið 2030. Í því skyni stóð sendiráðið fyrir rafrænni málstofu með þátttöku portúgölsku formennskunnar í ráði ESB þar sem nýsköpunarfyrirtækin Carbfix, Carbon Recycling International, Pure North Recycling og Circular Solutions kynntu framleiðslu sína.

Samstarf við ESB um viðbrögð við heimsfaraldrinum gekk almennt vel. Þó komu á síðasta ári upp hnökror tengdir útflutningseftirliti með bóluefnum við COVID-19 þegar Ísland og önnur EES/EFTA-ríki voru felld út af lista þeirra sem höfðu undanþágu. Hörð mótmæli á sérstökum aukafundi í sameiginlegu EES-nefndinni og samstillt átak utanríkisþjónustunnar með samtölum utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra við viðskiptastjóra ESB og loks

forsætisráðherra við forseta framkvæmdastjórnarinnar skilaði þeim árangri að Ísland var aftur undanþegið eftirlitinu með vísan til stöðu þess sem EES/EFTA-ríkis og þátttakanda í innri markaði Evrópu.

Viðræður um endurskoðun landbúnaðarsamnings Íslands og ESB hófust á árinu með það fyrir augum að draga úr því ójafnvægi sem upp er komið í viðskiptum aðila. Uppbyggingarsjóður EES 2014-2021 rann sitt skeið í apríl 2021 en verkefnum samkvæmt einstökum áætlunum má ljúka á næstu þremur árum. Búist er við að ESB óski eftir að taka upp viðræður um nýjan sjóð á næstunni. Samhliða verður leitað eftir viðræðum um betri markaðsaðgang fyrir fisk og aðrar sjávarafurðir.

Í september var samið um aðild Íslands að ellefu samstarfsáætlunum Evrópusambandsins 2021-2027. Þátttaka í þeim veitir aðgang að öflugum samstarfi á sviði mennta, menningar, vísinda, tækni og nýsköpunar í samvinnu við einstaklinga og fyrirtæki um alla Evrópu.

EES-ráðið kom tvisvar saman á síðasta ári, í maí og nóvember. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra stýrði fyrri fundinum þar sem samvinna ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu í baráttunni við heimsfaraldurinn og afleiðingar hans voru í brennidepli. Á seinni fundinum var áfram rætt um samstarf ríkjanna við að tryggja lykilaðföng og hvernig hraða megi grænum umskiptum og stafrænni þróun.

Sendiráð í Helsinki

Íslendingar í umdæmisríkjum	380	0,8%
Þar af í Finnlandi	299	0,6%
Viðskipti við Finnland		
Vöruútflutningur (2021)	2.112,5	0,3%
Vöruinnflutningur (2021)	8.919,4	0,9%
Þjónustuútflutningur (2020)	1.987,3	0,5%
Þjónustuinnflutningur (2020)	1.548,9	0,5%
Starfsmenn	5	3,1%
Útsendir diplómatar	1	1,7%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	12,5%
Aðrir staðarráðnir	3	3,7%
Rekstrarkostnaður	105,8	2,7%
Umdæmisríki: Finnland, Eistland, Lettland, Litáen og Úkraína.		

- Borgaraþjónusta
- Viðskiptamál og skapandi greinar
- Menningarmál
- Önnur tvíhliða samskipti
- Öryggis- og varnarmál
- Önnur fjölþjóðleg samvinna
- Rekstur



Hlúð að tækifærum í tvíhliða samskiptum

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra átti fjölda fjarfunda með utanríkisráðherra Finnlands og Eystrasaltsríkjanna, bæði tvíhliða og marghliða. Finnland gegndi formennsku í norrænu og NB8-samstarfi utanríkisráðherra á árinu. Rætt var um stöðu og aðgerðir í heimsfaraldrinum og um alþjóðamál, svo sem loftslagsmál og mannréttindi. Samstarf á sviði öryggis- og varnarmála fór fram innan vébanda NORDEFCO og Finnland veitti Íslandi ómetanlega aðstoð við brottflutning fjölskyldna frá Afganistan til Íslands þegar aðstæður voru sem verstar í Kabúl. Í desember gerðist Ísland formlega aðili að Evrópska öndvegissetrinu um fjölþáttaógnir í Helsinki. Samstarf við Finnland og Eystrasaltsríkin hefur farið vaxandi á undanförunum árum og nýtist það samstarf einnig gagnvart stærri ríkjum samanber fundi NB8+UK.

Starfsáætlun sendiráðsins leggur áherslu á að efla hefðbundin viðskipti en einnig að hlúa að samstarfi á sviði nýsköpunar, frumkvöðlastarfs, mennta og menningar. Sóttvarnatakmeðrunum var mætt með fjölda fjarfunda og viðburða á netinu, svo sem rafræns kynningarfundar fyrir finnskar ferðaskrifstofur sem selja ferðir til Íslands. Þegar aðstæður leyfðu stóð sendiráðið fyrir viðburðum svo sem bókmenntakynningu á degi íslenskrar tungu og tengslamyndunarviðburði eftir tónleika Daníels Bjarnasonar í Helsinki. Ræðismannafundur var haldinn í október. Íslandsstofa stóð í samvinnu við sendiráðið fyrir fjölsóttum viðburðum á

nýsköpunarráðstefnunni SLUSH í desember en ráðstefnuna sóttu um áttatíu íslenskir viðskiptaaðilar frá um fjörutíu sprotafyrirtækjum. Tvö íslensk leikjafyrirtæki starfrækja skrifstofur í Helsinki. Á liðnu ári var unnið að undirbúningi viðburða í tilefni af 75 ára afmæli stjórnmalasamskipta Íslands og Finnlands. Þar ber einna hæst heimsókn utanríkisráðherra og viðskiptasendinefndar á sviði grænnar orku til Helsinki í lok mars næstkomandi.


Sendiráðið átti virk samskipti við Eistland, Lettland og Litáen, bæði stjórnmalasamskipti en einnig á sviði menningar og viðskipta þar sem Uppbyggingarsjóður EES er gagnlegt tæki. Sem dæmi má nefna rafrænan viðskiptafund Íslands og Eistlands sem haldinn var í maí. Nýr utanríkisráðherra átti fund með utanríkisráðherra Litáen í tengslum við ráðherrafund ÖSE. Sendiráðið studdi ýmis menningarverkefni í Eystrasaltsríkjunum á liðnu ári, þar með talda sýningu Kristínar Rögnu Gunnarsdóttur um íslenska bókaflóðið, og átti sem fyrr gott samstarf við upplýsingaskrifstofur Norrænu ráðherra-nefndarinnar. Heimsókn forseta og utanríkisráðherra Eystrasaltsríkjanna, sem fram átti að fara í lok ágúst 2021 í tilefni þrjátíu ára afmælis viðurkenningar Íslands á sjálfstæði þeirra, var frestað vegna heimsfaraldursins en undirbúningstarf nýtist áfram. Ágætt samstarf var við fjórða umdæmisríki sendiráðsins, Úkraínu, og tók sendiherra þátt í *Crimea Platform Summit* í Kiev í ágúst.

Sendiráð í Kampala

Íslendingar í umdæmisríkjum þar af í Úganda	10	0,02%
Viðskipti við Úganda	4	0,01%
Vöruútflutningur (2021)	1,8	0,0002%
Vöruinnflutningur (2021)	13,6	0,0014%
Þjónustuútflutningur (2020)	1,4	0,0004%
Þjónustuinnflutningur (2020)	92,1	0,0297%
Starfsmenn	8	4,9%
Útsendir diplómatar	2	3,3%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	0	0,0%
Aðrir staðarráðnir	6	7,4%
Rekstrarkostnaður	62,3	1,6%

Umdæmisríki: Úganda, Eþíópía og Kenía.

Fjölbjóðasamstarf: Afrikusambandið



Verkefni í samstarfshéruðunum gengu vel

Starfsemi sendiráðsins í Úganda árið 2021 markaðist af heimsfaraldri kórónuveirunnar en þó náðist að ljúka öllum meginverkefnum í tvíhliða þróunarsamvinnu í samstarfshéruðunum Buikwe og Namayingo.

Útgöngubann var í landinu frá kvöldi til morguns mest allt árið og annað árið í röð voru skólar á öllum skólastigum lokaðir vegna faraldursins. Margar aðrar takmarkanir höfðu mikil áhrif á daglegt líf fólks í landinu.

Sendiráðið var opið allt árið en daglegur opnunartími var stytur vegna útgöngubannsins. Starfsmenn unnu jöfnum höndum á skrifstofunni og að heiman. Hefðbundnum fundum var haldið í lágmarki eða þeir færðir yfir á fjarfundaform og lítið sem ekkert var um viðburðahald á árinu.

Gagnkvæm upplýsingagjöf og samráð við Norðurlöndin og önnur ríki um sameiginleg málefni voru á árinu eins og venja er. Forstöðumenn sendiráða Norðurlanda í Úganda fóru saman á fund forseta landsins 19. október. Þá hafði sendiráðið samstarf við nokkrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna í Úganda, einkum Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (UNDP), Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR). Samstarfið markaðist þó af þeim ströngu reglum sem í gildi voru um samkomur og mannamót.

Sömuleiðis funduðu útsendir starfsmenn sendiráðsins í nóvember með starfsmönnum norrænu sendiráðanna í Naíróbí og sendiherrum þeirra. Norrænu sendiráðin hafa margsinnis aðstoðað Íslendinga í borgarþjónustumálum og árið 2021 var engin undantekning. Einnig var fundað með heiðursræðismanni Íslands í Naíróbí og ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytis Kenía, skrifstofustjóra Evrópu- og alþjóðamála í ráðuneytinu og prótocolstjóra.

Allmörg borgarþjónustumál rötudu á borð sendiráðsins en Úganda, Kenía og Eþíópía eru umdæmislönd þess auk þess sem sendiráðið er með fyrirvar gagnvart Afrikusambandinu.


Haldnar voru forseta-, þing- og sveitarstjórnarkosningar í ársbyrjun og tóku tveir Íslenskir fulltrúar sendiráðsins þátt í kosningaefirliti með fulltrúum frá alþjóðasamfélaginu í landinu. Kosningarnar fóru að mestu friðsamlega fram.

Sendiráð í Kaupmannahöfn

Íslendingar í umdæmisríkjum þar af í Danmörku	10.995 10.946	23,0% 22,9%
Viðskipti við Danmörk		
Vöruútflutningur (2021)	18.544,1	2,4%
Vöruinnflutningur (2021)	75.714,1	7,6%
Þjónustuútflutningur (2020)	18.022,4	4,8%
Þjónustuinnflutningur (2020)	20.499,5	6,6%
Starfsmenn	6	3,7%
Útsendir diplómatar	1	1,7%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	0	0,0%
Aðrir staðarráðnir	5	6,2%
Rekstrarkostnaður	121,3	3,1%

Umdæmisríki: Danmörk, Búlgaría, Rúmenía og Tyrkland.

- Borgarþjónusta
- Viðskiptamál og skapandi greinar
- Menningarmál
- Önnur tvíhliða samskipti
- Öryggis- og varnarmál
- Þróunarsamvinna og mannúðaraðstoð
- Önnur fjölþjóðleg samvinna
- Rekstur
- Önnur verkefni



Tækifærin nýtt til hins ítrasta í heimsfaraldri

Heimsfaraldur kórónuveirunnar setti áfram mark sitt á starfsemi sendiráðsins á árinu 2021 og sneru þá flest verkefni þess að borgaraþjónustu, sérstaklega á fyrri hluta árs. Að mestu fólust þau í aðstoð við íslenska ríkisborgara og miðlun upplýsinga varðandi stöðu faraldursins í Danmörku til ráðuneytisins. Með hækkandi sól og afléttingu takmarkana fjölgaði hefðbundnum aðstoðarmálum. Síðsumars tók sendiráðið á móti flóttamönnum frá Afganistan á Kastrup-flugvelli á leið þeirra til Íslands en þeir voru fluttir á brott frá Kabúl með flugi á vegum danskra stjórnvalda. Þá kusu tæplega þrjú hundruð kjósendur utan kjörfundar til Alþingis í sendiráðinu.

Kynning á íslenskri menningu er snar þáttur í starfsemi sendiráðsins enda nýtur íslensk menning mikillar hylli í Danmörku. Þrátt fyrir takmarkanir vegna heimsfaraldursins var mörgum áhugaverðum menningarviðburðum ýtt úr vör. Sem dæmi má nefna að menningardagskrá var haldin í samvinnu við Norðurbryggju í tilefni af *World Pride*-hátíðinni, tvær höggmyndasýningar Steinunnar Þórarinsdóttur voru opnaðar í Kaupmannahöfn og Óðinsvéum, Shoplifter opnaði sýningu á Norðurbryggju og fjögur íslensk gallerí tóku þátt í *Chart Art*-myndlistarmessunni. Í lok árs stóð sendiráðið fyrir viðburðum í samstarfi við Íslandsstofu til

að kynna *Record in Iceland* og *Film in Iceland*. Sendiráðið tók einnig þátt í gerð hönnunarhlaðvarps í tilefni af *Hönnunarmars*.

Aðgengi íslenskra fyrirtækja að erlendum mörkuðum, sérstaklega á EES-svæðinu, er íslensku efnahagslífi og lífskjörum almennings á Íslandi gríðarlega mikilvægt. Sendiráðið veitir íslenskum fyrirtækjum almenna upplýsingagjöf um danskt fyrirtækjaumhverfi og aðstoð við að finna samstarfsaðila og ýtir undir samstarf og tengslamyndun íslenskra fyrirtækja í Danmörku. Á haustmánuðum vann sendiráðið, í samvinnu við Íslandsstofu, að þátttöku fimmtán íslenskra sprotafyrirtækja í sprota- og nýsköpunarráðstefnunni TechBBQ. Í nóvember efndi sendiráðið til kynningar á árangri Íslands í loftslagsmálum í samvinnu við Grænvang. Sendiráðið annast einnig tvíhliða samstarf við Búlgaríu og Rúmeníu á vettvangi Uppbyggingarsjóðs EES með grænar lausnir á sviði orku og hugvits meðal áherslumála.


Framundan eru fleiri viðburðir til að efla viðskiptatengsl við Danmörku og kynna menningu sem útflutningsvöru.

Sendiráðið leggur sem fyrr áherslu á tvíhliða hlutverk sitt gagnvart Danmörku og umdæmisríkjunum Búlgaríu, Rúmeníu og Tyrklandi og fylgist með stjórnámum og utanríkispólitískum málum í ríkjunum fjórum.

Sendiráð í Lilongwe

Íslendingar í Malaví	0	0%
Viðskipti við Malaví		
Vöruútflutningur (2021)	0	0,0%
Vöruinnflutningur (2021)	0,6	0,0%
Þjónustuútflutningur (2020)	0,7	0,0%
Þjónustuinnflutningur (2020)	108,1	0,0%
Starfsmenn	11	6,8%
Útsendir diplómatar	2	3,3%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	0	0,0%
Aðrir staðarráðnir	9	11,1%
Rekstrarkostnaður	77,5	2,0%

Umdæmisríki: Malaví.



Ísland brást hratt við

Í janúar lýsti forseti Malaví Lazarus Chakwera yfir neyðarástandi vegna annarrar bylgju COVID-19. Ísland brást hratt við og veitti alls 125 milljónir króna til stjórnvalda og stofnana Sameinuðu þjóðanna til að bregðast við afleiðingum heimsfaraldursins. Fyrir það framlag gátu stjórnvöld meðal annars haldið flugvelli og landamærum opnum þar sem sett var upp greiningaraðstaða fyrir COVID-próf og skýli fyrir veikt fólk, sem var brýnt verkefni fyrir efnahagsbata landsins.

Í lok árs er talið að um fjögur prósent þjóðarinnar hafi verið bóluset. Malaví reiðir sig á bóluefnasendingar frá COVAX-sjóðinum, sem Ísland styrkir myndarlega, en erfiðlega hefur gengið að ná til fólks í dreifbýli. Í október gaf Ísland 570 heilbrigðisfulltrúum reiðhjól til þess að fara um sveitir og í lok árs náðist að bólusetja yfir sex þúsund manns á þremur dögum. Dregið hefur úr álagi á heilbrigðiskerfið en efnahagsleg áhrif faraldursins hafa haft djúpstæð áhrif á Malaví, eitt af fátækustu ríkjum heims.

Framlagsríki hafa lofað stjórnarhætti forsetans eftir fyrsta ár hans í starfi en rík áhersla er á að uppræta spillingu í stjórnkerfinu. Malaví leiðir nú bandalag Afríkúríkja í sunnanverðri Afríku í fyrsta sinn og forseti landsins hefur sett aukna áherslu á umhverfis- og loftslagsmál. Á COP 26 funduðu forseti Malaví og forsætisráðherra Íslands og sendiráðið leitar leiða til að auka þá áherslu í starfi sínu.

Samstarf Íslands og Malaví snýr fyrst og fremst að tvíhliða þróunarsamvinnu Íslendinga í Mangochi. Á árinu fóru malavísk stjórnvöld þess á leit við Ísland að framlengja verkefnasamning við héraðið og nær hann nú til ársins 2023. Einnig fóru yfirvöld þess á leit við Ísland að skoða samstarfsmöguleika í nýjum héruðum sem sýnir mikið traust og ánægju malavískra stjórnvalda með stuðning Íslands.

Áhersla á jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna hefur aukist jafnt og þétt í starfi sendiráðsins. Á árinu var verkfærakista rakarastofuviðburða staðfærð til þess að auka þátttöku karlmanna í jafnréttismálum. Með stuðningi Íslands gátu yfirvöld og UN Women gert fyrstu landsáætlun um ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna sem snýr að konum, friði og öryggi og hún var kynnt í lok árs. Einnig var farið af stað með tilraunaverkefni til efnahagslegrar valdeflingar kvenna og ungmenna í Mangochi og í árslok voru tæplega sex hundruð konur og ungmenni búin að stofna lítil framleiðslufyrirtæki. Eitt merkilegasta framlag Íslands er stuðningur við bætta mæðraheilsu með fjölda heilsugæslustöðva, auk fæðingardeildar og skurðstofu í Mangochi sem dregið hefur mjög úr mæðradauða.

Sendiráð í London

Íslendingar í umdæmisríkjum	2.603	5,5%
Þar af í Bretlandi	2.454	5,1%
Viðskipti við Bretland		
Vöruútflutningur (2021)	72.669,7	9,6%
Vöruinnflutningur (2021)	56.469,9	5,7%
Þjónustuútflutningur (2020)	48.480,6	12,8%
Þjónustuinnflutningur (2020)	36.564,3	11,8%
Starfsmenn	8	4,9%
Útsendir diplómatar	4	6,7%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	12,5%
Aðrir staðarráðnir	3	3,7%
Rekstrarkostnaður	222,6	5,7%

Umdæmisríki: Bretland, Írland, Jórdanía, Katar og Malta.

Fjölþjóðasamstarf: Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO)

- Borgaraþjónusta
- Viðskiptamál og skapandi greinar
- Áritunarmál
- Menningarmál
- Önnur tvíhliða samskipti
- Öryggis- og varnarmál
- Viðskiptasamningar
- Önnur fjölþjóðleg samvinna
- Rekstur



Nýtt tímabil í samskiptum Íslands og Bretlands

Árið 2021 var viðburðaríkt fyrir sendiráðið í London þrátt fyrir að heimsfaraldurinn hafi haldið áfram að setja svip á starfsemina. Í ársbyrjun lauk aðlögunartímabili vegna útgöngu Bretlands úr ESB og EES og hófst því nýtt tímabil í samskiptum Íslands og Bretlands. Undanfarni ár hefur sendiráðið tekið virkan þátt í viðræðum íslenskra og breskra stjórnvalda um framtíðarsamband ríkjanna og í júlí undirritaði utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra nýjan fríverslunarsamning við Bretland. Tveir samningar í viðbót, um vinnudvöl ungs fólks annars vegar og á sviði menntunar, rannsókna, nýsköpunar og geimvísinda hins vegar, voru einnig undirritaðir um sumarið. Þá héldu viðræður áfram á sviði almannatrygginga og heilbrigðisþjónustu.

Í apríl gerðist Ísland aðili að samstarfsvettvangi líkt þenkjandi ríkja í Norður-Evrópu um öryggis- og varnarmál sem Bretar leiða undir merkjum sameiginlegrar viðbragðssveitar (Joint Expeditionary Force, JEF). Hin Norðurlöndin, Eystrasaltsríkin og Holland eiga einnig aðild að samstarfinu en þátttökuríkin eiga sameiginlega öryggis- og varnarhagsmuni og hefur aðild Íslands að samstarfinu bætt yfirsýn yfir stöðu og þróun öryggismála í nærumhverfi JEF-ríkjanna.

Um haustið var undirbúningur vegna þátttöku Íslands í loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna (COP26) fyrirferðarmikill í starfsemi

sendiráðsins. Ráðstefnan fór fram í Glasgow 1.-12. nóvember og hófst á leiðtogafundi sem forsætisráðherra sótti fyrir Íslands hönd. Í formlegri sendinefnd Íslands voru 26 menns.

Í október stóð sendiráðið fyrir viðburðinum *Discover Seafood From Iceland* í samstarfi við Seafood from Iceland sem haldinn var í sögufrægum höfuðstöðvum fiskkaupmanna í London, Fishmongers' Hall. Bretland er stærsti útflutningsmarkaður Íslands fyrir sjávarafurðir og náð samstarf ríkjanna tveggja á þessu sviði er því afar mikilvægt. Markmið viðburðarins var að efla enn frekar tengslamyndun milli fiskiðnaðarins í Bretlandi og á Íslandi.

Sendiráðið sinnti ýmsum borgaraþjónustumálum á árinu og aðstoðaði meðal annars Íslendinga við að tryggja rétt sinn til áframhaldandi búsetu í Bretlandi en frestur til að sækja um búsetuheimild (settled/pre-settled status) rann út 30. júní.

Sendiráðið tók yfir útgáfu Schengen-vegabréfsáritana 1. september 2020. Álag var upphaflega lítið vegna heimsfaraldursins en jókst töluvert árið 2021 samhliða aukinni ferðamennsku.

Fresta þurfti ýmsum viðburðum fram til ársins 2022 vegna COVID-19 eins og tvíhliða samráði ríkjanna, viðburði um grænar fjárfestingar og ferð viðskiptasendinefndar til Írlands.

Sendiráð í Moskvu

Viðburðaríkt ár og vaxandi spenna

Sergei Lavrov utanríkisráðherra Rússlands sótti Ísland heim í tilefni ráðherrafundar Norðurskautsráðsins þar sem Ísland afhenti Rússlandi formennskuna og átti hann þar fundi með utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, forsætisráðherra og forseta Íslands. Málefni norðurslóða voru áberandi á árinu og tók sendiráðið þátt í fjölda viðburða og málstofa þeim tengdum.

Forseti Alþingis ásamt sendinefnd þingmanna heimsótti Moskvu og St. Pétursborg í boði rússnesku Dúmunnar og heimsóttu þau jafnframt íslensk fyrirtæki í St. Pétursborg. Þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fundaði með rússneskum starfsbræðrum sínum í St. Pétursborg í tengslum við sjávarútvegs-sýningu. Níu íslensk fyrirtæki tóku þátt í henni ásamt Íslandsstofu og sendiráðinu. Forstjóri Matvælastofnunar (MAST) ásamt sendinefnd og sendiráðinu fundaði með starfsbróður sínum í Moskvu um útflutning á dýraafurðum til Rússlands og Evrasíska efnahagssambandsins (EAEU) og sótti landbúnaðarsýningu.

Áhersla var lögð á að rækta samskipti við önnur umdæmisríki sendiráðsins og afhenti sendiherra trúnaðarbréf og fundaði með ráðamönnum og fyrirtækjum í Úsbekistan, Kasakstan, Kirgistan og Armeníu og opnaði nýja ræðisskrifstofu í Jerevan. Við árslok opnaði sýning íslenska listamannsins Ragnars Kjartanssonar í nýrri og glæsilegri menningarmiðstöð í Moskvu og vakti mikla athygli. Þá hélt Víkingur Ólafsson vel sóttu einleikstónleika í Moskvu í árslok.


Í júnímánuði tók sendiráðið þátt í sameiginlegri yfirlýsingu nokkurra ríkja til stuðnings réttindum hinsegin fólks, sem hlaut talsverða athygli í rússneskum fjölmiðlum. Kórónuveirufaraldurinn markaði þó enn þá spor varðandi ferðalög milli landanna og gagnvart viðskiptum en árið var engu að síður mjög viðburðaríkt.

Rússland ásamt nágrannaríkjum voru í brennidepli á heimssviðinu árið 2021. Mótmæli fóru fram víðsvegar um Rússland í tengslum við málsmeðferð andófsmannsins Alexei Navalnís sem var dæmdur til þriggja og hálfis árs fangelsisvistar. Kosningar fóru fram til neðri

Íslendingar í umdæmisríkjum þar af í Rússlandi	43	0,1%
43	43	0,1%
Viðskipti við Rússland		
Vöruútflutningur (2021)	4.674,2	0,6%
Vöruinnflutningur (2021)	6.384,3	0,6%
Þjónustuútflutningur (2020)	3.721,0	1,0%
Þjónustuinnflutningur (2020)	1.127,6	0,4%
Starfsmenn	8	4,9%
Útsendir diplómatar	2	3,3%
Útsendir aðrir	1	20,0%
Staðarráðnir viðskiptafultrúar	1	12,5%
Aðrir staðarráðnir	4	4,9%
Rekstrarkostnaður	132,8	3,4%

Umdæmisríki: Rússland, Armenía, Azerbaidjan, Belarús, Kasakstan, Kyrgyzstan, Moldóva, Tadsíkistan, Túrkménistan og Úsbekistan.

Fjölbjóðasamstarf: Norðurslóðir




deildar rússneska þingsins (Dúmunnar) og hélt ríkisstjórnarflokkurinn meirihluta. Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) kom ekki að kosningaefirliti. Mótmæli og óeirðir héldu áfram í Hvíta-Rússlandi frá fyrra ári. Hvítrússnesk stjórnvöld kyrrsettu flugvél Ryanair og handtóku stjórnarandstæðinga, sameiginleg heræfing með Rússlandi (Zapad-21) var stærri en áður hefur þekkt og voru stjórnvöld sökuð um að nota flóttafólk sem pólitíska skiptimynt með því að beina þeim í gegnum landamæri aðildarríkja ESB og NATO. Vesturlönd brugðust áfram við með því að beita framámenn refsiaðgerðum. Aukin hernaðarumsvif Rússa við landamæri Úkraínu og vaxandi spenna milli Vesturlanda og Rússlands voru einnig í brennidepli á árinu. Óhætt er að segja að samskipti NATO og Rússlands hafi náð ákveðnum lágpunkti er Rússland lokaði fastanefnd sinni í Brussel og var skrifstofu NATO í Moskvu gert að loka tímabundið sömuleiðis.

Sendiráð í Nýju-Delí

Íslendingar í umdæmisríkjum þar af á Indlandi	8	0,02%
Viðskipti við Indland		
Vöruútflutningur (2021)	1.191,5	0,2%
Vöruinnflutningur (2021)	4.397,7	0,4%
Þjónustuútflutningur (2020)	773,3	0,2%
Þjónustuinflutningur (2020)	1.704,1	0,6%
Starfsmenn	8	4,9%
Útsendir diplómatar	2	3,3%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	12,5%
Aðrir staðarráðnir	5	6,2%
Rekstrarkostnaður	87,0	2,2%
Umdæmisríki: Indland, Bangladesh, Nepal og Srí Lanka.		

- Borgarþjónusta
- Viðskiptamál og skapandi greinar
- Áritunarmál
- Menningarmál
- Önnur tvíhliða samskipti
- Öryggis- og varnarmál
- Þróunarsamvinna og mannúðaraðstoð
- Viðskiptasamningar
- Önnur fjölþjóðleg samvinna
- Rekstur
- Önnur verkefni



Viðskiptakynningar í fullum gangi

Viðskiptakynningar fóru aftur af stað á síðari hluta ársins þegar ástandið vegna heimsfaraldursins batnaði um skeið. Kynningar voru haldnar í þremur borgum, auk höfuðborgarinnar Nýju-Delí. Í samvinnu við Marel India fór fram viðburður í Bengaluru, helstu nýsköpunarborg Indlands, 23. nóvember með áherslu á grænar lausnir og nýsköpun í viðskiptum, ferðamennsku og sjávarútvegi. Í Chennai 25. nóvember voru kynntar sex áherslur utanríkisráðuneytisins og Íslandsstofu í útflutningi, nýsköpun og menningarsamstarfi og nýjar hugmyndir á sviði grænnar orku og kolefnisbindingar. Í Dehradun var sjálfbær orkunýting til umræðu á fundi sendiherra með forsætisráðherra Uttarakhand-fylkis 12. nóvember en fundurinn var skipulagður í samvinnu við Indó-íslenska viðskiptaráðið.

Samstarf í sjávarútvegi var til umræðu á fundi með Parshottam Kodahai Rupala, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra Indlands 8. nóvember en það var fyrsti fundur með háttsettum aðila í sjávarútvegi síðan heimsfaraldurinn hófst. Áhugi er á að fylgja eftir samstarfsyfirlýsingu ríkjanna um sjávarútvegsmál og samstarf við Sjávarútvegsskólann og Íslenska sjávarklasann.

Fyrsti íslenski menningarviðburðurinn frá því að heimsfaraldurinn hófst fór svo fram 26. nóvember þegar haldin var íslensk kvikmyndahátíð í Chennai.

Nýtt jarðvarmaverkefni hefur verið sett af stað af fyrirtækinu GEG Power ehf. sem ætlar að nýta lághita jarðvarma í kæligeyslur fyrir matvæli í Himachal Pradesh-fylki á Norður-Indlandi með stuðningi Heimsmarkmiðasjóðs atvinnulífs um þróunarsamvinna. Nýja verkefnið kemur til viðbótar við jarðhitaverkefnið í Ladakh-fylki nyrst í landinu sem unnið er með ríkisyfirtækinu Oil and Natural Gas Corporation. Þar var mikilvægt skref stigið í byrjun júní 2021 þegar skrifað var undir samkomulag um fyrsta áfanga verksins. Í gildi er samningur um jarðhitasamvinna.

Komist hefur á gott samstarf við indverska aðila sem sinna málefnum norðurlóða og bráðnun jökla á Hindu Kush-Himalajasvæðinu (þriðji póllinn), en Indland er áheyrnaraðili að Norðurskautsráðinu. Fundir voru haldnir með vísindamönnum í Wadia-stofnuninni í Dehradun, helstu vísindastofnun í jarðfræði Himalajafjalla, og framkvæmdastjóra ICIMOD-samstarfs átta ríkja á Himalaja-svæðinu um sjálfbæra þróun á svæðinu. Fimm tíu ára afmæli stjórnmálatengsla Íslands og Indlands á árinu 2022 gefur gott tilefni til að undirstrika þau málefni sem þjóðirnar deila; öryggi, lýðræði og mannréttindi, sjálfbæra þróun og nýtingu náttúruauðlinda og markaðshagkerfi.

Sendiráð í Osló

Íslendingar í umdæmisríkjum	9.300	19,5%
þar af í Noregi	9.257	19,4%


Viðskipti við Noreg

Vöruútflutningur (2021)	24.638,6	3,2%
Vöruinnflutningur (2021)	96.630,9	9,7%
Þjónustuútflutningur (2020)	12.807,6	3,4%
Þjónustuinnflutningur (2020)	15.671,0	5,1%

Starfsmenn	5	3,1%
Útsendir diplómatar	1	1,7%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	12,5%
Aðrir staðarráðnir	3	3,7%
Rekstrarkostnaður	86,3	2,2%

Umdæmisríki: Noregur, Egyptaland, Grikkland, Íran og Pakistan.

- Borgarþjónusta
- Viðskiptamál og skapandi greinar
- Áritunarmál
- Menningarmál
- Önnur tvíhliða samskipti
- Öryggis- og varnarmál
- Þróunarsamvinna og mannúðaraðstoð
- Viðskiptasamningar
- Önnur fjölþjóðleg samvinna
- Rekstur



Verkefni á sviði borgarþjónustu viðamikil

Í Noregi voru í gildi harðar takmarkanir vegna kórónuveirufaraldursins stóran hluta ársins og landamæri Noregs voru lokað um tíma. Sýna þurfti útsjónarsemi til að halda sendiskrifstofunni opinni allan tímann og framkvæma áætlanir. Viðburðum, stórum sem smáum, var ítrekað frestað og sætt lagi að framkvæma þegar takmörkunum var létt tímabundið. Þá þurfti að fella niður flestar áætlaðar ferðir sendiherra á árinu vegna faraldursins.

Á stjórnmalasviðinu bar hæst hádegisverð með Ernu Solberg þáverandi forsætisráðherra Noregs, ráðgjöfum hennar og norrænum sendiherrum. Fundurinn var haldinn í Osló í aðdraganda kosninga til Stórþingsins og var haldinn að frumkvæði sendiherra Íslands.

Á menningar- og listasviðinu bar hæst lista-hátíðin *Head2Head* í Aþenu með stuðningi og þátttöku sendiráðsins. Þá hélt sendiráðið upp á dag íslenskrar tungu með bókmenntamóttöku og útgáfuhófi í tilefni nýjustu bókar Bergsveins Birgissonar, *Kolbeinsey*. Sendiráðið studdi og tók þátt í fjölmörgum menningarviðburðum, meðal annars norrænu kvikmyndahelginni, *Nordisk Puls - Island, Möt Reykjavík og HönnunarMars* í Osló.

Á viðskiptasviðinu báru hæst fjölsóttir viðburðir sem sendiherra bauð til í samstarfi við Íslandsstofu og fleiri á sviði orku og grænna lausna og Film og Record in Iceland. Heildstæð viðskipaáætlun sendiráðsins var gefin út til viðbótar við sameiginlega viðskiptahandbók í samvinnu við sendiráð Noregs í Reykjavík. Viðskiptafulltrúi sendiráðsins ásamt fulltrúa frá Íslandsstofu kynntu Ísland sem áfangastað í fjórum borgum í Noregi: Stafangri, Björgvin, Þrándheimi og Osló.

Borgarþjónustuverkefni voru viðamikil allt árið 2021 og viðameiri en í venjulegu árferði en í Noregi búa um 9.400 Íslendingar. Þá átti sendiráðið meðal annars þátt í að fundin var lausn á viðurkenningu íslenskra forsjárvottorða í Noregi.

Aðkoma sendiráðsins að Uppbyggingarsjóði EES í Grikklandi var umtalsverð og sótti fulltrúi sendiráðsins meðal annars ársfund sjóðsins í Aþenu.


Mikil ánægja ríkir í sendiráðinu með lok endurbóta á húsnæði og flutningi sendiskrifstofunnar aftur á sinn gamla stað á áttundu hæð Stortingsgötu 30, eftir tímabundna dvöl á sjöundu hæð sama húss meðan á framkvæmdum stóð. Húsnæði sendiráðsins var endurgert frá grunni og þar eru nú starfsaðstæður hinar bestu.

Sendiráð í Ottawa

Íslendingar í umdæmisríkjum	898	1,9%
Þar af í Kanada	881	1,8%
Viðskipti við Kanada		
Vöruútflutningur (2021)	14.147,5	1,9%
Vöruinnflutningur (2021)	8.874,6	0,9%
Þjónustuútflutningur (2020)	10.718,5	2,8%
Þjónustuinnflutningur (2020)	3.749,0	1,2%
Starfsmenn		
Útsendir diplómatar	1	1,7%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	0	0,0%
Aðrir staðarráðnir	2	2,5%
Rekstrarkostnaður	65,4	1,7%

Umdæmisríki: Kanada, Bólívía, Kosta Ríka, Hondúras, Kólumbía, Panama og Venesúela.

- Borgaraþjónusta
- Viðskiptamál og skapandi greinar
- Áritunarmál
- Menningarmál
- Önnur tvíhliða samskipti
- Öryggis- og varnarmál
- Viðskiptasamningar
- Önnur fjölþjóðleg samvinna
- Rekstur



Aukin áhersla á viðskipti og fjárfestingar

Skipulagning verkefnisins *Nordic Bridges* í Kanada var snar þáttur í starfsemi sendiráðsins árið 2021. Um er að ræða stærsta menningarverkefni Íslands erlendis árið 2022 en verkefnið er stutt af Norðurlandaráði og skipulagt af Harbourfront Centre í Toronto. Þátttaka Íslands er undirbúin í viðu samráði við hagaðila á Íslandi þar sem markmiðið er opna tækifæri fyrir skapandi greinar í Kanada. Í því samhengi stóð sendiráðið fyrir námskeiði um markaðsaðgengi og viðskiptafæri í Kanada í lok árs með þátttöku tæplega sextíu fyrirtækja sem er í takt við aukna og almenna áherslu sendiráðsins á viðskipti og fjárfestingar. Í samstarfi við skipuleggjendur *Nordic Bridges* skipulagði sendiráðið ásamt Inspired by Iceland í Norður-Ameríku einnig viðburðinn *Taste of Iceland* sem fram fór í Toronto í desember og náði til tugþúsunda manna.

Í maí tók sendiráðið þátt í að skipuleggja ráðstefnu Íslensk-ameríska viðskiptaráðsins og aðalræðisskrifstofu Íslands í New York sem bar yfirskriftina Ísland, Grænland og Norður-Ameríka – fjárfestinga- og viðskiptatækifæri. Skráðir voru til leiks 420 þátttakendur frá tæplega þrjátíu löndum og var sendiherra Íslands í Kanada ráðstefnustjóri. Í september fóru fram þingskosningar á Íslandi og í Kanada og stóð sendiráðið fyrir tveimur fundum um niðurstöður kosninganna með um 150 manna þátttöku. Í nóvember stóð sendiráðið fyrir fundi um öryggis- og varnarmál á norðurslóðum í

samstarfi við Varðberg, Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Norðurslóðadeild utanríkisráðuneytisins. Í desember fór fram í sendiráðsbústaðnum hliðarviðburður af heimsþingi kvenleiðtoga sem Women Political Leaders standa fyrir. Átta forystukonur úr atvinnulífinu og frá opinberum stofnunum og kanadíska öldungadeildinni tóku þátt. Þá tók sendiráðið þátt í verkefni með Noregi þar sem heilsu- og líftækni var í brennidepli. Á viðskiptasviðinu hefur sendiráðið sömuleiðis haft aðkomu að uppfærslu og útvíkkun fríverslunarsamningsins við Kanada.

Ísland og Kanada fagna 75 ára afmæli stjórnmálasamskipta árið 2022 og í samstarfi við sendiráð Kanada í Reykjavík skipuleggur skrifstofan tvær fyrirlestraraðir um vísindi á norðurslóðum og samskipti Íslands og Kanada. Fyrsti atburðurinn átti sér stað í nóvember 2021 og fjallaði um vísindasamstarf á norðurslóðum.

Aðalræðisskrifstofa Íslands í Winnipeg heyrir undir sendiráðið og starfar náið með því á ýmsum málefna sviðum sem varða það svæði, þar á meðal í tengslum við viðskiptamál og öryggis- og varnarmál. Í því felst einnig að rækta samband við Vestur-Íslendinga og samskipti við háskólaumhverfið í Winnipeg. Í umdæmisríkjum sendiráðsins starfa nítján kjöræðismenn og sendiráðið leggur áherslu á nánara samstarf, sérstaklega á sviði viðskipta, við umdæmisríkin í Rómönsku Ameríku.

Sendiráð í París

Jafnrétti, grænar lausnir, bókmenntir og áhugi fjárfesta

Kjör Íslands í framkvæmdastjórn Menningar-
málastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO),
áhersla á styrkingu ímyndar og stöðu Íslands
á sviði jafnréttismála og sjálfbærni, kynning
grænna íslenskra lausna og efling tengsla við
frönsk stjórnvöld með reglulegum samráðs-
fundum voru meginmarkmið sendiráðsins í
París og fastanefnda Íslands þar í borg á árinu.

Árið var viðburðaríkt en hæst bar kjör Íslands
í framkvæmdastjórn UNESCO þar sem Ísland
hlaut flest atkvæði allra ríkja í framboði,
fund forsætisráðherra með forseta Frakk-
lands og heimsókn forseta Íslands á 75 ára
afmælisviðburð UNESCO og vetnisráðstefnu
Fransk-íslenska viðskiptaráðsins. Þá skipulagði
sendiráðið pallborðsumræður um launamisrétti
kynjanna í tilefni alþjóðlega jafnlaunadagsins í
samstarfi við Efnahags- og framfarastofnunina
(OECD), íslenska fyrirtækið Pay Analytics, trygg-
ingafyrirtækið AXA, fyrrverandi vinnumarkaðs-
ráðherra Frakka og aðstoðarframkvæmdastjóra
UNESCO.


Auk viðtala við forsætisráðherra og forseta
í fjórum miðlum sneri fjölmiðlaumfjöllun
um Ísland að miklu leyti um jafnréttismál,
náttúruöflin, græna orku og lausnir. Mesta
athygli vöktu þó íslenskir rithöfundar en yfir
sextíu þýðingar á verkum þeirra hafa komið
út á þremur árum í Frakklandi, auk þess sem
þeir hafa unnið til fjölda verðlauna og birst á
stórum auglýsingaskiltum. Spila örfáir franskir
þýðendur hér lykilhlutverk og því var ánægju-
legt þegar íslensk-franska veforðabókin *Lexía*
var loks gefin út. Sendiráðið tók þátt í ýmsum
menningarviðburðum í umdæminu þrátt fyrir
takmarkanir heimsfaraldursins. Kvikmyndin
Dýrið og sjónvarpsþættirnir *Verbúðin* unnu til
verðlauna í Frakklandi.

Hlutdeild íslenskra sjávarafurða á Frakk-
landsmarkaði hefur aldrei verið meiri og hóf
Íslandsstofa *Fishmas*-markaðsherferðina á
haustdögum. Franskir fjárfestar létu til sín taka
á árinu, meðal annars með kaupum á fjarskipta-
félaginu Mílu og Borealis gagnaverunum, og þá
stefnir franska fyrirtækið Qair að opnun vind-
myllugarðs á Íslandi.

Íslendingar í umdæmisríkjum	1.660	3,5%
Þar af í Frakklandi	461	1,0%
Viðskipti við Frakkland		
Vöruútflutningur (2021)	60.942,8	8,0%
Vöruinnflutningur (2021)	23.376,3	2,3%
Þjónustuútflutningur (2020)	8.054,9	2,1%
Þjónustuinnflutningur (2020)	4.664,8	1,5%
Starfsmenn	8	4,9%
Útsendir diplómatar	4	6,7%
Útsendir aðrir	1	20,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	0	0,0%
Aðrir staðarráðnir	3	3,7%
Rekstrarkostnaður	220,4	5,6%

Umdæmisríki: Frakkland, Alsír, Andorra, Ítalía, Líbanon,
Marokkó, Mónakó, Portúgal, Spánn og Túnis.

Fjölþjóðasamstarf: OECD og UNESCO



Sendiráðið lagði áherslu á að koma á fót
reglulegu samráði skrifstofustjóra frönsku og
íslensku utanríkisráðuneytanna, ekki síst með
útgöngu Bretlands úr ESB og formennsku Frakka
á þeim vettvangi á fyrri árshelmingi 2022 í huga.
Fyrsti fundurinn fór fram á árinu. Þá heimsótti
franskur sendiherra hafs og heimskauta *Hring-
borð norðurslóða* og utanríkisráðherrar Íslands
og Spánnar funduðu undir lok árs.

Sendiherra afhenti þjóðarleiðtogum Andorra,
Portúgals, Ítalíu og Líbanon trúnaðarbréf
sitt á árinu og afrit trúnaðarbréfs var afhent
á Spáni. Ísland studdi við menningarhátíð
og viðgerð málverka í Beirút, fjórir spænskir
kjöræðismenn fengu fálkaorðuna og komið
var á samstarfi almannavarnadeildar Ríkis-
lögreglustjóra og héraðsstjórnar Kanaríeyja
um eldfjallavá, svo fátt eitt sé nefnt. Um
fjórðungur alls vöruútflutnings frá Íslandi fer til
umdæmisins.

Sendiráð í Peking

Íslendingar í umdæmisríkjum þar af í Kína	102	0,2%
Viðskipti við Kína		
Vöruútflutningur (2021)	16.451,4	2,2%
Vöruinnflutningur (2021)	88.246,3	8,9%
Þjónustuútflutningur (2020)	3.429,5	0,9%
Þjónustuinnflutningur (2020)	2.174,4	0,7%
Starfsmenn	10	6,2%
Útsendir diplómatar	3	5,0%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	12,5%
Aðrir staðarráðnir	6	7,4%
Rekstrarkostnaður	197,9	5,0%

Umdæmisríki: Kína, Kambódía, Laos, Mongólía, Norður-Kórea, Suður-Kórea, Taíland og Víetnam.

- Borgarþjónusta
- Viðskiptamál og skapandi greinar
- Áritunarmál
- Menningarmál
- Önnur tvíhliða samskipti
- Öryggis- og varnarmál
- Þróunarsamvinna og mannúðaraðstoð
- Viðskiptasamningar
- Önnur fjölþjóðleg samvinna
- Rekstur



Fimmtíu ára stjórnmalasamband

Hálfrar aldar afmæli stjórnmalasambands Íslands og Kína markaði störf sendiráðsins á árinu. Sendiráðið stóð fyrir fjölda viðburða og kynninga í tilefni þess og efndi til funda með ráðherrum, héraðsstjórum og borgarstjórum víðsvegar um Kína um viðskipti og stjórnmalasamskipti ríkjanna. Sendiráðið stóð fyrir hátíðarmóttöku með íslenskum fyrirtækjum sem var sótt af fjölda gesta úr stjórnsýslu Kína, mennta- og menningarstofnunum, atvinnulífínu, fjölmiðlum, Íslendingum búsettum í Kína og Íslandsvinum.

Sendiráðið tók þátt í tíu viðskipta- og ferðakaupstefnum víða um Kína og þremur kynningum á norrænni þekkingu á sviði snjallborga, heilbrigðisþjónustu og loftslagsmála. Áritunarstöðvar voru opnaðar aftur sumarið 2021 en áritunum hefur fækkað umtalsvert, þar sem kínverskir ferðamenn sæta tveggja til þriggja vikna sóttkví við heimkomu til Kína.

Sendiráðið stóð að gerð stuttmyndar um íslensku svartmálsenu í samvinnu við listamanninn Verði Ljós og kynnti jafnframt á Weibo-síðu þess bók Dr. Gunna og Sean White um íslenska popptónlist. Sendiráðið gaf út bók með ljósmyndum kínverskra ferðamanna frá Íslandi og dagur íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur í sendiráðinu 16. nóvember með

dagskrá sem undirbúin var af íslenskunemum í Peking-háskóla í erlendum fræðum. Þá stóð sendiráðið fyrir orðsporsverkefninu Ísland-Kína Vlogg á samfélagsmiðlinum Weibo, sem fékk um 1.800.000 áhorf alls og tók þátt í samnorræna orðsporsverkefninu *Nordic Talks*. Weibo er einn helsti samfélagsmiðillinn í Kína. Voru færslur sendiráðsins skoðaðar rúmlega sex milljón sinnum á árinu 2021.


Reykjavík Conversation var haldið í sendiráðinu þann 25. nóvember í samvinnu við Women Political Leaders. Níu forystukonur tóku þátt í samtalinu, frá opinberum stofnunum, atvinnulífínu, háskólasamfélaginu, fjölmiðlum og alþjóðastofnunum. Sama dag var sendiráðið upplýst með roðagylltri lýsingu til að vekja athygli á ofbeldi gegn konum, og varði lýsingin til 10. desember.

Sendiráðið fylgist grannt með vaxandi spennu á milli Kína og Vesturlanda, sóttvarnaaðgerðum kínverskra stjórnvalda og stjórnmalapróun í landinu, og á reglubundið samráð við sendiráð annarra líkt þenkjandi ríkja. Þá hefur sendiráðið átt fjölda funda með embættismönnum kínverska utanríkisráðuneytisins um afstöðu íslenskra stjórnvalda til tiltekinna mannréttindamála og ýmissa alþjóðlegra málefna.

Sendiráð í Stokkhólmi

Íslendingar í umdæmisríkjum þar af í Svíþjóð	8.827	18,5%
Viðskipti við Svíþjóð	4.987,9	0,7%
Vöruútflutningur (2021)	42.972,0	4,3%
Þjónustuútflutningur (2020)	10.622,2	2,8%
Þjónustuinnflutningur (2020)	13.643,8	4,4%
Starfsmenn	4	2,5%
Útsendir diplómatar	1	1,7%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	0	0,0%
Aðrir staðarráðnir	3	3,7%
Rekstrarkostnaður	72,4	1,8%

Umdæmisríki: Svíþjóð, Albanía, Kúveit og Kýpur.



Menning, nýsköpun og ferðaþjónusta

Áhugi Svía á íslenskri menningu er rótgróinn. Á síðasta ári var mikil gróska á sviði bókmennta. Alls komu út fjórtán bækur eftir ellefu íslenska höfunda í sænskum þýðingum. Nú hafa rúmlega þrjú hundruð ritverk eftir íslenska höfunda komið út í Svíþjóð í sænskum þýðingum á einni öld. Tónleikar og tíðar myndlistarsýningar íslensks listafólks settu einnig svip á árið. Sendiráðið kemur beint og óbeint að fjölmörgum þessara íslensku menningarviðburða, í samstarfi við kynningarmiðstöðvar íslenskrar menningar. Einn af helstu viðburðum haustsins var metnaðarfull útgáfa *Sturlungu* í sænskri þýðingu eftir áralangan undirbúning. Útgáfan vakti töluverða athygli og var henni lýst sem einum helsta menningarviðburði í Svíþjóð af gagnrýnendum *Svenska Dagbladet*. Fjölmargt íslenskt íþróttafólk gerir garðinn frægan í Svíþjóð og er víða í fremstu röð. Virk þátttaka í menningarstarfi er farsæl leið til að efla og styrkja jákvæða ímynd Íslands í Svíþjóð.

Umtalsverð aukning hefur orðið á fjárfestingum sænskra fyrirtækja á Íslandi á undanförunum árum. Sérstakur áhugi er á fjárfestingum og samstarfi við íslensk fyrirtæki á sviði grænna fjárfestinga. Sendiráðið leggur áherslu á að

miðla upplýsingum um fjárfestingartækifæri á Íslandi í samstarfi við Íslandsstofu. Á síðasta ári var formlega gengið frá samstarfi Íslandsstofu við Business Sweden í Stokkhólmi sem opnar íslenskum fyrirtækjum aðgang að víðtæku neti um allan heim.


Ímynd Íslands sem áfangastaðar fyrir ferðamenn er jákvæð í Svíþjóð. Sendiráðið hefur átt frumkvæði að samstarfi við ferðaþjónustuaðila er sérhæfa sig í Íslandsferðum í því skyni að fjölga sænskum ferðamönnum. Samvinna Norðurlanda er blómleg og tekur sendiráðið reglulega þátt í ýmsum sameiginlegum viðburðum Norðurlanda og Norrænu ráðherranefndarinnar. Í haust var undirritað grannríkjasamkomulag Íslands og Svíþjóðar á sviði öryggis- og varnarmála. Það er í samræmi við áherslur um að efla og dýpka enn frekar norræna samvinnu á þessu sviði.

Fimmtungur íslenskra ríkisborgara sem búsettir eru utan Íslands býr í Svíþjóð. Þeirra á meðal eru fjölmargir námsmenn í framhaldsnámi. Vegna þessa fjölda Íslendinga er borgarþjónusta grundvallarþáttur í starfsemi sendiráðsins. Í Stokkhólmi eru 29 erlend sendiráð með fyrirvar gagnvart Íslandi.

Sendiráð í Tókýó

Íslendingar í umdæmisríkjum	92	0,2%
Þar af í Japan	46	0,1%
Viðskipti við Japan		
Vöruútflutningur (2021)	12.947,6	1,7%
Vöruinnflutningur (2021)	15.688,1	1,6%
Þjónustuútflutningur (2020)	7.377,1	1,9%
Þjónustuinnflutningur (2020)	271,6	0,1%
Starfsmenn		
Útsendir diplómatar	5	3,1%
Útsendir aðrir	1	1,7%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	1	12,5%
Aðrir staðarráðnir	3	3,7%
Rekstrarkostnaður	89,1	2,3%
Umdæmisríki: Japan, Brúnei, Filippseyjar, Indónesía og Tímor-Leste.		

- Borgarabjónusta
- Viðskiptamál og skapandi greinar
- Menningarmál
- Önnur tvíhliða samskipti
- Öryggis- og varnarmál
- Þróunarsamvinna og mannúðaraðstoð
- Viðskiptasamningar
- Önnur fjölþjóðleg samvinna
- Rekstur
- Önnur verkefni



Tuttugu ára afmæli fagnað

Japan er sem fyrr einn mikilvægasti samstarfsaðili og útflutningsmarkaður Íslands í Asíu og sífellt mikilvægari markaður fyrir unnar íslenskar afurðir og íslensk vaxtafyrirtæki. Talsverð aukning hefur verið í samskiptum landanna á sviði rannsókn- og vísindasamstarfs nýverið en í maí 2021 héldu löndin sameiginlegan þriðja alþjóðlega ráðherrafundinn um vísindi á norðurslóðum sem fram fór í Tókýó og á netinu með þátttöku 28 ríkja og frumbyggja-samtaka. Samhliða fundinum skrifuðu Ísland og Japan undir viljayfirlýsingu um aukið samstarf á sviði rannsókn- og vísinda til framtíðar.

Sendiráðið rekur öfluga upplýsingagjöf um Ísland, helst á samfélagsmiðlum þar sem fylgjendur sendiráðsins eru um sextíu þúsund talsins. Sendiráðið hýsir einnig íslenska viðskiptaráðið í Japan en innan raða þess eru mörg japönsk störfyrirtæki og helstu íslensku fyrirtækin með starfsemi í Japan og Asíu.

Sendiráðið vann á árinu náið með Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands og Íþróttasambandi fatlaðra að undirbúningi vegna Ólympíuleika og Ólympíumóts fatlaðra í Tókýó. Vegna mikilla sóttvarnartakmarkana var engum áhorfendum leyft að fylgjast með leikunum og snerist því aðstoð sendiráðsins að mestum hluta um kynningar og upplýsingamál, samvinnu við Tama-borg sem hýsti æfingabúðir íslensku hópanna

auk aðstoðar við fararstjóra íslensku liðanna. Í kjölfar leikanna skrifaði sendiráðið undir viljayfirlýsingu við Tama-borg í Tókýó um áframhaldandi samstarf og Íslandskynningu.

Ísland hefur sóst eftir því að halda áfram viðræðum við Japan um gerð fríverslunarsamnings en lítið hefur þokast í þeim málum frá því fyrsta formlega samráð ríkjanna fór fram í júní 2019. Viðskiptaumhverfið í Asíu tekur miklum breytingum um þessar mundir en tveir viðamiklir viðskiptasamningar hafa nýlega tekið gildi fyrir Japan, RCEP í janúar 2022, og CPTPP í desember 2018.

Norrænt samstarf í Japan er blómlegt og var samnorræna fyrirlestraröðin *Nordic Talks*, sem styrkt er af Norræna ráðherraráðinu, haldin í Japan í ár. Sérstök áhersla var lögð á endurnýjanlega orkugjafa, hringrásarhagkerfið, staf-ræna umbreytingu og jafnréttismál. Norræna nýsköpunarsetrið í Japan sá um framkvæmd verkefnisins en auk *Nordic Talks* hélt setrið úti metnaðarfullri dagskrá á árinu.


Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki fögnuðu því að markaðurinn fyrir íslenska loðnu tók við sér á árinu 2021 eftir þriggja ára loðnubrest. Talað hefur verið um metár í verðmætum á loðnu til Japan.

Sendiráð í Washington

Íslendingar í umdæmisríkjum þar af í Bandaríkjunum	6.474	13,6%
Viðskipti við Bandaríkin		
Vöruútflutningur (2021)	58.790,2	7,7%
Vöruinnflutningur (2021)	81.699,9	8,2%
Þjónustuútflutningur (2020)	76.664,6	20,2%
Þjónustuinnflutningur (2020)	42.789,5	13,8%
Starfsmenn	7	4,3%
Útsendir diplómatar	3	5,0%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	0	0,0%
Aðrir staðarráðnir	4	4,9%
Rekstrarkostnaður	195,5	5,0%

Umdæmisríki: Bandaríkin, Mexíkó, Paraguay og Uruguay.

- Borgarþjónusta
- Viðskiptamál og skapandi greinar
- Áritunarmál
- Menningarmál
- Önnur tvíhliða samskipti
- Öryggis- og varnarmál
- Þróunarsamvinna og mannúðaraðstoð
- Viðskiptasamningar
- Önnur fjölþjóðleg samvinna
- Rekstur



Áhersla á tengslamyndun í kjölfar forsetaskipta

Sendiráð Íslands í Washington lagði mikla áherslu á tengslamyndun á árinu þar sem venju samkvæmt var skipt um fjölmarga embættismenn í öllum ráðuneytum við forsetaskiptin í byrjun árs. Joseph Biden sór embættiseið sem 46. forseti Bandaríkjanna 20. janúar 2021 í skugga áhlaups stuðningsmanna fráfarandi forseta að þinghúsinu í Washington tveimur vikum fyrr. Öll tengslamyndunarvinna miðar að því að koma hagsmunum Íslands og sérstöðu á framfæri við ráðamenn.

Samband Íslands og Bandaríkjanna er gott. Þess var minnst í maí að á árinu voru liðin sjötíu ár frá undirritun tvíhliða varnarsamnings ríkjanna og áttatíu ár frá því að komið var á stjórnmalasambandi. Upp úr stendur þó í samskiptum ríkjanna heimsókn Antony Blinken utanríkisráðherra Bandaríkjanna til Íslands í tengslum við ráðherrafund Norðurskautsráðsins í maí 2021. Hann gaf sér meðal annars góðan tíma til að kynna sér íslenskt hugvit á sviði endurnýjanlegrar orku en þau mál teljast nú meðal helstu áherslumála sendiráðsins, auk samstarfs í öryggis- og varnarmálum, norður-slóðamálum og viðskipta- og menningarmálum.

Norðurlöndin eiga gott samstarf í Washington eins og annars staðar, meðal annars um fundi með æðstu embættismönnum, og bar hæst á árinu fund norrænu sendiherranna með Wendy Sherman varautanríkisráðherra í ágúst.

Bandaríkin voru lokuð fyrir erlendum ferðamönnum í ríflega eitt og hálf ár. Í nóvember varð loks aftur heimilt að koma til landsins og flyktust þá fjölmargir þegar af stað, þar með talið fjölmargir Íslendingar. Ísland opnaði hins vegar fyrir erlenda ferðamenn strax á vormánuðum og varð þegar vart við áhuga á Íslandi sem áfangastaðar og voru Bandaríkjamenn þegar til kastanna kom um þriðjungur allra ferðamanna til Íslands á árinu 2021.

Árlegt efnahagssamráð Íslands og Bandaríkjanna var haldið í Washington í desember en um er að ræða mikilvægan vettvang í reglubundnu samráði og samstarfi ríkjanna.


Lýðræði og mannréttindi eru meðal hornsteina utanríkisstefnu Íslands og efndi sendiráðið á þeim grunni til móttöku í nóvember til að heiðra og bjóða velkomna til starfa Jessicu Stern, sem skömmu áður hafði verið skipuð sérstakur erindreki forseta Bandaríkjanna fyrir réttindi hinsegin fólks. Þá kom sendiráðið að undirbúningi vegna þátttöku forsætisráðherra í sérstökum leiðtogafundi um lýðræði sem Biden Bandaríkjaforseti bauð til í byrjun desember með aðstoð fjarfundataekni.

Fastanefnd hjá Atlantshafsbandalaginu

Starfsmenn	8	4,9%
Útsendir diplómatar	6	10,0%
Útsendir aðrir	0	
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	0	
Aðrir staðarráðnir	2	2,5%
Rekstrarkostnaður	171,1	4,4%

Fjölpjódasamstarf: Atlantshafsbandalagið

- Öryggis- og varnarmál
- Rekstur



Óvissutímar í öryggis- og varnarmálum

Áskoranir vegna heimsfaraldursins hafa áfram reynt á þol og getu Atlantshafsbandalagsins síðustu tólf mánuði. Hefur bandalagið staðist þessar áskoranir með því að grípa til ráðstafana sem hafa tryggt samfellu í framkvæmd kjarna-verkefna á sviði sameiginlegra varna.

Undanfarna mánuði hefur vaxandi óvissa í öryggis- og varnarmálum Evrópu sett sterkan svip á störf bandalagsins. Kröfur Rússlands um gjörbreytt fyrirkomulag öryggismála í álfunni komu fram í desember. Þær eru settar fram samtímis ógnandi tilburðum Rússa við Úkraínu og fela meðal annars í sér fordæmalaugar kröfur um takmarkanir á fullveldisrétti Evrópuríkja til að ákveða fyrirkomulag eigin varna.

Í apríl var tekin erfið ákvörðun um lok aðgerða í Afganistan. Með falli Kabúl-borgar í ágúst breyttist brottflutningur liðsafla alþjóðaliðsins í umfangsmikla neyðaraðgerð þar sem 120 þúsund almennum borgurum var bjargað frá landinu á tveimur vikum.

Málefni Afganistan, framferði Rússlands og framtíðaráherslur í störfum bandalagsins hafa verið efst á baugi á fundum utanríkisráðherra og varnarmálaráðherra síðasta árið. Á leiðtogafundi í júní voru teknar mikilvægar ákvarðanir undir merkjum NATO 2030. Af stefnumálum Íslands bar hæst að eitt af átta áherslumálum næstu ára varðar loftslagsbreytingar og öryggismál og var aðgerðaáætlun á því sviði samþykkt af leiðtogunum. Önnur áherslumál NATO 2030 varða meðal annars fælingar- og varnarhlutverk Atlantshafsbandalagsins og

eflingu viðnámspols bandalagsríkja, auk þess að efla styrk bandalagsins sem vettvangur pólitísks samráðs. Eru samtals tíu fundir á leiðtogastigi og ráðherrastigi síðustu tólf mánuði vitnisburður um ríkan vilja bandalagsríkja í þeim efnum. Næsti leiðtogafundur fer fram í Madrid í lok júní 2022 þar sem ný grunnstefna verður lögð fyrir leiðtogana til samþykktar.

Fastanefnd Íslands tekur virkan þátt í málefnavinnu og samningaviðræðum um stefnu og áherslur Atlantshafsbandalagsins. Málflutningur Íslands fer fram í fastaráði (North Atlantic Council) og undirnefndum þess. Sérstök áhersla er lögð á hagsmuni Íslands um öryggi og varnir á Norður-Atlantshafi, loftslagsbreytingar og öryggi, framkvæmd öryggisráðsályktunar nr. 1325 um konur, frið og öryggi og afvopnunarmál. Þá er nú lögð aukin áhersla á þátttöku Íslands í umfjöllun um viðnámspól og fjölþáttaógnir.


Mikilvægustu varnarskuldbindingar Íslands innan Atlantshafsbandalagsins lúta að rekstri og viðhaldi varnartengdra innviða á Íslandi og gistiríkjastuðningi við liðsafla bandalagsríkja, meðal annars vegna loftrýmisgæslu. Fastanefnd sinnir hagsmunagæslu á vettvangi mannvirkjasjóðsnefndar og fjárlaganefndar þar sem bandalagsríki sækja um framlög úr sameiginlegum sjóðum bandalagsins. Þá sinnir fastanefnd samskiptum við yfirherstjórn bandalagsins í Mons og undirherstjórnir hennar í Brunssum í Hollandi, Norfolk og Napólí, auk Evrópuherstjórnar Bandaríkjanna í Stuttgart.

Fastanefnd/sendiráð í Genf

Íslendingar í umdæmisríkjum þar af í Sviss	605 603	1,3% 1,3%
Viðskipti við Sviss		
Vöruútflutningur (2021)	2.826,50	0,4%
Vöruinnflutningur (2021)	9.561,20	1,0%
Þjónustuútflutningur (2020)	10.764,30	2,8%
Þjónustuinnflutningur (2020)	9.636,80	3,1%
Starfsmenn		
Útsendir diplómatar	5	8,3%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	0	0,0%
Aðrir staðarráðnir	1	1,2%
Rekstrarkostnaður	180,6	4,6%

Umdæmisríki: Sviss og Liechtenstein.

Fjölbjóðasamstarf: EFTA, UNOG, WTO, ITU, WHO, WIPO, WMO og ILO.



Ísland tók við formennsku í EFTA-ráðinu

Árið 2021 var nokkuð óvenjulegt í störfum fastanefndarinnar í Genf og hélt heimsfaraldurinn áfram að setja mark sitt á störfin. Þó var margt sem ávannst og lituðu viðbrögð við faraldrinum umræður hjá þeim fjölmörgu alþjóðastofnunum sem starfa í Genf.

Utánríkisviðskipti eru forgangsmál hjá fastanefndinni og er Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) miðpunktur þeirra. Áætluðum ráðherra-fundi WTO í desember var frestað á síðustu stundu vegna COVID-19. Stefnt var að afnámi skaðlegra ríkisstyrkja í sjávarútvegi og lágu heildstæð drög fyrir þegar fundi var frestað. Ísland hefur beitt sér fyrir jafnrétti kynjanna í störfum sínum gagnvart WTO og kom á laggirnar og leiðir starfshóp um málið. Í apríl lauk fastafultrúi Íslands ársformennsku í nefnd um viðskiptarýni.

COVID-19 hefur haft áhrif á störf EFTA og fríverslunarviðræður. Reynslan hefur sýnt að það er erfitt að ná niðurstöðu í beinum samningaviðræðum án þess að ræða málín augliti til auglitis. Ísland tók við árslangri formennsku í EFTA-ráðinu á miðju ári, og lagði fram formennskuáætlun. Sú nýjung er í áætluninni að EFTA-ríkin endurskoði hvernig samstarfið geti nýst þeim betur.

Ísland tekur virkan þátt í mannréttindaráðinu, tók til máls í allri jafningjarýni ráðsins í samtals 41 skipti á árinu og lagði áherslu á jafnrétti kynjanna, réttindi hinsegin fólks og afnám


dauðarefsingar. Markmiðið að efla samstarf NB8-ríkja gekk eftir og tala þessi átta ríki nú oftast sem hópur. Ályktun um mannréttindaástandið í Íran, sem Ísland leiðir, var samþykkt í atkvæðagreiðslu. Ísland leiðir umfjöllun um ástandið á Filippseyjum og átti frumkvæðið að ályktun um samstarf við stjórnvöld Filippseyja til þriggja ára, sem var samþykkt án atkvæðagreiðslu haustið 2020. Litið er svo á að þessi nýja aðferð, sem Ísland átti frumkvæði að, ryðji braut fyrir breytingar og endurbætur á störfum mannréttindaráðsins.

Mikilvægi Flóttamannastofnunarinnar (UNHCR) og OCHA hefur vaxið að undanförunum og er Ísland fullgildur aðili í stjórnarnefndum þeirra. Auk þess eru höfuðstöðvar Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC), Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) og Alþjóðafólksflutningastofnunin (IOM) í Genf og gerir mannúðarmur Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) út frá borginni.

Með tilkomu COVID-19 varð Alþjóðaheilbrigðisstofnunin miðpunktur alþjóðasamstarfs um viðbrögð við faraldrinum og er mikil vinna fram undan í samningaviðræðum um sáttmála um viðbrögð við heimsfaraldri og viðkvæmu samstarfi um að koma bóluefnum til fátækra (COVAX). Ísland hefur komið á samstarfi innan WHO um átak til tíu ára í taugaheilbrigðismálum og viðbrögðum við mænuskaða, sem fastanefnd mun fylgja eftir.

Fastanefnd í Strassborg

Starfsmenn	4	2,5%
Útsendir diplómatar	2	3,3%
Útsendir aðrir	0	
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	0	
Aðrir staðarráðnir	2	2,5%
Rekstrarkostnaður	74,4	1,9%
Fjölbjóðasamstarf: Evrópuráðið (CoE)		



Formennska Íslands á næsta leiti

Þáttaskil urðu 1. september 2020 þegar Ísland opnaði að nýju fastanefnd gagnvart Evrópuráðinu í Strassborg. Fastanefndin vinnur að undirbúningi formennsku Íslands í Evrópuráðinu sem hefst í nóvember 2022 og lýkur með ráðherrafundi á Íslandi í maí 2023. Frekari upplýsingar um komandi formennsku Íslands í Evrópuráðinu má finna í kafla um starfið í alþjóðastofnunum á bls. 23.

Evrópuráðið, með 47 aðildarríki og um 840 milljónir íbúa innan sinna vébanda, fjallar um mannréttindamál í víðtækum skilningi og samvinnu á sviði löggjafar. Utanríkisstefna Íslands byggist á skýrum viðmiðum um lýðræði, mannréttindi og jafnrétti sem endurspeglast í málflutningi Íslands á vettvangi Evrópuráðsins.

Þrátt fyrir að undirbúningur fyrir formennsku Íslands sé það sem er efst á baugi fastanefndar Íslands í Strassborg tók hún engu að síður mjög virkan þátt í starfi og málflutningi innan Evrópuráðsins á árinu og hafði meðal annars frumkvæði í málflutningi Norðurlandanna að því er varðar Istanbúl-samninginn gegn kynferðislegu ofbeldi.

Fastanefndin vann einnig að framboði tveggja íslenskra sérfræðinga í nefndir á vegum Evrópuráðsins sem hlutu brautargengi í báðum tilfellum. Annars vegar í kosningu til sérfræðinganeftdar Evrópuráðsins gegn mansali (GRETA) og hins vegar eftirlitsnefnd

Evrópuráðsins með Istanbúl-samningnum um aðgerðir gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi (GREVIO). Ísland á því í fyrsta sinn fulltrúa í þessum nefndum sem báðar eru skipaðar óháðum sérfræðingum. Þá fullgilti Ísland og undirritaði nokkra samninga Evrópuráðsins á árinu í samræmi við markmið um að efla þátttöku Íslands samhliða komandi formennsku Íslands í ráðinu. Þeirri vinnu verður markvisst haldið áfram.


Fjöldi íslenskra sérfræðinga frá öllu stjórnkerfinu tekur einnig þátt í starfi Evrópuráðsins á hverju ári. Þrátt fyrir að COVID-19 hafi haft áhrif á starfsemi Evrópuráðsins sóttu bæði alþingismenn og sveitarstjórnarfólk fundi á vettvangi ráðsins á árinu, auk hluta af þeim fimmtíu tengiliðum sem starfa í ýmsum hópum. Félags- og barnamálaráðherra kom einnig í byrjun maí 2021 fyrir nefnd Evrópuráðsins um réttindi barnsins og kynnti þar meðal annars nýja löggjöf á Íslandi í þágu farsældar barna. Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra ávarpaði síðan árlegan ráðherrafund Evrópuráðsins sem haldinn var í Hamborg undir formennsku Þýskalands 21. maí.

Mannréttindadómstóll Evrópu dæmdi á árinu í tveimur málum gegn íslenska ríkinu og tók einnig ákvarðanir í tólf íslenskum málum þar sem mál voru dæmd ótæk eða strikuð út af lista vegna sáttagerðar.

Fastanefnd í Róm

Íslendingar á Ítalía	212	0,4%
Viðskipti við Ítalíu		
Vöruútflutningur (2021)	4.737,10	0,6%
Vöruinnflutningur (2021)	28.688,60	2,9%
Þjónustuútflutningur (2020)	3.047,00	0,8%
Þjónustuinnflutningur (2020)	3.085,80	1,0%
Starfsmenn	1	0,6%
Útsendir diplómatar	1	1,7%
Útsendir aðrir	0	
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	0	
Aðrir staðarráðnir	0	
Rekstrarkostnaður	53,6	1,4%

Fjölbjóðasamstarf: FAO, WFP og IFAD.



Óvenjulega krefjandi ár

Til viðbótar við sérstaklega erfiðar aðstæður í heiminum af náttúrulegum orsökum, svo sem þurrka, flóða, uppskerubrests og skordýra-faraldra, og stríð og átök af mannavöldum, jók heimsfaraldurinn á erfiðleika í mörgum þróunarríkjum. Árið 2021 var þess vegna óvenjulega krefjandi fyrir alþjóðastofnanirnar þrjár í Róm sem fastanefnd sinnir, Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO), Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP) og Alþjóðasjóð um þróun landbúnaðar (IFAD). Ríki lokuðu landamærum sínum, hráefna-skortur gerði vart við sig, verð á matvælum og öðrum nauðsynjavörum hækkadi verulega og kostnaður við flutninga jókst gríðarlega.

Stofnanirnar þrjár sinna afmörkuðum málefnaviðum en vinna sameiginlega gegn hungri og fátækt í heiminum, stuðla að fæðuöryggi, sjálfbærri þróun og bættum lífskjörum fólks í dreifbýli. Aukin þörf á aðstoð frá Róm kallaði á aukið fjármagn og kostnaður við verkefni jókst þess vegna umtalsvert. Starf stofnananna var einnig markað af því að húsnæði þeirra var lokað stærstan hluta ársins og funduðu fulltrúar aðildarríkjanna nær eingöngu gegnum fjarfundabúnað.

Á vettvangi FAO hefur Ísland, í samvinnu við viðkomandi fagráðuneyti, ávallt lagt sérstaka áherslu á málefni hafsins, fiskveiðar og alþjóðlega fiskveiðistjórnun. Á árinu tók fastafulltrúi meðal annars þátt í vinnu við stofnun nýrrar undirnefndar um málefni fiskveiða, sem vænta má að auki sýnileika þessa mikilvæga

málaflökks innan stofnunarinnar og skapi vettvang fyrir virka umfjöllun um hann. Ísland tók einnig þátt í undirbúningsvinnu fyrir leiðtogafund um fæðukerfi, sem fram fór í New York í september, og hefur í kjölfarið leitt starf vinnuhóps sem vinnur að framgangi fæðuvinnslu úr sjó og vötnum (Aquatic/Blue food). Á árinu var einnig birtur fyrsti hluti FAO-úttektar sem Ísland styrkti um samninga þróunarríkja við stórútgærðir um veiðiheimplid. Loks hóf íslenskur sérfræðingur störf hjá fiskimáladeild FAO í nóvember á grundvelli samstarfssamnings Íslands við stofnunina.

Samstarfssamningur Íslands við WFP var endurnýjaður í lok árs og hækkar árlegt kjarnaframlag Íslands um sjötíu milljónir króna til viðbótar við framlög til einstakra málefna. Framlög Íslands renna til mannúðarhluta stofnunarinnar, meðal annars með áherslu á neyðaraðstoð í Jemen, Sýrlandi, Afganistan og Mið-Sahel, og til þróunarsamvinnuverkefna hennar, fyrst og fremst skólamáltíðaverkefna í Malaví og Austur-Afríku.

Ísland fylgist með starfi IFAD í Róm án þess að greiða bein framlög til stofnunarinnar en vegna heimsfaraldursins hefur samstarfssamningur Íslands og IFAD um bláa hagkerfið ekki enn tekið gildi. Stefnt er að bragarbót þar á þegar honum léttir.


Norrænt samstarf á vettvangi stofnananna er náð og gott og móta norrænu ríkin gjarnan sameiginlega afstöðu til helstu mála.

Fastanefnd í New York

Íslendingar í umdæmisríkjum	7	0,01%
Starfsmenn	9	5,6%
Útsendir diplómatar	5	8,3%
Útsendir aðrir	1	20,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	0	0,0%
Aðrir staðarráðnir	3	3,7%
Rekstrarkostnaður	272,9	7,0%

Umdæmisríki: Antígva og Barbúda, Bahamaeyjar, Barbados, Belize, Dóminíka, Dóminíska lýðveldið, Grenada, Guyana, Haítí, Jamaíka, Kúba, Sankti Kitts og Nevis, Sankti Lúsía, Sankti Vinsent og Grenadínur, Súrínam og Trínidad og Tóbagó.

Fjölpjódasamstarf: Sameinuðu þjóðirnar.



Starf í þágu þjóða

Stóru áherslumálin á vettvangi Sameinuðu þjóðanna árið 2021 voru vafalítið heimsfaraldurinn og afleiðingar hans, aðgerðir í loftslagsmálum og umræðan um hvernig hægt sé að styrkja alþjóðasamvinnu til að takast á við þessar og aðrar áskoranir samtímans.

Aukin áhersla hefur verið lögð á að tryggja jafnari dreifingu bóluafna, sjálfbæra viðreisn og umræðu um hvernig auka megi viðnámsþol ríkja og alþjóðastofnana gagnvart áskorunum framtíðarinnar.

Umhverfis- og loftslagsmál voru einnig í öndvegi árið 2021, ekki síst í tengslum við 26. loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Glasgow. Ísland var virkur þátttakandi í þeirri vinnu og tók að sér að vera sérstakur heimserindrekji í orkumálum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna með því að auka sýnileika og umræðu um sjálfbæra orku samhliða öflugri málafylgju vegna málefna hafsins og landgræðslumála.

António Guterres, aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, lagði síðastliðið haust fram tillögur um það hvernig efla megi alþjóðasamvinnu og skerpa á alþjóðlegum skuldbindingum, ekki síst þeim sem snúa að innleiðingu heimsmarkmiðanna. Allsherjarþingið og stofnanir Sameinuðu þjóðanna munu svo þróa

þær áfram. Þá var aðalframkvæmdastjórinn endurkjörinn til næstu fimm ára, frá og með 1. janúar 2022.


Kjarnamál Íslands í starfi Sameinuðu þjóðanna eru virðing fyrir alþjóðalögum, mannréttinda- og jafnréttismál, fjölpjóðleg þróunarsamvinna, innleiðing heimsmarkmiðanna, auðlinda- og umhverfismál og friðsamleg lausn deilumála. Fastanefndin tekur virkan þátt í umræðum og atkvæðagreiðslum í allsherjarþinginu og undirnefndum þess og beitir sér í stjórnnum helstu samstarfsstofnana og sjóða, meðal annars Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnunar Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) og Mannfjölda-sjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA).

Fastanefnd Íslands sinnir einnig framboðsmálum og kosningum í ráð og stjórnir stofnana Sameinuðu þjóðanna og ber þar hæst nýlegt kjör Íslands í stjórn UNESCO og framboð Íslands í mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna 2025-2027.

Norðurlöndin eiga með sér þétt samráð í kosningamálum og ýmiss konar málafylgju innan Sameinuðu þjóðanna og hefur markvisst verið unnið að því að efla það enn frekar milli fastanefndanna í New York.

Fastanefnd í Vín

Íslendingar í Austurríki	292	0,6%
Viðskipti við Austurríki		
Vöruútflutningur (2021)	291,7	0,0%
Vöruinnflutningur (2021)	6.057,80	0,6%
Þjónustuútflutningur (2020)	1.668,00	0,4%
Þjónustuinnflutningur (2020)	1.537,00	0,5%
Starfsmenn	2	1,2%
Útsendir diplómatar	1	1,7%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	0	0,0%
Aðrir staðarráðnir	1	1,2%
Rekstrarkostnaður	71,8	1,8%
Fjölbjóðasamstarf: ÖSE, UNOV, IAEA og CTBTO.		



Einstakur vettvangur samráðs og samvinnu á tímum vaxandi spennu

Lýðræði, jafnréttis- og mannréttindamál og loftlagsmál eru rauður þráður í starfi og áherslum fastanefndar Íslands í Vín. Þungi starfs fastanefndarinnar er á vettvangi Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE) þar sem Svíþjóð fór með formennsku árið 2021. Jafnréttismál voru samofin áherslum sænsku formenskunnar á öllum málavíðum og var sjónum beint að innleiðingu ályktunar nr. 1325 sem Ísland hefur jafnframt beitt sér fyrir.

Mikil spennan ríkir á ÖSE-svæðinu sem hefur sett mark sitt á starfið. Ísland var meðal 35 aðildarríkja ÖSE sem ýttu Vínarferlinu (Vienna Mechanism) úr vör þar sem óskað var svara frá yfirvöldum í Belarús um úrbætur í mannréttinda- og lýðræðismálum á grundvelli samþykktu og tilmæla ÖSE. Á árinu var jafnframt hleypt af stokkunum verkefninu *Grænar hafnir* sem miðar að því að hafnarborgir í Azerbaidjan og víðar nýti jarðhita í samstarfi við íslenska aðila.

Fastanefndin fer jafnframt með fyrirvar gagnvart Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni og öðrum alþjóðastofnunum sem eru með höfuðstöðvar í Vín. Á vettvangi ÖSE, Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA), fíkniefna- og afbrotamálastofnu Sameinuðu þjóðanna (UNODC) og annarra alþjóðastofnana í Vín


er umfangsmikið samráð á sviði öryggis- og varnarmála, efnahags- og umhverfismála og lýðræðis- og mannréttinda, ásamt ráðstefnum um helstu áherslumál, með þátttöku fastanefndar og íslenskra sérfræðinga. Nefna má sérstaklega ráðstefnu ÖSE um aðgerðir gegn spillingu og umbætur í þágu góðrar stjórnsýslu, ráðstefnu ÖSE um forvarnir og aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi og mansali, hringborðsumræður IAEA um hagnýtingu kjarntækni til að takast á við plastmengun í hafinu og sýningu Sameinuðu þjóðanna á heimildarmyndinni *Hækkum rána (Raise the Bar)* á alþjóðlegum degi stúlkubarnsins. Fastafulltrúi tekur jafnframt þátt í vikulegum fundum fastaráðs ÖSE.

Árlegur ráðherrafundur ÖSE er mikilvægur vettvangur samráðs og samvinnu þar sem leitast er við að treysta bönd aðildarríkjanna 57 sem hafa því miður trosnað svo illa á síðustu misserum að við mikinn vanda er að etja. Samningaviðræður gengu erfiðlega í aðdraganda fundarins sem haldinn var í Stokkhólmi 1.-3. desember 2021 en sá árangur náðist að fyrsta ályktunin um loftlagsbreytingar sem ögn við öryggi á ÖSE-svæðinu var samþykkt. Eitt fyrsta verk nýs utanríkisráðherra í embætti var að sækja ráðherrafundinn í Stokkhólmi.

Aðalræðisskrifstofa í New York

Starfsmenn	2	1,2%
Útsendir diplómatar	1	1,7%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	0	0,0%
Aðrir staðarráðnir	1	1,2%
Rekstrarkostnaður	81,3	2,1%

Umdæmi: New York-ríki, Connecticut, New Jersey og Rhode Island.



Norðurlandasamstarf í fyrirrúmi

Norðurlandasamstarfið var mikilvæg undirstaða í vinnu aðalræðisskrifstofunnar árið 2021 en þrátt fyrir takmarkanir vegna heimsfaraldursins tókst að halda ýmsa viðburði. Aðalræðisskrifstofa Íslands í New York rekur viðskiptaskrifstofu Íslands í Norður-Ameríku og markaðsverkefnið *Inspired by Iceland – North America* í samstarfi við Íslandsstofu og hýsir Íslensk-ameríska viðskiptaráðið (Icelandic American Chamber of Commerce). Undir skrifstofuna heyra jafnframt markaðsverkefnið *Nordic Innovation House* (NIH) í New York og Kísildalnum, *Nordic AMPLify* heilsutækni og *Nordic City Solutions*.

Á meðal þess sem Norðurlöndin skipulögðu sameiginlega var vefráðstefnan *Women in Innovation* í mars á vegum NIH með þátttöku Elizu Reid, Höllu Tómasdóttur og Iðunnar Jónsdóttur. Samnorræna vefverkefnið *Nordic Design Diplomacy* fór sömuleðis fram á árinu en í maí birtist þáttur þar sem hönnuðirnir Hlynur Atlason og Todd Bracher ræddu um hönnun, áherslur og áhrif við aðalræðismann Íslands í New York. Alls fékk þátturinn 16 þúsund áhorf. Vefráðstefna um viðskipti á Norðurslóðum undir yfirskriftinni *Doing Business in the Arctic* fór sömuleiðis fram í maí með þátttöku fulltrúa frá Grænlandi, Bandaríkjunum og Kanada. Ráðstefnan var haldin á vegum Íslensk-ameríska viðskiptaráðsins (IACC).

Nordic AMPLify, samstarfsverkefni Íslandsstofu, Business Finland, Business Sweden, Innovation Norway og Danish Trade Council, hélt áfram á árinu 2021. Um er að ræða viðskiptahraðal fyrir sprotafyrirtæki í heilsutækni. Fyrsta hraðlinum lauk á árinu með þátttöku tólf norrænna fyrirtækja, þar af tveggja íslenskra. Liðlega sextíu fyrirtæki tóku þátt í kynningarfundi í maí 2021 fyrir annan hraðalinn og í framhaldi voru valin fjórtán fyrirtæki til þátttöku, þar af tvö frá Íslandi. Hraðallinn hófst í október og mun klárast vorið 2022.

Í september tók fulltrúi Reykjavíkurborgar þátt í hringborðsumræðum með fulltrúum norrænna borga á vettvangi *New York Climate Week*. Yfirskrift umræðnanna var *Blueprints for a better world – Nordic roadmaps to climate friendly cities*.


Þrátt fyrir þröngar skorður heimsfaraldursins tókst að halda tvo *Taste of Iceland* viðburði undir lok árs í Seattle og Toronto. Þessir viðburðir fara að jafnaði fram í sex borgum í Norður-Ameríku á hverju ári og eru hluti af markaðsverkefninu *Inspired by Iceland*.

Aðalræðisskrifstofan stóð einnig fyrir móttöku 1. desember í Scandinavia House til að halda upp á fullveldisdaginn og sóttu rúmlega áttafátíu manns viðburðinn.

Aðalræðisskrifstofa í Nuuk

Íslendingar á Grænlandi	47	0,1%
Viðskipti við Grænland		
Vöruútflutningur (2021)	2.295,50	0,3%
Vöruinnflutningur (2021)	2.423,40	0,2%
Þjónustuútflutningur (2020)	4.238,60	1,1%
Þjónustuinnflutningur (2020)	2.620,10	0,8%
Starfsmenn	2	1,2%
Útsendir diplómatar	1	1,7%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	0	0,0%
Aðrir staðarráðnir	1	1,2%
Rekstrarkostnaður	45,0	1,1%

Umdæmi: Grænland



Grænlandsskýrsla hvati að auknum og bættum samskiptum

Skýrsla Grænlandsnefndar utanríkisráðherra *Samstarf Grænlands og Íslands á nýjum Norðurslóðum* kom út í janúar 2021. Þar er farið í saumana á tvíhliða samskiptum landanna og settar fram fjölmargar tillögur um aukna samvinnu á ýmsum sviðum. Hagsmunir Íslands og Grænlands sem eyþjóða í Norður-Atlantshafinu fara að miklu leyti saman, til dæmis í loftslags- og umhverfismálum og við nýtingu hafsins. Vonir standa til að skýrslan geti orðið hvati að auknum og bættum samskiptum og samstarfi Íslands og Grænlands, ekki síst á sviði viðskipta, meðal annars með gerð tvíhliða viðskiptasamnings. Þar leikur aðalræðisskrifstofa mikilvægt hlutverk en hún auðveldar Íslandi að styrkja tvíhliða tengsl við grænlandsk stjórnvöld og viðskipta- og menningarlífið á Grænlandi.

Enn og aftur setti heimsfaraldurinn mjög mark sitt á starfsemi aðalræðisskrifstofunnar. Vegna veikburða heilbrigðisþjónustu sáu Grænlandingar sig tilneydda að takmarka komur ferðamanna að landinu og var Grænland lokað fyrir almennu farþegaflugi frá Íslandi fram í júní og tíðni ferða mun lægri eftir opnun. Kröfur um sóttkví við komu drógu einnig úr ferðahug manna. Eðlilega varð það til þess að hefðbundin samskipti drógust mjög saman.

Ný tveggja flokka ríkisstjórn tók við völdum á Grænlandi í maí. Hún er leidd af Múte B. Egede, formanni Inuit Ataqatigiit (IA) sem

vann stórsigur í þingkosningunum sem fóru fram í apríl. Samstarfsflokkur IA er Naleraq en báðir flokkarnir voru áður í stjórnarandstöðu. Kosningarnar snerust að miklu leyti um framtíð námavinnslu á Suður-Grænlandi en IA setti sig alfarið á móti því að náma sem átti að vinna sjaldgæf jarðefni nálægt bænum Narsaq fengi starfsleyfi en eitt af þeim efnum sem fylgt hefði vinnslunni er úran. Búið er að samþykkja lög sem banna úranvinnslu.

Menningarhátíðin *Nuuk-Nordisk Kulturfestival* var haldin í október og voru nokkrir íslenskir listamenn meðal þátttakenda.

Verktakafyrirtækið Ístak hélt áfram byggingu nýs grunnskóla í Nuuk sem leysa mun af hólmi tvo grunnskóla og einn leikskóla og er stærsta byggingaframkvæmdin í bænum.

Vikulegar siglingar milli Reykjavíkur og Nuuk með samstarfi Eimskips og Royal Arctic Line héldu áfram. Þær auðvelda íslenskum viðskiptaáðilum að hasla sér völl á Grænland, afhendingartími styttest miðað við að senda vörur gegnum Danmörku og stöðugleiki í afhendingu eykst.


Aðalræðisskrifstofa Íslands í Nuuk hefur starfað frá árinu 2013 og var lengstum eina sendiskrifstofan sem erlend ríki starfræktu í Nuuk en frá sumrinu 2020 hafa Bandaríkjamenn einnig verið með ræðisskrifstofu í Nuuk.

Aðalræðisskrifstofa í Winnipeg

Starfsmenn	2	1,2%
Útsendir diplómatar	1	1,7%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	0	0,0%
Aðrir staðarráðnir	1	1,2%
Rekstrarkostnaður	52,7	1,3%

Umdæmi: Manitoba, Saskatchewan, að undanskilinni borginni Regina, og Alberta, að undanskildum borgunum Calgary og Edmonton.

- Borgaraþjónusta
- Viðskiptamál og skapandi greinar
- Áritunarmál
- Menningarmál
- Önnur tvíhliða samskipti
- Rekstur



Heimsfaraldurinn setti víða strik í reikninginn

Íslendingadagurinn var haldinn í 132. sinn í Gimli, Manitoba, árið 2021. Vegna sóttvarnartakmarkana sóttu nokkuð færri viðburðinn en í venjulegu árferði, eða um sjö þúsund manns. Í venjulegu árferði eru gestir jafnan um fimmtíu þúsund talsins. Af sömu orsökum voru að þessu sinni ekki gestir frá Íslandi eins og venja er. Aðalræðismaður hélt ræðu og flutti kveðjur frá íslenskum yfirvöldum og þá var forsætisráðherra Manitoba, Kelvin Goertzen, aðalræðumaður.

Samstarf háskólanna í Manitoba og á Íslandi hefur gengið vel fyrir sig en allir fundir og viðburðir hafa verið um fjarfundabúnað.

Aðalfundur INLNA, þjóðræknisamtaka Íslendingafélaga í Kanada, fór fram rafrænt, og árleg hátíðahöld vegna 17. júní, sem Vestur-Íslendingar minnst árlega með hátíð á grasflötinni fyrir utan þinghús Manitoba við stytta Jóns Sigurðssonar, einkenndust af sóttvarnartakmörkunum.

Regluleg hálfsmánaðar útgáfa Lögbergs-Heimskringlu var þó ekki trufluð af faraldrinum. Mikilvægt er að styrkja fjárhagsstöðu blaðsins sem er mikilvægur fastur punktur í samskiptum Íslands og samfélags Vestur-Íslendinga.

Gagnkvæmum áformuðum heimsóknum milli ríkjanna á vettvangi Snorra- dagskrár, þar sem ungmenni og eldri borgarar sækja löndin heim, varð að fresta.

Smærri viðburðir fóru fram, svo sem *Walk to the Rock*, þar sem tugir Vestur-Íslendinga í Gimli minntust landtöku fyrstu Íslendinganna á ströndum Winnipeg-vatns 21. október árið 1875 þar sem til varð Nýja Ísland. Á árinu 2025, þegar 150 ár verða liðin frá landtöku Íslendinganna, eru áformaðir nokkrir stærri viðburðir til að minnast frumkvöðlanna.

Ýmis áform voru á döfinni um gagnkvæmar heimsóknir á vettvangi menningar og lista. Þeim varð að slá á frest þegar til kom vegna heimsfaraldursins. Það sama gilti um gagnkvæmar heimsóknir borgarstjóra vinabæjanna Reykjavíkur og Winnipeg.

Nýr forsætisráðherra Manitoba, Heather Stefanson, tók við síðla árs 2021 eftir róstur í Íhaldsflokknum sem er við stjórn fylkisins. Eiginmaður forsætisráðherrans er af íslensku bergi brotinn.

Aðalræðisskrifstofan í Winnipeg er í nánum samskiptum við forystufólk Vestur-Íslendinga og ljóst er að uppsöfnuð eftirspurn er eftir nánum samskiptum á fjölþættum sviðum þegar heimsfaraldurinn er að baki.

Aðalræðisskrifstofa í Þórshöfn

Íslendingar í Færeyjum	245	0,5%
Viðskipti við Færeyjar		
Vöruútflutningur (2021)	5.887,10	0,8%
Vöruinnflutningur (2021)	1.200,00	0,1%
Þjónustuútflutningur (2020)	3.206,90	0,8%
Þjónustuinnflutningur (2020)	7.104,90	2,3%
Starfsmenn	3	1,9%
Útsendir diplómatar	1	1,7%
Útsendir aðrir	0	0,0%
Staðarráðnir viðskiptafulltrúar	0	0,0%
Aðrir staðarráðnir	2	2,5%
Rekstrarkostnaður	58,1	1,5%
Umdæmi: Færeyjar		

- Borgarþjónusta
- Viðskiptamál og skapandi greinar
- Menningarmál
- Önnur tvíhliða samskipti
- Öryggis- og varnarmál
- Þróunarsamvinna og mannúðaraðstoð
- Viðskiptasamningar
- Önnur fjölþjóðleg samvinna
- Rekstur



Tillögur í skýrslu marka þáttaskil

Utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra skipaði starfshóp í mars árið 2021 til að kortleggja tvíhliða samskipti Íslands og Færeyja og gera tillögur um áþreifanlegar aðgerðir eða verkefni til að efla enn frekar tengsl þjóðanna á næstu árum. Margvíslegt samstarf er á milli þjóðanna, bæði formlegt milli stjórnvalda og stofnana, sem og milli fyrirtækja, hagsmunasamtaka og einstaklinga. Þrátt fyrir langa og gæfuríka sögu samstarfs er óumdeilt að mögulegt er að efla enn tvíhliða efnahagsleg, menningarleg og pólitísk tengsl milli þessara grannþjóða.

Skýrsla starfshópsins kom út 7. september 2021 en þar eru tillögur sem spanna svið allt frá íþróttum til bláa hagkerfisins. Öllum er þeim ætlað að stuðla að auknum samskiptum og vonast er til að þau renni sterkari stoðum undir núverandi samskipti og samvinnu og skapi jafnframt forsendur fyrir nýjum og spennandi tækifærum í samvinnu og samstarfi Íslands og Færeyja.

Tillögurnar eru alls þrjátíu og marka margar að vissu leyti þáttaskil þar sem lögð er áhersla á svið þar sem frekar lítið hefur farið fyrir tvíhliða samstarfi. Má þar til dæmis nefna að

stefnt verði að gerð rammisamnings Íslands og Færeyja um eflingu bláa hagkerfisins í löndunum báðum, að tvíhliða markaðssamstarf verði aukið til þess að kynna löndin sem ákjósanlegan áfangastað fyrir íbúum landanna tveggja, að settur verði á fót vísinda- og menntasjóður til að styrkja námsmenn, rannsakendur og kennara til vistaskipta, samstarfs og sameiginlegra verkefna, að komið verði á fót samstarfi miðstöðva skapandi greina með það að markmiði að auka samstarf íslenskra og færeyskra listamanna, að heilbrigðisyfirvöld í löndunum geri úttekt á því á hvaða sviðum og með hvaða hætti megi auka nýtingu Færeyinga á heilbrigðisþjónustu utan sjúkrahúsa á Íslandi og að útbúið verði nútímalegt námsefni fyrir íslenska grunnskóla þar sem fjallað yrði um Færeyjar fyrr og nú með heildstæðum hætti og lögð áhersla á tengsl Íslands og Færeyja.

Kynning tillagnanna fyrir viðkomandi færeyskum aðilum er þegar hafin en markmiðið er að hrinda þeim sem flestum í framkvæmd á næstu misserum. Ljóst má vera að viðkomandi aðilar í báðum löndum geti bundist höndum um gagnkvæmt gildi tillagnanna og nálgist framkvæmd þeirra sem sameiginlegt verkefni.

Heimasendiherrar

Heimasendiherrar vinna þverlægt innan utanríkisráðuneytisins og hafa sambærilega stöðu gagnvart ráðuneytinu og sendiherra á starfsstöð erlendis, ásamt því að sinna verkefnum á fagskrifstofum ráðuneytisins. Þeir fara með fyrirvar gagnvart 21 ríki þar sem litið er til áherslumála og hagsmuna Íslands og gera grein fyrir markmiðum, áherslum og verkefnum í starfsáætlun líkt og forstöðumenn sendiskrifstofa gera. Áhersla er lögð á viðskiptatækifæri og nýsköpun í samstarfi við Íslandsstofu og atvinnulífið og að kynna íslenskar afurðir og menningu, auk borgarþjónustu. Af verkefnum heimasendiherra á liðnu ári má nefna pólitískt samráð og verkefni á vettvangi Uppbyggingarsjóðs EES í Slóveníu, Slóvakíu, Tékklandi og Ungverjalandi, meðal annars um nýsköpun, umhverfisláusnir, heilbrigðismál, jafnréttismál og jarðvarma. Á rafrænum viðskiptafundi Íslands og Slóvakíu var rætt um heilbrigðistækni og lífvísindi og á sambærilegum fundi með Tékklandi um tækifæri á sviði nýsköpunar og grænna lausna. Með samanburðarrannsókn á jafnréttismálum á Íslandi og í Slóveníu hefur verið lagður grunnur að sókn á sviði jafnréttismála innan ramma Uppbyggingarsjóðsins. Samráð hefur verið við Nýja-Sjáland um loftslags- og orkumál, jarðhita og ferðamál og hefur heimasendiherra greitt götu fyrirtækja sem hafa leitað eftir viðskiptatækifærum í landinu. Samráð við Austurríki hefur verið á hinum pólitíska vettvangi, auk

áherslu á viðskiptatækifæri, ferðþjónustu og menningartengsl. Framtíð matar var í brenni-depli á ráðstefnu sem haldin var í samstarfi utanríkisráðuneytis, Íslandsstofu, stjórnvalda í Singapúr og fleiri aðila haustið 2021. Lagður hefur verið grunnur að framtíðarsamstarfi við Ástralíu um loftslags- og umhverfismál og viðskipti. Tvíhliða samskipti við Sameinuðu arabísku furstadæmin (SAF) hafa aukist, ekki síst vegna staðsetningar Alþjóðastofnunar um endurnýjanlega orkugjafa, IRENA og Alþjóðasamtaka jarðvarmaríkja í landinu. Gagnkvæmur áhugi er á að efla viðskiptatengsl við SAF og Sádi-Arabíu, þá helst á sviði jarðvarma og í sjávarútvegi, auk kynningar á íslenskum bókmenntum. Hafa íslensk stjórnvöld leitast við að efla viðskipti við Sádi-Arabíu með gerð loftferða- og tvísköttunarsamninga. Viðskipti við Argentínu og Brasilíu eru ekki mikil en fara vaxandi, einkum við Brasilíu, og hafa íslensk fyrirtæki í hátækni í matvælavinnslu náð góðum árangri. Unnið er að eflingu þessara tengsla og mun væntanlegur fríverslunarsamningur EFTA og MERCOSUR skipta miklu auk líklegrar aðildar að OECD. Endurskoðun fríverslunarsamnings við Chile er á lokastigi. Þá hefur markaður fyrir sjávarafurðir í Nígeríu tekið við sér eftir mótbyr undanfarin ár. Samskiptin við Ísrael hafa liðið fyrir heimsfaraldurinn, en ýmis tækifæri eru í ferðþjónustu og á sviði nýsköpunar.


Fyrirsvar

Deild tvíhliða málefna sér um fyrirsvar gagnvart sjötíu og þremur ríkjum sem Ísland hefur stjórn málasamband við en teljast hvorki til umdæmisríkja sendiráða né með fyrirsvar hjá heimasendiherra. Þessi ríki eru vöktuð af deildinni með reglubundnum hætti og sérstaklega þegar mikilvæg mál koma upp. Fulltrúar sendiráða þessara ríkja leita til deildarinnar, sem afgreiðir fyrirspurnir og aðstoðar þá við að koma á tengslum við íslenska aðila innan og utan stjórnsýslunnar. Sex ríki bættust í þennan flokk um mitt ár, vegna flutninga heimasendiherra til starfa við fastanefnd eða sendiráð erlendis.

Um er að ræða eftirtalin ríki: Afganistan, Angóla, Barein, Benín, Bútan, Botsvana, Búrkína Fasó, Búrúndí, Ekvador, El Salvador, Eritrea,

Esvatíní, Fídjí, Fílabeinsströndin, Gabon, Gambía, Gana, Gínea, Gínea-Bissaú, Grænhöfðaeyjar, Gvatemala, Írak, Jemen, Kamerún, Kíribatí, Kómorur, Kongó, Lesótó, Líbería, Líbía, Lýðstjórnarlýðveldið Kongó, Madagaskar, Maldívur, Malí, Míritíus, Marshall-eyjar, Míritanía, Míkrónesía, Myanmar, Miðafríkulýðveldið, Miðbaugs-Gínea, Mósambík, Naúrú, Níger, Nýja-Sjáland, Óman, Palaú, Palestína, Papúa Nýja-Gínea, Rúanda, Salómonseyjar, Sambía, Samóaeypjar, Saó Tóme og Prinsípe, Senegal, Seychelleseyjar, Simbabve, Síerra Leóne, Slóvenía, Slóvakía, Sómalía, Suður-Afríka, Suður-Súdan, Súdan, Sýrland, Tansanía, Tékkland, Tjad, Tógó, Tonga, Túvalú, Ungverjaland og Vanúatú.

Umdæmisríki heimasendiherra og fyrirsvar deildar tvíhliða málefna



● Umdæmisríki heimasendiherra ● Deild tvíhliða málefna

Skammstafanir

BBNJ	Conservation and Sustainable Use of Marine Biological Diversity of Areas Beyond National Jurisdiction	NORDEFECO	Norrænt varnarsamstarfs
BEAC	Barentsráðið	NPT	Samningur um takmörkun á útbreiðslu kjarnavopna
Brexit	Útganga Bretlands úr Evrópusambandinu	NWM	Nordic Women Mediators Network
BWC	Lífefnavopnasamningurinn	OCHA	Samræmingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum
CAFF	Conservation of Arctic Flora and Fauna	ODIHR	Mannréttinda- og lýðræðisstofnun Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu
CBSS	Eystrasaltsráðið	OECD	Efnahags- og framfarastofnunin
CERF	Neyðarsjóður Sameinuðu þjóðanna	OECD DAC	Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar
CWC	Samningur um efnavopn	OPCW	Efnavopnastofnunin í Haag
DNS	Nafnaþjónn léns - Domain Name System	PAME	Protection of Arctic Marine Environment
EES	Evrópska efnahagssvæðið	Rannís	Rannsóknamiðstöð Íslands
EEC	Efnahagsbandalag Evrópu	Sþ	Sameinuðu þjóðirnar
EFTA	Fríverslunarsamtök Evrópu	UEFA	Knattspyrnusamband Evrópu
ESB	Evrópusambandið	UN Women	Stofnun Sameinuðu þjóðanna fyrir kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna
ESMAP	Energy Sector Management Assistance Programme	UNESCO	Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna
EUIPO	Hugverkastofa Evrópusambandsins	UNFPA	Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna
FAO	Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna	UNHCR	Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna
FIFA	Alþjóðaknattspyrnusambandið	UNICEF	Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna
GRÓ	Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu	UNODC	Fíkniefna- og afbrotamálastofna Sameinuðu þjóðanna
IAEA	Alþjóðakjarnorkumálastofnunin	UNRWA	Palestínuflóttamannaáðstoð Sameinuðu þjóðanna
ICAO	Alþjóðaflugmálastofnunin	USTR	Embætti viðskiptafulltrúa Bandaríkjanna
ICRC	Alþjóðaráð Rauða krossins	V4	Visegrad-ríkin, Tékkland, Ungverjaland, Pólland og Slóvakía
IFAD	Alþjóðasjóður um þróun landbúnaðar	VþT	Vergar þjóðartekjur
IA	Inuit Ataqtigiti, stjórn málflokkur á Grænlandi	WFP	Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna
IN	Iceland Naturally	WGC	Alþjóðajarðhitasambandið
INF	Samningur um meðaldræg kjarnorkuvopn	WHO	Alþjóðaheilbrigðisstofnunin
IOM	Alþjóðafólksflutningastofnunin	WIPO	Alþjóðahugverkastofnunin
IRENA	International Renewable Energy Agency	WTO	Alþjóðaviðskiptastofnunin
JEF	Joint Expeditionary Force	ÖSE	Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu
KSÍ	Knattspyrnusamband Íslands		
N5	Norrænir utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherrar		
NATO	Atlantshafsbandalagið		
NB8	Samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna		

Atriðisorðaskrá

- Aðalræðisskrifstofa 106, 110, 124, 136-139, 143, 146
- New York 81, 136
- Nuuk 66, 106, 137, 143
- Winnipeg 106, 124, 138, 143
- Þórshöfn 106, 139, 143
- Afganistan 5-7, 21-22, 25, 51, 59, 86, 90-91, 99-100, 116-118, 130, 133, 141-143
- Afríka 43, 47, 52, 58, 119, 133, 143
- Afvopnunarmál 23, 34, 85, 91-95, 130, 143
- Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna 23-25, 39, 134, 143
- Alþingi 11-15, 32-34, 39, 48, 70, 80, 83-85, 101-103, 107, 118, 121, 143
- Alþjóðabankinn 13, 43-47, 61, 108, 143
- Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO 28-29, 131, 142-143
- Alþjóðaknattspyrnusambandið, FIFA 34-35, 142-143
- Alþjóðalög 19-23, 85, 93, 134, 143
- Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands 17, 105, 124, 143
- Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orkugjafa, IRENA 40, 140-143
- Alþjóðaviðskiptastofnunin, WTO 63, 73-75, 82-83, 131, 142-143
- Alþjóðlega hugverkastofnunin, WIPO 36, 142-143
- Alþjóðlega jarðvarmabandalagið, GGA 40, 143
- Argentína 72-74, 140, 143
- Armenía 27, 121, 143
- Asía 21, 65, 128, 143
- Atlantshafsbandalagið, NATO 4-7, 13, 19-22, 85-97, 100-101, 106, 121, 130, 142-143
- Atvinnulíf 35-37, 43, 47, 60-61, 76-77, 99, 114, 124-126, 140, 143
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti 38, 143
- Auðlindamál 19, 30-32, 36, 143
- Azerbaijan 27, 121, 135, 143
- Áfram gakk, skýrsla 74, 103, 143
- Ályktun öryggisráðsins nr. 1325, sjá einnig konur, friður og öryggi 54, 92-93, 130, 135, 143
- Ástralía 76-77, 83, 140, 143
- Bandalag ríkja um fjölþjóðasamvinnu 29
- Bandaríkin 5-6, 19, 29, 63-64, 71, 74-75, 82, 85-90, 93-94, 99, 102, 105-106, 129-130, 136-137, 142-143
- Barentsráðið 30, 142-143
- Barnaheill 58-59, 143
- Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna, UNICEF 23, 29, 44-45, 48, 52, 56-58, 108, 117, 134, 142-143
- Belarús 13, 22-23, 27, 34, 73, 86, 121, 135, 143
- Belgía 88, 143
- Berlín 41, 106, 114, 143, 146
- Chile 73-74, 140, 143
- Borgarþjónusta 22, 99-102, 105-106, 111, 118, 123, 127, 140, 143
- Botswana 73, 143
- COVAX, bóluefnasamstarf 29, 108, 131, 143
- Brasilía 24, 72, 140, 143
- Bretland 5-6, 13, 20, 29, 33, 70-74, 77, 86, 92, 101, 105, 120, 125, 142-143
- Brexit 70, 142-143
- Buikwe 117, 143
- Búlgaríja 118, 143
- Danmörk 30, 33, 88, 105, 143
- Deild tvíhliða málefna 41, 141-143
- Dynamic Mongoose 88, 143
- Efnahags- og framfarastofnunin, OECD 46-49, 60, 76, 83, 109, 125, 140-143, 146
- EFTA, Fríverslunarsamtök Evrópu 4-6, 34-35, 72-75, 131, 140-143
- Egyptaland 29, 75, 143
- Eistland 13, 24, 92, 116, 143
- Ekvador 141-143
- El Salvador 61, 141-143
- Embætti ríkislögreglustjóra 88, 95-96, 125, 143
- Endurnýjanleg orka 40, 43, 78, 128, 140, 143
- Eritrea 141-143
- Esvatíní 73, 141-143
- Evrópa 4-6, 13, 20-21, 27, 31, 34-35, 72-74, 83-86, 90-94, 104, 111, 115, 121, 130-132, 135, 142-146
- Evrópska efnahagssvæðið, EES 20, 35, 41, 70-71, 74-78, 114-120, 123, 140-143, 146
- Evrópuráðið 13, 26-27, 31, 132, 143-144
- Evrópusambandið 4-6, 20-22, 25, 30-40, 70-78, 95-97, 105, 115, 120-121, 125, 142-144
- Eyðimerkurmyndun 23-25, 143
- Eystrasaltsráðið, CBSS 30, 142-143
- Epíopía 24, 59, 117, 143
- Fastanefnd 23, 26-28, 47, 83, 86, 90-91, 106, 110, 121, 125, 130-135, 141-143, 146
- Atlantshafsbandalagið 86, 90-91, 130
- Genf 26, 131
- New York 5-7, 23, 134
- París 28, 47
- Róm 38, 106, 113, 133, 143
- Strassborg 26-27, 132, 143-146
- Vín 135
- Fátækt 43, 51, 55, 60, 133, 143
- Ferðamenn 64, 71, 76, 99, 102-106, 126-129, 137, 143
- Ferðaráð 77, 100, 143
- Ferðþjónusta 15, 66, 99, 127, 140, 143
- Félagasamtök 22, 29, 38-40, 43, 48, 51-53, 58-60, 143
- Finnland 11-13, 30, 86, 91-93, 100, 107, 116, 143
- Fiskimál 44, 57, 143
- Fiskistofnar 20, 32, 39, 82, 143
- Fiskveiðisamningar 38, 143
- Fjárfestingar 60, 63-65, 70-72, 75-80, 86, 95-97, 120, 124, 127, 143

- Fjárfestingasamningar 75, 143
- Fjölmíðlafrelsi 27-29, 143
- Fjölpáttatögnir 11, 85-92, 95-97, 103, 116, 130, 143, 146
- Flóttafólk 56, 121, 144
- Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNHCR 46, 51, 117, 131, 142-144
- Flóttamenn 21, 52-53, 56, 118, 144
- Formennska Íslands í Evrópuráðinu, sjá einnig Strassborg 26, 144
- Forseti Íslands 19, 23, 28, 105, 121, 125, 144
- Forsætisráðherra 19, 23-25, 30, 37, 45, 115, 120-125, 129, 138, 144
- Forsætisráðuneyti 37, 107, 144
- Fólksflutningar 21, 144
- Frakkland 29, 71, 76, 105, 125, 144
- Friðar- og öryggismál, sjá einnig öryggismál 19, 48, 91, 144
- Friðaruppbygging 27
- Fríverslun 73, 144
- Fríverslunarsamningur 20, 31-32, 64-65, 70-76, 120, 128, 140, 144
- Frumbyggjar 30, 144
- Fullveldi 85, 91, 144
- Fæðingardeild 119
- Færeyjar 11-14, 32-33, 39, 65-66, 74-75, 80, 103-105, 139, 144
- Færeyjaskýrsla 13, 65, 80, 103, 139
- Gana 24, 29, 141, 144
- GAVI, alþjóðlegur bólusetningarsjóður 29, 144
- Georgía 27, 101, 106, 144
- Gistiríki 113, 144
- GRÓ - Þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu 17, 30, 49-50, 57-58, 142-144
- Jafnréttisskóli GRÓ, GEST 17, 30, 49-50, 100, 144
- Jarðhitaskóli GRÓ, GTP 17, 49-50, 144
- Landgræðsluskóli GRÓ, LRT 49-50, 144
- Sjávarútvegsskóli GRÓ, FTP 49-50, 57-58, 122, 144
- Grænar lausnir 118, 122, 125, 144
- Græni sáttmáli Evrópusambandsins 40, 78, 144
- Grænland 11-15, 39, 66, 80, 103-105, 124, 136-137, 142-144
- Grænlandsnefnd 12, 15, 66, 137, 144
- Grænlandsskýrsla 15, 66, 80, 103, 137, 144
- Grænvangur 37, 40, 78, 144
- Hafréttarmál 31-32, 144
- Hafréttarmál, BBNJ 39, 142-144
- Hagsmunagæsla 32, 35-38, 86, 90, 93, 111, 115, 130, 144
- Heimasendiherrar 106, 140-141, 144
- Heimsmarkmiðasjóður 47, 60
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 23, 40, 43-47, 58-60, 134, 144
- Heimstorg 61, 144
- Hergagnaflutningar 34, 144
- Hernaðaruppbygging 21, 86, 90, 121, 144
- Hjálparstarf kirkjunnar 59, 144
- Hlýnun jarðar, sjá einnig loftslagsbreytingar 70, 144
- Hreinlætismál 44, 51-58, 144
- Hringborð norðurslóða 16, 125, 144
- Hryðjuverk 33, 36, 86, 90
- Hugverkaréttur 73
- Iceland-málið 35, 144
- Iceland Naturally 142-144
- Indland 47, 72, 102, 105-107, 122, 144
- Indónesía 29, 72, 144
- Írak 141, 144
- Íslandsstofa 27, 35, 41, 61, 65, 77-82, 108, 114-118, 121-127, 136, 140, 144
- Íslenskar bókmenntir 125-127, 144
- Íslensk hönnun 136, 144
- Íslenski orkuklasinn 40, 144
- Íslensk myndlist 81-82, 114, 144
- Íslensk tónlist 116, 144
- Ísrael 140, 144
- Ítalía 88, 125, 144
- Jafnrétti 23, 26, 29, 40-45, 53, 82, 85, 119, 125, 131-134, 144
- Japan 5-6, 21, 65, 74, 77, 105-106, 128, 144
- Jarðhiti 21, 32, 36, 47, 50, 114, 135, 140, 144
- Jarðvarmi 37, 40-41, 47, 122, 140, 144
- Jemen 24, 51-52, 133, 141, 144
- Kanada 29, 72, 75-77, 92, 105-107, 124, 136-138, 144
- Kasakstan 61, 73, 121, 144
- Keflavíkurflugvöllur 75, 86-89, 144
- Kirgistan 121, 144
- Kína 5-6, 13, 20, 25, 34, 64-65, 74, 82, 86, 90, 94, 102, 105-106, 126, 144
- Kjarnaframlög 44-47, 133, 144
- Kjarnavopn 93-94, 142-144
- Kjörræðismenn 77-79, 101-102, 106, 124-125, 144
- Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA 34-35, 142-144
- Konur, friður og öryggi 49, 54, 119, 143-144
- Kósovó 72, 106, 144
- Krímskagi 21, 86, 144
- Króaía 106, 114, 144
- Kvennanefnd Sameinuðu þjóðanna 24, 144
- Kynferðislegt ofbeldi 132, 144
- Kynjajafnrétti, sjá einnig jafnrétti 24, 43-45, 48, 73, 142-146
- Kyn- og frjósemisheilbrigði 45, 56, 144
- Landbúnaðarvörur 71
- Landgrunsmál 32-33, 144
- Landgræðsla 23-25, 144
- Landhelgisgæsla Íslands 17, 87-88, 144
- Lesótó 73, 141, 144
- Lettland 22, 86, 116, 144
- Liechtenstein 70-72, 75, 144
- Listir, sjá einnig menningarmál 33, 81-82, 107, 115, 132, 137-138
- Litáen 13, 22, 76, 86-88, 102, 116, 144
- Líbería 58, 61, 141, 144
- Líffræðileg fjölbreytni 41, 144
- Ljósleiðaramál 89, 96, 103
- Loffferðasamningar 71, 74-76

- Loftrýmiseftirlit 90, 145
- Loftrýmisgæsla 87, 145
- Loftslagsbreytingar 11, 86, 105, 130, 144-145
- Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna 13, 78, 120
- Lýðheilsa 30, 53-55, 145
- Lýðræði 19, 22, 26-30, 43, 85, 97, 122, 129, 132, 135, 145
- Lýðstjórnarlýðveldið Kongó 59
- Malasía 72, 145
- Malaví 30, 44, 50-54, 58-59, 119, 133, 145
- Mannfjöldasjóður Sameinuðu þjóðanna, UNFPA 23, 43-48, 51-57, 117, 131, 134, 142, 145
- Mannréttindamál 20-22, 25-30, 43-44, 48, 63, 105, 116, 122, 126, 129, 132, 135, 145
- Mannréttinda- og lýðræðisstofnun ÖSE, ODIHR 22, 27, 142, 145
- Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna 22, 25-26, 47, 131, 134, 145
- Mannúð 33, 85, 145
- Mannúðaraðstoð 21, 48, 51, 56-59, 145
- Mannúðarmál 13, 21, 51, 103-105, 142, 145
- Mansal 30, 132, 135, 145
- Markaðssetning 34, 80, 145
- Markaðssókn 65, 77, 145
- Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna, WFP 51-54, 133, 142, 145
- Matvælaframleiðsla 47, 60, 145
- Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO 38, 61, 133, 142, 145
- Matvæli 27, 65, 78, 122, 133, 145
- Málefni hafsins 16-17, 23-24, 38, 43-44, 133, 145
- Menningarmál, sjá einnig listir 15, 27, 65, 81-82, 114, 118, 127-129, 144-145
- Menntamál 15, 19-21, 27-28, 34, 44, 49, 53-56, 65, 71, 120, 137-139, 145
- Mercosur-ríkin 72, 145
- Moldóva 27, 72, 121, 145
- Mongólía 50, 145
- Mósambík 48, 141, 145
- Myanmar 23-25, 141, 145
- Mæðradauði 119, 145
- Mæðravernd 45, 53, 56, 119, 144-145
- N5, samstarf norrænu utanríkisráðherranna 13, 142, 145
- Nagorno-Karabakh 27, 145
- Namibía 25, 73, 145
- Náttúruauðlindir 32, 36, 61, 86, 122, 145
- NB8, samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkja 13, 21-22, 92, 116, 142, 145
- Netárásir 11, 21, 33, 86-87, 95-96, 145
- Netöryggi 24, 85, 92, 95-96, 145
- Neyðaraðstoð, sjá einnig mannúðaraðstoð 23, 133, 145
- Neyðarvegabréf 99, 145
- Norðlæga víddin 30, 145
- Norður-Kórea 34, 93-94, 145
- Norðurlandasamstarf 36, 136, 145
- Norðurljós, skýrsla 15, 80, 103, 145
- Norðurlönd 11-13, 19, 22, 25, 43, 80, 117, 127, 142, 145
- Norður-Makedónía 31, 106
- Norðurskautsráðið 12-20, 30, 36-37, 63, 106, 121-122, 129, 142, 145
- Norðurslóðanet 14, 17, 145
- Norðurslóðir 11-19, 66, 80, 86, 92, 103, 121-125, 128, 136-137, 144-145
- Noregur 11, 16-17, 30, 34, 37-39, 45, 70-72, 75-76, 86-87, 92, 123-124, 145
- Norræna ráðherranefndin 11, 16, 106, 145
- norræna varnarsamstarfið, NORDEFCO 13, 22, 91, 116, 142, 145
- Norræn samvinna 11, 114, 127, 145
- Nýja-Sjáland 77, 140, 145
- Nýsköpun 13, 20, 27, 30, 37, 61, 65, 71, 78, 115-116, 120-122, 127, 140, 145
- Orkugeiri 40
- Orkumál 23, 40, 44, 65, 78-79, 114, 134, 140, 145
- Orkuskipti 38-40, 47, 145
- Pakistan 29, 101, 145
- Palestína 141, 145
- Palestínu 59, 145
- Palestínuflóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna, UNRWA 51-52, 142, 145
- Paragvæ 72, 145
- Parísarsamningurinn 40, 145
- Plastmengun 16, 41, 57, 135, 145
- Pólland 13, 22, 41, 47, 80, 86-87, 92, 103-106, 114, 142, 145
- Póllandsskýrsla 41, 145
- Prótólskrifstofa 105, 145
- Rakarastofuráðstefnur 30, 119, 145
- Rannís 17, 142, 145
- Rauði krossinn, RKÍ 58, 101, 145
- Réttindi barnsins 26, 30, 55, 132, 145
- Réttindi hinsegin fólks 23, 26, 29, 121, 129-131, 145
- Royal Arctic Line 66, 137, 145
- Rúanda 141, 145
- Rússland 5-6, 16, 20-21, 24, 27, 30, 34, 39, 65, 73-74, 80, 86, 90, 93-94, 102, 105, 121, 130, 145
- Salernismál 55, 145
- Sameinuðu þjóðirnar 23, 106, 142, 145
- Samfélagsmiðlar 81-82, 96, 103, 111, 114, 126-128, 145
- Samgöngur 30, 145
- Samræmingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum, OCHA 51-52, 131, 142, 145
- Sádi-Arabía 25, 32, 76, 140, 145
- Schengen 102, 146
- Sendiráð 6-7, 21, 27, 41, 52, 55, 65, 78-81, 86, 99-102, 105-106, 110-111, 114-131, 141, 146
- Berlín 41, 106, 114
- Brussel 78, 110, 115
- Helsinki 78, 81
- Kampala 55

- Kaupmannahöfn 78, 81, 118
 Lilongwe 53
 London 37, 79, 120
 Moskva 65
 Osló 81
 París 27, 125
 Stokkhólmur 81
 Washington 86, 129
- Sendiskrifstofur, sjá einnig sendiráð, fastanefnd og aðalræðisskrifstofa 37, 77-82, 91, 99-113, 140, 146
- Senegal 141, 146
- Serbía 31, 106, 114, 146
- Sierra Leóne 29, 46-48, 52, 56-59, 141, 146
- Sjálfbærni 16, 23, 54, 80-82, 125, 146
- Sjávarútvegur 15, 27, 58, 65, 82, 122, 131, 140, 146
- Slóvenía 47, 140-141, 146
- Sómalía 59, 141, 146
- Spánn 105-106, 125, 146
- Stjórnarsáttmáli ríkisstjórnar 11, 40, 146
- Stofnun Vilhjálms Stefánssonar 17, 146
- Strandríki 32, 39, 146
- Strassborg, sjá einnig Fastanefnd, Strassborg 26-27, 132, 143-146
- Styrktarfélagið broskallar 58, 146
- Suður-Afríka 141, 146
- Suður-Súdan 34, 46, 51-52, 56, 141, 146
- Sviss 72, 75, 93, 146
- Svíþjóð 27, 76, 86, 93, 100, 127, 135, 146
- Svæðasamstarf 31, 146
- Sýrland 24, 29, 51-52, 59, 133, 141, 146
- Tadsíkistan 121, 146
- Tansanía 141, 146
- Tékkland 141-142, 146
- Tógó 49, 58-59, 141, 146
- Trúnaðarbréf 105-106, 114, 121, 125, 146
- Tvísköttunarsamningar 76, 140, 146
- Tyrkland 27, 72, 118, 146
- Umhverfismál 15, 19, 26, 30, 36-43, 52, 82, 134-137, 140, 146
- Umhverfis- og auðlindaráðuneyti 37, 41, 146
- UNESCO, Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna 24, 27-28, 31, 49, 125, 134, 142, 146
- Ungverjaland 13, 140-142, 146
- UN Women, Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna 23, 43-45, 48, 53-54, 60, 119, 134, 142, 146
- Uppbyggingarsjóður EES 41, 114-118, 123, 140, 146
- Upplýsingamiðlun 28, 92, 104, 146
- Upplýsingaóreiða 11, 96-97, 103, 146
- Utanríkismálanefnd 33, 146
- Utanríkisviðskipti 63, 68, 72-74, 81, 103, 108, 112-113, 131, 146
- Utanríkisþjónusta til framtíðar, skýrsla 111, 146
- Úganda 44, 49, 52-59, 117, 146
- Úkraína 20-21, 24, 27, 34, 74, 86, 90-91, 116, 121, 130, 146
- Úrúgvæ 45, 72, 146
- Útflutningseftirlit 33, 146
- Útflutningsmarkaðir 21, 65, 72-74, 80-82, 118-120, 128, 140
- Útflutningur, sjá einnig utanríkisviðskipti 33, 64-70, 122, 146
- Úttekt 33, 45, 48-49, 58, 96, 139, 146
- Varnarmál, sjá einnig öryggismál 4-6, 19-21, 36, 85-97, 103, 108, 114-116, 120, 124, 127-130, 135, 146
- Varnaræfing 88-89, 146
- Vatnsmál 25, 44, 51-58, 146
- Vegabréf 76, 99-100, 146
- Vegabréfsáritanir 50, 76, 99, 102, 126, 146
- Vesturlönd 25, 65, 86, 121, 126, 146
- Viðskiptafulltrúi 63, 77-79, 113-114, 121-123, 142, 146
- Viðskiptaráð Íslands 30, 146
- Viðskiptatækifæri 79-80, 124, 140, 146
- Viðskiptavakt 77, 146
- Viðskiptaþjónusta 77-79, 114, 146
- Visegrad-ríkin 13, 142, 146
- Vistkerfi 36, 41, 146
- Víetnam 61, 72, 146
- Vísindasamstarf 17, 124, 128, 146
- Þjóðaröryggisstefna 85, 90, 93, 146
- Þjónustuborð 61, 146
- Þjónustuviðskipti 63-66, 70-73, 146
- Þróunarfræ 61, 146
- Þróunarsamvinna 5-6, 23, 28-30, 36, 43-52, 55-61, 103, 108-109, 113, 117-119, 122, 134, 142-146
- Þróunarsamvinnunefnd 46-49, 142, 146
- Þróunarsamvinnunefnd OECD, DAC 46-49, 60, 109, 142, 146
- Þvingunaraðgerðir 20-23, 33-36, 146
- Þýskaland 29, 76, 92, 105-106, 114, 132, 146
- Öndvegissetur um fjölpáttaógnir 95-97, 116
- Öryggismál 13-14, 20-21, 24, 85-87, 91, 120, 130, 144-146
- Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu, ÖSE 4-5, 13, 21-22, 27, 94, 116, 121, 135, 142, 145-146
- Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna 24, 143, 146



Stjórnarráð Íslands Utanríkisráðuneytið

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál

Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25 – 105 Reykjavík
545 9900 | utn@utn.is

Mars 2022

Ábyrgðarmaður: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
Umsjón: Utanríkisráðuneytið
Ljósmyndir: Golli/Kjartan Þorbjörnsson, Sigurjón Ragnar,
Gunnar Salvarsson, Kristinn Ingvarsson, Birgir Ísleifur
Gunnarsson, Cía Park, Ragnar Th. Sigurðsson.
Prentun: Pixel prentþjónusta

@ 2022 – Utanríkisráðuneytið

stjornarradid.is

**Skýrsla
utanríkisráðherra
um utanríkis- og
alþjóðamál 2021**